   Skulu þeir kosnir á aðalfundi til fjögurra ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, framkvæmdastjóri eftir þrjú ár og hinn meðstjórnandi eftir fjögur ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í fjögur ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

   Þeir félagar, sem ekki eru atkvæðisbærir, skulu hafa rétt til að eiga fulltrúa, er fylgist með ráðstöfunum stjórnarinnar, og mæti á fundum hennar.
6. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins, framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum störfum, veiði á félagssvæðinu og fjárreiðum félagsins.
7. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðisvæði, veiðitíma og veiðtæki, svo og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
9. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.
10. Arði af sameignlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.
11. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins þannig:
    Jarðeigendur greiði 20% af andvirði seldra veiðileyfa. Eigendur veiðiréttinda, aðrir en jarðeigendur, greiði kr. 200.00 á ári.
12. Allur kostnaður af starfsemi félagsins greiðist úr félagssjóði.
13. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.
14. Samþykkt þessi skal gilda um þriggja ára tímabil, en að þeim tíma liðnum koma til endurskoðunar eða endurnýjunar á aðalfundi félagsins.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. janúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 2. 18. janúar 1965.

REGLUGERÐ

um holræsi á Akranesi.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Akraness, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Bæjarstjórn ákveður lagningar holræsa, aðalæða og götuæða.
Bæjarverkfræðingur sér um daglegan rekstur holræsakerfis bæjarins.

3. gr.

Hverjum þeim, sem á húseign, sem hægt er að tengja við holræsakerfi bæjarins, er skylt að tengja þá húseign við holræsakerfið eftir því sem nánar er tekið fram í reglugerð þessari.
Ef eigi er unnt eða ekki talið ráðlegt að dómi bæjarverkfræðings að tengja hús við holræsakerfið, ber að haga frágangi frárennslislagna svo sem fyrir er mælt í 32. gr.

4. gr.

Hyggist húseigandi tengja ræsi frá húsi sínu við holræsakerfi bæjarins eða gera breytingar eða viðbætur við eldra ræsi, ber honum með nægum fyrirvara að fá til þess skriflegt leyfi hjá bæjarverkfræðingi.

Umsóknir um leyfi ber að skrifa á eyðublöð, sem fást á skrifstofu bæjarverkfræðings, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða umboðsmanni hans.

5. gr.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af fyrirhuguðum holræsum og/eða breytingum á þeim eldri. Uppdráttur þessi skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarverkfræðings.

Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann með eigin hendi, og ber hann ábyrgð á, að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti eigi í bága við byggingarsamþykkt, brunamálasamþykkt, heilbrigðissamþykkt, né aðrar þær reglur um þessi mál, sem í gildi eru á Akranesi. Samþykkt bæjarverkfræðings á uppdrætti, sbr. 7. gr., rýrir á engan hátt þá ábyrgð.

6. gr.

Uppdráttum þeim, sem um getur í 5. gr., skal skila í tvíriti, og skulu bæði eintökin undirrituð. Uppdrættirnir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera 42.0×59.4 eða 59.4×84.1 cm. Standi sérstaklega á, getur bæjarverkfræðingur leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN-broti. Nota skal mælikvarða 1 : 100 og 1 : 50, og ef sýna þarf smáatriði minnst 1 : 20.

Uppdrættir skulu sýna allar lagnir, utan húss sem innan, er tengjast eiga við holræsið. Öll tæki, vatnslásar, niðurföll, hreinsilok og brunnar, er kerfinu tilheyra, skulu og sýnd. Taka skal fram um vídd, efni og halla allra lagna.

Auk þess skal fylgja málsett afstöðumynd í mælikvarða 1 : 500, er sýni tengingu frárennsliskerfis hússins við götuholræsi.

Sérteikning skal fylgja af brunnum, fitu-, sand-, olíu- og benzíngildrum.

Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 38. gr.

Á ofangreinda uppdrætti skal rita allar hæðartölur, sem nauðynlegar eru, miðaðar við hæðarmerkjakerfi Akraness.

Ef bæjarverkfræðingur telur ástæðu til, getur hann krafizt ýtarlegri upplýsinga en um getur hér að framan.

7. gr.

Þegar bæjarverkfræðingur hefur samþykkt uppdrátt, stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni bæjarverkfræðings.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af bæjarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast holræsalagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri holræsalögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur bæjarverkfræðingur veitt honum áminningu. Enn fremur getur bæjarstjórn svipt hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á bæði eintök samþykkts uppdráttar, áður en verkið hefst.

Pípulagningameistarinn ber fulla ábyrgð á, að verkið sé framkvæmt í samræmi við samþykktan uppdrátt. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, ber að tilkynna það bæjarverkfræðingi. Skal pípulagningameistari sá, er við tekur, gefa skriflegar upplýsingar um, hversu miklum hluta verksins sé þegar lokið. Er

honum eigi heimilt að halda verkinu áfram, fyrr en hann hefur áritað áðurnefnda uppdrætti.

Ávallt skal hafa áritaðan uppdrátt á vinnustað.

Uppdráttur fellur úr gildi eftir eitt ár, sé ekki farið að vinna eftir honum.

10. gr.

Með samþykkt uppdráttar er engin ábyrgð á því tekin, að unnt sé að leggja holræsi samkvæmt honum vegna lagna eða annarra mannvirkja, er kunna að verða fyrir.

11. gr.

Bæjarverkfræðingur skal hafa eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar frárennslislagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af bæjarverkfræðingi.

Álíti bæjarverkfræðingur, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

Bæjarverkfræðingur hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa frárennslislagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn bæjarverkfræðings við prófunina.

12. gr.

Þegar bæjarverkfræðingur hefur samþykkt uppdrátt, getur hann veitt heimild til tengingar við holræsakerfi bæjarins gegn sérstöku gjaldi, sem bæjarstjórn ákveður. Heimild þessa og götuleyfi vegna frárennslis, getur hann bundið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Bæjarverkfræðingur getur ákveðið, að frárennslislögn utanhúss eða hluti hennar skuli lögð af starfsmönnum bæjarins á kostnað húseiganda. Ef fleiri húseigendur eiga í hlut, ákveður bæjarverkfræðingur skiptingu kostnaðar.

Að jafnaði skal ein lögn vera frá hverri húseign út í holræsakerfi bæjarins. Bæjarverkfræðingur getur þó ákveðið, að fleiri en eitt hús noti sama frárennsli að nokkru eða öllu leyti, og kveður þá nánar á um vídd og legu lagnarinnar.

Ef ágreiningur verður um skiptingu kostnaðar, sker bæjarverkfræðingur úr.

Allar viðgerðir á götum eða öðrum svæðum, er gera þarf vegna lagningar frárennslis, strax að verki loknu eða síðar, skulu gerðar á kostnað eiganda.

13. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að holræsi sé lagt um eignarland þeirra eða umráðasvæði, og fram fari á því nauðsynlegt viðhald.

Um bætur fyrir slíkt fer skv. ákvæðum vatnalaga.

14. gr.

Eigi er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þannig má ekki veita út í göturæsi vökvum, sem innihalda mikið magn af fitu, t. d. frá veitinga- og matgerðarhúsum, súrum vökvum, vökvum, sem eru heitari en 35° C, mælt í götubrunni, olíu, benzíni, eða öðrum efnum, sem hætta eða óþægindi geta stafað af.

Þar sem hætta er á, að skolp innihaldi ofangreind efni, ber húseiganda að gera ráðstafanir til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg, áður en því er veitt út í holræsakerfið.

Ráðstöfunum þessum ber að haga samkvæmt fyrirmælum bæjarverkfræðings.

15. gr.

Húseigendum ber að sjá um hreinsun á frárennslislögnum frá húsum sínum og gæta þess, að þær stíflist ekki.

Rotþrær ber að hreinsa að minnsta kosti einu sinni á ári.

Fitu- og olíugildrur, benzín- og sandgildrur og þ. h. ber að hreinsa reglulega, þannig að tryggt sé, að útbúnaðurinn gegni sínu hlutverki.

16. gr.

Frárennslislögnum, sem teknar hafa verið úr notkun, skal lokað tryggilega.

II. KAFLI

Lagnir innanhúss.

17. gr.

a. Allar skolplagnir ber að leggja (einangra), svo að ekki nái frost til þeirra. Þar sem leiðslur eru í veggraufum, skulu raufarnar vera svo víðar, að pípurnar snerti ekki vegginn, og nægri einangrun verði við komið, bæði hvað snertir hljóð og hita.

b. Lagnir milli hæða, fallpípur, skulu vera lóðréttar, þar sem því verður við komið.

c. Stefnubreytingar skulu gerðar með beygjum, og skulu þær vera gleiðari en 90°.

Lagnir, sem tengdar eru við fallpípur, hliðarlagnir, skulu tengdar í greinpípu með skástút. Ef tvær hliðarlagnir eru tengdar við fallpípur í sömu hæð, má ekki nota greinar með krappara horni en 135°. Við tengingar á misvíðum pípum skal nota minnkanir.

d. Aldrei má mjókka lögn í stefnu rennslis.

e. Lagnir skulu að jafnaði hafa að minnsta kosti 50‰ halla. Bæjarverkfræðingur getur þó leyft, ef sérstaklega stendur á, að halli sé minni, en þó ekki minni en 20‰.

f. Hreinsilok skulu sett neðst á fallpípur og annars staðar, þar sem þörf er á, þannig að auðveldlega megi hreinsa allt kerfið.

g. Séu fleiri en eitt tæki við sömu fallpípu, skulu lagnir og vatnslásar svo gerð, að skolp geti ekki runnið milli tækja, né vatnslásar tæmzt við venjulega notkun.

h. Loftrás skal vera á öllum fallpípum, er salerni og eldhúsvaskar eru tengd við. Loftrásin skal ná upp fyrir þak eða út fyrir vegg undir þakbrún, og þannig frá gengið, að ekki valdi óþægindum.

Í eins og tveggja hæða húsum má loftræsa 2 fallpípur með 70 mm lögn og fleiri en 2 fallpípur með 100 mm lögn. Í 3—6 hæða húsum má loftræsa 2 fallpípur með einni 100 mm lögn.

Í húsum, sem eru meira en 6 hæðir, má loftræsa 2 fallpípur sameiginlega sé loftrásin víðari en sú fallpípan, sem víðari er.

i. Þar sem tæki eru tengd beint í holræsi undir húsi, er loftræstingar ekki krafizt.

18. gr.

a. Magn skolps skal talið í rennsliseiningum og telst hver eining vera 0.3 l/sek.

b. Reikna skal með eftirfarandi einingafjölda frá hverju tæki:

Baðker með vatnslás	5 einingar
Niðurfall í gólfi 50/70 mm	3 einingar
— - — 70/70 —	4 —
— - — 100/100 —	5 —
Handlaug	1 eining

Eldhúsvaskar	3 einingar
Uppþvottavél með vatnslás	4 —
Skolvaskar með 50/70 mm vatnslás	3 —
— — 40/50 — —	2 —
Regnvatn frá 3 m² fleti svala, þaks eða samsvarandi fleti á lóð	1 eining
Vatnssalerni	5 einingar

c Rennsliseiningar annarra tækja en nefnd eru hér að ofan, skal ákveða með tilliti til stærðar vatnslása þeirra og skolpmagns.

19. gr.

a. Tæki tengd frárennsliskerfi skulu hafa vatnslás. Við val lása skal höfð hliðsjón af eftirfarandi töflu:

Tæki	Þvermál vatnsláss að/frá mm	Athugasemdir
Baðker	50/70 40/50	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum.
Niðurföll: a. í neðsta gólfi b. í öðrum gólfum	 100/100 70/70–50/70	 50/70 vatnslás má aðeins nota fyrir lítil gólf ≦ 8 m².
Handlaug	32/40 25/32	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum; nota má poka-vatnslás.
Eldhúsvaskur	50/70 40/50	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum; 40/50 vatnslás má einvörðungu nota við stálvaska og glerjaða vaska.
Uppþvottavél	50/70	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Stærð þessi á aðeins við vélar til venjulegra heimilisnota.
Skolvaskar	50/70 40/50 40/50	Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Hreinsiskrúfa skal vera á vatnslásnum. Nota má poka-vatnslás.
Vatnssalerni	90/90 og 100/100	 Vatnslásar áfastir salernisskálinni.

b. Vatnslásar skulu vera S-lásar eða P-lásar, sbr. a-lið. Fyrir vaska má þó nota poka-vatnslás.

c. Dýpt vatnslása skal vera sem hér segir:

120 mm í 32/40 blývatnslás,
50 — - vatnslás fyrir salerni.
70 — - öðrum vatnslásum.

d. Vatnslásum skal þannig fyrir komið, að ekki nái til þeirra frost.

20. gr.

Loftræstar fallpípur.

a. Vídd fallpípna skal ákveða skv. eftirfarandi töflu:

Mesti fjöldi eininga, sem fallpípa getur flutt:

Þvermál í mm	Lóðrétt fallpípa og hliðarlagnir með meiri halla en 400 ‰		Hliðarlagnir með minni halla en 400 ‰		Beygjur neðst á fallpípum	Athugasemdir
	Án loftrásar	Með loftrás	Án loftrásar	Með loftrás		
70	20		15			Um stærðir einstakra hluta fallpípna, sjá b- og c-lið þessarar greinar
100	130	200	100	130	100	
125	300	450	200	300	200	
150	700	1000	500	700	500	

Beygjur frá 150 mm fallpípum, er flytja meira en 500 rennsliseiningar, skulu vera 200 mm. Við 70 mm lögn má ekki tengja salerni eða tæki með 100/100 mm vatnslás.

b. Stærð fallpípna, sem flytja eiga allt að 50 rennsliseiningar, skal vera eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Eigi má nota stærri vatnslása en 50/70 mm.

Hámarksfjöldi eininga, sem fallpípa getur flutt án loftræstingar.

Fjöldi eininga, er einstakir hlutar fallpípunnar geta flutt	Allt að 10 einingar	Án eldhúsvasks og án baðkers	Með eldhúsvaski eða baðkeri	Án eldhúsvasks og án baðkers	Með eldhúsvaski og með baðkeri
0—10	70 mm	70 mm	70 mm	70 mm	Sjá töflur í c-lið
11—20		70 mm	100 mm	70 mm	
21—50				100 mm	

Séu fallpípur hins vegar loftræstar, má reikna með 50% aukningu rennslis í 100 mm lögn.

Við ákvörðun hliðarlagna skal miða við stærðar-ákvarðanir í töflu í a-lið þessarar greinar.

c. Vídd fallpípna, sem vatnssalerni eru tengd við eða tæki með vatnslásum 70/70 mm eða stærri, skal vera eins og hér segir:

Hámarksfjöldi eininga, sem öll fallpípan getur flutt, án sérstakrar loftræstingar.

Fjöldi eininga, er einstakir hlutar fallpípunnar geta flutt	0—130	131—180	181—235	236—300	301—360	361—700
0—130	100 mm	100 mm	125 mm	125 mm	125 mm	150 mm
131—180		125 mm	125 mm	125 mm	125 mm	150 mm
181—235			125 mm	125 mm	150 mm	150 mm
236—300				125 mm	150 mm	150 mm
301—360					150 mm	150 mm
361—700						150 mm

Hámarksfjöldi eininga, sem loftræst fallpípa getur flutt.

Fjöldi eininga, er einstakir hlutar fallpípunnar geta flutt	0—200	201—270	271—350	351—450	451—500	501—1000
0—200	100 mm	100 mm	125 mm	125 mm	125 mm	150 mm
201—270		125 mm	125 mm	125 mm	125 mm	150 mm
271—350			125 mm	125 mm	150 mm	150 mm
351—450				125 mm	150 mm	150 mm
451—500					150 mm	150 mm
501–1000						150 mm

Er hliðarlagnir og beygjur eru ákveðnar, skal miðað við pípuviddir í töflu í a-lið þessarar greinar.

d. Eftirfarandi reglur gilda um regnvatnslagnir.

Lagnir, sem flytja regnvatn, má tengja við fallpípu samkvæmt eftirfarandi töflu.

Stærð fallpípu, sem tengt er í	Stærð regnflatar, ef tengt er fyrir ofan aðrar hliðarlagnir	Stærð regnflatar, ef tengt er fyrir neðan aðrar hliðarlagnir
100 mm	allt að 10 m^2	allt að 200 m^2
125 mm	allt að 300 m^2	allt að 600 m^2
150 mm	allt að 800 m^2	allt að 1500 m^2

Aldrei má þó tengja í 100 mm eða grennri fallpípu, ef hús er meira en 6 hæðir. Vatnslása ber að setja á regnvatnslagnir, sem tengdar eru skolpveitunni, nema tryggt sé, að óþefur eða gufa geti ekki valdið óþægindum eða skemmdum.

21. gr.

a. *Vídd fallpípna og hliðarlagna, sem ekki eru loftræstar.*

Þvermál lagnanna í mm	32	40	50	70	100	125	150
Samanlagður fjöldi rennsliseininga í lögninni	1	2	4	6	16	25	36

b. Sé óloftræst fallpípa tengd í loftræsta lögn, má mesti hæðarmunur frá efsta vatnslás, sem tengdur er í lögninni að tengingu, vera 4 m. Hámarksfjarlægð frá vatnslás á óloftræstri lögn að tengingu má vera 10 m, nema um sé að ræða 32 og 40 mm lagnir, en þar má fjarðlægð vera allt að 2 m, eða 50 mm lögn, þar sem fjarlægð má vera allt að 6 m.

Sé óloftræst lögn eigi tengd salerni, má hæðarmunur frá vatnslás að tengingu við loftræsta lögn vera allt að 5 m og lengd lagnarinnar alls 25 m.

Í 70 mm lögn má ekki tengja fleiri en einn 70/70 mm vatnslás eða eitt baðker.

Í 100 mm lögn, sem salerni er tengt við og hefur fallhæð yfir 1.5 m, má ekki tengja önnur tæki með meiri fallhæð en 1 m miðað við tengingu í loftræsta fallpípu.

Í 125 mm lögn, sem 1 salerni með fallhæð yfir 3 m eða 2 salerni með fallhæð yfir 1.5 m eru tengd við, má ekki tengja önnur tæki með meiri fallhæð en 1 m miðað við tengingu í loftræsta fallpípu.

Í 150 mm lögn, sem allt að 4 salerni eru tengd við með fallhæð yfir 1.5 m, má ekki tengja önnur tæki með meiri fallhæð en 1 m miðað við tengingu í loftræsta fallpípu.

III. KAFLI
Rennur og niðurföll.

22. gr.

Þverskurðarflatarmál þakrenna sé 0.5—1.0 cm² pr. m² miðað við ofanvarp þess þakflatar, sem rennan er tengd við á láréttan flöt.

Vídd á niðurföllum, er flytja vatn frá þökum og svölum, má eigi vera minni en hér segir:

Ofanvarp þakflatar allt að	Vídd fallpípu
30 m²	70 mm
100 m²	80 mm
250 m²	100 mm
400 m²	125 mm

Hámarksfjarlægð milli niðurfalla sé 20 m.

IV. KAFLI
Utanhússlagnir, rotþrær o. fl.

23. gr.

Eigi er öðrum en starfsmönnum bæjarverkfræðings heimilt að annast tengingu heimæða við holræsakerfi bæjarins.

24. gr.

a. Botn holræsa utanhúss má ekki leggja grynnra en 1.20 m frá yfirborði jarðvegs.

b. Holræsin skulu að jafnaði eigi hafa minni halla en 20‰ og mest 300‰. Bæjarverkfræðingur getur þó leyft minnst 15‰ halla, þar sem um verulegt skolpmagn er að ræða. Á 100 mm regnvatnslögnum má halli vera minnst 10‰ og 150 mm lögnum minnst 5‰.

Lagnir, sem einvörðungu flytja jarðvatn, má leggja með minnst 3‰ halla, séu þær tengdar holræsakerfi hússins í brunni.

Á jarðvatnslögnum skal vera U-vatnslás og tengistaður þeirra vera a. m. k. 20 cm ofar frárennsli úr brunni.

c. Lagnir, sem tengndar eru vatnssalernum eða þvottaherbergjum, skulu eigi vera grennri en 150 mm, og engar lagnir undir húsum skulu vera grennri en 100 mm.

d. Þar sem lagnir greinast, skal nota greinpípu með skástút. Við tengingu á misvíðum pípum skal nota minnkanir.

e. Stefnubreytingar skulu gerðar með beygju, og skulu þær ekki vera krappari en 135°. Við smábeygjur má sveigja í múffum, en þó ekki meir en svo, að örugglega megi þétta samskeytin.

f. Hreinsilok og hreinsibrunna skal setja á lagnir eftir því sem þörf krefur, svo að auðvelt sé að hreinsa allt kerfið. Hreinsilok skulu vera aðgengileg og eigi minni en 100—150 mm í þvermál, nema um mjög stutta hliðarlögn sé að ræða. Þar má hafa lok, sem er að minnsta kosti 65 mm í þvermál.

Hreinsibrunna á lögnum, allt að 200 mm, má gera úr 300 mm steinsteypupípu. Frá brunnopi skal þannig gengið, að eigi stafi hætta af.

Botn brunnsins skal vera í sömu hæð og lögn frá honum, en horn og kverkar skulu svo gerð, að ekki safnist botnfall.

g. Leiðslur, sem liggja samhliða undirstöðum, ber að leggja þannig, að burðarþol grunnsins, sem undirstaðan hvílir á, rýrni ekki. Þar sem skolplagnir liggja gegnum undirstöðuveggi, ber að gæta þess, að sig geti ekki valdið skemmdum á lögn.
h. Aldrei má mjókka lögn í stefnu rennslis.
i. Ganga skal svo frá skolplögn, að óþef leggi ekki frá henni né vatnslásar tæmist við sog í leiðslum.

25. gr.

a. *Vídd loftræstra lagna utanhúss.*

Í húsum allt að 7 hæðum gilda eftirfarandi reglur um vídd lagna utanhúss og í grunnum:

Vídd lagnar utanhúss eða í grunni	Fjöldi og stærð fallpípna, sem tengja má lögn	Rennsliseiningar	Auk þess regnvatn frá þakfleti eða garðfleti
100 mm	2 stk. 70 mm eða 1 stk. 100 mm		200 m²
150 mm		500	1500 m²

Í húsum 7—20 hæða gilda eftirfarandi reglur:

Vídd lagnar utanhúss eða í grunni	Fjöldi og stærð fallpípna, sem tengja má lögn	Rennsliseiningar	Auk þess regnvatn frá þakfleti eða garðfleti
100 mm	2 stk. 70 mm eða 1 stk. 100 mm	100	10 m²
150 mm		500	800 m²

Ef um meiri vatnsmagn er að ræða, skal vídd pípna ákveðin með hliðsjón af því.

b. *Vídd óloftræstra lagna utanhúss.*

Í 100 mm lögn má leiða skolp, allt að 16 rennsliseiningum ásamt regnvatni frá þak- eða garðfleti allt að 200 m². Í 150 mm lögn má leiða skolp allt að 25 rennsliseiningum ásamt regnvatni frá þak- eða garðfleti allt að 800 m².

Ef um meira vatnsmagn er að ræða en hér er nefnt að ofan, ber að nota 200 mm lagnir eða stærri.

26. gr.

Nú hagar svo til, að ekki er unnt að ná nægilegum halla frá niðurföllum, baðkeri eða vöskum í aðalfrárennslisæð húss, og er þá heimilt að dæla skolpinu upp í nægilega hæð.

Dælt skal úr safnbrunni í brunn eða loftræsta lögn, sem er minnst 100 mm í þvermál. Tryggt skal, að þetta geti ekki valdið tæmingu á vatnslásum.

Safnbrunnur skal vera loftræstur og komið þannig fyrir, að hann valdi ekki óþægindum.

Þar sem þörf krefur, má dæla jarðvatni úr safnbrunni. Ekki má nota sama safnbrunn fyrir jarðvatn og annað frárennsli.

Einnig er heimilt að dæla frárennsli frá vatnssalernum úr safnbrunni, ef notaðar eru tvær sjálfvirkar skolpdælur.

27. gr.

Heimilt er að setja einstreymisloka á lagnir, ef hætta er á, að inn í þær flæði, enda flytji þær frárennsli frá salernum eða þvagskálum.

28. gr.

Frárennsli frá sjúkrahúsum má ekki leiða út í holræsakerfi bæjarins, fyrr en það hefur verið hreinsað. Héraðslæknir og bæjarverkfræðingur skulu samþykkja hreinsunaraðferð.

29. gr.

Þar sem skolp inniheldur mikið magn af fitu (sbr. 14. gr.), skal það leitt í loftræstan fitubrunn.

Fitubrunnum skal að jafnaði komið fyrir utanhúss, og þannig að auðvelt sé að hreinsa þá.

Frárennsli frá salernum má ekki tengja fitubrunnum.

Í húsum, þar sem ekki hefur verið séð fyrir sérstökum lögnum fyrir vaska og önnur tæki, sem mikil fita fer í, má koma fyrir fitugildrum á lögnum innanhúss. Fitugildrur skulu gerðar úr málmi, sem tærist ekki, og settar eins nærri tæki því, sem um ræðir, og unnt er.

Gerð og frágangur fitubrunna og fitugildra eru háð samþykki bæjarverkfræðings.

30. gr.

Á skolplagnir frá benzínsölustöðvum, smurstöðvum, verkstæðum og öðrum þeim stöðum, þar sem olía eða benzín kann að berast út í holræsakerfi bæjarins, skal setja benzín- og olíugildru. Gildrur þessar skulu hljóta samþykki bæjarverkfræðings og slökkviliðsstjóra, áður en þær eru teknar í notkun.

31. gr.

Eigi er heimilt að veita gufu, t. d. frá efnalaugum og þvottahúsum, beint út í holræsakerfið. Skulu ráðstafanir gerðar til að þétta gufuna, áður en henni er veitt gegnum vatnslás út í holræsi.

32. gr.

Þegar svo er ástatt, sem segir í 2. mgr. 3. gr., getur bæjarverkfræðingur leyft, að gerð sé rotþró fyrir frárennsli hússins.

Umsókn um slíkt skal fylgja teikning, er sýni gerð og staðsetningu fyrirhugaðrar rotþróar.

Rotþró skal gera úr steinsteypu eða steinsteypupípum. Lok skal gera úr steinsteypu eða steypujárni, og þannig frá gengið, að auðvelt sé að hreinsa þróna.

Í rotþró skulu eigi vera færri hólf en tvö, og skal hún vera loftræst.

Ekki má taka rotþró í notkun, fyrr en hún hefur hlotið viðurkenningu héraðslæknis.

V. KAFLI

Um efni og frágang lagna, brunna o. fl.

33. gr.

Lagnir utanhúss.

Í lagnir í jörð utanhúss, þar með talin grunnlögn, má nota steinsteyptar pípur, glerjaðar leirpípur, bikaðar steypujárnspípur eða pípur úr öðru efni, er bæjarverkfræðingur samþykkir.

Pípur þessar skulu svo lagaðar, að þær hvíli á belgjum, en ekki múffum, og skal þess gætt, að lögnin sé bein. Pípurnar skulu lagðar á þétta undirstöðu og jarðvegi þjappað vel að þeim.

Steinsteyptar pípur skulu þéttar með tjöruhampi og sandsteypu.

Glerjaðar leirpípur skulu þéttar með tjöruhampi og asfaltsteypu.

Steypujárnspípur skulu þéttar með hampi og blýi eða öðru efni jafngóðu.

Þar sem jarðvegur eða skolpið innheldur jarðvegssýru eða skolp skaðleg efni, ber að verja pípurnar sérstaklega gegn áhrifum þeirra.

34. gr.

Niðurfallsbrunnar.

Niðurfallsbrunna má gera úr steinsteyptum pípum eða glerjuðum leirpípum.

35. gr.

Manngengir brunnar.

Manngengir brunnar skulu minnst vera 1 m að innanmáli. Brunna þessa skal að jafnaði gera úr þar til gerðum steinpípum og brunnkeilum. Karmar og lok skulu gerð úr steypujárni. Þrep ber að hafa í brunninum, þannig að auðveldlega megi ganga niður í hann. Rennur skulu gerðar í botn brunnsins, og skal halli að þeim vera a. m. k. 125‰. Allar lagnir aðrar en þær, sem flytja jarðvatn, ber að tengja neðst í brunninn.

36. gr.

Lagnir innanhúss.

Í lagnir innanhúss, að undanskilinni grunnlögn, má nota steypujárnspípur, blýpípur, koparpípur, messingpípur, zinkhúðaðar smíðajárnspípur eða pípur úr öðru efni, er bæjarverkfræðingur samþykkir.

Steypujárnspípur skulu þéttar með hampi og blýi eða öðru efni jafngóðu, en aðrar pípur skulu skrúfaðar eða lóðaðar saman.

37. gr.

Rennur og niðurföll fyrir regnvatn.

Rennur og niðurföll skal gera úr varanlegu efni, t. d. zinki, aluminium eða kopar.

Þar sem sérstök hætta er á, að renna verði fyrir skemmdum, ber að nota steypujárnspípur, zinkhúðaðar smíðajárnspípur eða pípur úr öðru efni jafngóðu.

VI. KAFLI

Tákn o. fl.

38. gr.


Frárennslislagnir, fallpípur o. fl.

ØaJn‰ *a* mm ný, bikuð steypujárnslögn, með *n*‰ halla.


ØaGn‰ *a* mm ný, glerjuð lögn, með *n*‰ halla.

ØaStn‰ *a* mm ný, steinsteypulögn, með *n*‰ halla.

---------- Eldri lagnir, sem fyrir eru, skulu merktar með brotinni línu.




a mm jarðvatnslögn, með *n*‰ halla.



a × *b* mm minnkun.



Lögn undir lofti, með *n*‰ halla.



Lögn ofan við gólf, með *n*‰ halla.




Lögn með *a* mm hreinsiloki.



a mm fallpípa.




a mm fallpípa í veggrauf.




a mm fallpípa, sem leidd er upp í gegnum þak.




a mm loftrás með hettu.



Loftrás.




Aðalvatnslás.




a mm beygja.


Brunnar, gólfniðurföll o. fl.




a m manngengur holræsabrunnur með karmi, loki og botnrásum.




a m dælu- eða safnbrunnur, með *b* cm hæð undir lægstu aðrennslispípu, með karmi og þéttu loki.




Sjálfvirkt dælukerfi.



a m jarðvatnsbrunnur, *b* cm hæð undir lægstu aðrennslispípu, með karmi, loki og *u*-vatnslás á aðalrennslispípu.




a m, 3-hólfa rotþró, *b* cm hæð undir aðrennslispípu, með karmi og loki.



a m benzínbrunnur eða -gildra, með karmi og loki.




a m sandgildra, með karmi og loki.




a m fitugildra utanhúss, með karmi og loki.



Fitugildra innanhúss.



a m brunnur, með vatnslás, karmi og loki.




a × *b* cm niðurfall utanhúss, með rist og vatnslás.




Gólfniðurfall með *a* mm vatnslás og fastri rist.




Gólfniðurfall með *a* mm vatnslás og lausri rist.




Gólfniðurfall með *a* mm vatnslás, flóðloku og fastri rist.



a mm vatnslás, með hreinsiskrúfu.




a mm niðurfallspípa fyrir regnvatn.




Grjótsvelgur fyrir regnvatn.


Tæki.



Vatnssalerni, með S-vatnslás.




Þvagskál, með vatnslás, fest á vegg.




Þvagskál, með vatnslás, standandi á gólfi.




Skolskál fyrir sjúkrahús.



Handlaug með vatnslás og hreinsiskrúfu.



Eldhúsvaskur eða skolvaskur, með vatnslás og hreinsiskrúfu.



Baðker.

Hæðir.

a,bc m	Hæðir skulu gefnar með cm nákvæmni og miðaðar við hæðarmerki Akraness.
x a,bc m	Hæðir á yfirborði jarðvegs.
NG a,bc m	Hæð á neðsta gólfi.

VII. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

39. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 20 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem bæjarverkfræðingur hefur fyrirskipað, skv. reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er honum þá heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Viðauki.

Bæjarstjórn getur með sérstakri samþykkt falið byggingarfulltrúa eftirlitsstörf þau, sem falin eru bæjarverkfræðingi í reglugerð þessari.

Ef bæjarstjórn þykir ástæða til, getur hún heimilað öðrum en pípulagningarmeisturum að annast holræsalagnir samkvæmt reglugerð þessari, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taki á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins, samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. janúar 1965.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsdalsár. Heimili þess og varnarþing er á Sveinsstöðum í Sveinsstaðahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Vatnsdalsá, Álftaskálará, Tunguá með Hólkotskvísl, Kornsá og Giljá og framrennsli þeirra, en jarðirnar eru: Hjaltabakki, Skinnastaðir I og II, Akur, Stóra-Giljá, Litla-Giljá, Beinkelda I og II, Hnausar I og II, Bjarnastaðir, Másstaðir, Hjallaland með Grundarkoti, Hvammur I og II, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Kárdalstunga, Þórormstunga, Sunnuhlíð, Forsæludalur, Kvisthagi, Hjarðartunga, Grímstunga, Haukagil, Saurbær, Ásbrekka, Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Nautabú, Kornsá, Kornsá II, Gilsstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur, Breiðabólsstaður I og II, Miðhús, Vatnsdalshólar, Sveinsstaðir, Steinnes, Leysingjastaðir, Leysingjastaðir II, Þingeyrar og Geirastaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og leigja það til stangaveiði, eða nytja veiðina á annan hátt samkvæmt landslögum. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ásamt varamönnum. Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið þrjú undanfarandi ár í stjórninni. Aldrei má nema einn stjórnarnefndarmaður vera búsettur í sama hreppi.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar (samanber þó 3. gr.). Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Þó má leyfið eigi vera nema til eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt leyfi verði til umræðu.

6. gr.

Aðalfund skal halda í janúar eða febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur, ásamt varamönnum til þriggja ára.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Aðalfundur getur ákveðið, að leggja allt að 2% — tvo af hundraði — af ársarði félagsins í sérstakan sjóð, er ætlaður sé til umbóta á fiskvegi, eða á annan hátt til aukningar fiskgengd í ánni.

9. gr.

Heimilt skal að endurskoða arðskrá félagsins á 10 ára fresti, þó getur helmingur félagsmanna krafizt endurskoðunar á 5 — fimm — ára fresti.

10. gr.

Eftir því, sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfsemi félagsins, fer eftir IX. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 115 30. júní 1960 fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. janúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

19. janúar 1965. Nr. 4.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verði bannaðar í Garðastræti, vestan megin götunnar.
2. Bifreiðastöður verði bannaðar á Þórsgötu, norðaustan megin götunnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. janúar 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um hækkun bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skulu hækka um 5 af hundraði frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verða bætur samkvæmt lögunum sem hér segir:

Lágmark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 38.85, fyrir kvæntan mann kr. 49.35 og fyrir hvert barn allt að þremur, kr. 10.50.

Hámark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 86.10, fyrir kvæntan mann kr. 98.70 og fyrir hvert barn allt að þremur, kr. 13.10.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkanir, sem urðu í júlí 1964, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breytingar á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 14 31. janúar 1964, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1965.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 6. 21. janúar 1965.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 182 5. nóv. 1962, um landsútsvör.

1. gr.

Við 10. gr. 1. mgr. bætist:

Þegar um er að ræða fyrirtæki, sem aðallega er framleiðslufyrirtæki, skal sala vörunnar talin eiga sér stað í því sveitarfélagi, þar sem varan er framleidd.

2. gr.

Næstsíðasti málsliður 14. gr. falli niður.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1965.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu.

Fasteignaskatt í Bessastaðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. janúar 1965. Nr. 8.

REGLUGERÐ

um nýja lánaflokka Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

2. gr.

Fé til þessara lána fær Stofnlánadeildin með framlagsfé og lánum frá Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands af því fé, sem óinnheimt var 1. janúar 1964 af lánum, er Stofnlánadeildin veitti samkvæmt lögum nr. 48/1961.

Einnig er Stofnlánadeildinni heimilt að taka lán hjá fyrrgreindum bönkum, svo og öðrum aðilum, og endurlána það í þessum lánaflokkum.

3. gr.

Sérstök stjórnarnefnd skal starfa vegna þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þessari reglugerð. Skal hún skipuð fimm mönnum, sem fyrrgreindir bankar tilnefna sem hér segir: Seðlabanki Íslands tilnefnir tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Landsbanki Íslands tilnefnir tvo og Útvegsbanki Íslands einn. Skal nefndin skipuð að minnsta kosti einum bankastjóra frá hverjum bankanna.

Stjórnarnefndin tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og leggur þær fyrir stjórn Stofnlánadeildarinnar til staðfestingar. Auk þess fjallar stjórnarnefndin um þessi mál:

1. Lántökur Stofnlánadeildarinnar samkvæmt 2. málsgr. 2. gr., enda er tilskilið einróma samþykki aðila í stjórnarnefndinni.
2. Skilmála einstakra lánveitinga að því leyti, sem þeir eru ekki bundnir af lögum eða þessari reglugerð.
3. Hún setur reglur um meðferð lánanna, þar á meðal um atriði, er varða tryggingar þeirra, innheimtu og annað, er verulegu máli skiptir um tilvist þeirra. Yfirstjórn lánaflokkanna skal vera í höndum stjórnar Stofnlánadeildarinnar.

4. gr.

Lánsumsóknir skulu afhentar Landsbankanum eða Útvegsbankanum, og skulu þeim fylgja eftirfarandi gögn:

1. Rækileg greinargerð fyrir þeim framkvæmdum, sem sótt er um lán til, ásamt rekstraráætlun. Upplýsingar þessar skulu vera í því formi, er Stofnlánadeildin óskar.
2. Eignar- og veðbókarvottorð, lóðasamningar og önnur skilríki varðandi eignir fyrirtækisins.
3. Skoðunar- og matsgerðir á eignum fyrirtækisins.
4. Vátryggingarskírteini eða óyggjandi vottorð um vátryggingu eigna fyrirtækisins.
5. Rekstrar- og efnahagsreikningar fyrirtækisins s. l. tvö ár í því formi, sem Stofnlánadeildin óskar.
6. Aðrar upplýsingar um rekstur og efnahag fyrirtækisins, sem óskað kann að verða.

Viðkomandi viðskiptabanki skal gera skriflega greinargerð um umsækjanda, fjárhag hans, rekstur og fyrirhugaða fjárfestingu og leggja umsóknina, ásamt þeim gögnum fyrir Stofnlánadeildina.

5. gr.

Sérstök matsnefnd skal meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Stofnlánadeildinni. Skal nefndin skipuð þremur mönnum: einum tilnefndum af Seðlabanka Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, einum af Landsbanka Íslands og einum af Útvegsbanka Íslands. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Stofnlánadeildarinnar að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því, að hún var ný. Einnig skal við ákvörðun endurkaupsverðs taka tillit til tæknilegs notagildis eignarinnar, t. d. hvort hún fullnægi nútíma kröfum varðandi afkastagetu, framleiðslugæði, rekstrarhagkvæmni o. s. frv. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, er staðfestar skulu af stjórn Stofnlánadeildarinnar.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér möt, sem unnin hafa verið á vegum Ríkisábyrgðasjóðs og Stofnlánadeildarinnar eftir 1960.

6. gr.

Við ákvarðanir um lán og val milli lánsumsókna skal m. a. tekið tillit til eftirfarandi atriða:

1. Veða þeirra, sem boðin eru fram til tryggingar láninu.
2. Afraksturs á undanförnum árum af því heildarfjármagni, sem bundið hefur verið í fyrirtækinu (hagnaður, vaxtagjöld og afskriftir).
3. Áætlaðs arðs af þeirri fjárfestingu, sem sótt er um lán til.
4. Eigin fjár þess, sem lagt er til framkvæmdanna, svo og eigin fjár fyrirtækisins í heild.
5. Greiðslugetu fyrirtækisins að loknum framkvæmdum.
6. Áhrifa framkvæmdarinnar á afkomu og fjárhag annarra fiskiðnaðarfyrirtækja, svo og á vinnumarkaðinn á sama stað eða sama svæði.
7. Þörf fyrir aukna afkastagetu á viðkomandi stað.

7. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum, er notaðar eru fyrir fiskvinnslu eða skylda starfsemi, ásamt tilheyrandi vélum og tækjum.

Lán, sem veitt verður samkvæmt reglugerð þessari, að viðbættum lánum, sem hvíla á undan því við veðsetningu, skulu nema hæst 60% af matsverði. Þó skal aldrei veita hærri lán til einstakrar framkvæmdar en 80% af kostnaðarverði hennar.

Hámarkslánstími lána til bygginga skal vera 15 ár, lána til véla 10 ár. Sé sama lánið veitt bæði til bygginga og véla, skal hámarkslánstíminn miðast við meðaltal matsverðs véla og fasteigna.

8. gr.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórnina. Vaxtakjörin skulu einnig borin undir stjórnarnefnd lánaflokkanna, sbr. 3. gr. Skulu vextir greiddir eftir á á sömu gjalddögum og afborganir af lánunum. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og reiknaðir eru af eldri lánaflokkum deildarinnar. Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar skulu lántakendur greiða 1% lántökugjald í varasjóð þessara lánaflokka.

Skuldunautar skulu greiða jafnar afborganir og vexti tvisvar á ári með gjalddaga 1. maí og 1. nóv. ár hvert. Endurgreiðsla skal hefjast á öðrum gjalddaga, eftir að lán er útborgað, enda séu vextir greiddir fyrir fram til þess tíma, er annars ætti að vera fyrsti gjalddagi lánsins.

9. gr.

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur Stofnlánadeildarinnar jafnan einnig til vátryggingarfjárins. Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur Stofnlánadeildin krafizt þess, að henni sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvílandi láns eða lána hennar, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Stofnlánadeildarinnar er skylt að láta Stofnlánadeildinni í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hún ákveður, ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum.

10. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeildinni fallin í gjalddaga án uppsagnar:

a. þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
b. við eigendaskipti að veði fyrir láni, eða ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði eða er selt eða sett á uppboð,
c. ef veðið er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt samkvæmt eðli sínu og tilgangi,
d. ef veðið er flutt úr þeim stað, þar sem það var starfrækt, er lán var veitt.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum með tilheyrandi áhrærir, samkvæmt lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóv. 1887, 3. gr., og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði, og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Stofnlánadeildinni um uppboðið svo tímanlega, að Stofnlánadeildin geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

12. gr.

Skuldunautar Stofnlánadeildarinnar eru skyldir til að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Stofnlánadeildina, með öllum þeim breytingum, sem kunna að verða gerðar á þeim ákvæðum, sem nú eru í gildi.

13. gr.

Hagnaður af starfsemi þessara lánaflokka, svo og 1% lántökugjald, er tekið skal af nýjum lánum, rennur í sérstakan varasjóð, er varið sé til að mæta töpum. Nú verða töp umfram það, sem varasjóður getur greitt, og greiðast þau þá af framlagsfé aðila hlutfallslega.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt tillögum stjórnar Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og með heimild í lögum nr. 41/1946 og lögum nr. 48/1961 og samkvæmt 5 gr. gildandi laga um Seðlabanka Íslands nr. 10/1961, öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. janúar 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 9. 29. janúar 1965.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1965 samkvæmt eftirfarandi lista.

Listinn í skiptist í tvo kafla. Í I. kafla eru taldar vörur, sem úthlutað verður þrisvar sinnum á árinu, í febrúar, júní og október. Í II. kafla eru vörur, sem bankarnir skulu úthluta á árinu 1965 á þeim tíma, sem þeir telja nauðsynlegt.

I. KAFLI

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings-kvóti 1965
44.05.19		
44.13.19	Annar trjáviður úr barrtrjám, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meira en 5 mm á þykkt; annar trjáviður úr barrtrjám, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt	kr. 30 000 000
44.15.00		
44.16.00		
44.18.00	Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri); holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum; gervitrjáviður úr spónum o. s. frv., þó ekki plasthúðaðar plötur	— 14 000 000

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings-kvóti 1965
48.09.00	Byggingaplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum, þó ekki plasthúðaðar plötur	kr. 7 000 000
58.01.00		
58.02.00	Gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), þó ekki kókosmottur og plastgólfteppi og dreglar án vefnaðar	— 3 000 000
60.03.01		
60.03.02	Heilsokkar kvenna og aðrir sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr silki eða gerviþráðum	— 13 000 000
60.03.04		
60.04.02		
61.03.01—		
61.03.09		
61.04.01	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar og nærfatnaður úr baðmull	— 2 500 000
64.01.09		
64.02.01—		
64.02.09	Skófatnaður með ytri sóla úr gúmmíi, þó ekki með yfirhluta úr leðri eða skinni og ekki vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	kr. 6 000 000
68.08.00		
68.09.00		
68.11.01		
68.11.09		
68.12.01—		
68.12.09		
68.16.02—		
68.16.09		
69.06.00	Vörur úr asfalti, gipsi, sementi, asbestsementi og öðrum slíkum efnum, þó ekki valtarar og vélaþéttingar, vefnaður og þráður úr asbesti	— 4 000 000
70.04.00		
70.05.00		
70.06.00		
70.10.01—		
70.10.09	Gler; ámur, flöskur, krukkur o. s. frv. úr gleri	— 9 000 000
73.10.11—		
73.10.22		
73.15.67—		
73.15.71		
73.11.10—		
73.11.20		
73.15.72—		
73.15.75		
73.13.10		
73.15.76		
73.15.77		

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings-kvóti 1965
73.13.20		
73.15.78		
73.15.79		
73.13.30		
73.13.40		
73.13.59		
73.15.81		
73.15.82		
73.13.59		
73.15.83		
73.15.84		
73.14.00		
73.15.87		
73.15.88		
73.17.00		
73.18.29—		
73.18.30		
73.20.00		
73.23.01		
73.26.00		
73.27.01	Járn og stál í stöngum, prófiljárn, járn og stál í plötum og þynnum, þó ekki ryð- og sýruheldar krómstálplötur; járn- eða stálvír, þó ekki raf- og logsuðuvír; járn- og stálpípur og pípuhlutar (fittings); aðrar vörur úr járni og stáli, sem teljast til þessara tollnúmera og ekki er frjáls innflutningur á	kr. 60 000.000
85.01.00	Rafhreyflar og spennar (transformatorar) þó ekki spennar (ballats) fyrir flúorescentljós	— 7 000 000
85.04.01		
85.04.09	Rafgeymar og efni í þá	— 3 000 000
93.01.00—		
93.07.29	Vopn og skotfæri og hlutar til þeirra, þó ekki línubyssur, hvalveiðibyssur og skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur	— 2 500 000
94.01.00		
94.03.00		
94.04.00	Húsgögn og hlutar til þeirra, rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki húsgögn fyrir læknisaðgerðir (nr. 94.02.00) og skjalaskápar og skrifborð með skjalageymslum úr járni og stáli	— 4 000 000
96.01.00		
96.02.01		
96.02.02		
96.02.09		
96.04.00	Burstagerðarvörur, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþvögur á skafti, skaftþvögur, tannburstar og listmálunarpenslar	— 1 200 000
		Kr.166 200 000

II. KAFLI

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund		Innflutnings-kvóti 1965
04.01.00—			
04.05.00	Mjólkurafurðir; fuglaegg	kr.	150 000
07.01.10	Kartöflur, nýjar	—	3 000 000
11.07.00	Malt, óbrennt eða brennt	—	150 000
17.01.21—			
17.01.24	Molasykur og strásykur	—	15 000 000
17.01.27			
17.02.01			
17.04.01			
17.04.03—			
17.04.09	Steinsykur (kandís), drúfusykur (glúkósi) og sykurvörur, sem ekki er kakaó í	—	250 000
25.20.01—			
25.20.09	Gips, anhydrit, brennt gips, einnig litað eða lítis háttar bætt mýkingarefnum (þó ekki gips til tannlækninga)	—	100 000
25.23.00	Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement og annað hydroliskt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	—	5 000 000
27.01.10	Steinkol	—	700 000
27.04.00	Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó	—	300 000
76.02.09	Vír, ekki einangraður, og gaddavír úr aluminium	—	500 000
85.23.01	Jarð- og sæstrengir	—	10 000 000
99.01.00—			
99.06.00	Listaverk, safnmunir og forngripir	kr.	500 000
	Vörur, sem falla undir önnur tollnúmer og ekki er frjáls innflutningur á	—	500 000
		Kr.	36 150 000

59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	300 tonn
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanila	600 —

Á árinu 1965 verður gerð úthlutun í febrúar í eftirtöldum vöruflokkum, sem fara á frílista 1. júlí n. k., samkvæmt neðangreindum innflutningskvótum:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund		Innflutnings-kvóti 1965
48 01.20			
48.07.10			
48.15.03			
48.14.01—			
48.14.09			
48.18.00	Prentpappír, skrifpappír og ýmsar pappírsvörur	kr.	5 000 000
55.07.10			
55.07.20			
55.08.10			
55.08.20			
55.09.13—			
55.09.19			
55.09.23			

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutningskvóti 1965
55.09.29	Baðmullarvefnaður, þó ekki segl- og presseningsdúkur ..	kr. 10 000 000
69.11.00		
69.12.00		
70.13.00	Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr postulíni, leir og gleri	— 1 500 000
73.31.01		
73.31.09	Galvanhúðaður saumur og aðrir naglar og stifti, þó ekki hóffjaðrir, járnsaumur til skósmíða, lykkjur, kengir, kassakrækjur, bólunaglar og teiknibólur	— 750 000
		Kr. 17 250 000

Ofangreindir innflutningskvótar gilda um vörukaup frá öðrum löndum en jafnkeypislöndum (Austur-Þýzklandi, Brazilíu, Póllandi, Rúmeníu, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.).

— - Landsbankanum, viðskiptabók	—	2 681.30	
— - — sparisjóðsbók	—	9.17	
			— 3 255.09
			Kr. 40 835.77

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:			
Hálf jörðin Hagi í Skorradal			kr. 1 050.00
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460	kr.	6 830.82	
- Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5461	—	32 814.17	
- — sparisjóðsbók nr. 31 353	—	140.78	
			— 39 785.77
			Kr. 40 835.77

Minningargjöf um Hans Nathansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1964	kr. 10 861.70
Vextir og vaxtabætur í Söfnunarsjóði 1963	— 953.19
	Kr. 11 814 89

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:	
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 456	kr. 11 814.89
	Kr. 11 814 89

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1964		kr. 12 913.72
Vextir í Búnaðarbankanum		— 1 162.17
		Kr. 14 075.89

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:		
Í Búnaðarbankanum, sparisjóðsbók nr. 60 749		kr. 14 075.89
		Kr. 14 075.89

Minningargjöf um Hans Wíum sýslumann.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1964		kr. 6 955.51
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 597.15	
— - — sparisjóðsbók	— 22.40	
		— 619.55
		Kr. 7 575.06

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5468	kr. 7 232.36	
- — sparisjóðsbók nr. 9009	— 342.70	
		kr. 7 575.06
		Kr. 7 575.06

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1964		kr. 14 252.51
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 1 214.91	
— - — sparisjóðsbók	— 53.25	
		— 1 268.16
		Kr. 15 520.67

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5469	kr. 14 714.38	
- — sparisjóðsbók nr. 9011	— 806.29	
		kr. 15 520.67
		Kr. 15 520.67

Minningargjöf um Vigfús G. Melsteð.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1964		kr. 9 059.67
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók		— 815.31
		Kr. 9 874.98

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5462		kr. 9 874.98
		Kr. 9 874.98

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1964		kr. 30 660.58
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 2 758.32	
— - — sparisjóðsbók	— 77	
		— 2 759.09
		Kr. 33 419.67

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5467	kr. 33 407.22	
- — sparisjóðsbók nr. 9012	— 12.45	
		kr. 33 419.67
		Kr. 33 419.67

Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1964		kr. 25 583.22
Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr. 2 260.98	
— - — sparisjóðsbók	— 32.20	
		— 2 293.18
		Kr. 27 876.40

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5466	kr. 27 383.40	
- — sparisjóðsbók nr. 9010	— 493.00	
		kr. 27 876.40
		Kr. 27 876.40

Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1964			kr. 142 747.65
2. a. Vextir af Innanríkisláni Sogsvirkjunar	kr.	2 400.00	
b. — í Landsbankanum, viðskiptabók	—	9 838.55	
c. — - — sparisjóðsbók	—	5.46	
d. — - — —	—	6.58	
			— 12 250 59
3. Útdregin Sogsvirkjunarbréf			— 5 000.00
			Kr. 159 998.24

Gjöld:

1. Til jafnaðar tekjulið 3			kr. 5.000.00
2. Eign sjóðsins 1. jan. 1965:			
a. Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951	kr.	35 000.00	
b. Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5471	—	119 813.79	
c. - — sparisjóðsbók nr. 9471	—	83.68	
d. - — — nr. 39 189	—	100.77	
			— 154 998.24
			Kr. 159 998.24

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1964			kr. 34 006.48
Vextir af Innanríkisláni Sogsvirkjunar	kr.	300.00	
— í Landsbankanum, viðskiptabók	—	2 623.62	
— - — sparisjóðsbók	—	8.89	
			— 2 932.51
			Kr. 36 938.99

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. jan. 1965:			
Innanríkislán Sogsvirkjunar 1951	kr.	5 000.00	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5463	—	31 802.24	
- — sparisjóðsbók nr. 14 589	—	136.75	
			kr. 36 938.99
			Kr. 36 938.99

Reykjavík, 5. janúar 1965.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið ársreikning þennan og borið hann saman við tilheyrandi fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Sigr. Brynjólfsdóttir. *María Sigurðardóttir.*

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1964.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga			kr. 2 042 935.00
2. Vaxtatekjur:			
a. Af óþurrkalánum	kr.	80 934.00	
b. — innstæðum séreignasjóðs	—	583 461.58	
c. — innstæðum sameignarsjóðs	—	163 730.59	
d. — skuldabréfum	—	678 533.31	
e. — hlaupareikningi	—	5 620.16	
			— 1 512 279.64
3. Húsaleigutekjur			— 93 750.00
4. Lántöku- og stimpilgjöld			— 11 595.00
			Kr. 3 660 559.64

Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur			kr. 529 303.15
2. Eftirgefin lán:			
a. 20% eftirgjafir óþl. 1955	kr.	54 440.00	
b. Eftirgefin A-lán	—	2 000.00	
			— 56 440.00
3. Eftirgefnir vextir af óþl. 1955			— 43 477.50
4. Endurgreiddir vextir af óþl. 1955			— 3 840.00
5. Styrkir			— 160 000.00
6. Viðhald fasteignar			— 31 479.26
7. Afskriftarreikningur			— 30 976.71
8. Lífeyrissjóðsreikningur			— 4 174.20
9. Tekjuafgangur			— 2 800 868.82
			Kr. 3 660 559.64

Efnahagsreikningur.

Eignir:

1. Séreignasjóður sveitarfélaga:			
a. Innstæða frá fyrra ári	kr.	7 197 041.62	
b. Viðbót á árinu	—	1 139 929.08	
			kr. 8 336 970.70
2. Sameignarsjóður:			
a. Fasteignarreikningur	kr.	210 371.80	
b. Innbú og lausafé	—	278 790.41	
c. Skuldabréfaeign	—	14 012 529.71	
d. Bankainnstæður	—	2 861 269.25	
e. Hlaupareikningur	—	80 242.40	
f. Sjóðsreikningur	—	33 017.49	
g. Ógreiddir vextir í árslok	—	242 111.80	
h. Sjóðsmismunur frá 1961	—	3 046.00	
			— 17 721 378.86
			Kr. 26 058 349.56

Skuldir:

1.	Skuldabréf ríkissjóðs	kr.	500 000.00
2.	Geymslufjárreikningur	—	6 333.34
3.	Lán vegna húseignarinnar Laugavegur 105 hf.	—	13 518.01
4.	Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1964	—	22 737 629.39
5.	Rekstrarhagnaður	—	2 800 868.82
		Kr.	26 058 349.56

Reykjavík, í janúar 1965.

Nr. 21. 6. febrúar 1965.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 9. desember 1964, um breytingu á regulgerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar komi tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Á vetrarvertíð 1965 er ekki skylt að slægja um borð í fiskiskipum fisk, veiddan í nót, hafi veiðiför tekið skemmri tíma en 24 klst. og fiskkaupandi getur að dómi ferskfiskeftirlitsins komið fiskinum óskemmdum í geymslu.

Hafi fiskur, sem veiddur er í nót, eigi verið slægður, sbr. 1. mgr., ber engu að síður að ísa hann nægilega og ganga vel frá honum í lest.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 22. 9. febrúar 1965.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Fasteignaskatt í Kelduneshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, nr. 108 16. ágúst 1962.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um bann við veiði göngusilungs við Vesturós Héraðsvatna.

1. gr.

Bönnuð er netjaveiði göngusilungs í sjó fyrir Vesturósi Héraðsvatna á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst á svæði, er afmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin í beinu framhaldi rétt norður af landamerkjum Sjávarborgar og Sauðárkróksbæjar á Borgarsandi, 700 metra í sjó fram út frá stórstraumsfjöruborði, og frá norðurenda þeirrar línu í Hegranes 700 metrum norðan við Héraðsvatnaós, miðað við stórstraumsfjöruborð. Bann þetta tekur til hvers konar netja og veiðivéla, sem göngusilungur getur veiðst í.

2. gr.

Ráðherra veitir undanþágu til eins árs í senn frá veiðibanni því, sem sett er samkvæmt 1. gr., til dráttar fyrir síld og loðnu til beitu samkvæmt reglum, er hann setur þar um, enda liggi fyrir skrifleg umsókn um slíka undanþágu.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem er gerð af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

10. febrúar 1965. Nr. 24.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, samþykkti bæjarráð eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá og með Hvanneyrarbakka að norðan og suður að lóðum Hafnarsjóðs Siglufjarðar í Innri-höfn, en það er eftirtaldar útgerðarstöðvar og lóðarréttindi:

Hvanneyrarbakki, eign Vigfúsar Friðjónssonar.
Hvanneyrarkrókur III, eign Skeljungs hf.
Ránargata 2, Kambsreitur, eign Olíuverzlunar Íslands hf.
Lóðir, bryggjur og mannvirki Síldarverksmiðja ríkisins, austan Vetrarbrautar.
Hraðfrystihús og lóðarréttindi hf. Hrímnir (Þormóðsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Samv.fél. Jarlinn (Þormóðsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi O. Henriksen (Hinriksreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Sigf. Baldvinssonar (Búðarreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).

Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Hafliði (Hafliðareitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi d.b. Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
Hús og lóðarréttindi Edwins Jakobsen (Hafliði Helgason v/Gránugötu).
Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Siglfirðinga (Kveldúlfsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Silfurborg hf. (Hjaltalínsreitur).
Hraðfrystihús Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi sf. Ísafold (Friðleifsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Reykjanes hf. (Helgareitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 1, 2 og 3, og 4 að hluta) (Álalækjarreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Óskarssíld hf. (Ólagötu 1, 2 og 3 að hluta) (Álalækjarreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 4).
Síldarstöð og lóðarréttindi Þórodds Guðmundssonar (Ólagata 5).
Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Njörður (Snorragata 9).
Síldarstöð og lóðarréttindi Síldarsöltun Ísfirðinga (Snorragata 11 og 13).
Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar hf., ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Enn fremur áskilur Siglufjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt að allri strandlengjunni austan fjarðarins, frá Álfhól út að Siglunesskriðum 150 m frá fjöruborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 25. 10. febrúar 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Sandgerði.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Miðneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Sandgerði samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

1. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur um Túngötu frá suðri til norðurs frá Suðurgötu að Austurgötu. Ökutæki skal stöðva eða leggja hægra megin á nefndri götu.

2. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Heiðarvegi (Keflavíkurvegi) og Strandgötu að hafnargarði.

Athygli skal vakin á því, að vegir sem liggja að aðalbraut eru við vegamót merktir biðskylda eða stöðvunarmerki.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 10. febrúar 1965.

Björn Sveinbjörnsson, settur.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness, nr. 119 15. júlí 1960.

III. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

TENGIGJÖLD (HEIMTAUGAGJÖLD)

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

1. Tengigjöld miðuð við flutningsgetu heimtauga.

Gjaldskrárliður nr.	Málstraumur stofnvara í 3 × 220 v kerfi amp.	Málstraumur stofnvara í 3 × 380 v kerfi amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara	Tengigjald jarðstrengs allt að 15 m eða loftlína allt að 30 m skv. jöfnu 1200 + 120 × kVA kr.
1.1	2 × 60	1 × 60	13	2 760.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	2 840.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	5 760.00
1.4			66	9 120.00
1.5	3 × 200		76	10 320.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	17. 040.00
1.7		3 × 350	231	28 920.00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara en hér eru taldar, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, styzta greiðfæra leið að varkassa.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig: Yj = (240 + 3 × kVA) kr/m.

Yfirlengdargjald loftlína reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: Yl = (40 + 2 × kVA) kr/m, að viðbættum 2000 kr. á hvern stólpa í umfram-línu.

2. Tengigjöld miðuð við stærðir spenna.

Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald skv. jöfnu 1200 + 120 × kVA	Gjaldskrárliður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald skv. jöfnu 1200 + 120 × kVA
2.1	150	19 200.00	2.3	500	61 200.00
2.2	300	37 200.00	2.4	750	91 200.00

Fyrir aðrar tegundir spenna en hér eru taldar, skal reikna tengigjaldið á sama hátt.

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti

settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar.

Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. febrúar 1965.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 27. 15. febrúar 1965.

REGLUGERÐ

um breyting á bráðabirgðareglugerð nr. 187 20. ágúst 1964, um greiðslu launaskatts, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu og verktakasamninga.

Aftan við 2. mgr. 1. gr. bætist:

Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignarvörubifreiðarstjóra lagður á þá, sem greiða fyrir afnot bifreiðarinnar.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1965.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 28. 5. febrúar 1965.

AUGLÝSING

um laun og yfirvinnugreiðslur ríkisstjórnarinnar.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Kjararáð f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gerðu, með vísun til ákv. 7. gr. laga nr. 55/1962, þ. 28. f. m. með sér eftirfarandi samning um breytingar á launum ríkisstarfsmanna:

„1. Laun starfsmanna ríkisins hækka um 6.6% frá 1. október 1964. Þó skal yfirvinnukaup og vaktaálag haldast óbreytt fram til 1. janúar 1965.
2. Frá 1. janúar 1965 lækkar eftirvinnuálag úr 60% í 50%, þ. e. kaup fyrir eftirvinnu verður óbreytt að fjárhæð.
3. Um verðlagsuppbót á laun fer samkvæmt lögum.“

Mánaðarlaun í hverjum launaflokki verða því þessi frá 1. október 1964 að telja:

		Laun eftir				
	Byrjunarlaun	1 ár	3 ár	6 ár	10 ár	15 ár
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Launaflokkur ..	5 117.00					
2. Launaflokkur ..	5 330.00					
3. Launaflokkur ..	5 565.00	5 874.00	6 108.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00
4. Launaflokkur ..	5 788.00	6 108.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00
5. Launaflokkur ..	6 023.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00
6. Launaflokkur ..	6 268.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00	7 729.00
7. Launaflokkur ..	6 513.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00	7 729.00	8 038.00
8. Launaflokkur ..	6 780.00	7 046.00	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00
9. Launaflokkur ..	7 046.00	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00
10. Launaflokkur ..	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00
11. Launaflokkur ..	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00
12. Launaflokkur ..	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00
13. Launaflokkur ..	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00
14. Launaflokkur ..	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00
15. Launaflokkur ..	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00
16. Launaflokkur ..	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00
17. Launaflokkur ..	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00	11 726.00
18. Launaflokkur ..	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00	11 726.00	12 195.00
19. Launaflokkur ..	10 585.00	11 161.00	11 779.00	12 430.00	13 112.00	
20. Launaflokkur ..	11 161.00	11 779.00	12 430.00	13 112.00	13 837.00	
21. Launaflokkur ..	11 779.00	12 430.00	13 112.00	13 837.00	14 594.00	
22. Launaflokkur ..	13 112.00	13 837.00	14 594.00		15 393.00	
23. Launaflokkur ..	14 594.00		15 393.00		16 246.00	
24. Launaflokkur ..	15 393.00		16 246.00		17 131.00	
25. Launaflokkur ..	16 246.00		17 131.00		18 079.00	
26. Launaflokkur ..	18 079.00				19 071.00	
27. Launaflokkur ..	20 115.00					
28. Launaflokkur ..	21 224.00					

Fjármálaráðuneytið, 5. febrúar 1965.

5. febrúar 1965. Nr. 29.

FYRIRMÆLI

um gerð þorsk- og ýsunóta.

1. gr.

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera stærri en 30 faðmar á teini. Poki styttri nóta skal vera minni hlutfallslega.

2. gr.

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

3. gr.

Ráðuneytið getur heimilað þeim aðilum, sem þegar eiga smáriðnari þorsk- og ýsunætur en í fyrirmælum þessum greinir, að nota þær nætur í næstu tvö ár eftir útgáfudag reglugerðar þessarar. Þó skal ávallt, er skipt er um nótabálk, setja bálk með 110 mm lágmarksstærð möskva í stað þess, er tekinn er í burtu.

Umsóknir um notkun þessara nóta skulu sendar ráðuneytinu innan eins mánaðar frá birtingu reglugerðar þessarar og skal umsókninni fylgja sönnun á, hvenær nótin var keypt og flutt til landsins.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneyti, 5. febrúar 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 30. 15. febrúar 1965.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. **Í barnaskólum:**				
Miðað við	12. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr.	67.70
—	— 15. —	.....	—	76.15
—	— 15. —	(söngkennarar með ⅘ kennsluskyldu) .	—	95.20
—	— 16. —	(kennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt, talkennarar, blindrakennarar og kennarar við heimavistarskóla)	—	79.20
—	— 16. —	(söngkennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt)	—	99.05
—	— 17. —	(vanvitaskólakennarar)	—	103.00
II. **Í húsmæðraskólum:**				
Miðað við	13. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	—	87.15
—	— 16. —	.....	—	98.00
—	— 18. —	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	—	106.00
—	— 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	—	115.40

III. **Í gagnfræðastigsskólum** (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):

Miðað við	16. launaflokk		kr. 98.00
— —	16. —	(söngkennarar með 4/5 kennsluskyldu)	— 122.55
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 106.00
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 115.40

IV. **Í iðnskólum:**

Miðað við	16. launaflokk		— 98.00
— —	18. launaflokk	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 106.00
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 115.40

V. **Í Hjúkrunarskóla Íslands:**

Miðað við	16. launaflokk		— 98.00
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 106.00
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 115.40

VI. **Í Handíða- og myndlistarskólanum:**

a) **Listiðnaðardeildir:**
Miðað við 16. launaflokk — 98.00

b) **Kennaradeildir** (vefnaðar- og teiknikennaradeildir):
Miðað við 18. launaflokk — 114.20

VII. **Í Heyrnleysingjaskólanum:**
Miðað við 16. launaflokk — 98.00

VIII. **Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):**
Miðað við 18. launaflokk — 114.20

IX. **Í Vélskólanum í Reykjavík:**

Miðað við	16. launaflokk		— 105.60
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 114.20
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 124.30

X. **Í Íþróttakennaraskóla Íslands:**

Miðað við 18. launaflokk		kr. 114.20
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 124.30

XI. **Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:**

Miðað við 18. launaflokk		— 114.20
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 124.30

XII. **Í Kennaraskóla Íslands:**

a) **Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk		— 114.20

b) **Kennarar við handavinnudeild:**

Miðað við 18. launaflokk		— 114.20
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 124.30

c) **Aðrir kennarar:**

Miðað við 20. launaflokk		— 131.15

XIII. **Í menntaskólum:**

a) **Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk		— 114.20

b) **Aðrir kennarar:**

Miðað við 20. launaflokk		— 131.15

XIV. **Í Stýrimannaskólanum:**

Miðað við 16. launaflokk		— 105.60
— — 18. —	(kennarar með B.A.-próf frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 114.20
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 124.30

XV. **Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:**

Miðað við 16. launaflokk		— 105.60
— — 18. —	(kennarar með B.A.-próf frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 114.20
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 124.30

XVI. **Í búnaðarskólum:**

Miðað við 16. launaflokk		kr. 105.60
— — 18. —	(kennarar með B.A.-próf frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 114.20
— — 19. —	(kennarar með próf frá búnaðarháskóla eða samsvarandi próf í kennslugreinum sínum)	— 124.30

XVII. **Í Garðyrkjuskóla ríkisins:**

Miðað við 16. launaflokk		— 105.60
— — 18. —	(kennarar með B.A.-próf frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 114.20
Miðað við 19. launaflokk	(kennarar með próf frá búnaðarháskóla eða samsvarandi próf í kennslugreinum sínum)	— 124.30

XVIII. **Í Tækniskóla Íslands:**

Miðað við 20. launaflokk		— 131.15

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt	12.	launaflokki	kr. 89.17
—	13.	—	— 92.80
—	15.	—	— 100.37
—	16.	—	— 104.32
—	18.	—	— 112.85
—	19.	—	— 124.37
—	20.	—	— 131.20

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. október 1964 til 28. febrúar 1965.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. febrúar 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr 31. 30. janúar 1965.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1963:

Borgarfjarðarsýsla.

Hellubær, nýbýli í landi Hofstaða, Hálsahreppi.
Mýrar, garðyrkjubýli í landi Kleppjárnsreykja, Reykholtsdalshreppi.
Skálpastaðir II, nýbýli í landi Skálpastaða, Lundarreykjadalshreppi.
Sólvellir, hús á eignarlóð í Krosslandi, Innri-Akraneshreppi.

Hnappadalssýsla.

Hjarðarfell II, nýbýli í landi Hjarðarfells, Miklaholtshreppi.

Mýrasýsla.

Vesturholt, nýbýli í landi Skíðsholta, Hraunhreppi.

Snæfellsnessýsla.

Berg, nýbýli í landi Krossaness í Eyrarsveit.

Strandasýsla.

Guðlaugsvík II, nýbýli í landi Guðlaugsvíkur I, Bæjarhreppi.
Hrófá III, eignarhluti úr skiptu landi jarðarinnar Hrófá I, Hólmavíkurhreppi.

V.-Húnavatnssýsla.

Hjallholt, nýbýli úr landi Ytri-Sauðadalsár, Kirkjuhvammshreppi.
Lindarberg, nýbýli í landi Grafar, Kirkjuhvammshreppi.
Lækjarhvammur, eignarhluti úr landi Grafarkots, Kirkjuhvammshreppi.

A.-Húnavatnssýsla.

Beinakelda I, hálflenda af jörðinni Beinakeldu, Torfalækjarhreppi.
Beinakelda II, hálflenda af jörðinni Beinakeldu, Torfalækjarhreppi.
Leysingjastaðir II, nýbýli í landi Leysingjastaða, Sveinsstaðahreppi.
Norðurhagi, býli úr landi Haga, Sveinsstaðahreppi.

Eyjafjarðarsýsla.

Hríshóll, nýtt nafn á jörðinni Fjósakot í Saurbæjarhreppi.

S.-Þingeyjarsýsla.

Rein, nýbýli í landi Reykjarhóls, Reykjahreppi.

N.-Þingeyjarsýsla.

Vogur II, nýbýli í landi Vogs.

N.-Múlasýsla.

Egilsstaðir I og Egilsstaðir II, eignarhlutar í jörðinni Egilsstaðir, Vopnafjarðarhreppi.

Ketilsstaðir I og *Ketilsstaðir II,* eignarhlutar í landi jarðarinnar Ketilsstaða, Hlíðarhreppi.

S.-Múlasýsla.

Brimnes II, nýbýli í landi Brimness, Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Útgarður, nýbýli í landi Egilsstaðakauptúns.

Árnessýsla.

Ásholt, garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Brúarhvammur, garðyrkjubýli í landi Reykja, Ölfushreppi.

Laxárhlíð, nýbýli í landi Grafar, Hrunamannahreppi.

Suðurkot, nýtt nafn á jörðinni Skrúðvangi í Grímsneshreppi.

Vatnsleysa III, nýbýli úr landi Vatnsleysu I, Biskupstungnahreppi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. janúar 1965.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

30. janúar 1965. Nr. 32.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35. 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1964:

Gullbringusýsla.

Tjörn, nýbýli í landi Eyvindarstaða, Bessastaðahreppi.

Kjósarsýsla.

Hraðastaðir III, nýbýli í landi Hraðastaða, Mosfellshreppi.

Borgarfjarðarsýsla.

Berg, garðyrkjubýli í landi Snældubeinsstaða og Kleppjárnsreykja, Reykholtsdalshreppi.

V. Húnavatnssýsla.

Ytrabjarg II, nýbýli í landi Ytrabjargs, Fremri-Torfustaðahreppi.

A.-Húnavatnssýsla.

Steiná III, nýbýli í landi Steinár, Bólstaðarhlíðarhreppi.

Skagafjarðarsýsla.

Breiðsstaðir, nýbýli í landi, er áður tilheyrði jörðinni Breiðsstaða og hluta úr landi Heiðar, Skarðshreppi.

Eyjafjarðarsýsla.

Miðtún, nýbýli í landi Helgastaða, Grímsey.

N.-Þingeyjarsýsla.

Hvammur IV, nýbýli í landi Hvamms, Svalbarðshreppi.

N.-Múlasýsla.

Grænamýri, nýbýli í landi Grófarsels, Hlíðarhreppi.
Hrúthamar, nýbýli í landi Gilja, Jökuldalshreppi.
Refshöfði, nýtt nafn á jörðinni Skeggjastaðir II, Jökuldalshreppi.
Selland, nýbýli í landi Fossvalla, Hlíðarhreppi.
Sólbrekka, nýbýli í landi Skeggjastaða I, Fellahreppi.

Rangárvallasýsla.

Háirimi II, nýbýli í landi Háarima, Djúpárhreppi.
Ægissíða I, Ægissíða II og *Ægissíða III,* á býlum í landi Ægissíðu, Djúpárhreppi.

Árnessýsla.

Breiðanes, nýbýli í landi Sandlækjar, Gnúpverjahreppi.
Brúarholt, nýbýli í landi Efribrúar, Grímsneshreppi.
Helgastaðir I, Helgastaðir II og Helgastaðir III, eignarhlutar í landi Helgastaða, Biskupstungnahreppi.
Hlemmiskeið VI, nýbýli í landi Hlemmiskeiðs II og Brúnavallakots, Skeiðahreppi.
Hæll III, nýbýli í landi Hæls, Gnúpverjahreppi.
Lyngás, garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Ósabakki II, nýbýli í landi Ósabakka, Skeiðahreppi.
Öndverðarnes I og *Öndverðarnes II,* eignarhlutar í landi Öndverðarness, Grímsneshreppi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. janúar 1965.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Stjórnartíðindi B, nr. 1—32. Útgáfudagur 14. apríl 1965.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1965

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 194 26. nóvember 1949, um búnaðarmálasjóð.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkurútsölum (sem ekki eru útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjómabúum og smjörsamlögum, svo og annarri mjólk, sem verðjöfnunarskyld er samkvæmt lögum nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.
b. Kindakjöti, sem selt er frá sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði, svo og slátri og kindainnyflum hvers konar.
c. Hrossa- og nautgripakjöti svo og húðum, sem selt er verzlunum af einstaklingum, sláturhúsum eða öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 22. febrúar 1949.
d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Garðávöxtum, er framleiðandi hefur selt eða lagt inn í verzlun eða til sölumiðstöðvar.
f. Eggjum, sem seld hafa verið verzlun eða sölumiðstöðvum, svo og fuglakjöti.
g. Líffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa, er verzlanir eða sölumiðstöðvar verzla með.
h. Gærum og ull, sem tekið er á móti í verzlanir eða verksmiðjur.
i. Grávöru hvers konar, sem framleiðendur selja verzlunum eða verksmiðjum.
j. Svínakjöti, sem selt er verzlunum af einstaklingum eða sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðvum.
k. Æðardún, sem seldur er verzlunum hvort sem hann er seldur innanlands, eða fluttur úr landi.
l. Laxi, sem seldur er verzlunum eða sölumiðstöðvum.
m. Hótel og aðrir opinberir veitingastaðir, sem taka á móti gjaldskyldum vörum beint frá framleiðendum, skulu standa skil á gjaldinu eins og um verzlanir væri að ræða.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð skv. lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, sbr. lög nr. 34 1948, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

B 9

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Stöðvarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera þrír menn og aðrir þrír til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Stöðvarhrepps, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum og hafa vatnsæðar þannig, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, er ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningar mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum Stöðvarhrepps, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt.

Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsveitu hreppsins.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitunefnd skattinn.

14. gr.

Hver sá, sem fær tengt við vatnsveitu Stöðvarhrepps, skal greiða tengigjald kr. 1000.00 og 2% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Af öllum íbúðarhúsum í Stöðvarhreppi sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt kr. 800.00 á ári og 1.5% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Auk þess skal greiða kr. 800.00 á ári fyrir hverja íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi.

15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 3% — þrjá af hundraði — af fasteignamatsverði.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	1.00
2.	Af hverri tunnu flakaðrar síldar	—	1.00
3.	Af hverri smálest innvegins nýs fiskjar	—	2.50
4.	Fyrir vatn til fiskþvottar, af hverju skippundi	—	0.50
5.	Fyrir hverja frysta síldartunnu	—	1.00
6.	Fyrir hvern kjötskrokk	—	0.40
7.	Fyrir vatn í steypu, af hverri sementstunnu	—	1.00
8.	Fyrir hverja bifreið, skrásetta í Stöðvarhreppi, ársgj.	—	100.00
9.	Fyrir hvern krana utanhúss, ársgj.	—	30.00
10.	Fyrir hvern stórgrip sem stendur inni, ársgj.	—	30.00
11.	Fyrir hverja 100 lítra lifrar tekna til bræðslu	—	1.00

17. gr.

Komi til vatnsnotkunar umfram það, sem um getur í 14., 15. og 16. gr., hefur vatnsveitunefnd heimild til að ákveða vatnsskattinn. Heimilt er að selja vatn eftir mæli, er vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 1.20 fyrir smálest af fyrstu 1000 smálestunum og kr. 0.70 fyrir smálest af því, sem fram yfir er. Fyrirtæki, svo sem sláturhús og þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem stjórn vatnsveitunnar ákveður fyrir eitt ár í senn. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðarmaður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur sé greiddur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans.

18. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 15.00 fyrir smálest, en minnsta gjald skal þó þó vera kr. 30.00 fyrir fiskiskip og kr. 50.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða að hafskipabryggja Stöðvarhrepps greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggja þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða, sem um ræðir í 16. gr.

19. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatnsskatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda.

20. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 30. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkvæmt 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

21. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

Vatnsveita Búðardals er sjálfstætt fyrirtæki, sem Laxárdalshreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í Búðardal.

2. gr.

Hreppsnefnd Laxárdalshrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, kosin af hreppsnefnd til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, búsettum í Búðardal, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar. — Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Að einróma tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum, sem honum kunna að verða falin.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, sæki um það skriflega til vatnsveitunefndar eða oddvita.

5. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar í hús sitt frá aðalæð og annast viðhald þeirra.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

6. gr.

Skylt er þeim, sem nota vill vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðamanna veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiðir fullar fébætur, auk sekta, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 2% — tveim af hundraði — af fasteignamatsverði árlega. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 200.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu	kr.	0.50
Fyrir gripi, þar sem vatn er leitt í hús:		
a. Fyrir hvern nautgrip, sem inni er að vetri	—	30.00
b. Fyrir hvert hross, sem inni er að vetri	—	20.00
c. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri	—	1.00
Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi	—	0.60
Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er í sláturhúsi	—	8.00

Heimilt er að leggja vatnsskatt á hverja skrásetta bifreið í Búðardal, ef aðstaða er til þvottar.

Fyrir önnur vatnsnot, svo sem til veitingareksturs, mjólkurvinnslu, þvottastöðva bifreiða, skipa eða hvers annars, skal greiða eftir samkomulagi við yfirstjórn vatnsveitunnar.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu, um allt að kr. 1000.00 í stofngjald. Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

14. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Ber þá hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði vatnsmælis, uppsetningu og viðhald, svo og vatnsskattinn sjálfan, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

15. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 1. marz ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir.

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

Vatnsveitunefnd eða annar aðili í umboði hreppsnefndar hefur á hendi reikningshald og innheimtu fyrir veituna.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitunefnd Búðardals í samráði við hreppsnefnd Laxárdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 frá 21. júní 1923, sbr. lög nr. 93 frá 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. ..

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. febrúar 1965. Nr. 36.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélagið Lindin í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Lindin. Heimili þess og varnarþing er í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru fjórir. Einn ábúandi frá jörðunum Steinsholti og Melkoti og tveir frá Hávarðsstöðum.

Hver stofnandi greiðir stofngjald, fimm þúsund krónur, og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það gjald er greitt. Allt vatn til daglegra nota í íbúðarhús og útihús á hverri jörð teljast undir sama stofngjald. Félagsskylda skv. 1. málsgrein þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykkt lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar, skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, svo sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kann að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Félagsstjórnin ákveður hæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 2. málsgr. þessarar greinar, má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins, umfram gjöld þau, er honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarnefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Boðað verði til hans með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur, er ¾ félagsmanna mæta. Verði hann ekki lögmætur, er boðað er til hans í fyrsta sinn, skal boða hann aftur, og er hann þá lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, ber að geta þess í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og ritari lesa fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ¾ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélaginu Lindin í Leirár- og Melahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

23. febrúar 1965. Nr. 37.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykktum nr. 80 10. apríl 1943, fyrir Sparisjóð Arnarneshrepps.

1. gr.

2. gr. samþykktanna orðist svo:

Trygging fyrir innstæðufé og öðrum kröfum á sjóðinn er varasjóður sparisjóðsins og aðrar eigur hans. Þá ábyrgist Arnarneshreppur skuldbindingar sparisjóðsins, allt að kr. 500 000.00, næst á eftir nefndum tryggingum.

2. gr.

7. gr. samþykktanna orðist svo:

Sparisjóðurinn tekur á móti innlánsfé og ávaxtar það. Hámark innlánsfjárhæðar er háð úrskurðarvaldi stjórnar sparisjóðsins. Vextir greiðast frá innleggsdegi og færast í viðskiptabækur um hver áramót.

Nýir innleggjendur fá löggilta viðskiptabók með númeri og nafni, þegar þeir byrja viðskipti. Þegar viðskiptum er lokið eða bók fullnotuð, ógildir stjórn sparisjóðsins hana. Heimilt er stjórninni að afhenda viðskiptamanni ógilta bók til eignar, enda liggi fyrir ósk viðskiptamannsins um það.

Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að neita að taka á móti innstæðufé, svo og að segja því upp til útborgunar, en það skal jafnan gert með ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt. Hefur stjórn sparisjóðsins um þetta úrskurðarvald.

Innstæðufé á sparisjóðsbókum skal greiða þá er viðskiptabók er framvísað, og er það ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þó handhafi bókarinnar hafi ekki haft leyfi eiganda hennar, sbr. þó síðustu málsgrein 10. gr. laga nr. 69 1941.

Sparisjóðurinn er þó ekki skyldur að greiða hærri upphæð í einu en 5000 krónur, nema henni sé sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara.

Framanritaðar breytingar, sem voru samþykktar samhljóða á fulltrúaráðsfundi Sparisjóðs Arnarneshrepps 4. maí 1964, staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. febrúar 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

Nr. 38. 26. febrúar 1965.

GJALDSKRÁ

Fiskræktarfélagsins Hvítá í Borgarfirði.

Gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða og aðila sem hér segir:

1.	Einarsnes	9 ein.	33.	Móhylur	1 ein.
2.	Bóndhóll	118 —	34.	Veiðifélag Þverár	490 —
3.	Holt, Brennist., Lækjark.	42 —	35.	Veiðifélag Reykjadalsár	26 —
4.	Ölvaldsstaðir	187 —	36.	Veiðifélag Flóku	28 —
5.	Hvanneyri	152 —	37.	Svarthöfði	70 —
6.	Ferjubakki II	54 —	38.	Brenna	40 —
7.	Ferjubakki III	50 —	39.	Straumar	60 —
8.	Ferjukot og Ferjubakki I	366 —	40.	Stafholtsey	1 —
9.	Hvítárvellir I	168 —	41.	Neðranes	1 —
10.	Hvítárvellir II	159 —	42.	Fossatún	5 —
11.	Þingnes	125 —	43.	Hestur	45 —
12.	Hofsstaðir	37 —	44.	Múlakot	12 —
13.	Hvítárbakki	15 —	45.	Mávahlíð	2 —
14.	Stafholt (Hvítá)	60 —	46.	Skálpastaðir	10 —
15.	Melkot	30 —	47.	Gröf I	1 —
16.	Flóðatangi	30 —	48.	Kistufell	2 —
17.	Stafholt, Melkot, Flóðatangi (Norðurá)	50 —	49.	Arnþórsholt	2 —
18.	Svarfhóll	59 —	50.	Gröf II	9 —
19.	Veiðifélag Norðurár	330 —	51.	Kross	1 —
20.	Munaðarnes	15 —	52.	Skarð	6 —
21.	Haugar	20 —	53.	Lundur	6 —
22.	Hlöðutún	6 —	54.	Lundarhólmi	10 —
23.	Arnarholt	12 —	55.	Snartarstaðir	1 —
24.	Sólheimatunga	19 —	56.	Gullberastaðir	12 —
25.	Svignaskarð	10 —	57.	Oddsstaðir I	1 —
26.	Fróðhús	5 —	58.	Oddsstaðir II	1 —
27.	Gljúfurá	4 —	59.	Hóll	2 —
28.	Litlu-Skógar	3 —	60.	Brautartunga	2 —
29.	Stóru-Skógar	2 —	61.	Tungufell	1 —
30.	Tandrasel	3 —	62.	Brenna	2 —
31.	Sauðhússkógur	1 —	63.	Iðunnarstaðir	2 —
32.	Grísatunga	1 —	64.	England	4 —
			65.	Reykir	4 —

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Fiskræktarfélagsins Hvítá í Borgarfirði, nr. 173 22. desember 1956.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

24. marz 1965. Nr. 39.

BYGGINGARSAMÞYKKT

Reykjavíkur.

I. KAFLI

Gildistaka byggingarsamþykktar.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þó er byggingarnefnd heimilt með sérstöku samþykki borgarstjórnar að gera vægari kröfur um frágang bygginga á tilteknum svæðum, og skal þá sérstaklega fram tekið frá hvaða ákvæðum víkja megi.

Byggingarnefnd getur gert auknar kröfur um styrkleika húsa eða frekari ráðstafanir til öryggis almenningi en samþykkt þessi gerir ráð fyrir eftir því sem ákveðið kann að verða, skv. lögum um almannavarnir og reglugerð, er sett verður samkvæmt þeim.

Samþykktin tekur til allra nýrra húsbygginga og annarra mannvirkja, sem áhrif hafa á útlit borgarinnar og ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrifs á því, sem verið er að gera með heimild í fyrri byggingarsamþykkt. Ef byggingarnefnd telur nauðsynlegt, getur hún þó krafizt þess, að gerð eða frágangi húss eða annars mannvirkis, sem byggingarleyfi er fyrir, verði breytt til samræmis við ákvæði samþykktar þessarar, ef unnt er að gera slíkar breytingar án verulegs kostnaðar.

II. KAFLI

Stjórn byggingarmála.

2. gr.

Byggingarnefnd Reykjavíkur skipa sjö menn: Borgarstjóri, borgarverkfræðingur, húsameistari borgarinnar, skipulagsstjóri ríkisins og þrír menn, kosnir hlutfallskosningu í borgarstjórn árlega, samtímis öðrum föstum nefndum. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar. Byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri, skipulagsstjóri borgarinnar og aðrir sérfræðingar, sem borgarstjórnin ákveður, eiga sæti á fundum byggingarnefndar og hafa þar tillögurétt.

Nú er einhver forfallaður, sem samkvæmt stöðu sinni skipar byggingarnefnd eða á sæti á fundum hennar, og kemur þá í hans stað sá, sem í forföllum gegnir starfi hans, nema borgarstjóri geri aðra skipan á, að því er varðar embættismenn og sérfræðinga borgarinnar. Í stað hinna kjörnu nefndarmanna koma varamenn, sem borgarstjóri kýs samtímis aðalmönnum og á sama hátt.

3. gr.

Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni borgarinnar undir yfirstjórn borgarstjórnar og ráðherra. Byggingarnefnd er ályktunarfær, ef á fundi eru formaður og þrír nefndarmenn aðrir. Afl atkvæða ræður úrslitum, og telst mál samþykkt, ef það fær meiri hluta greiddra atkvæða, enda taki meiri hluti mættra nefndarmanna þátt í atkvæðagreiðslu. Skylt er þeim, sem ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu að gera grein fyrir afstöðu sinni, ef óskað er. Ef atkvæðin eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

Ályktanir byggingarnefndar skal bera undir borgarstjórn til samþykktar eða synjunar. Ef borgarstjórn samþykkir ályktun byggingarnefndar, öðlast hún gildi. Þó er lóðareiganda eða lóðarleigjanda heimilt, ef honum þykir rétti sínum hallað með ályktuninni, að skjóta henni til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan 3 mánaða frá því, að honum varð um hana kunnugt. Nú greinir byggingarnefnd og borgarstjórn á um afgreiðslu máls, og sker þá ráðherra úr.

Nú hefur umsókn verið synjað í byggingarnefnd, og á umsækjandi þá rétt á að fá, ef óskað verður, skriflega greinargerð um ástæður til þeirrar afgreiðslu.

Borgarstjórn getur falið borgarráði um tiltekinn tíma í senn að afgreiða fundargerðir byggingarnefndar. Engin ályktun borgarráðs um þessi efni er þó lögmæt, nema samþykkt sé ágreiningslaust. Ef ágreiningur verður um afgreiðslu máls í borgarráði, bíður það afgreiðslu næsta borgarstjórnarfundar.

4. gr.

Byggingarnefnd heldur fundi tvisvar í mánuði hverjum, eða oftar, ef formaður ákveður. Reglulegir fundir skulu að jafnaði haldnir annan og síðasta fimmtudag í hverjum mánuði.

Nefndin skal halda gerðabók, og skulu viðstaddir fundarmenn undirrita gerðabókina í fundarlok.

Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hlutans, að láta bóka sérálit sitt. Sama rétt eiga og aðrir þeir, sem samkvæmt stöðu sinni sitja fundi nefndarinnar.

Ef byggingarnefnd fjallar um mál, sem varðar persónulega hagsmuni einhvers, sem er í nefndinni eða situr fundi hennar, hann hefur t. d. gert uppdrátt eða sent umsókn, sem fundurinn fjallar um, skal hann víkja af fundi meðan málið er afgreitt, nema byggingarnefnd ákveði annað.

5. gr.

Byggingarnefnd fer með stjórn byggingarmála Reykjavíkur, sbr. 3. gr. Hún hefur yfirstjórn á því, að byggingarsamþykktinni sé fylgt og byggt sé í samræmi við skipulag.

Nefndin úrskurðar uppdrætti, veitir löggildingar skv. samþykkt þessari, ákveður nöfn gatna, torga og borgarhverfa svo og tölusetningu lóða.

Borgarstjórn getur falið nefndinni sérstaklega stjórn tiltekinna mála varðandi skipulag og byggingarmálefni.

6. gr.

Borgarstjórn skipar byggingarfulltrúa að fengnum tillögum byggingarnefndar, og skal hann vera húsameistari eða byggingarverkfræðingur. Borgarstjórn skipar einnig eftirlitsmenn með byggingum, og starfa þeir í umboði byggingarfulltrúa. Hún skipar annað starfslið, eftir því sem þörf krefur.

Byggingarfulltrúi sér um allt nauðsynlegt skrifstofuhald fyrir byggingarnefndina og annast varðveizlu á skjölum hennar. Hann annast og undirbýr þau mál, sem lögð verða fyrir byggingarnefnd, og hann hefur daglegt eftirlit með því að byggingarsamþykkt sé fylgt, og sér að öðru leyti um framkvæmd á ákvörðunum bygg-

ingarnefndar. Hann sér um tölusetningu lóða og auðkenningu gatna og torga. Borgarstjórn getur falið honum eftirlit skv. öðrum reglugerðum, er settar verða um byggingarmál.

Byggingarnefndin getur sett byggingarfulltrúa sérstakt erindisbréf.

Byggingarnefndarmenn, byggingarfulltrúi og starfsmenn hans skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

III. KAFLI
Byggingarleyfi.

7. gr.

Hver, sem vill fá leyfi til að byggja hús eða breyta húsi eða notkun þess, gera girðingu eða önnur mannvirki á lóð sinni eða landi, skal leggja umsókn um það fyrir byggingarnefnd, ritaða á eyðublöð, sem byggingarfulltrúi lætur í té.

Ekki getur annar lagt fram leyfisumsókn en eigandi húss (lóðarhafi) eða fullgildur umboðsmaður hans.

Fyrir hvert byggingarleyfi skal greitt gjald, skv. 101. gr., og öðlast byggingarleyfi ekki gildi, fyrr en gjaldið er greitt.

Málefni, sem koma eiga fyrir byggingarnefnd, skulu komin til byggingarfulltrúa fyrir hádegi fimmtudag næstan fyrir fundinn.

Óheimilt er að hefja byggingu húss, þar á meðal grunngröft, eða ráðast í breytingar á húsi, nema leyfi byggingarnefndar sé fyrir hendi.

8. gr.

Umsókn um byggingarleyfi skal vera skrifleg, og skulu fylgja eftirrit uppdrátta í þrem eintökum.

Fylgja skulu mæliblöð frá borgarverkfræðingi, þar sem sýnd er afstaða og hæðarlega miðað við götu. Þegar sérstaklega stendur á, getur byggingarfulltrúi leyft, að vikið sé frá þessu ákvæði.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist við geymslu, og skal við gerð þeirra nota tákn þau, sem sýnd eru í 103. gr. Stærð uppdráttur skal vera 42 · 59.4 cm, eða margfeldi þeirrar stærðar. Efst í hægra horni skal afmarkaður 7 · 10 cm reitur til áritunar fyrir byggingarnefnd.

Uppdráttur að húsi skal að jafnaði vera í mælikvarða 1:100 og sýna grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar. Á uppdrátt skal rita öll mál í metramáli og til hvers nota skuli hvert einstakt herbergi. Svo og skal tilgreina hæð á neðsta gólfi miðað við götuhæð og jarðhæð. Enn fremur skal á uppdrætti gera grein fyrir hæðarlegu lóðar eins og ætlazt er til, að hún verði gagnvart lóðum, sem að henni liggja.

Á uppdrætti skal sýna afstöðu þess, sem sótt er um, til aðliggjandi mannvirkja. Skal uppdráttur um það vera í mælikvarða 1:500 og sýna afstöðu til gatna og nágrannalóða ásamt öllum mannvirkjum, sem fyrir eru, í minnst 20 metra fjarlægð. Á uppdrætti skal sýna, hvernig haga skuli aðgangi að húsi og lóð. Á uppdrátt skal rita flatarmál lóðar og byggingar, svo og heildarflatarmál gólfflatar byggingar á lóðinni og nýtingarhlutfall miðað við lóðarstærð.

Á uppdrætti skal sýna áttir, svo og fyrirhugað leiksvæði barna, bifreiðastæði og annað það, sem tilgreint er í 24. gr.

Ef hús er í samfelldri húsaröð, skal sýna aðliggjandi húshliðar.

Ef um breytingu á húsi er að ræða, skal á uppdrætti sýna húsið, eins og það lítur út fyrir breytingu og eftir.

Þegar um er að ræða byggingu til atvinnureksturs, samkomuhús eða annars

konar hús, sem ætla má, að þurfi mikla raforku, þar á meðal íbúðarhús með fleiri íbúðum en 24, skal sýna á uppdrætti, hvar koma megi fyrir á lóð eða í húsi rafmagnsspennistöð, er fullnægi kröfum Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimilt er að víkja frá þessu, ef fyrir liggur vottorð Rafmagnsveitunnar um, að slíks sé ekki þörf.

Í umsókn skal gera grein fyrir öllum þeim kvöðum, sem máli geta skipt í sambandi við byggingu þá, sem leyfisbeiðni fjallar um.

9. gr.

Skylt er að láta byggingarfulltrúa í té séruppdrætti að járnalögn svo og útreikninga á því, er máli skiptir um burðarþol, og eru uppdrættir og útreikningarnir háðir samþykki hans.

Séruppdrætti skal gera að vatnslögn, holræsalögn, hitalögn og rafmagnslögn, og fer um samþykkt á þeim eftir viðkomandi reglugerðum, og skulu þessir uppdrættir, svo og uppdrættir skv. 1. mgr., liggja fyrir samþykktir, áður en neðsta plata húss er steypt, enda hafi athugun skv. 4. mgr. þá farið fram.

Byggingarfulltrúi getur krafizt þess, að umsækjandi láti í té séruppdrætti í tilteknum mælikvarða að einstökum hlutum mannvirkis og láti að öðru leyti í té þær upplýsingar, sem hann telur þörf á og máli geta skipt um fyrirhugaða byggingu.

Þeim, sem uppdrátt gerir, skv. 11. gr., er skylt að sjá um, að samræmi sé milli uppdrátta að viðkomandi byggingu, þar á meðal séruppdrátta skv. þessari grein. Í því sambandi ber að gæta þess, að svo sé frá uppdráttum gengið, að burðarþol verði ekki rýrt.

Eitt eintak af öllum samþykktum uppdráttum skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa.

10. gr.

Um uppdrætti að girðingum, auglýsingaspjöldum og öðru slíku skal fara eftir ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við getur átt.

11. gr.

Uppdrættir skv. 8. gr. og 10. gr. skulu gerðir af húsameisturum, byggingarverkfræðingum, byggingartæknifræðingum eða þeim, sem hlotið hafa viðurkenningu nefndarinnar, þegar samþykkt þessi öðlast gildi. Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann með eigin hendi, og ber hann ábyrgð á, að uppdráttur sé réttur og gerður samkvæmt gildandi lögum og reglum og brjóti ekki í bág við rétt annarra.

12. gr.

Rita skal á uppdrátt, hvaða afgreiðslu umsókn hefur fengið, og skal eitt eintak uppdráttar varðveitt af byggingarfulltrúa.

13. gr.

Ekki má nota byggingarleyfi fyrr en byggingarfulltrúa hefur verið tilkynnt skriflega, hver hafi umsjón með framkvæmdum, sbr. 16. og 17. gr.

14. gr.

Byggingarleyfi getur ekki veitt heimild til framkvæmda, sem kunna að fara í bág við ófrávíkjanlegar reglur byggingarsamþykktar eða annarra samþykkta og reglugerða eða ef í ljós kemur, að leyfi fer í bág við rétt annarra.

15. gr.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef framkvæmdir eru ekki hafnar eftir eitt ár frá endanlegri samþykkt leyfisins. Nú stöðvast byggingarframkvæmdir eitt ár eða lengur, og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota, ef hún telur ástæðu til.

IV. KAFLI
Umsjón með byggingarframkvæmdum.

16. gr.

Þeir einir mega hafa umsjón og bera ábyrgð á byggingarframkvæmdum, sem til þess hafa hlotið löggildingu byggingarnefndar, og getur hún sett sérstakar reglur um hvað til löggildingar þurfi.

Byggingarnefnd veitir húsasmíðameisturum og múrarameisturum löggildingu, og getur hún sett sérstakar reglur um, hvað til löggildingar þurfi.

17. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast, skulu viðkomandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt, eða á þar til gerð eyðublöð, að þeir taki að sér framkvæmdir. Með þeirri áritun tekur meistari á sig ábyrgð þess, að framkvæmdir verði í samræmi við uppdrætti, veitt leyfi og lög og reglur, sem til greina kunna að koma.

Ef meistari hættir umsjón með framkvæmdum, áður en verki er lokið, skal það tilkynnt til byggingarfulltrúa. Skal þá fara fram úttekt á þeim hluta byggingar, sem lokið er, og má ekki halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur tekið við framkvæmdum, skv. 1. mgr.

18. gr.

Húsasmíðameistari, sem áritað hefur uppdrátt, sbr. 17. gr., ber ábyrgð á allri trésmíðavinnu við bygginguna, múrarameistari ber ábyrgð á allri múrvinnu, þ. á m. járnalögn, svo og grunngreftri.

Ef ágreiningur verður um starfssvið meistara við tiltekna framkvæmd, sker byggingarfulltrúi úr, en skjóta má úrskurði hans til byggingarnefndar.

19. gr.

Byggingarleyfishafa er skylt að sjá svo um, að aflað sé nauðsynlegra heimilda í sambandi við byggingarframkvæmdirnar, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

20. gr.

Viðkomandi meistara er skylt með minnst sólarhrings fyrirvara að tilkynna eftirfarandi til byggingarfulltrúa:

1) Hvenær undirstöður verði steyptar.
2) Hvenær lokið verður við frárennslislögn.
3) Hvenær rakavarnarlög verði gerð.
4) Hvenær grind eða þak verði reist.
5) Hvenær timburgólf verði lagt á bita.
6) Hvenær steyptir verði byggingarhlutar, sem járnbentir eru.
7. Hvenær hitaeinangrun veggja, gólfa og lofta verði hafin.

Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir án samþykkis byggingarfulltrúa, og er viðkomandi meistara skylt að vera á staðnum, þegar úttekt á ofangreindum framkvæmdum fer fram. Í þessu sambandi skal byggingarfulltrúi gæta þess, að gætt sé ákvæða allra samþykkta og reglugerða, sem til greina koma við hverja tiltekna framkvæmd.

Ef byggingarframkvæmdum er hætt vegna frosta, skal gera byggingarfulltrúa aðvart, áður en verk er hafið að nýju.

V. KAFLI
Byggingarvinnustaðir

21. gr.

Meðan á verki stendur, er meisturum jafnan skylt að hafa til taks á vinnustað eftirrit af samþykktum uppdráttum, árituðum af byggingarfulltrúa eða þeim borgarstarfsmönnum öðrum, sem ákveðið er í viðkomandi reglugerðum.

22. gr.

Meistara er skylt að sjá um, að hætta, óþrifnaður eða önnur óþægindi stafi ekki af framkvæmdum og fylgt sé lögmæltum öryggisráðstöfunum. Um geymslu og meðferð sprengiefna fer eftir ákvörðun brunamálasamþykktar.

Byggingarfulltrúi getur mælt fyrir um gerð vinnupalla, þar sem hann telur þörf á.

Meistara er skylt, ef byggingarfulltrúi ákveður, að sjá svo um, að hindruð sé umferð óviðkomandi aðila um vinnustað. Ef grunnur stendur óhreyfður um langan tíma, getur byggingarfulltrúi ákveðið, að hann skuli afgirtur eða fylltur.

Ef byggingarvinnustaður liggur við götu eða það nálægt, að hætta geti stafað af fyrir vegfarendur, skal afgirða hann. Einnig getur byggingarfulltrúi krafizt þess, að hlífðarþak sé sett yfir gangstétt.

Heimilt skal án sérstaks leyfis að setja upp vinnuskúr fyrir verkamenn á byggingarstað. Byggingarfulltrúi getur mælt fyrir um staðsetningu og frágang slíkra skúra svo og ákveðið, hvenær þeir skuli fjarlægðir.

23. gr.

Nú liggja lagnir, t. d. vatnslagnir, holræsi eða rafmagnslagnir, um lóð og eru notaðar af öðrum en lóðarhafa, og er honum þá óheimilt að raska þeim, nema leyfi viðkomandi borgarstofnana sé fyrir hendi.

VI. KAFLI
Lóðir.

24. gr.

Hverju húsi skal fylgja óbyggð lóð, og fer um stærð hennar eftir notkun hússins og skipulagsákvörðunum.

Á lóð skal að jafnaði koma fyrir bifreiðastæðum, bifreiðageymslum, leiksvæði barna svo og öðru, sem þarf í sambandi við notkun hússins.

Skylt er að sjá svo fyrir, að ekki séu færri en eitt bifreiðastæði fyrir hverja byggða 100 m^2 gólfflatar, þegar um íbúðar-, verzlunar- eða iðnaðarhús er að ræða. Ef um samkomuhús er að ræða, svo sem kvikmyndahús, leikhús eða önnur slík hús, skal fylgja eitt bifreiðastæði fyrir hver 10 sæti.

Þegar um er að ræða annars konar hús, ákveður byggingarnefnd fjölda bifreiðastæða.

Hverri íbúð skal fylgja leiksvæði barna, og skal lágmarksstærð þess vera skv. eftirfarandi reglum:

$$\frac{N\ (32—N)}{2}$$

N merkir fjölda íbúða í húsi á viðkomandi lóð, og gildir reglan, þegar N er minna eða jafnt og 16, en úr því bætist við 1 ferm. fyrir hverja íbúð.

Ef um er að ræða hús til annars en til íbúðar, skal gera ráð fyrir, að ferming og afferming flutningatækja fari fram á lóð þess.

Þegar um er að ræða hús með íbúðum, skal að jafnaði gera ráð fyrir athafnasvæði á lóð þess fyrir íbúana.

25. gr.

Ef byggingarnefnd telur, að ekki verði komið fyrir á lóð nægilegum bifreiðastæðum og/eða leiksvæði barna, getur hún heimilað, að fyrir slíku verði séð annars staðar, í samræmi við reglur í 24. gr. Heimilt er borgarstjórn að leysa lóðarhafa undan þessari kvöð, ef hann greiðir andvirði þess lóðarhluta, sem á vantar, og skal þá andvirðið miðað við verðmæti þeirrar lóðar, sem byggt er á. Ef ágreiningur ris um andvirði milli lóðarhafa og borgarstjórnar, skal skorið úr honum með mati dómkvaddra manna.

Óheimilt er að veita byggingarleyfi, fyrr en endanlega hefur verið samið um eða skorið úr, hver verði framlög skv. þessari grein.

26. gr.

Inn á hverja lóð og baklóð skal vera greiður aðgangur frá götu, og skal á uppdrætti sína, hvernig honum er hagað.

Gangur gegnum hús inn á baklóð skal vera minnst 1.20 m á breidd og 2.20 m á hæð, nema ætlaður sé til umferðar fyrir bifreiðar. Þá skal hann ekki vera mjórri en 3.00 m og ekki lægri en 2.70 m að innanmáli. Slíkir gangar skulu vera eldtraustir og upplýstir, og er óheimilt að hafa nokkrar hindranir þar fyrir umferð.

27. gr.

Ekki má skipta landi eða lóð eða breyta landamerkjum eða lóðamörkum á annan hátt, nema byggingarnefnd samþykki.

Ekki má heldur skipta húseign, nema hvor hluti um sig fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktar og annarra samþykkta og reglugerða.

28. gr.

Ef maður óskar að girða lóð eða land, skal hann leita samþykkis byggingarnefndar á gerð og frágangi girðingar og láta í té þær upplýsingar, þ. á m. uppdrætti, er byggingarfulltrúi telur nauðsynlegar.

Girðing má að jafnaði ekki vera hærri en 1 m, miðað við gangstétt. Hurð eða hlið á girðingu má aldrei opnast út á götu eða gangstétt.

Nú er skipulagi svo háttað, að girðing er talin óþörf eða til lýta eða rétt er talið, að girt sé með tilteknum hætti, og getur byggingarnefnd þá bannað girðingu lóðar eða sett sérstök ákvæði um gerð girðingar. Þinglýsa má þessum ákvörðunum sem kvöð á viðkomandi lóð eða lóðir.

Skylt er að haga gerð girðingar þannig, að ekki stafi hætta af. Ef girðing er til lýta eða óþrifnaðar eða öðruvísi girt en leyfi stendur til, er byggingarfulltrúa heimilt að láta lagfæra hana eða fjarlægja á kostnað eiganda.

Ef girðing, sem leyfi er fyrir, reynist vera til trafala fyrir umferð, er byggingarnefnd heimilt að láta fjarlægja hana eða breyta henni eftir því, sem hún telur nauðsynlegt.

Byggingarnefnd getur veitt byggingarfulltrúa heimild til að afgreiða mál skv. þessari grein.

29. gr.

Byggingarnefnd getur bannað, að hæðarlegu lóðar sé breytt frá samþykktum uppdrætti, ef ætla má, að slíkt geti valdið tjóni eða óþægindum á nágrannalóð.

Lóðarhafa er skylt að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess, að yfirborðsvatn af lóð hans valdi ekki tjóni eða óþægindum á nágrannalóð eða gangstétt að dómi byggingarfulltrúa.

VII. KAFLI
Viðhorf húsa til aðliggjandi gatna og lóða.

30. gr.

Vegghæð húss á hverjum stað fer eftir ákvörðun borgarstjórnar og annarra skipulagsyfirvalda.

Ef vegghæð húss er ákveðin í metrum, ber að miða við fjarlægð frá gangstéttarbrún fyrir miðju húsi að skurðpunkti milli veggflatar og þaks, og er þá miðað við að hús sé byggt stallalaust. Ef hús er byggt í stöllum, skal vegghæð miðuð við fjarlægðina frá gangstéttarbrún að skurðlínu milli þaks og veggflatar fyrir hverjum stalli miðjum.

Ef vegghæð er ekki ákveðin í metrum, heldur tiltekið, hve margar hæðir megi byggja, skal, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið, miðað við, að í íbúðarhúsi sé hver hæð, að gólfi og á, 2.80 m, í skrifstofu-, iðnaðar- og verzlunarhúsi 3.25 m. Mesta hæð kjallara yfir götu má vera 1.40 m, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið. Miða skal við, að neðsta hæð verzlunarhúss sé 4.00 m.

Ef gert er ráð fyrir inndreginni hæð í skipulagi, án þess að kveðið sé á um stærð hennar, má hún ekki vera stærri að flatarmáli en 70% af hæðinni fyrir neðan.

Í sambyggðum húsum má halli á risi að jafnaði ekki vera meiri en 30°.

31. gr.

Nú er sótt um leyfi til að byggja öðruvísi hús en samþykkt skipulag gerir ráð fyrir, og getur byggingarnefnd þá ekki samþykkt slíkt, nema fyrir liggi meðmæli borgarstjórnar og skipulagsnefndar með umsókninni.

32. gr.

Bil milli húsa skal vera minnst 6.30 m, nema hafður sé eldvarnarveggur, og skal að jafnaði miðað við það, að hvort hús sé minnst 3.15 m frá lóðarmörkum.

Við endurbyggingu samkvæmt nýju skipulagi getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef ætla má, að hús það sem nær verður nýbyggingu en 1. mgr. heimilar, sé ekki til frambúðar.

Eldvarnarveggur má ekki vera sameiginlegur fyrir tvö hús, nema reist séu samtímis. Sameiginlegan eldvarnarvegg má aldrei fjarlægja meðan annað húsið stendur.

Byggingarnefnd getur leyft, að bifreiðaskýli úr timri sé reist á lóðamörkum, ef fyrir liggur þinglýst yfirlýsing lóðarhafa þeirra lóða, er skýlið liggur að, að þar verði eigi byggt nær skýlinu en 3.15 m.

33. gr.

Hús, sem standa í götulínu við gatnamót eða torg, skulu hornsneidd, ef hornið er minna en 135°, þannig að 2.5 m séu numdir af hvorri hlið frá horni, enda sé sniðlínan aldrei styttri en 2.5 m.

Ákveða má meiri hornsneiðingu en 1. mgr. gerir ráð fyrir.

34. gr.

Byggingarnefnd getur leyft, þótt hús standi í götulínu, að minni háttar útskot, svo sem gluggar, nái allt að 20 cm út fyrir hana.

Byggingarnefnd getur leyft, að komið sé fyrir hlífðarþaki úr gleri eða öðru slíku efni út frá húshlið, enda sé það í a. m. k. 2.6 m. hæð frá jörð og vatni veitt frá því í göturæsi.

35. gr.

Útitröppur mega ekki ná út fyrir götulínu, nema óhjákvæmilegt sé vegna breytinga á húsi eða götu.

Hurðir mega ekki opnast út á götu eða gangstétt og ekki gluggar, nema þeir séu í minnst 2 m hæð frá jörðu.

36. gr.

Allar byggingar skulu að utan vera húðaðar, málaðar eða þannig frá gengið á annan hátt, að útlit sé sæmilegt.

Ef byggingarnefnd þykir sérstök ástæða til, getur hún bundið byggingarleyfi því skilyrði, að gengið verði frá húsi að utan með tilteknum hætti, t. d. ákveðið lit á því.

Ef nefndin telur, að útlit húss sé mjög ósmekklegt eða óviðunandi á annan hátt, t. d. eigi hefur verið sinnt skilyrðum 2. mgr., eða hætta, óþrifnaður eða óþægindi stafa af húsinu, og eigandi sinnir ekki áskorun nefndarinnar um að bæta úr, getur hún látið framkvæma á hans kostnað þær endurbætur, er hún telur nauðsynlegar. Ef hús er svo hrörlegt, að nefndin telur ekki munu svara kostnaði að gera við það, getur hún ákveðið, að það skuli fjarlægt á kostnað eiganda, eða þá hluti þess, ef hún telur slíkt fullnægjandi.

37. gr.

Ef gróður á lóð veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð, getur byggingarnefnd krafizt þess, að hann sé fjarlægður.

Sama gildir, ef gróður veldur óþægindum með því að skerða verulega birtu í íbúð eða á lóð.

VIII. KAFLI

Efni til húsagerðar.

38. gr.

Hús skulu gerð úr steinsteypu, steini eða öðru eldföstu efni, nema byggingarnefnd veiti sérstaka undanþágu fyrir tiltekin hverfi, þar sem vægari kröfur eru gerðar, sbr. 1. gr.

Í sundurlausri byggð má byggingarnefnd heimila, að reist verði einlyft hús úr timbri eða öðru óeldtraustu efni, enda sé grunnflötur húss ekki meiri en 180 m^2. Óheimilt er að nota ris í slíkum húsum til íbúðar.

Nú er sótt um leyfi til breytinga á timburhúsi, sem er á svæði, þar sem ákveðin er samfelld byggð eða fyrirhuguð er endurskipulagning á eldra borgarhverfi, og getur byggingarnefnd þá ekki leyft þær, nema óverulegar séu, enda hafi þær ekki í för með sér aukið eða breytt notagildi hússins.

Nú er hús í samfelldri byggð gert að nokkru úr eldtraustu efni, en þess óskað, að tilteknir hlutar þess verði gerðir úr timbri eða öðru óeldtraustu efni, og má þá leyfa slíkt að fengnu samþykki slökkviliðsstjóra.

39. gr.

Byggingarnefnd skal setja sérstakar reglur um gerð steinsteypu.

Hún getur einnig sett sérstakar reglur um, hverjar lágmarkskröfur gera skuli um aðrar tegundir byggingarefnis.

Nú telur byggingarnefnd, að framleitt sé og boðið til sölu byggingarefni, sem ekki fullnægi þeim kröfum, er gera verði, og skal hún þá banna notkun þess í Reykjavík.

Byggingarnefnd getur krafizt rannsóknar á byggingarefni, ef vafi leikur á um gæði þess, og skal sú rannsókn framkvæmd af rannsóknarstofnun, sem nefndin viðurkennir.

IX. KAFLI
Undirstöður.

40. gr.

Undirstöður allra burðarveggja skulu gerðar úr steinsteypu, og mega þær að jafnaði ekki vera þynnri en 25 cm.

Grafa skal fyrir undirstöðum burðarveggja, svo að þær standi á nægilega traustum jarðvegi. Undirstöður skulu ná minnst 1.2 m niður fyrir jarðvegsyfirborð við veggi, nema föst klöpp sé ofar, eða tryggt sé, að frostþensla í grunni raski ekki undirstöðum. Þó skulu þær aldrei ganga skemur en 30 cm niður fyrir efri brún botnplötu. Undir neðstu plötu ber að leggja pípur fyrir síma og rafmagnsheimtaug.

Byggingarfulltrúi getur krafizt þess, að sérstakar rannsóknir séu gerðar á burðarþoli jarðvegs, t. d. með borunum, reynslugreftri, efnagreiningu jarðvegs eða öðrum hætti.

Jarðvegur		H^1 m	N (t/m²) D 0m	N (t/m²) D 1m	N (t/m²) D ≧2m	Hámarks-þrýsting. σ_{m}^{max} t/m²
Möl og grófur sandur (kornastærð aðallega 20—2mm)		0	17	25	29	60
		≧2B	27	40	47	
Sandur: (Kornastærð aðallega 2—0,2 mm)	Fastur	0	13	19	22	50
		≧2B	20	30	35	
	Lausari	0	8	11	13	30
		≧2B	12	18	21	
Siltur (Kornastærð aðallega 0.2—0.02 mm)	Fastur	0	10	15	17	40
		≧2B	16	24	28	
	Lausari	0	4	6	8	20
		≧2B	7	10	12	

1) *H merkir minnstu dýpt grunnvatnsyfirborðs undir botni undirstöðunnar. Ef hæsta grunnvatnsyfirborð er fyrir ofan undirstöðubotn, reiknast H = O. Fyrir gildi á milli O og 2B finnst N í beinu hlufalli.*

2) *D merkir minnstu jarðvegsdýpt við undirstöðu. Fyrir milligildi á D finnst N í beinu hlutfalli.*

Ef ekki eru gerðar sérstakar rannsóknar á burðarþoli jarðvegs, er sýni, að annað sé réttara, skal nota eftirfarandi tölugildi fyrir leyfilegt meðalálag á grunn. Verður þess þá að gæta, að burðarminni jarðvegur sé ekki dýpra.

Klöpp	80—200	tonn/m²
Móhella	30— 80	—
Leir, þurr og fastur	8— 20	—
Leir, lausari	4— 8	—

Fyrir möl, sand og siltur fer leyfilegt álag eftir hæð grunnvatnsyfirborðs, breidd undirstöðu og jarðvegsdýpt við undirstöðu. Skal leyfilegt álag, σm, fundið eftir formúlunni:

$$\sigma m = BN \left(1 \div \frac{B}{3L} \right)$$

Þó skal það aldrei vera hærra en σm^{max} (sjá töflu).

B = breidd undirstöðu í m
L = lengd undirstöðu í m
N = tölugildi, samkv. töflu á bls. 88.

X. KAFLI
Steinsteypt hús.

41. gr.

Hús telst steinhús, ef a. m. k. öll gólf og allir burðarhlutar þess aðrir en þak eru gerðir úr steinsteypu eða óeldfimu efni, einangruðu með steinsteypu, sbr. 67. gr.

Öll steinsteypt loft í slíkum húsum skulu járnbent, og fer um útreikninga burðarþols eftir reglum, sem byggingarnefnd setur.

Lagnir fyrir rafmagn til hita og ljósa, svo og lagnir fyrir geislahitun, má leggja í gólf um leið og steypt er. Óheimilt er að koma þar fyrir öðrum lögnum, t. d. vatnslögnum eða frárennslislögnum. Ef leggja þarf slíkar lagnir gegnum gólf, skal gera op fyrir þeim.

42. gr.

Um þykkt og gerð burðarveggja skal fara eftir sérfræðilegum útreikningum, sem háðir eru samþykki byggingarfulltrúa. Útveggir mega aldrei vera þynnri en 18 cm, nema undir gluggum, í bifreiðaskýlum og í samsvarandi byggingum, þar sem þykkt má vera minnst 14 cm. Burðarveggir innan húss skulu minnst 12 cm á þykkt.

Járnbenda skal steypu kringum glugga og dyraop.

43. gr.

Á eldvarnarvegg, skv. 32. gr., má ekki gera glugga eða dyr né annars konar op eða raufar, nema minnst 18 cm verði eftir óskertir af þykkt veggjarins. Byggingarnefnd getur þó leyft, að gerð verði op á eldvarnarvegg, ef um er að ræða:

a. dyr, allt 2.2 m × 1.0 m, sem loka má með eldtraustri hurð, enda verði frágangur samþykktur af slökkviliðsstjóra.
b. óopnanlega glugga, sem í er eldtraust gler.
c. op fyrir sameiginlegar lagnir, t. d. hitalagnir, enda sé ekki talin stafa eldhætta af því.
d. op, sem eingöngu er ætlazt til að verði um takmarkaðan tíma, enda stafi ekki eldhætta af, og skal skylt að láta fylla í opið, hvenær sem byggingarnefnd eða slökkviliðsstjóri krefjast.

Milli eldvarnarveggja má ekki vera lengra bil en 50 m. Þó getur byggingarnefnd leyft, að lengra sé milli eldvarnarveggja í verzlunarhúsum, samkomuhúsum, iðnaðarhúsum og öðrum slíkum húsum, enda sé ekki talin sérstök eldhætta af fyrirhuguðum rekstri. Þar sem slík undanþága er veitt, getur nefndin jafnan áskilið, að gerðar séu sérstakar eldvarnarráðstafanir.

Þar sem þak húss eða húsa er ekki gert úr eldtraustu efni, má bil milli eldvarnarveggja ekki vera meira en 25 m, nema fyrir liggi samþykki slökkviliðsstjóra á frágangi.

Eldvarnarveggir skulu að jafnaði ná þétt upp að yztu þakklæðningu (járni). Þó getur byggingarnefnd krafizt þess, að eldvarnarveggur gangi upp úr þaki.

44. gr.

Frá útveggjum skal þannig gengið, annaðhvort með gerð (samsetningu) steypu eða rakavarnarlagi, t. d. múrhúðun, að viðkomandi bygging sé vatns- og rakaheld, þó þannig, að veggir séu ekki loftþéttir.

Frá grunni skal ganga þannig, að vatn safnist ekki undir neðsta gólf eða við útvegg í kjallara, og skal frágangi á grunnlögnum hagað samkvæmt gildandi reglugerð um holræsi. Neðsta gólf og kjallaraveggi skal gera úr vatnsheldri steinsteypu eða öðru rakaheldu efni. Sá hluti útveggja, sem verður neðan yfirborðs á jarðvegi, skal að utan málaður með asfaltefni eða öðru jafngóðu til rakavarnar. Nú hagar þannig til, að neðsta gólf verður undir grunnvatnsyfirborði, og skal þá í umsókn gerð sérstök grein fyrir rakavörnum.

Ef steypt þak er notað sem yzta klæðning er skylt að gera í umsókn um byggingarleyfi sérstaka grein fyrir, hvernig frá rakavörn skuli gengið.

45. gr.

Alla útveggi í íbúðarhúsum, gistihúsum, skrifstofuhúsum, veitingahúsum, verzlunarhúsum og öðrum slíkum húsum skal einangra gegn hitatapi, þannig að tapið verði ekki meira en 0.7 hitaeiningar (kcal/h° C m²) á klukkustund um 1 m² veggflatar fyrir hvert hitastig, er munar úti og inni. Sama gildir um kjallaragólf, loft og gólfplötu, sem útiloft leikur um. Undir neðstu plötu skal hafa rakavarnarlag og a. m. k. 20 cm þykkt lag af rauðamöl eða öðru efni, sem svipað einangrunargildi hefur að dómi byggingarfulltrúa.

Ef um er að ræða aðrar gerðir húsa en talið er að ofan, getur byggingarfulltrúi leyft minni einangrun.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar frystihúss, skal fylgja umsókn greinargerð um fyrirkomulag einangrunar, og er hún háð samþykki byggingarnefndar.

Í öll hús, sem talin eru í 1. mgr. nema verzlunarhús, skal setja a. m. k. tvöfalt gler í glugga og gildir hið sama, þegar endurnýja skal gler í eldri húsum.

46. gr.

Veggir og gólf, sem aðskilja íbúð frá annarri íbúð eða annars konar húsnæði, skulu gerð þannig, að þau fullnægi kröfum þessarar greinar bæði um rúmeinangrun og um hljóðeinangrunarhæfni einstakra byggingarhluta. Kröfurnar miðast við meðaleinangrunargildi á tíðnissvæðinu 100 — 3150 Hz. Byggingarnefnd getur gert meiri kröfur um gerð veggja og gólfa, sem skilja á milli tvenns konar húsnæðis, þar sem fram fer starfsemi, er veldur sérstaklega miklum eða óþægilegum hávaða. Samskeyti veggja og lofta skulu vera þétt. Múrhúðun eða klæðning á lofti, gólfi eða veggjum má ekki vera sameiginleg fyrir tvær íbúðir eða íbúð og annað húsnæði. Á milli íveruherbergja og annarrar íbúðar eða annars húsnæðis skal meðalrúmeinangrun vera minnst 49 dB. Þegar rúmeinangrun, mæld í tíðnistölum eftirfarandi

töflu, er dregin frá samsvarandi tölugildum hennar, má summan af þeim jákvæðu mismunum, er fram koma, ekki vera meiri en 16 dB:

Hz	100	125	160	200	250	315	400	500	630
dB	31	34	37	40	43	46	49	50	51

Hz	800	1000	1250	1600	2000	2500	3150
dB	52	53	54	54	54	54	54

Telja skal ofangreindu að jafnaði fullnægt, er einstakir byggingarhlutar eru gerðir í samræmi við eftirfarandi kröfur:

Skilrúmsveggir: Skilrúmsveggir, sem aðskilja íbúð frá öðru húsnæði, eins og t. d. annarri íbúð eða sameiginlegum göngum o. þ. l., skulu þannig gerðir, að meðal hljóðdeyfingartala (reduktionstal) þeirra sé minnst 50 dB. Þegar hljóðdeyfingartölurnar, mældar við sömu tíðnistölum, eru dregnar frá samsvarandi tölugildum í eftirfarandi töflu, má summan af jákvæðum mismunum ekki fara yfir 16 dB:

Hz	100	125	160	200	250	315	400	500	630
dB	33	36	39	42	45	48	51	52	53

Hz	800	1000	1250	1600	2000	2500	3150
dB	54	55	56	56	56	56	56

Ofangreindum kröfum skal að jafnaði telja fullnægt, ef eftirfarandi vegggerðir eru notaðar: a) 15 cm þykkur steyptur veggur; b) tvöfaldur veggur hlaðinn úr 7—10 cm þykkum frauðsteypusteini, með að minnsta kosti 3 cm fjarlægð á milli veggjanna og einangrunarmottu í millibilinu, og báðar úthliðar múrhúðaðar.

Gólf: Gólf, sem aðskilur íbúð frá öðru húsnæði, sbr. það, er segir um skilrúmsveggi, skulu þannig gerð, að þau hafi meðalhljóðdeyfingartöluna minnst 52 dB. Auk þess má summan af þeim jákvæðu mismunum, er fram koma, er hljóðdeyfingartölurnar, mældar við sömu tíðnistölur, eru dregnar frá tölugildunum í eftirfarandi töflu, ekki vera meiri en 16 dB:

Hz	100	125	160	200	250	315	400	500	630
dB	35	38	41	44	47	50	53	54	55

Hz	800	1000	1250	1600	2000	2500	3150
dB	56	57	58	58	58	58	58

Ofangreindum kröfum skal að jafnaði telja fullnægt með 18 cm þykkri steinsteyptri plötu, og er þá gólfhúðun innifalin í þykktinni.

Pípulagnir o. fl.: Við staðsetningu og gerð á eldhúsum, salernum, baðherbergjum, þvottahúsum, kyndiklefum, lyftum, sorprennum og loftræstikerfum skal að því stefnt, að hljóðburður verði sem minnstur eftir lögnum og raufum í byggingarhluta hússins. Forðast skal eins og hægt er að setja pípur og tæki á veggi milli íbúða. Þar sem pípur liggja gegnum loft og veggi, skulu raufar vera svo víðar, að pípurnar snerti þær hvergi, og skal vandlega þétta á milli með teygjanlegu þéttiefni.

Byggingarnefnd getur sett sérreglur um högghljóðeinangrun.

XI. KAFLI

Timburhús.

47. gr.

Í timburhúsum, sem leyfð kunna að verða, sbr. 38. gr., skulu stoðir í útveggjum að jafnaði ekki vera grennri en 10 × 10 cm, sbr. og 50. gr., enda sé lofthæð

ekki meiri en 3 m, mælt af bita og á, og bil milli burðarveggja ekki meira en 4.25 m. Milli stoða í veggjum skal að jafnaði ekki vera lengra bil en 1.2 m.

Ef sótt er um að haga frágangi á annan hátt en greinir í 1. mgr., skal gerður séruppdráttur og burðarþolsútreikningur, og skulu þeir háðir samþykki byggingarfulltrúa.

48. gr.

Ef byggja skal kjallara undir timburhúsi eða hluta þess, skal hann gerður úr steinsteypu.

Á steypta gólfplötu skal höfð vegglægja undir öllum stoðum a. m. k. 7.5 · 10.0 cm að gildleika, og skal hún fest vandlega niður með járnboltum. Neðri brún plötu skal a. m. k. 20 cm yfir yfirborði jarðar.

Ef ekki er ráðgert að hafa kjallara undir húsi, skal yfir grunnstæði jafnað 7 cm þrifalagi úr grófsteypu. Ofan á undirstöður, a. m. k. 30 cm fyrir ofan þrifalag, skal leggja bita og festa þá vandlega með járnboltum eða á annan fullnægjandi hátt. Bilið milli þrifalags og gólfs skal vandlega loftræst um útvegg.

Ofan á bita skal leggja vegglægju, jafnbreiða og stoðir og ekki þynnri en 7.5 cm.

Þegar ákveða skal, hver skuli vera gildleiki bita, skal það reiknað eftir reglunni: $b \cdot h^2 \geqq 300 \cdot e \cdot l^2$.

Þar táknar b: breidd bita, og h: hæð hans, hvort tveggja í cm; e: bil milli bita, en l: bilið milli undirstaða, hvort tveggja í metrum. Breidd bita má aldrei vera minni en 5 cm. Ef hæð bita er minni en 1/20 af bili milli burðarveggja, skal leggja fram sérstaka útreikninga burðarþols, og eru þeir háðir samþykki byggingarfulltrúa. Svignun bita má aldrei vera meiri en 1:300 af lengd hans.

Ekki má gera raufar eða göt í bita, þannig að burðarþol rýrni.

49. gr.

Ofan á bita skal gera gólf úr minnst 3 cm þykkum, hefluðum og plægðum borðum.

Ef um harðvið er að ræða, getur byggingarfulltrúi heimilað notkun á þynnri borðum.

50. gr.

Að meðaltali má ekki vera lengra milli stoða en 1.2 m og hvergi meira en 1.6 m, nema fyrir liggi sérteikning, samþykkt af byggingarfulltrúa.

Máttarviði í húsgrind skal festa vandlega saman, og er sá frágangur háður sérstöku samþykki byggingarfulltrúa.

Milli allra stoða í vegg skal vera a. m. k. eitt þverband og í hverjum vegg a. m. k. tvö sniðbönd.

Þverbönd og sniðbönd skulu ekki vera úr grennri við en stoðin, nema fyrir liggi sérteikning, samþykkt af byggingarfulltrúa, en vegglægjur og syllur ekki grennri en 7.5 · 10 cm.

51. gr.

Utan á grind útveggjar skal setja klæðningu úr a. m. k. 2.5 cm þykkum borðum og síðan pappa og lista, en þar utan á skal klætt með skjólefni, sem byggingarfulltrúi samþykkir. Heimilt er byggingarfulltrúa að leyfa annars konar frágang, er hann telur jafntraustan.

Innan á útveggi komi rakaþéttur pappi eða málmþynnur og minnst 1.8 cm þykkt borð eða annað efni, jafnskjólgott að dómi byggingarfulltrúa.

52. gr.

Grind í vegg, sem ekki er burðarveggur, skal ekki grennri en 5 cm, og skal grindin klædd báðum megin með borðum, ekki þynnri en 1.8 cm, eða öðru efni, sem hlotið hefur viðurkenningu byggingarfulltrúa.

53. gr.

Ákvæði 10. kafla um hljóð- og hitaeinangrun steinhúsa skulu gilda um timburhús eftir því, sem þau geta átt við.

XII. KAFLI
Þök.

54. gr.

Sperrur skal festa við útveggi, syllur eða vegglægjur og þannig frá gengið, að þær haggist ekki, né hætta geti stafað af útspyrnuátaki þaksins eða sliti frá vegg af sogátaki á þakflöt.

Ef þak skal klætt með léttu efni, t. d. pappa eða bárujárni, fer um gildleika á sperrum og skammbitum eftir reglunni: $b \cdot h^2 \geqq 140 \cdot e \cdot l^2$. Þar þýðir b: breidd og h: hæð trésins, hvort tveggja mælt í centimetrum, en e: fjarlægð milli sperra, mæld af miðju og á, og l: hafið milli undirstaða, mælt á loftbitum eða lofti, lóðrétt niður undan sperrum, hvort tveggja í metrum.

Ef hæð bita er minni en $\frac{1}{20}$ af hafinu (l), má svignun bita ekki vera meiri en 1 : 250 af lengd hans, og skulu fylgja útreikningar, ef krafizt verður.

Bil milli sperra má þó aldrei vera meira en 1 m og breidd sperra aldrei minni en 5 cm.

Ef ætlunin er að klæða þak með þungu efni, t. d. steini eða skífu eða um er að ræða stórt þak, skulu lagðir fram útreikningar af burðarþoli þaksins, og eru þeir háðir samþykki byggingarfulltrúa.

55. gr.

Frá timburþaki skal gengið á einhvern þann hátt, sem hér segir, og skal þá miða við einangrunargildi $k \geqq 0.5$ í íbúðarhúsum, þar sem íbúð nær upp að þakfletinum, en annars eftir eðli og afnotum þess rýmis, sem þakið er yfir:

a. Undir pappa skal klæða með plægðum viði eða plötum að þykkt eftir þéttleika á sperrum. Miða skal við álag 170 kg/m² á láréttan flöt. Þessi klæðning skal að neðan vera fúa og vætuvarin.
b. Undir þakskífur eða húðaða málmklæðningu má ýmist hafa þétta eða gisna klæðningu, þannig að taka skal tillit til þéttleika yztu klæðningar, styrkleika hennar og þakhalla. Miða skal við sama álag og í lið a.
c. Byggingarfulltrúi getur leyft að frá timburþaki sé gengið á annan hátt, en um ræðir í liðum a og b, ef um jafn öruggan frágang er að ræða, og gerð er grein fyrir honum með sérteikningu. Ekkert efni má nota í yztu klæðningu á þak, nema byggingarnefnd hafi viðurkennt það. Öll þök skal loftræsa milli einangrunar og yztu klæðningar, og skal þverskurðarflatarmál loftrása vera 9—17 cm² á hvern m² loftflatar. Einnig skal ávallt setja gufuþéttan pappa eða málmþynnur innan einangrunar í þökin, þar sem vænta má nokkurs loftrakastreymis gegnum einangrunina.

56. gr.

Í sambyggðum húsum skulu kvistar aldrei vera meira en helmingur af hlið hvers húss og minnst 1.5 m frá lóðamörkum, og þannig frá þeim gengið, að ekki stafi eldhætta af.

Þakglugga er heimilt að gera, ef slíkt skerðir ekki burðarþol þaksins.

57. gr.

Frá steyptu þaki skal gengið á einhvern þann hátt, sem hér segir, og skal miða við einangrunargildi $k \leqq 0.5$.

a. Einangrunarefni skal lagt ofan á þak og þannig frá því gengið með loftræstum þéttilögum, að það verði vatns- og rakahelt.
b. Þakplatan skal gerð vatnsþétt að utan. Undir plötunni skal komið fyrir einangrunarefni. Þar á milli skal vera loftræst rúm, og fer um stærð loftrása eftir ákvæðum 55. gr. Í baðherbergjum og eldhúsi skal einangrunarefni klætt að neðan með gufuþéttum pappa eða málmþynnum.
c. Byggingarfulltrúi getur leyft, að frá þakplötu sé gengið á annan hátt en um ræðir í a- og b-liðum, ef um jafnöruggan frágang verður að ræða og gerð er með sérteikningu grein fyrir honum.

58. gr.

Á öll þök húsa skal setja þakrennur úr varanlegu efni, tengdar við niðurföll. Minnsti halli á þakrennu má vera 4 mm á hvern lengdarmetra rennunnar.

59. gr.

Ef byggingarfulltrúi telur þess þörf, er húseiganda skylt að láta koma fyrir á þak snjógrindum og krókum til að festa í stiga og kaðla.

XIII. KAFLI
Reykháfar og eldfæri.

60. gr.

Á hverju húsi skal vera reykháfur. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði, þar sem um fjarhitun, t. d. hitaveitu, er að ræða.

Reykháfur skal gerður úr steinsteypu eða öðru eldtraustu efni og standa á fastri undirstöðu.

Reykháfur skal einangraður að innan með óeldfimu efni. Innanflötur skal vera sléttur og holrúm má ekki skerða með leiðslum, nema skriflegt leyfi slökkiliðsstjóra sé fyrir hendi.

Ef hús er 5 hæðir eða hærra, má reykháfur ekki vera í föstum tengslum við gólf eða veggi.

61. gr.

Reykháfur skal að jafnaði vera ferningslaga, veggþykkt eigi minni en 12 cm. Skal reykháfurinn ekki ná minna en 75 cm upp fyrir húsmæni eða efsta brún hans vera minnst 3 m í láréttri línu frá þakfleti.

Þversnið reykops í reykháf skal að jafnaði ákveðið samkvæmt eftirfarandi reglu:

$$F = \frac{W}{40\sqrt{h}}$$

F = þverskurðarflatarmál reykops í cm².
W = hámarkshitaafköst kynditækja og katla, sem tengd eru reykháf í kcal/h.
h = hæð reykháfs í metrum, mæld frá gólfi í kyndiklefa.

Breidd reykops má ekki vera minni en ⅔ af lengd þess. Reykop má þó aldrei vera minna en 225 cm².

62. gr.

Á hverjum reykháf skulu vera minnst tvö sótop jafnstór og reykpípa, og skal staðsetning þeirra sýnd á uppdrætti þeim, sem lagður er fyrir byggingarnefnd, og þannig frá gengið, að auðvelt sé að framkvæma sótun. Mesta fjarlægð milli sótopa eða frá efsta sótopi að efstu brún reykháfs má vera 7 m og skal botn reykháfsins

vera við neðri brún þess. Neðsta sótop skal vera a. m. k. 40 cm frá gólfi. Sótopi skal lokað með járnhurð í járnumgerð, og skal gerð slíkra hurða háð samþykki slökkviliðsstjóra.

63. gr.

Reyk frá eldstæðum skal leiða í reykháf um hlaðna eða steypta reykganga eða minnst 15 cm víðar járnpípur, enda sé þar aðstaða til sóthreinsunar.

Fjarlægð reykgangs frá timbri, viðarlíki eða öðru eldfimu efni, skal vera minnst 20 cm. Reykpípur úr járni mega ekki vera lengri en 3 m nema byggingarnefnd leyfi. Þær skulu lagðar stytztu leið í reykháf í sömu hæð og eldstæðið og mega ekki liggja gegnum annað herbergi, nema byggingarnefnd leyfi. Ef ganga þarf undir reykpípu, skal vera minnst 2 m fjarlægð frá gólfi að henni.

64. gr.

Ekkert eldstæði má standa nær timbri eða viðarlíki en svo, að minnst 20 cm séu milli þess og ytri brúnar eldstæðisins, og á þetta við bæði veggi og gólf. Auk þess skal þekja timburgólf við eldstæði með eldföstu efni, er nái minnst 50 cm fram fyrir það, en 20 cm til hliðar og aftur fyrir.

Sérhvert opið eldstæði (arinn) skal vera í beinu sambandi við reykháf, sem ekki flytur reyk frá öðrum eldstæðum.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. ml. 1. mgr. þessarar greinar, ef séð er fyrir fullnægjandi ráðstöfunum gegn neistaflugi.

65. gr.

Miðstöðvarkötlum skal koma fyrir í eldtraustu herbergi, og skal á teikningu sýndur fjöldi miðstöðvarkatla og staðsetning. Gluggi skal að jafnaði vera á útvegg miðstöðvarherbergis.

Í einbýlishúsum er þó leyfilegt, að ketill sé í þvottahúsi.

Um frágang kyndiklefa, ketils og eldsneytisgeymslu fer eftir ákvæðum brunamálasamþykktar og reglugerðar um hitalagnir.

66. gr.

Leyfi byggingarnefndar þarf til þess að setja upp brauðgerðarofna, bræðsluofna, gufukatla, kyndingartæki kyndistöðvar og önnur slík sérstæð eldstæði og kyndingartæki. Skal frágangi þannig hagað, að hvorki eldhætta, óhollusta, óþrifnaður né önnur óþægindi stafi af.

67. gr.

Burðarhlutar úr stáli skulu varðir gegn eldi með járnbentri steinsteypu eigi þynnri en 5 cm, eða þeim efnum, sem hafa jafnmikið eldþol.

Ekki er þó nauðsynlegt að einangra á þennan hátt slíka burðarhluta, sem útiloft leikur um.

XIV. KAFLI

Stigar, lyftur og veggsvalir.

68. gr.

Í íbúðarhúsum skal gerð stiga hagað sem hér segir:

	Lágmarksbreidd	Efni
2 hæðir (ein íbúð)	80 cm	ekki ákveðnar kröfur
2 —	90 —	eldtraust efni
3 —	100 —	— —
4 — eða meira	110 —	— —

Ef rishæð er sérstök íbúð, telst hún hæð, skv. 1. mgr.

Liggi stigi að vegg, skal telja breidd hans frá fulleinangruðum vegg að handriði, en sé handrið báðum megin, skal telja breidd milli handriða.

69. gr.

Á öllum stigum skal vera handrið öðrum megin, en báðum megin, ef stiginn liggur ekki að vegg. Handrið skal vera minnst 80 cm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún og minnst 90 cm meðfram stigaopum. Í íbúðarhúsum skal þannig gengið frá handriðum, að ekki stafi hætta af og má ekki vera lengra bil milli lóðréttra rimla en 15 cm. Byggingarfulltrúi getur mælt fyrir um gerð handriða í öðrum húsum.

Þar sem tröppur eða pallar eru innan íbúðar, getur byggingarfulltrúi mælt svo fyrir, að höfð séu handrið eftir því sem hann telur slíks þörf.

70. gr.

Úr hverri íbúð skal greiður og óhindraður aðgangur úr húsinu eða út í stigahús, sem sé eldtraust.

Stigahús skal ganga að útvegg og vera loftræst gegnum glugga og þannig frá gengið, að næg birta sé frá þeim glugga, og skal miða við sömu reglur og gilda um birtu í íbúðarherbergjum.

Byggingarnefnd getur þó heimilað annan frágang, skv. eftirfarandi reglum:

a) Í fimm hæða húsi eða hærra sé ofanljós minnst 2 m².
b) Í fjögurra hæða húsi sé ofanljós minnst 1.5 m².
c) Í þriggja hæða húsi sé ofanljós minnst 1 m².
d) Í verzlunar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsum getur byggingarnefnd leyft, að herbergi sé milli útveggar og stigahúss, enda sé glerveggur á milli herbergisins og stigahússins, er hafi minnst 4 m² gluggaflöt á hverri hæð.

Stigahús, skv. 4. mgr., skulu loftræst beint upp úr þaki, og skal loftrás vera minnst 225 cm². Loftinntak skal vera neðst í stigahúsi.

71. gr.

Ganghæð stiga má hvergi vera minni en 2.20 m og hvert skref 61—63 cm. Skrefið er samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Breidd þreps skal mæla í ganglínu, sem er talin 45 cm frá innri brún handriðs þeim megin, sem þrep er mjórra, og má aldrei vera minna en 24 cm, sé hús tvær hæðir, en 26 cm, sé hús hærra. Á hverju þrepi, sem er mjórra en 30 cm, skal vera minnst 4 cm breitt innskot, sem ekki telst til þrepbreiddar í þessu sambandi.

Í stiga, sem liggur um fleiri hæðir en eina, skal sama þrepbreidd og þrephæð vera á öllum hæðum. Sé aukastigi settur í hús, þarf hann ekki að fullnægja ákvæðum þessarar greinar.

72. gr.

Gangur að stiga og stigapallar skulu a. m. k. jafnbreiðir stiganum. Lengd stigapalls má ekki vera minni en 1.3 m.

73. gr.

Útitröppur skulu gerðar úr steinsteypu og mega ekki vera hærri en 1.50 m nema pallur sé hafður a. m. k. 1 m á lengd og jafnbreiður tröppunum.

Reglur um gerð stiga skuli gilda um útitröppur, eftir því sem þær geta átt við.

74. gr.

Einn stigi nægir í íbúðarhúsi, sem ekki er stærra en 360 m², enda sé það ekki hærra en 5 hæðir, sbr. þó 75. gr. Ef hús er stærra eða ætlað fyrir skrifstofur, skóla,

samkomur eða iðnrekstur, eða einhver önnur afnot, ákveður byggingarnefnd, hvernig haga skuli stigum, gerð þeirra og fjölda. Frá engum stað í húsi má þó vera lengri leið en 30 m að stiga eða stigahúsi og sé greiðfært að honum.

75. gr.

Í sexlyftum húsum og hærri má leyfa, að hafður sé aðeins einn stigi, ef frágangi er hagað á einhvern eftirfarandi hátt:

a. Gengið sé í stiga um svalir, en ekki beint af göngum.
b. Komast megi úr hverri hæð í stigahúsi út á svalir á allar hliðar stigahússins.
c. Komast megi um eina hlið stigahúss, hvar sem er, út á svalir, enda sé breidd svala frá húsi a. m. k. 2.5 m.
d. Komast megi að stiga í öðru húsi um svalir á efstu hæð, þó ekki ofar en 12. hæð og á 4. hverri hæð fyrir ofan, enda sé ekki lengra milli stigahúsa en 20 m.

76. gr.

Sé íbúðarhús meira en fjórar hæðir, skulu vera lyftur, er fullnægja minnst eftirfarandi töflu:

Íbúðafjöldi	2	3	4	5	6
5 hæðir ..	3F 0.6	3F 0.6	3F 0.6	3F 0.6	3F 0.6
6 hæðir ..	— —	— —	— —	— —	— —
7 hæðir ..	— —	— —	— —	— —	— —
8 hæðir ..	— —	— —	3F 0.7	3F 1.0	4F 1.0
9 hæðir ..	— —	3F 1.0	3F 1.0	4F 1.0	4F 1.0
10 hæðir ..	FV 0.6	FV 1.0	FV 1.0	3F 0.6 FV 0.6	4F 0.7 FV 0.7
11 hæðir ..	FV 1.0	FV 1.0	3F 0.7 FV 1.0	3F 1.0 FV 0.6	4F 0.7 FV 0.6
12 hæðir ..	3F 0.6 FV 0.6	3F 0.7 FV 0.7	3F 1.0 FV 0.7	4F 1.0 FV 0.7	4F 1.0 FV 1.0
13 hæðir ..	3F 1.0 FV 0.6	3F 1.0 FV 0.6	4F 0.7 FV 0.7	4F 1.0 FV 0.7	4F 1.0 FV 1.0
14 hæðir ..	— —	3F 1.0 FV 1.0	4F 1.0 FV 1.0	4F 1.0 FV 1.0	— —
15 hæðir ..	3F 1.0 FV 1.0	3F 1.0 FV 1.0	4F 1.0 FV 1.0	4F 1.0 FV 1.0	4F 1.0 FV 1.0
16 hæðir ..	— —	4F 1.0 FV 1.0	— —	— —	— —
17 hæðir ..	4F 1.0 FV 1.0	— —	— —	— —	— —
18 hæðir ..	— —	— —	— —	— —	— —

F: fólkslyfta. Talan fyrir framan F sýnir farþegafjölda, er lyftan tekur. — Tölurnar 0.6, 0.7, og 1.0 eru vegalengd sú, sem lyftan fer á á 1 sek., í metrum. — FV fólks- og vörulyfta og sé minnsta stærð 2.1 · 1 m að flatarmáli.

Við það skal miða, að lyfta staðnæmist á hverri hæð húss eða við hvern stigapall milli hæða. Þó getur byggingarnefnd ákveðið, að lyfta megi ekki ná til efstu hæðar eða í kjallara.

Lyfta skal vera í eldtraustu lyftuhúsi. Sé lyfta í stigahúsi, má hún vera aðskilin frá því með neti, gleri eða öðru þvílíku.

Allur umbúnaðar á lyftum skal háður reglum öryggiseftirlits ríkisins, enda samþykki slökkviliðsstjóri umbúnað.

Vörulyftur, sem aðeins ganga milli tveggja hæða, þurfa ekki að vera í eldtraustum lyftuhúsum, nema önnur hæðin sé þakhæð, og skal þá aðskilja lyftuna frá þakfleti með eldtraustu efni.

Lyftuhús, sem ganga á milli fleiri en tveggja hæða, skal loftræsa lóðrétt minnst 80 cm upp fyrir þakflötinn, og sé loftrásin minnst 5% af flatarmáli lyftuhússins.

Opum, sem sett eru á lyftuhús í kjallara eða þaki, skal loka með eldtraustum dyrum. Lyftivélin og hjólaútbúnaðurinn skulu vera í eldtraustu rúmi.

77. gr.

Ef hús er meira en tvær hæðir, skulu veggsvalir fylgja hverri íbúð, sem er fyrir ofan aðra hæð, a. m. k. 2 m² að stærð. Gólf í veggsvölum skal vatnsþétt og vatni frá því að jafnaði veitt í frárennsliskerfi hússins.

Á veggsvölum skal vera handrið, ekki lægra en 1 m, og fer um gerð eftir reglum 69. gr. eftir því, sem þær geta átt við, þó má handrið aldrei vera lægra en 1.20 m á 5. hæð húss og ofar.

Byggingarnefnd er heimilt að veita undanþágu frá 1. mgr., ef sérstakar ástæður mæla með því.

XV. KAFLI
Íbúðir.

78. gr.

Íbúðarherbergi er hvert það herbergi, sem notað er til vistar fyrir fólk, en það er talin sérstök íbúð, ef minnst 6 m² eldhús fylgir, hvort heldur herbergin eru eitt eða fleiri, enda uppfylli þau skilyrði, sem gerð eru til íbúða. Íbúðarherbergi má ekki gera á skammbitalofti. Frá ákvæðum um stærð eldhúss má víkja, ef íbúð er 35 m² eða minni.

79. gr.

Lofthæð íbúðarherbergis, sem gengið hefur verið frá að fullu, má ekki vera minni að innanmáli en 2.45 m, nema um sé að ræða þak- eða kvistherbergi. Í slíkum herbergjum má meðalhæð vera 2.20 m, enda sé lofthæð 2.35 m í a. m. k. þriðjungi herbergisins.

80. gr.

Gólfflötur íbúðarherbergis má ekki vera minni en 4 m², enda sé það ekki mjórra en 1.60 m. Í hverri íbúð skal vera að minnsta kosti eitt herbergi, er sé ekki minna 14 m² að gólffleti.

81. gr.

Á hverju íbúðarherbergi skal vera opnanlegur gluggi á útvegg. Glerflötur gluggans má ekki vera minni en 1/10 af gólffleti herbergisins.

Ef hús er tvær hæðir eða hærra, skal þannig frá gluggum gengið, að auðvelt sé að hreinsa þá innan frá.

Í slíkum húsum skal einnig komið fyrir öryggiskeðju á hverjum opnanlegum glugga fyrir ofan 2. hæð, nema hann sé svo lítill eða þannig staðsettur, að ekki geti stafað hætta af.

82. gr.

Íbúðir má ekki gera í kjallara, en það telst kjallari, ef gólf er meira en 50 cm undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið eða gluggahliðin veit á móti norðri — frá norðvestri til norðausturs — eða er nær götu en 3 metra.

Heimild til að gera íbúð, þar sem gólf er fyrir neðan jarðvegshæð, er þó bundin við hús, sem byggingarleyfi er fyrir, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

Einstök íbúðarherbergi má gera samkvæmt reglum 1. mgr.

83. gr.

Frágangur veggja, lofta og gólfa í íbúðarherbergjum skal vera sem segir í 11. og 12. kafla þessarar samþykktar, og skal svo frá gengið, að nægilegan hita megi hafa í hverju einstöku íbúðarherbergi.

84. gr.

Í hverri íbúð skal vera forstofa með óhindruðum aðgangi að stigahúsi eða útidyrum. Forstofa má ekki vera minna en 1.30 m á hvorn veg, og er þá miðað við, að gengið hafi verið frá henni að fullu. Heimilt er byggingarnefnd í samráði við póstmeistarann í Reykjavík að krefjast þess, að á uppdrætti sé sýnt hvar í aðalanddyri húss skuli komið fyrir póstkassa.

85. gr.

Hverri íbúð skal fylgja vatnssalerni minnst 1.2 m^2. Frá gólfi og veggjum skal þannig gengið, að auðvelt sé að hreinsa þau og þau þoli vel raka.

Salerni skal loftræst um glugga á útvegg eða með sérloftrás, er gengur beint upp úr þaki, og má flatarmál þverskurðar hennar ekki vera minna en 150 cm^2. Enn fremur skal séð fyrir loftræstingaropi á vegg eða dyrum, niðri við gólf.

86. gr.

Hverri íbúð skal fylgja baðherbergi (baðklefi), þar sem komið sé fyrir baðtækjum, a. m. k. steypibaði og handlaug. Um frágang veggja, gólfs og loftræstingar fer eftir ákvæðum 85. gr. Heimilt er að hafa bað og salerni í sama herbergi.

87. gr.

Í hverri íbúða skal vera eldhús, sbr. 78. gr. Þar skal koma fyrir eldavél eða öðru tæki fullnægjandi til eldunar. Þar skal og vera vaskur.

Eldhús skal loftræsa um glugga á útvegg. Um stærð glugga fer eftir 1. mgr. 81. gr. Frá þessu ákvæði má víkja, ef um er að ræða eldhús í íbúð, sem er 35 m^2 eða minni, enda verði þá séð fyrir fullnægjandi loftræsingu á annan hátt.

88. gr.

Hverri íbúð á að fylgja loftræst sérgeymsla ekki minni en 6 m^2. Þegar um er að ræða hús, sem í er meira en ein íbúð, skal sýnt á uppdrætti, hvaða geymsla fylgi hverri íbúð, og tiltaka stærð hennar.

Byggingarnefnd getur áskilið, að í fjölbýlishúsi sé komið fyrir sameiginlegri geymslu fyrir barnavagna, reiðhjól o. s. frv., og má þá víkja frá ákvæðum í 1. mgr., þó þannig, að geymsla verði aldrei minni en 4 m^2 fyrir hverja íbúð. Sameiginlegt rými skal auðkennt sérstaklega á uppdrætti.

89. gr.

Hverri íbúð skal fylgja aðgangur að loftræstu þvottahúsi, þar sem gólf er vatnshelt og með frárennsli, og loft og veggir þola gufu og raka.

90. gr.

Hverri íbúð skal fylgja aðgangur að sorpgeymslu í húsinu eða í byggingu, sem við það er tengd, og við það miðað, að ein sorptunna sé fyrir hverja íbúð.

Op á sorpgeymslu má ekki vera lægra en 1.0 m og breidd ekki minni en 80 cm. Ef nauðsynlegt er, að komizt verði inn í geymsluna í sambandi við hreinsun, má opið þó ekki vera lægra en 1.80 m á hæð og breidd ekki minni en 1.0 m.

Sorpgeymslu skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að komast að henni með þeim tækjum, sem sorphreinsun borgarinnar notar við flutning á tunnum. Byggingarnefnd getur krafizt þess, að akfært sé að sorpgeymslu, ef hún telur ástæðu til, t. d. um er að ræða stórt hús o. s. frv.

Aðgangur að sorpgeymslu má aðeins vera utan frá.

Allar sorpgeymslur skulu múrhúðaðar eða þannig frá gengið, að auðvelt sé að hreinsa þær. Þar sem fleiri en fjórar íbúðir eru um sorpgeymslu, skal hafa niðurfall í henni. Sama hátt skal hafa á, þó að færri íbúðir séu um sorpgeymslu, ef hætta er á, að vatn geti safnazt í geymsluna.

91. gr.

Sorprenna skal gerð úr glerhúðuðum pípum, kopar eða öðru efni jafntraustu. Aðallögn hennar skal vera lóðrétt, hringlaga að innan og minnsta þvermál vera 40 cm. Sorprenna skal ganga með óbreyttu þvermáli beint upp úr þaki. Greinilögn má vera allt að 30 cm að lengd, enda myndi hún ekki krappara horn en 60° við aðallögn. Hún skal einnig vera hringlaga að innan og minnsta þvermál vera 30 cm.

Utan um hverja sorprennu skal vera steypulag a. m. k. 10 cm þykkt og þannig frá því gengið í lofti sorpgeymslu, að rennan haggist ekki. Bil milli sorpláts og rennu má aldrei vera meira en 50 cm, né minna en 20 cm.

Sorprenna skal vera slétt að innan og öll samskeyti vatnsþétt.

Hverju sorpopi skal lokað með loftþéttri, lóðréttri hurð.

Ef byggingarfulltrúi telur, að frágangur sorprennu og sorpgeymslu sé ófullnægjandi, getur hann ákveðið, hverjar ráðstafanir skulu gerðar til úrbóta.

XVI. KAFLI

Hús til annarra nota en íbúðar.

92. gr.

Þegar sótt er um leyfi til að byggja hús til annarra nota en íbúðar, t. d. skólahús, samkomuhús, verksmiðjuhús o. s. frv., skal miða við þær reglur, er gilda um íbúðarhús eftir því, sem þær geta átt við.

Byggingarnefnd getur þó jafnan gert sérstakar kröfur um styrkleika slíks húss, frágang og annað, er hún telur máli skipa í sambandi við gerð þess og hagnýtingu. Hún getur sett sérreglur um tilteknar húgerðir.

93. gr.

Í samkomuhúsum, sem að jafnaði eru notuð til leik- eða kvikmyndasýninga, skulu stólar og bekkir vera fastir. Þó skal leyft að hafa lausa stóla í stúkum, sem ekki taka fleiri en 10 áhorfendur. Fjarlægð milli stólraða, mæld milli sætisbaka, skal vera minnst 80 cm, séu setur stólanna hreyfanlegar, en 1.0 m sé setan föst. Breidd hvers stóls skal eigi vera minni en 50 cm. Hvergi skulu vera fleiri sæti í röð en svo, að mest séu 12 sæti að næsta gangi eða annarri útgönguleið. Breidd ganga milli sætaraða eða til hliðar, svo og breidd annarra ganga, stiga og dyra, sem nota skal til útgöngu, skal ákveða þannig: Fyrir allt að 250 áhorfendur 1.80 m, og síðan ⅔ cm fyrir hvern áhorfanda í viðbót. Engar hindranir má setja á útgönguleið.

Allar dyr á samkomuhúsum og göngum frá þeim skulu opnast út og hurðin falla þannig að vegg, að útgönguleiðin skerðist ekki. Skal ávallt vera hægt að opna dyrnar fyrirvaralaust af hverjum sem er, og skulu þær greinilega auðkenndar með rauðum ljósum frá rafgeymi.

Á samkomustöðum skal alltaf hafa að minnsta kosti tvo útganga, og skal þeim þannig fyrir komið, að fólksstraumurinn greinist í tvær gagnstæðar áttir. Útgöngudyr mega ekki vera á sömu hlið húss, nema slökkviliðsstjóri samþykki. Frá stiga að dyrum skal ávallt vera pallur, sem sé á lengd minnst 1.3 sinnum stigabreiddin. Frá áhorfendasvölum skulu vera minnst tveir stigar. Ljósamerkjum skal komið fyrir í stigum og göngum, þar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt.

Leiksvið má ekki útbúa í samkomuhúsum nema með leyfi slökkviliðsstjóra, enda samþykki hann allan útbúnað. Þar skal þó jafnan komið fyrir vatnslögn, a. m. k. 50 mm, með áfastri brunaslöngu. Umbúnaður búningsherbergja leikenda, leiktjalda- og búningsgeymsla skal háður samþykki slökkviliðsstjóra.

Veggir, gólf og loft í sýningarklefum kvikmyndahúsa skulu vera úr eldtraustu efni. Eldtraust hurð skal vera fyrir klefunum, birtuop eða gægjuop skulu vera byrgð með eldtraustu gleri. Óheimilt er að hafa sýningarklefa í beinu sambandi við sýningarsal, forsal eða forstofu kvikmyndahúss.

94. gr.

Í skólahúsum skulu allar dyr opnast út. Um breidd ganga og stiga gildir hið sama og um samkomuhús.

95. gr.

Bifreiðaskýli skulu að jafnaði vera úr steini, sbr. þó 4. mgr. 32. gr. Byggingarnefnd getur leyft, að þak sé gert úr timbri.

Ef bifreiðaskýli er ætlað fyrir fleiri bifreiðar en þrjár, getur byggingarnefnd krafizt þess, að því sé skipt með eldtraustum vegg.

Bifreiðaskýli skal loftræsa. Loftræsingarop skulu vera við gólf og þak.

Bifreiðaskýli fyrir eina bifreið skal að jafnaði ekki stærra en 30 m^2 og lofthæð ekki meiri en 2.50 m.

Þegar bifreiðaskýli er inni í húsi eða í tengslum við það, skal það skilið frá húsinu með steinsteyptum vegg (veggjum).

96. gr.

Gripahús og önnur slík hús má eingöngu reisa á þeim svæðum, er borgarstjórn ákveður. Gerð slíkra húsa er háð samþykki byggingarfulltrúa.

XVII. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

97. gr.

Ef maður, sem rétt hefur til að gera uppdrátt, skv. 11. gr., leggur fyrir nefndina uppdrátt, þar sem brotið er í bág við ófrávíkjanleg ákvæði byggingarsamþykktar eða annarra reglna um byggingarmálefni eða brýtur slík ákvæði á annan hátt, getur nefndin veitt honum áminningu. Ef brot er ítrekað eða frágangur uppdráttar þannig, að byggingarnefndin telur manninn eigi hæfan til að gera slíkan uppdrátt, getur hún neitað að fjalla um uppdrætti gerða af honum, annað hvort um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt.

98. gr.

Nú brýtur meistari ákvæði byggingarsamþykktar eða önnur ákvæði, sem honum ber að fylgja í starfi sínu, eða slíkt brot er framið af starfsmanni, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá byggingarnefnd, að fenginni tillögu byggingarfulltrúa, veitt honum áminningu eða svipt hann löggildingu samkv. 16. gr., annað hvort um tiltekinn tíma eða að fullu.

Ef um er að ræða fyrsta brot og ekki hefur leitt af því tjón, skal áminning nægja.

99. gr.

Byggingarfulltrúi skal þegar í stað kæra fyrir sakadómara, ef bygging er hafin, án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, eða á annan hátt er byggt en leyfi stendur til. Sakadómari skal þá þegar kveða upp úrskurð um, hvort byggingin skuli bönnuð og niður rifið eða numið á brott það, sem þegar hefur verið gert. Úrskurði þessum má skjóta til æðri dóms eftir reglunum um kæru, en málskot frestar ekki framkvæmd úrskurðarins, sem þá fer fram á ábyrgð borgarsjóðs. Lögreglustjóri annast framkvæmd úrskurðar, og getur hann veitt aðila hæfilegan frest til niðurrifs eða brottnáms ólöglegrar byggingar. Borgarsjóður greiðir kostnað við framkvæmd lögreglustjóra á úrskurðinum, en skyldur skal hinn seki að greiða kostnaðinn. Borgarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni. Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og skal farið með slík mál sem að hætti opinberra mála. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að bann hefur verið lagt við henni skv. ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal borgarstjóra kost á því fyrir hönd borgarsjóðs að gera í refsimálinu kröfur til þess, að kærði verði dæmdur til þess að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans

100. gr.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem byggingarnefnd hefur lagt fyrir hann að vinna, skv. samþykkt þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er henni þá heimilt að láta vinna það, sem með þarf, á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr borgarsjóði, en innheimta síðan með lögtaki hjá aðila, ef þörf krefur.

XVIII. KAFLI

Byggingarleyfisgjöld og úttekt.

101. gr.

Fyrir leyfi til að reisa hús eða stækka skal greiða í borgarsjóð 2 kr. fyrir hvern teningsmetra af utanmáli hússins. Botnplata er þó ekki með talin.

Gjald þetta skal talið í heilum krónum, og telst hluti úr krónu sem heil króna. Minnsta gjald er 200 krónur.

Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 200 krónur í borgarsjóð og 200 krónur fyrir hvert annað leyfi til að reisa mannvirki eða breyta því.

Ef byggingarfulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits, skal greiða 200 krónur í borgarsjóð.

Byggingarleyfisgjöld verða aldrei endurgreidd, þótt leyfi falli úr gildi vegna þess, að það hefur ekki verið notað innan eins árs eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfi endurnýjað óbreytt, skal greiða fyrir það 200 krónur. Byggingarfulltrúinn innheimtir öll gjöld samkvæmt þessari samþykkt. En verði vanskil, má hann ekki gefa vottorð um mannvirkið, fyrr en gjöld eru greidd.

Gjöld, skv. grein þessari, eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, er samþykktin öðlast gildi, og skulu breytast eftir henni, og ber í því efni að miða við meðalvísitölu ársins á undan.

Gjöld þessi má innheimta með lögtaki.

102. gr.

Þegar smíði húss er að fullu lokið, skal byggingarfulltrúi láta í té um það yfirlýsingu, ef húseigandi eða byggingarmeistarar hússins óska. Slíkt vottorð má ekki gefa út, nema sannað sé, að fullnægt hafi verið öllum þeim ákvæðum, sem sett eru um byggingarmálefni í Reykjavík.


Þegar byggingarfulltrúi athugar hús, skv. 1. mgr., getur hann krafizt þess, að viðkomandi meistarar séu viðstaddir og hafi samþykkta uppdrætti við höndina. Jafnan á meistari rétt á að vera viðstaddur, er skoðun fer fram.

Byggingarnefnd getur bannað, að flutt sé inn í ófullgert íbúðarhús.

XIX. KAFLI

Tákn.

103. gr.




Gluggaop, steinsteypa.




Rennihurð.




Hurð, steinsteypa.




Loftrásir, timburveggur.




Tvöföld hurð, steinveggur.



Vaskur.



Baðker.




Gluggi.




Eldhústæki.




Ísskápur.



Steypibað.



Stigi.



Opnanlegur gluggi.



Handlaug.



Salernisskál.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi 1. apríl 1965, og fellur þá jafnframt úr gildi byggingarsamþykkt nr. 195/1945, ásamt breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglur byggingarsamþykktar nr. 195/1945, um gerð steinsteypu og járnalagnir, skulu halda gildi sínu, unz byggingarnefnd hefur sett nýjar reglur um þau efni, samkv. 39. og 41. gr. samþykktar þessarar.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1965.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 40. 10. marz 1965.

AUGLÝSING
um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. **Í barnaskólum:**					
Miðað við	12.	launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr.	69.75
— —	15.	—	.....	—	78.50
— —	15.	—	(söngkennarar með ⅘ kennsluskyldu) .	—	98.10
— —	16.	—	(kennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt, talkennarar, blindrakennarar og kennarar við heimavistarskóla)	—	81.60
— —	16.	—	(söngkennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt)	—	102.05
— —	17.	—	(vanvitaskólakennarar)	—	106.15
II. **Í húsmæðraskólum:**					
Miðað við	13.	launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	—	89.80
— —	16.	—	.....	—	101.00
— —	18.	—	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	—	109.25
— —	19.	—	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	—	118.90

III. **Í gagnfræðastigsskólum** (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):

Miðað við	16. launaflokk		kr. 101.00
— —	16. —	(söngkennarar með ⅘ kennsluskyldu)	— 126.30
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 109.25
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 118.90

IV. **Í iðnskólum:**

Miðað við	16. launaflokk		— 101.00
— —	18. launaflokk	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 109.25
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 118.90

V. **Í Hjúkrunarskóla Íslands:**

Miðað við	16. launaflokk		— 101.00
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 109.25
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 118.90

VI. **Í Handíða- og myndlistarskólanum:**

a) **Listiðnaðardeildir:**
Miðað við 16. launaflokk — 101.00

b) **Kennaradeildir** (vefnaðar- og teiknikennaradeildir):
Miðað við 18. launaflokk — 117.70

VII. **Í Heyrnleysingjaskólanum:**
Miðað við 16. launaflokk — 101.00

VIII. **Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):**
Miðað við 18. launaflokk — 117.70

IX. **Í Vélskólanum í Reykjavík:**

Miðað við	16. launaflokk		— 108.80
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— —	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

X. **Í Íþróttakennaraskóla Íslands:**

Miðað við 18. launaflokk		kr. 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XI. **Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:**

Miðað við 18. launaflokk		— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XII. **Í Kennaraskóla Íslands:**

a) **Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk		— 117.70

b) **Kennarar við handavinnudeild:**

Miðað við 18. launaflokk		— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

c) **Aðrir kennarar:**

Miðað við 20. launaflokk		— 135.15

XIII. **Í menntaskólum:**

a) **Íþróttakennarar:**

Miðað við 18. launaflokk		— 117.70

b) **Aðrir kennarar:**

Miðað við 20. launaflokk		— 135.15

XIV. **Í Stýrimannaskólanum:**

Miðað við 16. launaflokk		— 108.80
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XV. **Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:**

Miðað við 16. launaflokk		— 108.80
— — 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— — 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XVI. **Í búnaðarskólum:**

Miðað við	16. launaflokk		kr. 108.80
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
— —	19. —	(kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XVII. **Í Garðyrkjuskóla ríkisins:**

Miðað við	16. launaflokk		— 108.80
— —	18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 117.70
Miðað við	19. launaflokk	(kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.10

XVIII. **Í Tækniskóla Íslands:**

Miðað við 20. launaflokk ..... — 135.15

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt	12. launaflokki		kr. 91.89
—	13. —		— 95.63
—	15. —		— 103.43
—	16. —		— 107.50
—	18. —		— 116.29
—	19. —		— 128.16
—	20. —		— 135.20

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. marz 1965 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 41. 24. apríl 1965.

REGLUGERÐ

um komu, brottför og yfirflug erlendra flugfara í millilandaflugi yfir íslenzkt yfirráðasvæði.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Loftferðir um íslenzkt yfirráðasvæði eru háðar gildandi íslenzkum reglum um loftferðir.

2. gr.

Tilkynna skal flugmálastjóra flugáætlun fyrir hvert flug, samkvæmt þeim reglum (NOTAM), sem hann ákveður.

3. gr.

Loftför, sem koma til Íslands frá öðrum löndum, skulu nota tollflugvöll til fyrstu lendingar og síðasta flugtaks, áður en utan er haldið, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 134 27. júlí 1945.

4. gr.

Ríkisloftför falla ekki undir reglugerð þessa.

5. gr.

Flugmálastjóri eða umboðsmaður hans gefur út leyfi til loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði og lendingarleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

Hvers konar umsóknir um lendingarleyfi, sem koma frá utanríkisráðuneytum eða sendiráðum erlendra ríkja, skulu sendar utanríkisráðuneytinu, hvort sem ríkin eru aðilar að Chicago-samningnum eða ekki. Umsóknir, er berast frá flugmálayfirvöldum annarra ríkja, skulu hins vegar sendar flugmálastjóra.

II. Áætlunarflug.

6. gr.

Eigi má starfrækja reglubundnar loftferðir í atvinnuskyni yfir íslenzku yfirráðasvæði, nema með leyfi flugmálaráðherra.

7. gr.

Erlendur aðili, sem halda vill uppi reglubundnum loftferðum í atvinnuskyni, samkvæmt samningi milli Íslands og annars ríkis, má hefja þær án sérstaks leyfis, nema slíkt leyfi sé áskilið í samningnum.

Aðilar þeir, sem um ræðir í 1. mgr., skulu láta flugmálastjóra í té þau gögn, er hann kann að æskja, svo unnt sé að gefa nákvæm fyrirmæli um flugumferð þá, sem um er að ræða.

8. gr.

Umsóknir aðila í þeim ríkjum, sem eiga aðild að Chicago-sáttmálanum, um leyfi til að starfrækja reglubundnar loftferðir í atvinnuskyni, skulu sendar flugmálastjóra, sbr. þó 5. gr.

Umsóknir aðila frá ríkjum, sem ekki eiga aðild að Chicago-sáttmálanum, skulu sendar utanríkisráðuneytinu.

III. Óreglubundið flug.

9. gr.

Loftförum, skráðum í ríkjum, sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, er nauðsynlegt að fá leyfi áður en þau fljúga inn yfir íslenzkt yfirráðasvæði. Leyfisumsókn skal send utanríkisráðuneytinu og skal vera komin til þess a. m. k. 48 klst. áður en áætlað er, að loftfarið komi inn í íslenzka lofthelgi. Helgidagar og almennir frídagar á Íslandi teljast ekki með, þegar reikna skal frestinn.

Í umsóknum skulu eftirtalin atriði greind:

a. Fullt nafn og heimilisfang flytjanda.
b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c. Leið sú, sem fljúga skal, ákvörðunarstaður, með upplýsingum um, hvar skuli flogið inn í lofthelgi Íslands og hvenær.
d. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenzkum flugvelli eða flugvöllum.
e. Fjarskiptaútbúnaður og tíðni.

10. gr.

Erlend loftför, sem æskja þess að lenda á Íslandi í atvinnuskyni, verða að hafa sérstakt leyfi til þess. Hafi tvíhliða samningur eða samningar milli fleiri ríkja að geyma undantekningu frá þessari reglu, og Ísland er aðili að þeim samningi, ber að tilkynna flugmálastjóra, með a. m. k. 48 klst. fyrirvara, um einstök flug.

11. gr.

Fyrir loftför skráð í ríkjum, sem aðilar eru að Chicago-sáttmálanum, og æskja leyfis til loftferða samkvæmt 10. gr., skal senda umsókn til flugmálastjóra með sama fresti og getur í 9. gr. 2. mgr. Sé loftfarið eigi skráð í ríki, sem er aðili að Chicago-sáttmálanum, skal umsókn send utanríkisráðuneytinu með sama fresti og áður getur.

Í umsóknum skulu eftirtalin atriði greind:

a. Fullt nafn og heimilisfang flytjanda.
b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenzkum flugvelli eða flugvöllum.
d. Staður eða staðir, sem farþegar og/eða flutningur verður fluttur frá eða til.
e. Markmið flugsins, fjöldi farþega, tegund og/eða magn flutnings.
f. Nafn og heimilisfang þess, er loftfarið hefur á leigu.
g. Sönnun fyrir því, að í gildi sé ábyrgðartrygging vegna tjóns, sem þriðja aðila á jörðu niðri kann að verða valdið og farþegatrygging.
h. Ef flogið er í sambandi við fjölferð (inclusive tour), hver einstök atriði dagskrár eru, skilmálar ferðarinnar og hver greiðsla sé ákveðin fyrir hvern farþega í fjölferðinni, sbr. 12. gr.

Krefjast má annarra upplýsinga áður en leyfi er veitt.

Ef um er að ræða loftfar, sem skráð er í ríki, sem ekki er aðili að Chicagosáttmálanum, skal í umsókn einnig getið um flugleið þá, sem fljúga á, tíma þann og stað, sem inn í lofthelgi Íslands er komið og svo hver fjarskiptabúnaður sé og tíðni.

12. gr.

Til að um fjölferð sé að ræða, verða eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt:

I) Flugferðin skal einungis farin til flutnings þátttakenda í fjölferð, samkvæmt áður ákveðinni ferðaáætlun og auk þess skulu eftirgreind ákvæði gilda um ferðaáætlun:

a. Ferðalagið vari eigi skemur en eina viku.
b. Ferðtilhögun sé þannig, að sameiginlegt sé bæði flugferðir, gisting og a. m. k. hálft fæði, auk sameiginlegra skemmtiferða, ef um slíkt er að ræða og skulu allir þættir ferðalagsins vera innifaldir í söluverði til farþega.
c. Við brottför frá Íslandi skulu þátttakendur hvers fjölferðahóps eigi vera færri en 15, bundnir við sömu ferðatilhögun. Heimilt er að flytja fleiri en einn fjölferðarflokk í sömu flugvél, enda uppfylli hver þeirra skilyrði þessarar greinar.
d. Á ákvörðunarstað erlendis skal fararstjóri vera með hverjum fjölferðahópi.
e. Brottför og heimför verður að vera sameiginleg öllum þátttakendum í hverri fjölferð um sig.

II) Þátttakendur skulu greiða fyrir ferðalagið í heild.

Lágmarkssöluverð fjölferðarinnar til hvers þátttakanda skal eigi vera lægra en það fargjald, sem almenningi stendur til boða með áætlunarflugvélum á hverjum tíma, fram og aftur á flugleið þeirri, er flogin er í fjölferðinni.

Endurgreiðsla fyrir þá þætti ferðalagsins, sem vera kann að einstakir þátttakendur ekki færi sér í nyt, er óheimil.

Farþega án endurgjalds á vegum flugfélagsins, svo og starfsfólk flugfélags, má flytja í fjölferðar-flugfari, eftir sömu reglum, sem gilda um slíkt í reglubundnum flugferðum í atvinnuskyni.

III) Ekki má nota í fjölferðum önnur loftför en þau, sem eru eign flugfélags þess, sem að ferðinni stendur, nema með sérstöku leyfi flugmálastjóra.

IV) Breytingar á flugáætlun þeirri, sem var grundvöllur leyfis til fjölferðar, eru háðar samþykki flugmálastjóra.

V) Flugfélag, sem að fjölferð stendur, skal áður en farið er af stað, gera nafnalista yfir þá farþega, sem eiga að vera með loftfarinu. Skal ákvörðunarstaður erlendis og brottfarartími fyrir heimferð tilgreindur. Ef fleiri hópar eru í sama loftfari, skal aðgreina hvern hóp fyrir sig á listanum. Sé um að ræða farþega, sem ekki greiða fargjald, skulu þeir nafngreindir, og orsök tilgreind. Eitt undirritað eintak listans skal senda flugmálastjóra, og verður það að hafa borizt honum eigi síðar en fjórum dögum eftir brottför loftfarsins frá Íslandi.

Sú skylda hvílir á flugfélagi því, sem annast fjölferð, svo og á ferðaskrifstofu, sem að henni stendur, að gæta þess, að allir þátttakendur í fjölferð komi saman heim. Sé það ekki unnt, skal flugfélag eða ferðaskrifstofa tilkynna það flugmálastjóra í síðasta lagi þegar eftir komu loftfarsins til Íslands.

Nauðsynlegar skýringar um frávik þau, er um ræðir hér að framan, skal senda flugmálastjóra skriflega, eins fljótt og unnt er.

VI) Þátttakendur í fjölferð skulu hafa farseðil (einstaklings- eða sameiginlegan farseðil, með þátttakendalista viðfestum) og þátttakendaskírteini, sem sannar, að nafngreindur rétthafi þess hafi greitt, eða beri að greiða, það verð, sem greiða ber fyrir þátttöku í fjölferðinni allri.

VII) Leyfi flugmálastjóra, eða staðfest afrit af því, skal vera í loftfari því, sem flytur fjölferðahópinn. Skal skylt að sýna það, ef krafizt er, fulltrúum flugmálastjóra og öðrum opinberum starfsmönnum, sem hlut eiga að máli.

IV. Einkaflug.

13. gr.

Leyfi þarf ekki til einkaflugs inn í, frá eða í íslenzkri lofthelgi, í erlendu loftfari, sem er skráð í ríki, sem er aðili að Chicago-sáttmálanum.

14. gr.

Einkaflug frá eða í íslenzkri lofthelgi, í erlendum loftförum, skráðum í ríkjum, sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, er bundið fyrirfram fengnu leyfi og skulu umsóknir um slík leyfi sendar utanríkisráðuneytinu, með sama fresti og um getur í 9. gr.

Í umsókn skulu eftirtalin atriði greind:

a. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
b. Nafn, ríkisfang og heimilisfang eiganda og flugstjóra.
c. Leið sú, sem fljúga skal, ákvörðunarstaður, og upplýsingar um, hvar skuli flogið inn í lofthelgi Íslands og hvenær.
d. Tala þeirra, sem í loftfarinu eru.
e. Fjarskiptabúnaður og tíðni.

15. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum, svo og afturköllun leyfa, sé slíkt framkvæmanlegt að dómi flugmálastjóra og synjun frekari leyfa fyrir sama aðila.

16. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

25. febrúar 1965. Nr. 42.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hafnarfirði.

Fasteignaskatt í Hafnarfirði skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um þorsk- og ýsuveiðar með nót o. fl.

1. gr.

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera lengri en 30 faðmar á teini. Poki styttri nóta skal vera minni hlutfallslega.

2. gr.

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

3. gr.

Ráðuneytið getur heimilað þeim aðilum, sem þegar eiga smáriðnari þorsk- og ýsunætur en í fyrirmælum þessum greinir, að nota þær nætur í næstu tvö ár eftir útgáfudag reglugerðar þessarar. Þó skal ávallt, er skipt er um nótabálk, setja bálk með 110 mm lágmarksstærð möskva í stað þess, er tekinn er í burtu.

Umsóknir um notkun þessara nóta skulu sendar ráðuneytinu innan eins mánaðar frá birtingu reglugerðar þessarar og skal umsókninni fylgja sönnun á, hvenær nótin var keypt og flutt til landsins.

4. gr.

Á vetrarvertíð 1965 er óheimilt að kasta nót til veiða á þorski eða ýsu á tímabilinu frá því 1 klst. eftir sólarlag þar til 1 klst. fyrir sólarupprás.

5. gr.

Þorskanet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

6. gr.

Þegar gert er að fiski um borð í veiðiskipi, sem stundar veiðar með nót eða þorskanetjum, er bannað að kasta slógi útbyrðis á veiðisvæðinu.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld fyrirmæli um gerð þorsk- og ýsunóta frá 5. febrúar 1965.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 27. marz 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga, nr. 71 30. des. 1963, svo sem hér segir:

Reykjavík:
Miklabraut frá vegamótum Elliðavogar, Hringbraut og Eiðsgrandi að mörkum Seltjarnarneshrepps, Kringlumýrarbraut frá Fossvogslæk að Sætúni við Kirkjusand, Sætún að Laugarnesi, Kleppsvegur og Elliðavogur að Miklubraut vestan Elliðaáa.

Seltjarnarnes:
Eiðsgrandi frá mörkum Reykjavíkur að Nesvegi hjá Mýrarhúsaskóla.

Garðahreppur:
Vífilsstaðavegur frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut.

Kópavogur:
Hafnarfjarðarvegur frá Fossvogslæk að Kópavogslæk.

Hafnarfjörður:
Frá Hafnarfjarðarvegi í Engidal um Reykjavíkurveg um nýja götu samhliða Strandgötu og framhald hennar suður yfir Hvaleyrarholt að vegamótum Reykjanesbrautar.

Innri-Njarðvík:
Njarðvíkurvegur frá gömlu Reykjanesbraut um Njarðvíkurbraut að Hafnargarði.

Ytri-Njarðvík:
Sjávargata frá Reykjanesbraut að hafnargarði.

Keflavík:
Reykjanesbraut frá mörkum Njarðvíkuhrepps um Flugvallarveg og Hringbraut að mörkum Gerðahrepps norðan bæjarins.

Sandgerði:
Reykjanesbraut frá mörkum 200 m norðan Brekkustígs um Norðurgötu og Suðurgötu að vegamótum Miðnesheiðarvegar með álmu niður að höfn um Brekkustíg að Tjarnargötu.

Grindavík:
Víkurbraut frá vegamótum Grindavíkurvegar að kirkju með álmu um Ægisgötu að höfn.

Akranes:
Akranesvegur frá vegamótum Akrafjallsvegar, um Stillholt, Kirkjubraut, Akursbraut og Hafnarbraut að hafskipabryggju.

Borgarnes:
Borgarnesbraut frá verksmiðjuhúsi Galvanó hf. um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

Hellissandur:
Aðalgatan um kauptúnið frá Hraunprýði við Útnesveg að Selhóli.

Ólafsvík:
Ólafsvíkurvegur frá gatnamótum Sandholts á Ytra-Klifi um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð, með álmu að höfn frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Grafarnes:
Grundarfjarðarvegur frá Gilósi um Grundargötu vestur fyrir byggð með álmu að höfn um Framnesveg.

Stykkishólmur:
Stykkishólmsvegur frá gatnamótum Skipavíkurvegar um Túngötu að höfn.

Patreksfjörður:
Barðastrandarvegur frá Bergsstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

Bíldudalur:
Ketildalavegur frá vegamótum Barðastrandarvegar við Litlu-Eyri um aðalgötuna í kauptúninu að Jaðri með álmu niður að bryggju.

Þingeyri:
Vestfjarðavegur og Svalvogavegur frá Vegamótum við Vestfjarðaveg um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogaveg með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

Flateyri:
Flateyrarvegur frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:
Súgandafjarðarvegur frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við brimbrjót.

Bolungarvík:
Bolungarvíkurvegur frá stað 200 m sunnan við Hólsá um nýjan veg og brú yfir ána, um Aðalgötu norður á móts við brimbrjót og niður á brimbrjót.

Hnífsdalur:
Bolungarvíkurvegur frá aðalspennistöð, um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör, svo langt sem sjóvarnargarðurinn nær.

Ísafjörður:
Vestfjarðavegur og Bolungarvíkurvegur frá Engi við Vestfjarðaveg um Seljalandsveg, um nýjan veg, Túngötu og Hnífsdalsveg að hafnarmerki við Bolungarvíkurveg, með álmu um Hafnarstræti, Aðalstræti og Suðurgötu niður að hafnarbakka á Suðurtanga í Neðstakaupstað.

Hólmavík:
Strandavegur frá Hvoli um aðalgötuna í kauptúninu inn á móts við bryggju og niður á bryggjutanga.

Hvammstangi:
Vatnsnesvegur frá vegamótum Bröttugötu að félagsheimili. Brattagata að höfn, yfir Hvammsá að Vatnsnesvegi við félagsheimili.

Blönduós:
Aðalgata frá Norðurlandsvegi. Skagavegur frá Norðurlandsvegi um Húnabraut að sláturhúsi.

Höfðakaupstaður:
Skagavegur frá vegamótum austan við félagsheimili, um Fellsbraut, Oddabraut, Strandgötu og Skagaveg um 150 m norður fyrir gatnamót Bankastrætis.

Sauðárkrókur:
Sauðárkróksbraut og Skagavegur frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut um Skagfirðingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg að frystihúsi við Skagaveg. Siglufjarðarvegur frá NV horni flugvallar um Hegrabraut að Skagfirðingabraut.

Hofsós:
Suðurbraut frá Siglufjarðarvegi yfir Hofsá að bryggju. Skólavegur frá Suðurbraut að skóla.

Siglufjörður:
Siglufjarðarvegur frá Dalabæ um Hvanneyrarbraut, Aðalgötu og Gránugötu og Tjarnargötu að höfn.

Ólafsfjörður:
Ólafsfjarðarvegur frá gatnamótum þvergötu að hafnargarði, um Aðalgötu að brú á Fjarðará, með álmu að hafnargarði.

Dalvík:
Ólafsfjarðarvegur frá barnaskóla um Skíðabraut, Hafnarbraut og Karlsbraut að Brimnesá, með álmu að höfn.

Akureyri:
Norðurlandsvegur frá Sjónarhóli um Hörgárbraut, Glerárgötu, um veg skv. skipulagi austan Hafnarstrætis og Aðalstrætis að vegamótum flugvallarvegar.

Húsavík:
Þingeyjarsýslubraut frá Hjarðarholti um Stangarbakka, yfir Búðarárgil um Héðinsbraut að Baldurshaga.

Raufarhöfn:
Þingeyjarsýslubraut frá Klifi um Aðalgötu að barnaskóla.

Þórshöfn:
Langanesvegur frá Bakkalæk um aðalgötu í gegnum kauptúnið að hreppamörkum við olíustöð, með álmu að höfn.

Vopnafjörður:
Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur frá læknisbústað fram hjá félagsheimili að Hólmum, með álmu að bryggju hjá kaupfélagi.

Egilsstaðir:
Selás frá Norðfjarðarvegi að gatnamótum Laufáss.

Seyðisfjörður:
Fjarðarheiðarvegur frá Hóli um Vesturveg að Seyðisfjarðarvegi, Seyðisfjarðarvegur frá austurmörkum lóðar Síldarverksmiðju ríkisins um brú á Fjarðará að götu að Vélsmiðjunni Stál.

Neskaupstaður:
Norðfjarðarvegur frá vegamótum flugvallarvegar um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:
Norðfjarðarvegur frá mörkum 310 m austan Bleiksár, um Strandgötu og upp með Lambeyrará, að gatnamótum Hátúnsvegar. Viðfjarðarvegur frá Norðfjarðarvegi um Strandgötu að austustu húsunum, 330 m austan Hlíðarendaár.

Reyðarfjörður:
Norðfjarðarvegur frá Kvíagilslæk um Aðalbraut að læk við Neðri-Bakka.

Fáskrúðsfjörður:
Suðurfjarðavegur frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Búðalæk.

Djúpivogur:
Djúpavogsvegur frá mörkum 200 m sunnan prestseturs fram hjá kirkju að höfn.

Höfn í Hornafirði:
Hafnarvegur frá gatnamótum sunnan Fiskhóls fram hjá félagsheimili að gatnamótum hjá Hótel Skálholti.

Vík í Mýrdal:
Aðalgatan frá Suðurlandsvegi austan við Víkurá að verzlunarhúsum VVS.

Vestmannaeyjar:
Skólavegur og Flugvallarvegur frá Strandavegi að flugvelli.

Selfoss:
Suðurlandsvegur frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugardælavegar vestri. Eyrarbakkavegur frá Suðurlandsvegi um Eyrarveg að Fossheiði.

Stokkseyri:
Gaulverjabæjarvegur frá Sandfelli að Baldurshaga. Holtsvegur frá Gaulverjabæjarvegi að Pálsbæ.

Eyrarbakki:
Eyrarbakkavegur frá vegamótum vestan Vinnuhælis vestur fyrir kauptúnið.

Hveragerði:
Reykjavegur frá Suðurlandsvegi um Breiðumörk og Varmahlíð að brú á Varmá.

Þorlákshöfn:
Þorlákshafnarvegur frá mörkum kauptúns að A-götu (870 m) um A-götu að syðri hafnargarði.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkv. 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkv. reglugerð um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum frá 2. desember 1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1965

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Súðavíkurhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. marz 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Súðavíkurhrepps.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af hjónunum Þuríði Magnúsdóttur og Grími Jónssyni frá Súðavík, til minningar um Jón Valgeir Hermannsson, bónda í Súðavík og konu hans, Guðrúnu Jóhannesardóttur, Súðavík.

Sjóður þessi tekur við eignum Sjúkrasamlags- og styrktarsjóðs Súðavíkurhrepps, sem stofnaður var árið 1929 af Jóni V. Hermannssyni, bónda í Súðavík, og Grími, bónda í Súðavík, syni hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 213 750.00.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru því fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að hlúa að menningarmálum í Súðavíkurhreppi. Má til þess verja helmingi árlegra vaxtatekna sjóðsins. Hinn helminginn skal leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða. Stjórn sjóðsins ráðstafar fé hans árlega á afmælisdegi Gríms Jónssonar, 5. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 5. apríl 1970, í samræmi við markmið sjóðsins. Styrkþegar geta verið einstaklingar, stofnanir og aðrir aðilar eða önnur þau málefni, sem stuðla að markmiði sjóðsins. Sé ekki úthlutað úr sjóðnum, skal úthlutunarfé leggjast við höfuðstólinn.

Á stofndegi sjóðsins, 5. apríl 1965, skal verja úr honum fé á eftirfarandi hátt: Öllum börnum fæddum á árunum 1960 til 1964, bæði árin meðtalin, skal gefa sparisjóðsbók með 100 króna innstæðu.

Síðan skal árlega gefa úr sjóðnum að minnsta kosti 100 króna afmælisgjöf til hvers barns, sem fætt er í hreppnum almanaksárið hið næsta á undan. Gjöf þessi verði lögð inn á sparisjóðsbók og afhendi formaður sjóðsstjórnar foreldrum eða fjárhaldsmanni barnsins hana á afmælisdegi þess.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur, sýslumaður og oddviti hreppsnefndar. Sjóðsstjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Ráðstöfun úthlutarfé sjóðsins svo og endurskoðaðir reikningar hans, skal hvorttveggja auglýst í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skrá þessari.

27. febrúar 1965.

Grímur Jónsson,
frá Súðavík.

Nr. 46. 2. marz 1965.

REGLUR

um sérfræðileyfi tannlækna.

1. gr.

Til þess að tannlæknar geti fengið leyfi ráðherra til að kalla sig sérfræðing, skal hann sanna fyrir sérfræðinefnd samkv. 2. gr., að hann uppfylli þau skilyrði, sem talin eru í reglum þessum, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni

2. gr.

Sérfræðinefnd skal þannig skipuð, að forstöðumaður tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn.

Þessir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra.

Með sama hætti skal enn fremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

3. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi skal stíla til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, en senda sérfræðinefndinni.

Nefndin skal skila landlækni áliti um umsókn innan þriggja mánaða frá móttöku hennar.

Minnst fjórir af fimm nefndarmönnum þurfa að mæla með umsókn til þess að landlæknir geti mælt með henni. Hljóti umsókn ekki tilskilin meðmæli nefndarinnar, skal hver nefndarmaður gera skriflega grein fyrir atkvæði sínu og skulu greinargerðirnar sendar landlækni ásamt umsókninni.

Niðurstöðu nefndarinnar skal tilkynna umsækjanda jafnframt því, sem hún er send landlækni. Hljóti umsókn ekki tilskilin meðmæli nefndarinnar, skal umsækjanda greint frá forsendum þess.

Sé umsókn hafnað, getur umsækjandi ekki lagt inn nýju umsókn, fyrr en liðið er ár frá því, er honum var tilkynnt synjunin.

4. gr.

Umsækjanda um sérfræðingsviðurkenningu ber að uppfylla eftirfarandi almenn skilyrði eða samsvarandi:

1. Umsækjandi skal hafa tannlækningaleyfi hér á landi og hafa stundað almennar tannlækningar minnst 1 ár allan daginn eða sem því nemur.
2. Umsækjandi skal hafa minnst 2 ár, ekki skemur en 3 tíma á dag, lagt stund á bæði bóklegt og verklegt nám í sérgreininni við stofnun viðurkennda af sérfræðinefndinni og samkvæmt kröfum stofnunarinnar.

b. Umsækjandi skal síðan hafa minnst 1 ár, minnst 6 tíma á dag, eða samsvarandi, verið aðstoðartannlæknir hjá viðurkenndum sérfræðingi í greininni (í privatpraxis, á tannlæknaskóla, eða í annarri tannlækningastofnun).

c. Að öllum jafnaði skal ekki tekið til greina minna en 1 ár á hverjum stað, og eigi skal unnt að ljúka sérnámi á skemmri tíma en 3 árum, að fráskildum sjálfstæðum praxis.

3. Umsækjandi skal síðan, auk þess, sem að framan greinir, hafa minnst 2 ár unnið í sérgreininni undir umsjá tannlæknadeildar Háskóla Íslands.
4. Umsækjanda ber að leggja fram vottorð frá yfirmönnum viðkomandi stofnana um, að öllum fyrrnefndum kröfum hafi verið fullnægt.

5. gr.

Umsækjanda um sérfræðileyfi í tannréttingum ber að uppfylla eftirfarandi sérstök skilyrði, auk hinna almennu skilyrða í 4. gr.:

1. Umsækjandi skal hafa unnið við barnatannlækningar sem svarar ½ ári, minnst 3 tíma á dag.
2. Umsækjandi skal leggja fram úr eigin starfi minnst 15 sjúkraskrár með afsteypum, röntgenmyndum og öðru því, sem nauðsynlegt má teljast til réttrar sjúkdómsgreiningar, og mats á þeirri meðferð, sem sjúklingurinn hefur fengið.

6. gr.

Þar til annað verður ákveðið, skal einungis veita sérfræðileyfi í tannréttingum (orthodonti).

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá ákvæðum 4. og 5. gr. má veita undanþágu þeim, sem hafa byrjað sérfræðinám fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Reglur þessar, sem settar eru af sérfræðinefnd samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 36 26. apríl 1963, um breytingu á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar, öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru hér með staðfestar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. marz 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verði bannaðar á Frakkastíg frá Hverfisgötu að Skúlagötu, vestan megin götunnar.
2. Bifreiðastöður verði bannaðar í Miðstræti, vestan megin götunnar.
3. Felldur verði niður einstefnuakstur í Hátúni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. marz 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 48. 5. febrúar 1965.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 5 á Lyfjaverðskrá frá 1. marz 1963.

Frá og með 25. febrúar 1965 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. febrúar 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 49. 10. marz 1965.

REGLUR

um starfsemi Íslenzkrar málnefndar.

Með bréfi, dags. 30. júlí 1964, hefur menntamálaráðuneytið stofnað nefnd, sem vinna á að íslenzku málverndarstarfi. Þessari nefnd, sem skal bera nafnið **Íslenzk málnefnd,** eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Íslenzk málnefnd er ráðgjafarstofnun. Henni ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málleg efni á fræðilegum grundvelli.

Af sérstökum verkefnum, sem henni ber að sinna, skulu þessi talin:

1. Nefndin skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýyrða og við nýyrðamíði. Auk þess skal hún leitast við að fylgjast með því, hver nýyrði ná festu í málinu.
2. Nefndin skal hafa samvinnu við nýyrðanefndir, sem einstök félög eða stofnanir hafa sett á fót, og vera þeim til aðstoðar.

3. Nefndin skal svara fyrirspurnum, sem henni berast frá stofnunum eða einstaklingum, og leitast við að hafa góða samvinnu við aðilja, sem mikil áhrif hafa á málfar almennings, svo sem blöð, útvarp og skóla. Allar fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.
4. Nefndin skal hafa samstarf við norrænu málefndirnar og senda fulltrúa á hin árlegu þing þeirra, ef við verður komið.

Auk þess getur ráðuneytið falið málnefndinni önnur verkefni, sem varða íslenzkt mál, svo sem stafsetningarmál, ráðgjafarstarf um útgáfu handbóka og kennslubóka o. s. frv.

2. gr.

Í Íslenzkri málnefnd skulu eiga sæti 3 aðalmenn og 1 varamaður, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu 2 aðalmenn vera prófessorar í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands. A. m. k. einn aðalmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenzkri málfræði sem sérgrein. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár. Nefndin kýs sér formann.

3. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna, svo og til sérfræðinga, sem nefndin leitar til. Formaður annast fjárreiður nefndarinnar og gefur ráðuneytinu árlega skýrslu um þær. Hann ræður aðstoðarmann í samráði við nefndina og semur um þóknun til hans í samráði við menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið, 10. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

11. marz 1965. Nr. 50.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Áhaldasjóð Barnaspítala Hringsins, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 11. marz 1965. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Áhaldasjóð Barnaspítala Hringsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Áhaldasjóður Barnaspítala Hringsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 99 991.00, sem félagsskapur hér í bæ hefur aflað og gefið til stofnunar sjóðs þessa. Tekjur hans verða frjáls framlög félaga og einstaklinga, minningargjafir, dánargjafir o. s. frv. Vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma og afborganir af lánum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk og lán til áhaldakaupa fyrir Barnaspítala Hringsins, svo sem lækningatæki, rannsóknartæki og hjúkrunargögn, en ekki má nota fé sjóðsins til kaupa á venjulegum rekstrarvörum.

Enn fremur má veita öðrum deildum Landspítalans styrk og lán til verkfærakaupa, enda séu færð að því rök, að viðkomandi tæki komi Barnaspítala Hringsins að notum, þótt þau séu staðsett utan hans.

4. gr.

Styrk má veita úr sjóðnum, er nemur allt að helmingi verðmætis tækja þeirra, er keypt eru til deilda Barnaspítala Hringsins og lána má stjórn sjúkrahússins allt að sömu upphæð, ef ekki verður á annan hátt aflað fjár til tækjakaupa, enda verði greiddir vextir af láninu, sem eigi eru lægri en venjulegir bankavextir og sjóðnum greiddar árlegar afborganir af láninu.

Styrkur til annarra deilda Landspítalans má verða allt að 25% verðmætis tækjanna og lán allt að 50%.

5. gr.

Yfirlæknir Barnaspítala Hringsins skal ákveða hvernig fé sjóðsins er varið, hver skuli vera hlutföll milli styrkja og lána hverju sinni og í hvaða röð tækja skuli vera aflað. Hann skal undirrita alla lánasamninga og bera ábyrgð á, að skipulagsskrá sjóðsins sé haldin.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Kvenfélagsins Hringsins, sem annast reikninga hans, inn- og útborganir og tekur á móti gjöfum og öðru fé, er sjóðnum kann að áskotnast. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningur félagsins og birtir með öðrum reikningum þess.

Hætti Kvenfélagið störfum skal afhenda sjóðinn stjórn Landspítalans

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema til komi samþykki ¾ hluta atkvæða aðalfundar Kvenfélagsins Hringsins og jafnframt samþykki yfirlæknis Barnaspítala Hringsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 2. maí 1965.

Kvenfélagið Hringurinn.

María Bernhöft. Sigþrúður Guðjónsdóttir. Anna Hjartardóttir.
Hólmfríður Andrésdóttir. Lára Biering.

Nr. 51. 11. marz 1965.

AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 162 28. september 1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis, ákveðið, að kartöflum skuli skipað í flokka sem hér segir:

I. flokkur:
Gullauga (Helga).
Rauðar íslenzkar.
Möndlukartöflur.
Bintje (stærð 45 gr. og stærri).

II. flokkur:
Rya.
Eiginheimer.
Alpha.
Dir. Johannson.
Ackersegen (Akurblessun).
Gular íslenzkar.
King Edward.
Júlí.
Furore.

Eftirgreindar kartöflur, snemmvaxnar tegundir, eru flokkaðar í II. flokk fram til 20. september, en sem III. flokks kartöflur eftir þann tíma:
Skaan.
Saga.
Eva.
Pontiac.

Ráðuneytið hefur staðfest þessa ákvörðun, sem kemur til framkvæmda frá og með næsta uppskeruári, þar til annað verður ákveðið.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. marz 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

12. marz 1965. Nr. 52.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

1. gr.

128. gr. reglna nr. 11 20. janúar 1953, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, orðist þannig:

128.0

Í reglum þessum er með orðunum „ný skip", að því er skip í 1. og 2. flokki samkvæmt þessari grein varðar, átt við skip, sem hafin var smíði á eftir 9. október 1952, en „gömul skip" þau, sem hafin var smíði á fyrir þann tíma.

Varðandi skip í 3., 4. og 5. flokki, samkvæmt þessari grein, er með orðunum „ný skip" átt við skip, sem hafin er smíði á eftir gildistöku reglugerðar þessarar, en „gömul skip" þau, sem áður er hafin smíði á.

Öll þau radíótæki, sem hér er fjallað um eru háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar, sem lætur framkvæma árlega skoðun á hverri skipafarstöð, gefur út lögboðið radíóöryggisvottorð fyrir skipið og tilkynnir skipaskoðunarstjóra hverju sinni um niðurstöður af skoðuninni, svo og annað það, er málið kynna að varða.

Innflutningur radíótækjanna er háður leyfi póst- og símamálastjórnarinnar hverju sinni. Sé um að ræða nýja tækjagerð, ber innflytjanda að láta nákvæmar teikningar og lýsingu framleiðanda á tækjunum fylgja umsókn sinni um leyfi póst- og símamálastjórnarinnar fyrir innflutningi.

128.1 Flokkun stöðva.

1. fl. Farþegaskip, sem flytja 250 farþega eða fleiri.
2. fl. Farþegaskip, sem tilheyra ekki 1. fl. og flutningaskip 1600 br. rúml. eða stærri.
3. fl. A. Flutningaskip, sem hafa 12 manna áhöfn eða fleiri, eru 500 br. rúmlestir eða stærri, en undir 1600 br. rúml. og sigla á milli landa.
   B. Fiskiskip, sem eru stærri en 500 br. rúml. og hafa 12 manna áhöfn eða fleiri, og sigla á milli landa eða stunda veiðar á öðrum miðum en heimamiðum. Öll önnur íslenzk skip, sem hafa 12 manna áhöfn eða fleiri, sem sigla að jafnaði milli landa og sem tilheyra hvorki 1. eða 2. fl.
4. fl. Flutningaskip, sem hafa 11 manna áhöfn eða færri, sem ýmist sigla á milli landa eða við strendur Íslands, sem eru 500 br. rúml. eða stærri, en undir 1600 br. rúml.
5. fl. Öll önnur íslenzk skip, sem búin eru talstöð, eru 15 br. rúmlestir eða stærri, en undir 500 br. rúmlestum. Ef bátar undir 15 br. rúmlestum eru búnir talstöð samkv. ósk eiganda, skulu þeir vera háðir eftirliti Landssíma Íslands, varðandi radíóbúnað, en heyra ekki undir reglugerðina að öðru leyti.

128.2 Fjöldi loftskeytamanna.

Sérhvert skip, sem búið er loftskeytastöð og/eða talstöð samkvæmt þessum reglum og sem **ekki** er búið sjálfvirku vekjaratæki, skal hafa loftskeytamenn, eða talstöðvarvörð sem hér segir:

1. fl. 3 loftskeytamenn.
2. fl. 2 loftskeytamenn.
3. fl. 1 loftskeytamann.
4. fl. 1 talstöðvarvörð.
5. fl. 1 talstöðvarvörð.

Sérhvert skip, sem búið er loftskeytastöð og sem enn fremur er búið sjálfvirku vekjaratæki, skal hafa loftskeytamenn sem hér segir:

1. fl. 2 loftskeytamenn.
2. fl. 1 loftskeytamann.
3. fl. 1 loftskeytamann.

Enn fremur verða skip í 4. og 5. flokki að hafa einn talstöðvarvörð.

128.3 Vaktþjónusta.

Þegar skip er búið loftskeytastöð, samkvæmt þessum reglum, en ekki sjálfvirku vekjaratæki, skal haldinn vörður sem hér segir:

1. fl. stöðugur vörður meðan skipið er í sjó.
2. fl. 16 klukkustunda vörður, samkvæmt alþjóðlegum reglum, miðað við svæði það, sem skipið er statt á hverju sinni.
3. fl. A. 8 klukkustunda vörður, samkvæmt alþjóðareglugerð.
3. fl. B. Óákveðinn vörður.
4. fl. Óákveðinn vörður.
5. fl. Óákveðinn vörður.

Ef skip, sem búið er loftskeytastöð, er enn fremur búið sjálfvirku vekjaratæki, skal halda vörð sem hér segir:

1. fl. 16 klukkustundir á sólarhring, samkvæmt ákvörðun alþjóðareglugerðar.
2. fl. 8 klukkustundir á sólarhring.

3. fl. Óákveðinn og ákvarðast af skipstjóra hverju sinni.
4. fl. Óákveðinn vörður.
5. fl. Óákveðinn vörður.

Loftskeytamanni eða talstöðvarverði á þeim skipum, sem hafa óákveðinn hlustvörð, ber þó skylda til að hlusta á útköllunartímum þeirra stöðva, sem hann getur átt von á skeyti frá.

128.4 **1. flokkur.**

Skip í þessum flokki skulu búin radíótækjum sem hér segir:

1. Loftskeytastöð, sem sé a. m. k. 300 wött í loftnet, á tíðnisviðinu 405—535 kc/s og sem fullnægir öllum kröfum, innlendum sem alþjóðlegum, mótun A1, A2. Stöðin sé rekin frá ljósneti skipsins.
2. Neyðarloftskeytastöð, 150 wött í loftnet. Rekin frá einföldu setti rafgeyma 36 volta, sem hafi nægilega rýmd til að reka stöðina, ásamt einu viðtæki, undir fullu álagi í a. m. k. 6 klst. samfleytt. Mótun A1, A2, sömu tíðnir og á aðalstöð, þannig að hún geti komið í stað hennar. Neyðarloftskeytastöðin skal hafa sérstakt loftnet óháð öðrum loftnetum.
3. Stuttbylgjustöð á tíðnisviðinu 4 til 27.5 Mc/s, a. m. k. 300 wött í loftnet. Mótun A1, A3. Rekin frá ljósneti skipsins. Stöðin fullnægi öllum kröfum innlendum sem alþjóðlegum.
4. Þrem viðtækjum. Eitt viðtækjanna hafi a. m. k. tíðnisvið frá 410 kc/s til 23Mc/s. Annað 100 Kc/s til 3600 Kc/s og skal það búið auk reksturs frá ljósneti, sé hann fyrir hendi, möguleika á rekstri frá rafgeymum. Þriðja tækið skal hafa tíðnisvið frá 100 Kc/s til 23 Mc/s. Æskilegt er, en ekki skylda, að hafa aukaviðtæki, sem rekið er frá rafgeymum og faststillt á 500 Kc/s.
5. Miðunarstöð af viðurkenndri gerð. Miðunarstöðin skal leiðrétt árlega, eða a. m. k. athugun á réttleika hennar framkvæmd af fagmönnum. Stöðina má reka, hvort sem vill, frá ljósneti skipsins eða neyðarraforku. Æskilegt er að stöðin geti auk sviðsins 100 til 535 Kc/s, einnig miðað á sviðinu 1500—2500 Kc/s.
6. Sjálfvirku vekjaratæki, viðurkenndu af Landssíma Íslands. Auk bjöllu í loftskeytaklefa og í svefnklefa loftskeytamanns, skulu vera bjöllur í kortaklefa og stjórnklefa.
7. Tveim færanlegum lífbátastöðvum, sem fullnægja alþjóðlegum reglum. Þær skulu geymdar í þilfarshúsi, sitt hvoru megin á bátaþilfari, þar sem auðvelt sé að ná til þeirra. Þetta ákvæði fellur niður, ef skipaskoðunarstjóri ákveður að skipið skuli búið fastri lífbátastöð í a. m. k. tveim björgunarbátum. Lífbátastöðvarnar skulu, auk venjulegs lífbátaloftnets, búnar drekaneti eða loftnetsstöng til notkunar í gúmmíbátum.
8. Sjálfvirkum lykli, tengdum með skiptibúnaði við aðalstöð, neyðarstöð og sjálfvirka vekjaratækið, þannig að hægt sé að senda inn á það vekjaramerkin við prófanir með sérstökum merkjagjafa. Lykill þessi skal vera rafdrifinn frá neyðarraforku.
9. Radar af viðurkenndri gerð.
10. Loftskeytatækin skulu vera staðsett í loftskeytaklefa í sömu þilfarshæð og stjórnklefi skipsins. Öruggt samband skal vera milli loftskeytaklefa annars vegar og stjórnklefa og klefa skipstjóra hins vegar, með síma, óháðum hinu venjulega talkerfi skipsins.
11. Í loftskeytaklefa skal vera góð klukka með skífu a. m. k. 12 cm í þvermál, merktum þagnarbilum bæði fyrir 2182 kc/s og 500 kc/s, einnig vekjaramerkjum. Klukkan skal hafa sekúnduvísir, sem fylgir ytri brún skífunnar og vera staðsett

þannig, að loftskeytamaður eigi auðvelt með að fylgjast með henni úr sæti sínu við afgreiðsluborð.

12. Æskilegt er, að músíkloftnet hafi gegntak í loftskeytaklefa og að loftnetsmagnari sé staðsettur þar. Þetta loftnet skal hafa rofa, annað hvort handvirkan eða sjálfvirkan, þannig að um leið og miðunarstöð er stillt á notkun, rofni loftnetið. Séu músíkloftnet með gegntaki annars staðar, skulu þau vera í a. m. k. 50 feta fjarlægð frá miðunarstöð og ekki hærri en nemi við neðri brún rammanets.
13. Sé miðunarstöð staðsett á brúarþaki, skal hún vera sem næst miðlínu skipsins. Ef radar er einnig staðsettur þar, skal hann vera aftar en miðunarstöð og í a. m. k. 10 feta fjarlægð frá og beint aftur af henni. Á brúarþaki má ekkert vera, sem truflar réttleika miðunarstöðvar. Ef ljóskastarar eru staðsettir þar, skulu þeir ekki vera hærri en að efri brún þeirra nemi við neðri brún rammanets og ekki nær en 10 fet, hins vegar mega þeir vera framar en miðunarstöð.

128.5 **2. flokkur.**

Skip í þessum flokkum skulu búin radíótækjum sem hér segir:

1. Loftskeytastöð sem fullnægir öllum kröfum innlendum sem alþjóðlegum, hefur tíðnisvið frá 405—535 Kc/s og er rekin frá ljósneti skipsins. Mótun A1, A2. Hefur a. m. k. 150 sjómílna langdrag, (þ. e. 76 meteramper) á 500 Kc/s.
2. Neyðarloftskeytastöð, sem auk 500 Kc/s skal hafa a. m. k. 2 aðrar tíðnir, ákveðnar af póst- og símamálastjórninni. Stöðin skal rekin frá einföldu setti rafgeyma 24 eða 36 voltum, sem hafa næga rýmd til að reka stöðina í 6 klst. samfleytt með fullu álagi ásamt einu viðtæki. Mótun A2. (Æskilegt er að hafa einnig mótun A1, þannig að neyðarstöð geti komið í stað aðalstöðvar). Stöðin skal hafa 100 sjómílna langdrag, (þ. e. 45 meteramper) á 500 Kc/s. Orku frá neyðarrafgeymum má aðeins nota fyrir radíótæki stöðvarinnar, neyðarlýsingu í loftskeytaklefa, sjálfvirkan lykil, vekjaratækið, miðunarstöð og loftnetsrafliða.
3. A. m. k. tvö viðtæki, sem bæði fullnægja innlendum sem alþjóðlegum ákvæðum um tíðnisvið og annað, og skal annað þeirra vera rekið frá neyðarrafgeymum, eða neyðarraforku. Að sjálfsögðu er einnig heimilt að tækið sé rekið frá ljósneti með skiptibúnaði milli ljósnets og neyðarraforku. Einnig má hafa sérstakt viðtæki, sem eingöngu er rekið frá rafgeymum og sem hefur takmarkað tíðnisvið t. d. 500 Kc/s eingöngu, fellur þá burt skylda um að annað hinna tveggja viðtækja skuli búið möguleika á rekstri frá rafgeymum eða neyðarraforku, en ekki skylda um að hafa tvö viðtæki auk neyðarviðtækis.
4. Miðunarstöð af viðurkenndri gerð. Miðunarstöðin skal leiðrétt árlega, eða a. m. k. athugun á réttleika hennar framkvæmd af fagmönnum. Stöðina má reka, hvort sem vill frá ljósneti skipsins eða frá neyðarraforku. Æskilegt er, að stöðin geti auk sviðsins 100—535 Kc/s, einnig miðað á sviðinu 1500—2500 Kc/s.
5. Færanleg lífbátastöð, sem fullnægir alþjólegum ákvæðum, t. d. um sendingu og viðtöku á 500 og 8364 Kc/s. Stöðin skal, auk venjulegs loftnets fyrir björgunarbáta vera búin drekaloftneti eða loftnetsstöng til notkunar í gúmmíbátum. Stöðin skal vera geymd í þilfarshúsi, á bátaþilfari sem næst björgunarbátum (gjarna í loftskeytaklefa, ef hann uppfyllir það skilyrði), þar sem auðvelt er að ná til hennar.
6. Sjálfvirku vekjaratæki, sem fullnægir alþjóðlegum kröfum. Tæki þetta kemur þó á engan hátt í stað neyðarviðtækis. Þegar loftskeytamaður fer af verði, skal hann ávallt tengja sjálfvirka vekjaratækið við aðalloftnet skipsins eða annað loftnet álíka virkt, og stilla það á viðtöku. Til að stöðva merkið frá tækinu

skal aðeins vera einn rofi, staðsettur í loftskeytaklefa, helzt á tækinu sjálfu. Auk bjöllu í loftskeytaklefa, skal vera önnur í stýrishúsi.

7. Sjálfvirkum lykli, sem sendir vekjaramerkið. Þessi lykill má vera rekinn frá klukkuverki, sem gengur a. m. k. í eina mínútu, þannig að allt merkið komi fram. Hann skal vera tengdur með skiptibúnaði við aðalstöð, neyðarstöð og við sjálfvirka vekjaratækið, þannig að hægt sé að senda inn á það vekjaramerkin, þegar prófanir fara fram.
8. Góðri klukku í loftskeytaklefa og staðsett þannig að auðvelt sé fyrir loftskeytamenn að fylgjast með henni úr sæti sínu við afgreiðsluborð. Klukkuskífan skal vera ekki minni en um það bil 12 cm í þvermál, greinilega merkt vekjaramerkjum og þagnarbilum bæði fyrir morse og tal, með sekúnduvísi, sem fylgir ytri brún skífunnar, þannig að auðvelt sé að handsenda vekjaramerkið, með hliðsjón af klukkunni.
9. Í öllum nýjum flutningaskipum í þessum flokki, svo og öllum farþegaskipum gömlum sem nýjum, er aðskilin (sérstök) neyðarstöð, rekin frá rafgeymum, skilyrði.

   Í gömlum skipum, sem hafa undanþágu frá ákvæði um sérstaka neyðarstöð, samkvæmt alþjóðareglugerð, má aðalstöð og neyðarstöð vera sama stöðin, svo fremi að hún fullnægi ákvæðum um sérraforku, óháða hinu venjulega ljósneti skipsins.
10. Skip, sem tilheyra þessum flokki skulu hafa sérstakt neyðarloftnet, ásamt lengingarspólu, ef með þarf, þannig að auðvelt sé að stilla aðal- eða neyðarstöð við það á tíðnisviðinu milli 410 og 512 Kc/s. Sé ekki hægt vegna rúmleysis t. d. að hafa neyðarloftnet, þá ber að hafa fullbúið aðalloftnet tilbúið til tafarlausrar uppsetningar ef aðalloftnet bilar.

128.6 **3. flokkur A.**

Öll skip í þessum flokki skulu búin radíótækjum sem hér segir:

1. Loftskeytastöð með tíðnisviðinu 405—535 Kc/s, sem er rekin frá ljósneti skipsins, sem hefur a. m. k. 100 wött í loftnet á 500 Kc/s. Mótun A1, A2, og sem fullnægir öllum kröfum innlendum sem alþjóðlegum.
2. Sé um nýtt skip að ræða skal það einnig hafa neyðarloftskeytastöð rekna frá rafgeymum, einföldu setti með næga rýmd til að reka stöðina, ásamt einu viðtæki, undir fullu álagi í 6 klst. samfleytt. Mótun A2, tíðni 500 Kc/s. Æskilegt er þó, að neyðarstöðin hafi mótun A1 og A2 og a. m. k. 2 tíðnir aðrar en 500 Kc/s, þannig að hún geti komið í stað aðalstöðvar.
3. Sé um gamalt skip að ræða, má aðalstöðin vera hvorttveggja aðal- og neyðarstöð, sé hún rekin bæði frá ljósneti skipsins og neyðarrafgeymum (eða neyðarraforku óháðri ljósnetinu) með skiptibúnaði, sem hafa næga rýmd til að reka stöðina, ásamt einu viðtæki, undir fullu álagi í 6 klst. samfleytt. Fellur þá niður ákvæðið um sérstaka neyðarloftskeytastöð, en í stað þess komi þá aukatalstöð, sem má vera rekin frá ljósneti og/eða rafgeymum og skal hún vera a. m. k. 20 wött í loftnet. Þetta ákvæði nær þó ekki til þeirra skipa, sem aðeins sigla við strendur Íslands.
4. Skipið skal búið tveim viðtækjum og skal annað þeirra vera með búnaði til að reka það frá neyðarrafgeymum skipsins, en að sjálfsögðu má það tæki vera rekið bæði frá neyðarrafgeymum og ljósneti skipsins með skiptibúnaði. Bæði þessi tæki skulu hafa tíðnisvið til allra venjulegra viðskipta skipsins. Verði sérstöku viðtæki komið fyrir í skipinu með takmörkuðu tíðnisviði, leysir það skipið ekki frá því að hafa þau tvö viðtæki, sem að framan greinir.

5. Æskilegt er, að skipið sé búið sjálfvirku vekjaratæki, en sé það ekki, fer um vaktþjónustu sem segir í sérreglum um hana.
6. Skipið skal búið sjálfvirkum lykli, sem tengdur sé bæði aðal- að neyðarstöð með skiptibúnaði og enn fremur merkjagjafa til að senda inn á sjálfvirka vekjaratækið vegna prófana, sé það um borð.
7. Sé skipið 500 brl. eða stærra og búið loftskeytastöð samkv. þessum reglum og sigli að jafnaði milli Íslands og annarra landa, skal það, auk þess, sem að framan greinir, búið færanlegri lífbátastöð. Sé um nýtt skip að ræða, skal hún hafa viðtöku og sendingu bæði á 500 og 8364 Kc/s vera bæði sjálfvirk og handvirk og vera auk venjulegs björgunarbátaloftnets búin drekaneti eða loftnetsstöng til notkunar í gúmmíbátum.
8. Sé skipið ekki búið sjálfvirku vekjaratæki, skal það búið einu aukaviðtæki krystalstýrðu á 2182 Kc/s. Tæki þetta má vera staðsett í loftskeytaklefa eða kortaklefa, en í sambandi við hátalara í stjórnklefa, á þeim hátalara má hvorki vera styrkstilli né rofi. Styrkstilli, ásamt rofa skal vera á eða við tækið sjálft. Þetta tæki skal ávallt vera í sambandi, þegar loftskeytamaður er ekki á verði í loftskeytaklefa, nema í þeim tilfellum, sem skipstjórnarmaður telur það ekki samrýmast öryggi skipsins sjálfs, svo sem í dimmviðri. Tæki þetta má reka frá neyðarraforku, ef svo sýnist.
9. Neyðarljós skal vera í loftskeytaklefa frá neyðarrafgeymum og skal loftskeytamaður sjá um að það sé ávallt í góðu lagi, rofi fyrir það skal vera vel merktur.
10. Góð klukka skal vera í loftskeytaklefa með skífu sem næst 12 cm í þvermál, eða ekki minni, með greinilega merktum þagnarbilum bæði fyrir 500 Kc/s og 2182 Kc/s enn fremur vekjaramerkjunum, og með sekúnduvísi, sem fylgir ytri brún skífunnar. Hún skal vera þannig staðsett, að auðvelt sé fyrir loftskeytamanninn að fylgjast með henni úr sæti sínu við afgreiðsluborð og þannig mögulegt að handsenda vekjaramerkin með nægilegri nákvæmni.
11. Orku frá neyðarrafgeymum má aðeins nota fyrir radíótæki stöðvarinnar og neyðarlýsingu í loftskeytaklefa, að öðru leyti vísast til sérákvæða í þessari reglugerð um notkun neyðarraforku. (Sjá „rafgeymar".)
12. Sé skipið búið miðunarstöð og radar fer um þau tæki eins og segir í sérákvæðum í þessari reglugerð.

128.7 3. flokkur B.

Skip í þessum flokki skulu búin radíótækjum sem hér segir:

1. Loftskeytastöð með tíðnisviðinu 405—535 Kc/s, sem sé rekin frá ljósneti skipsins. Mótun A1, A2, og sem fullnægir öllum ákvæðum innlendum sem alþjóðlegum.
2. Talstöð með tíðnisviðinu 1605—4000 Kc/s. Sé rekin frá rafgeymum, sem hafi nægjanlega rýmd til að reka stöðina ásamt einu viðtæki í a. m. k. 6 klst. samfleytt undir fullu álagi. Talstöð þessi skal vera a. m. k. 40 wött í loftnet
3. Séu þessi skip búin loftskeytastöð/talstöð, rekinni frá ljósneti og rafgeymum, með skiptibúnaði, fellur ákvæðið um sérstaka talstöð niður.
4. Skipið skal búið tveim viðtækjum með venjulegu tíðnisviði til allra almennra nota og skal annað þeirra vera búið möguleika á rekstri frá neyðarrafgeymum stöðvarinnar.
5. Auk þeirra viðtækja, sem að framan greinir, skal skipið búið einu viðtæki krystalstýrðu á 2182 Kc/s. Tæki þetta má vera staðsett í loftskeyta- eða kortaklefa, en í sambandi við hátalara staðsettan í stjórnklefa skipsins, á honum má hvorki vera styrkstillir eða rofi, en hvorttveggja skal vera á eða við tækið sjálft. Þetta tæki skal ávallt vera í sambandi, þegar loftskeytamaður eða tækja-

vörður eru ekki á verði í loftskeytaklefanum, nema í þeim tilfellum, sem skipstjórnarmaður telur það ekki samrýmast öryggi skipsins sjálfs, svo sem í miklu dimmviðri.

6. Góð klukka skal vera í loftskeytaklefa með merktum þagnarbilum bæði fyrir 500 og 2182 Kc/s, enn fremur vekjaramerkinu. Sekúnduvísir skal fylgja ytri brún skífunnar. Klukkan skal vera þannig staðsett að loftskeytamaður eigi auðvelt með að senda vekjaramerkin frá sæti sínu við afgreiðsluborð.
7. Neyðarljós skal vera í loftskeytaklefa, ávallt í góðu lagi og rofi þess vel merktur.
8. Sé skipið búið miðunarstöð og radar fer um þau tæki eins og segir í sérákvæðum í þessari reglugerð.

128.8 **4. flokkur.**

Skip í þessum flokki skulu búin radíótækjum sem hér segir:

1. Talstöð, sem fullnægir öllum kröfum innlendum sem alþjóðlegum um gerð og búnað. Tíðnisvið 1605—4000 Kc/s, krystalstýrð og a. m. k. 70 wött í loftnet, ómótuð burðarbylgja. Stöð þessi má vera rekin frá ljósneti skipsins eingöngu.
2. Sé um nýtt skip að ræða og ef það siglir á milli landa, skal það enn fremur vera búið annarri talstöð, sem rekin sé frá rafgeymum, sem hafa nægilega rýmd til að reka stöðina, ásamt einu viðtæki, undir fullu álagi, í a. m. k. 6 klst. samfleytt. Stöð þessi skal auk tíðninnar 2182 Kc/s vera búin a. m. k. 4 öðrum tíðnum, sem póst- og símamálastjóri ákveður og vera a. m. k. 20 wött í loftnet.
3. Fullnægjandi telst að skip í þessum flokki hafi eitt sett neyðarrafgeyma, sé önnur stöðin rekin frá ljósneti, annars tvöfalt sett.
4. Tvö viðtæki með fullkomnu tíðnisviði til allra venjulegra viðskipta og skal annað þeirra vera rekið frá neyðarrafgeymum, eða með skiptibúnaði fyrir rafgeymarekstur, sé það rekið frá ljósneti skipsins.
5. Auk þessara viðtækja, skal skipið búið einu viðtæki krystalstýrðu á 2182 Kc/s. Tæki þetta má vera staðsett í loftskeytaklefa en í sambandi við hátalara í stjórnklefa, á honum má hvorki vera rofi né styrkstillir, heldur skal það vera á eða við tækið sjálft. Þetta tæki skal ávallt vera stillt á viðtöku, þegar tækjavörður er ekki á verði í loftskeytaklefa, nema í þeim tilfellum, sem skipstjórnarmaður telur það ekki samrýmast öryggi skipsins, svo sem í miklu dimmviðri.
6. Ef skipið siglir að jafnaði milli landa skal það búið færanlegri líftbátastöð. Sé um nýtt skip að ræða, skal hún geta sent og tekið á móti bæði á 500 og 8364 Kc/s og vera bæði sjálfvirk og handvirk og vera, auk björgunarbátaloftneta búin drekaneti eða loftnetsstöng til notkunar í gúmmíbátum.
7. Góð klukka skal vera í loftskeytaklefa með skífu um 12 cm í þvermál, merkt þagnarbilum fyrir 2182 Kc/s. Hún skal vera þannig staðsett að auðvelt sé að fylgjast með henni úr sæti tækjavarðar við afgreiðsluborð.
8. Hleðslubúnaður skal vera öruggur og ávallt í góðu lagi. Neyðarljós í loftskeytaklefa vera þannig staðsett, að það beri sem bezta birtu á stillihnappa tækjanna og rofi þess vel merktur.
9. Gömul skip í þessum flokki mega vera búin færanlegri líftbátastöð, sem uppfyllir ekki þær reglur sem um getur í 6. lið, hafi hún verið staðsett í skipinu fyrir gildistöku þessara reglna.
10. Ef skipið er búið miðunarstöð og radar, fer um þau tæki eins og segir í sérreglum í þessari reglugerð.

128.9 **5. flokkur.**

1. Öll skip í þessum flokki 15 br. rúmlestir og stærri, en minni en 500 br. rúmlestir, skulu búin talstöð m. a. m. k. 10 watta orku í loftnet, ómótuð burðar-

bylgja. Talstöðvar þessar skulu vera krystalstýrðar á tíðnum, sem póst- og símamálastjórnin ákveður hverju sinni, vera reknar frá tvöföldu setti rafgeyma með góðum hleðslubúnaði, fjórföldum hníf, sem skiptir fjórum pólum á tvo vegu, með rofa til að rjúfa hleðslustrauminn. Það er ekki krafa, en æskilegt að hleðslubúnaðinum fylgi: Straummælir með hleðslu/úthleðslu, spennumælir fyrir spennu rafgeyma og sjálfvirkur útsláttarrofi. Hvort rafgeymasettið um sig skal hafa næga rýmd til að reka stöðina ásamt viðtæki undir fullu álagi í 5 klst. samfleytt. Heimilt er, sé þess óskað, að reka stöðina frá einföldu setti rafgeyma, sé stöðin einnig rekin frá ljósnetinu með mótorrafal milli ljósnets og talstöðvar, sem gefi réttar spennur inn á stöðina, eða með transistororkugjafa. Undir engum kringumstæðum er heimilt að tengja rakspennunet beint við talstöðina, Ef um einfalt sett rafgeyma er að ræða, skulu þeir hafa næga rýmd til að reka stöðina, ásamt einu viðtæki, undir fullu álagi í 6 klst. samfleytt.

2. Skipið skal búið einu viðtæki a. m. k., sem hefur tíðnisvið, sem fullnægir íslenzkum kröfum. Tæki þetta má vera krystalstýrt með stillihnappabúnaði, en skal þá einnig vera handstýrt með handskiptingu milli búnaða.
3. Í öllum nýjum skipum 30 rúmlestir eða stærri og eldri skipum, þar sem því verður við komið skulu radíótæki vera staðsett á stjórnpalli í sérklefa, þ. e. öðrum en stýrishúsi og svo vel varin gegn raka og ágjöf sem kostur er á.
4. Verði misbrestur á þessu skal eftirlitsmaður póst- og símamálastjórnarinnar tilkynna það skipaskoðunarstjóra, sem þá tekur ákvarðanir í samráði við póst- og símamálastjórnina um úrbætur og hvort stöðva skuli skipið meðan úrbætur eru framkvæmdar. Í minni skipum en 30 br. rúml. er heimilt að hafa tækin í vatnsþéttum skáp, sem trúnaðarmenn póst- og símamálastjórnarinnar taka gildan. Eigi skal láta tækin um borð, fyrr en gengið hefur verið frá skápum í stýrishúsi.
5. Af öryggisástæðum er mjög óæskilegt að hafa radíótækin neðan þilfars. Þó skal í vissum tilfellum heimilt að koma tækjunum fyrir í hásetaklefa eða káetu, sé þess enginn kostur að koma þeim fyrir á stjórnpalli, en leyfi radíóeftirlitsmanns og skipaskoðunarstjóra skal koma til hverju sinni.
6. Öll ný skip í þessum flokki skulu auk aðalviðtækis búin einu viðtæki faststilltu á 2182 Kc/s, enn fremur tæki því, sem um getur í gr. 128.10.4.
7. Gömul skip skulu einnig búin framangreindum tækjum í síðasta lagi einu ári eftir gildistöku þessara reglna, þó er skipaskoðunarstjóra heimilt að gefa eins árs frest til viðbótar gegn skriflegri umsókn skipseiganda.

128.10 Færanlegar lífbátastöðvar.

1. Öll ný íslenzk farþegaskip 500 br. rúmlestir og stærri svo og öll íslenzk flutningaskip 500 br. rúml. og stærri, skulu búin færanlegri lífbátastöð, sem fullnægir alþjóðlegum köfum um sendingu og viðtöku á 500 og 8364 Kc/s, eru handvirkar og sjálfvirkar og sem hafa hlotið viðurkenningu Landssíma Íslands og skipaskoðunarstjóra.
2. Gömul skip með færanlega lífbátastöð eru undanþegin þessum ákvæðum hafi stöðin verið staðsett um borð fyrir gildistöku þessara reglna.
3. Auk þess að vera búin loftneti fyrir björgunarbáta, skulu þær vera búnar drekaneti eða stangarneti til notkunar í gúmmíbátum og gildir það um allar færanlegar lífbátastöðvar gamlar sem nýjar.
4. Öll íslenzk skip, sem skyld eru samkvæmt þessum reglum að hafa loftskeytastöð og/eða talstöð og gúmmíbát, skulu vera búin radíóbaujum eða talstöð/viðtæki, rafhlöðudrifnum, eða handsnúnum, og með stangarneti og vera fyrir tíðnina 2182 Kc/s.

Þessi tæki skulu hafa hlotið viðurkenningu frá Landssíma Íslands og skipaskoðunarstjóra, vera heyranlegar á góða miðunarstöð í a. m. k. 40 sjómílna fjarlægð yfir sjó.

Sé um radíóbaujur að ræða, skulu þær vera tónmótaðar með tíðni, ekki lægri en 850 og ekki hærri en 1050 rið.

Rafhlöður skulu vera rakavarðar og halda fullu notagildi í eitt ár, án notkunar. Rafhlöðurnar skulu endast í a. m. k. 48 klst., miðað við stöðuga útsendingu og hlustun.

5. Verði um frest að ræða á gildistöku reglna um búnað gúmmíbáta að því er varðar radíóbaujur eða talstöðvar/viðtæki, skal hann ákvarðast af skipaskoðunarstjóra.

128.11 Miðunarstöðvar.

1. Þessar reglur ná til allra skipa í öllum flokkum, nema þar sem sérreglur gilda. Þegar miðunarstöð er komið fyrir á brúarþaki í nýju skipi, skal rammanetið ávallt vera í miðlínu skipsins, eða svo nálægt henni sem nokkur kostur er á.
2. Þegar radar er komið fyrir á brúarþaki, skal hann ávallt vera þannig staðsettur, að hann valdi sem minnstri skekkju á miðunarstöð, lengst frá henni og undir engum kringumstæðum nær en 1 m.
3. Þegar rammaneti miðunarstöðvar hefur verið komið fyrir annars staðar en á brúarþaki, t. d. við afturmastur, fellur ákvæðið um staðsetningu radars niður.
4. Andanesljós skulu vera aftar en miðunarstöð, sé hvoru tveggja komið fyrir á brúarþaki. Í engu tilfelli skulu þau vera nær rammaneti en 1 metra og sem næst miðlínu skipsins.
5. Leiðrétting á miðunarstöð skal vera háð ákvörðunum skipstjóra, nema í skipum 1600 br. rúml. eða stærri. Þar skal leiðrétt sem næst árlega, eða a. m. k. árleg athugun á réttleika hennar, framkvæmd af fagmönnum.
6. Þegar ókleift er að staðsetja miðunarstöð nema svo aftarlega á brúarþaki, að útilokað er að koma radar fyrir, aftan hennar í tilskilinni fjarlægð, má staðsetja hann fyrir framan miðunarstöð, en þá skal fjarlægðin vera a. m. k. 1.5 metrar.

128.12 Sjálfvirkt vekjaratæki.

1. Á þeim skipum, sem samkvæmt þessum reglum eru búin sjálfvirku vekjaratæki, skal loftskeytamaður, um leið og hann fer af verði, fullvissa sig um að tækið sé í lagi, tengja það við aðalloftnet, eða annað loftnet álíka virkt og stilla það á viðtöku.
2. Ef tækið er ekki í lagi, og geti loftskeytamaður ekki framkvæmt viðgerð, ber honum að tilkynna það þegar í stað til skipstjóra eða yfirmanns á verði, einnig ber honum að færa það í dagbók loftskeytastöðvarinnar.
3. Loftskeytamanni ber að láta framkvæma viðgerð á tækinu í fyrstu viðkomuhöfn skipsins, tilkynna skipstjóra, þegar tækið er komið í lag og færa það í dagbók loftskeytastöðvar.

128.13 Dagbók.

1. Loftskeytamanni ber að halda dagbók og færa í hana daglega allt það, er máli skiptir um vélar, áhöld og viðburði varðandi loftskeytastöð eða talstöð skipsins. Allt um viðskipti og varðgæzlu, um daglegar prófanir á neyðarstöð skipsins, sé hún fyrir hendi. Honum ber einnig að færa inn í dagbókina prófanir á sjálfvirka vekjaratækinu og hvort hann heldur vaktina eða tækið.

2. Dagbókina skal færa í tvíriti, og skal hún geymd í loftskeytaklefa í 14 mánuði miðað við dagfærslu og skal dagbókin ávallt liggja frammi til athugunar fyrir eftirlitsmenn og einnig ber að skila afriti af henni ef þurfa þykir.

128.14 Rafgeymar.

1. Rafgeymum skal komið fyrir í þar til gerðum kassa eða geymslu, helzt á brúarþaki og vera aðgengilegir svo að auðvelt sé að framkvæma á þeim athuganir, bæta á þá eimuðu vatni og framkvæma á þeim mælingar. Staður skal ætlaður í rafgeymageymslu fyrir sýrumæli.
2. Rafgeymar skulu ávallt vera vel hirtir og hlaðnir og skal það á ábyrgð skipstjóra að svo sé. Sú ábyrgð fellur ekki niður þó um loftskeytamann eða sérstakan tækjavörð sé að ræða á skipinu, en að sjálfsögðu eru þeir ábyrgir gagnvart skipstjóra.
3. Undir engum kringumstæðum skulu rafgeymar vera neðan dekklínu ef um nýtt skip er að ræða, nema stöðin sé neðan hennar.
4. Orku frá neyðarrafgeymum má aðeins nota fyrir: Radíótæki stöðvarinnar, neyðarlýsingu í loftskeytaklefa, sjálfvirkt vekjaratæki, sjálfvirkan lykil og miðunarstöð.
5. Rafgeymar skulu mældir með sýrumæli af tækjaverði a. m. k. hálfsmánaðarlega á sumrin, en á þriggja vikna fresti að vetrinum, bætt á vatni eftir þörfum og fullhlaðnir. Rafgeymar skulu ávallt hafa næga orku til þess að hægt sé að reka stöðina, ásamt einu viðtæki, með fullu álagi í 6 klst. samfleytt.
6. Hleðslubúnaður skal ávallt vera í fullkomnu lagi og þannig, að þar sem um tvöfalda hleðslu er að ræða, skal vera hægt að afhlaða annað rafgeymasettið, meðan hitt er í hleðslu, þ. e. fjórfaldur hleðsluhnífur, sem skiptir fjórum pólum á tvo vegu, auk þess skal vera hægt að rjúfa hleðslustrauminn með sérrofa á hleðslutöflu. Æskilegt er að straummælir sé í hleðslutöflu, sem sýnir bæði hleðslustraum og úthleðslustraum ásamt spennumæli fyrir rafgeyma, einnig straumloki (Cut out) þannig, að engin hætta sé á, að rafgeymar úthlaðist, ef ljósvél skipsins er stöðvuð.

128.15 Viðhald tækja.

1. Radíóverkstæði Landssíma Íslands sér um uppsetningu og allar viðgerðir innanlands á radíóstöðvum skipanna, og skulu slíkar viðgerðir óheimilar öðrum en þeim mönnum, sem Landssími Íslands hefur veitt leyfi til þeirra starfa.
2. Nú er ný stöð sett upp og skal þá óheimilt að afhenda hana, ef búnaði tækjanna er í einhverju áfátt. Sama máli gegnir, ef um enduruppsetningu á gamalli stöð er að ræða.
3. Sérstaklega skal varúð höfð á, að rafgeymar fyrir stöðina séu í góðu lagi, hlaðnir og standi fulla spennu, þegar tækin eru prófuð og afhent og ber skipseiganda að sjá um að svo sé.
4. Skoðun skal framkvæmd árlega af eftirlitsmönnum Landssíma Íslands á radíóbúnaði skipa. Mega þeir ekki afhenda öryggisvottorð fyrir skipið fyrr en það, sem var í ólagi, hefur verið lagfært. Þó má, í vissum tilfellum, gefa frest um framkvæmd lagfæringa, þegar um lítilsvert atriði er að ræða, sem á engan hátt rýrir öryggi tækjanna, en jafnan skal sá frestur vera sem styztur og skal það mat skoðunarmanna hverju sinni.

128.16 Ýmis ákvæði.

1. Öll skip, sem eru 150 br. rúmlestir og sigla á milli landa, skulu hafa dagsljós morselampa.

2. Æskilegt er, að sjálfvirkur lykill hafi, auk útsendingar á vekjaramerkjunum, möguleika á að senda út SOS og auk þess eitt langt strik, fyrir miðun, og að hann sé rekinn frá neyðarraforku, þannig að hann geti haldið áfram sendingu eftir að skip hefur verið yfirgefið. Þessi aukahlutverk skulu þó á engan hátt trufla útsendingu hans á vekjaramerkjunum.
3. Á öllum skipum í 1., 2. og 3. flokki A skal vera komið fyrir í aðalloftneti, öryggisbúnaði, stuttum enda af veikari vír, samhliða aðalloftneti, þannig að sá endi slitni, ef mikið átak kemur á aðalloftnet, án þess að netið falli niður eða verði óvirkt.
4. Klukka loftskeytaklefa skal ávallt miðast við GMT, og sömuleiðis allar færslur.
5. Þegar varðstundir loftskeytamanns rekast á matmálstíma, þannig að loftskeytamaður hefur ekki aðstöðu til, vegna varðgæzlu, að mæta í borðsal yfirmanna á matmálstíma, á hann heimtingu á að framreiddur sé fyrir hann matur í loftskeytaklefa, sams konar og er á borðum í matsal yfirmanna.
6. Öryggisvottorð fyrir loftskeytastöð eða talstöð eru gefin út til 12 mánaða í senn, þó má, sé skoðun framkvæmd 2 mánuðum fyrir tilsettan tíma gefa þau út til 14 mánaða. Loftskeytamanni eða talstöðvarverði ber skylda til að fylgjast með, hvenær öryggisvottorð rennur út og ber honum þá að tilkynna það eftirlitsmanni Landssímans og beiðast skoðunar. Verði misbrestur á þessu, er það á ábyrgð viðkomandi loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar.
7. Ef ný alþjóðareglugerð felur í sér víðtækari ákvæði en þessar reglur, breytast þær í samræmi við hana.

   Eins ber að hafa í huga, að þau ákvæði alþjóðareglugerðarinnar, sem ekki eru nefnd hér, halda fullu gildi.
8. Undir engum kringumstæðum skal heimilt að reka talstöð beint frá jafnstraumsljósneti, án sérrafals, eða orkugjafa.

   Þegar um riðstraumsnet er að ræða, má reka stöðina beint frá því, enda komi það ekki í bága við ákvæði um sérraforku í neyðartilfellum.
9. Ekki er leyfilegur hleðslubúnaður, sem gefur möguleika á að hlaða og úthlaða samtímis sama geymsettið.
10. Óskermaðar rafleiðslur, sem geta valdið truflunum í loftneti viðtækja, skulu óheimilar, til dæmis rafleiðslur í siglingaljós skipanna, eða aðrar þær leiðslur, sem liggja nálægt loftneti. Slíkar leiðslur skulu ávallt vera skermaðar og skermurinn jarðtengdur.
11. Ljósnetsstraumur skipsins skal ávallt vera fyrir hendi, þegar skipið er í sjó, til tafarlausra afnota fyrir loftskeytamann eða tækjavörð.
12. Nauðsynlegustu verkfæri skulu vera geymd í loftskeytaklefa og skulu vera fyrir öll skip í 1., 2. og 3. flokki: snertipunktaþjöl, 2 venjulegar þjalir, hnífur, skábítur, flatkjafta, þrjú mismunandi skrúfjárn, fínn sandpappír, hreinsivökvi fyrir snertipunkta, tveir skiptilyklar, sett af málmborum og borsveif, ásamt lóðtini, lítið skrúfstykki, lóðbolti fyrir rafspennu skipsins, hamar, sýrumælir og góður volt/ohm/ampermælir, sem getur a. m. k. mælt 1 til 500 milli-amper, 1 til 5 amper, 1 til 1000 volt, 10 til 20.000 ohm.
13. 4. og 5. fl. skulu hafa sýrumæli, en að öðru leyti skal byggt á vélstjóra varðandi verkfæri.
14. Varahlutir fyrir 1., 2. og 3. flokk skulu vera: Eitt sett af varaburstum fyrir hverja vél tilheyrandi loftskeytastöðinni. Tvö öryggi fyrir hvert eitt í notkun. Varaloftnetsvír nægilegt fyrir öll net, sé ekki um sérstakt neyðarnet að ræða, ef sérstakt neyðarnet er þá varavír, nægilegan fyrir það, 50% af einangrurum í notkun. 12 stykki af loftnetsklemmum, 100% af víralásum í notkun, eitt varaheyrnartól, a. m. k. 50% af lömpum miðað við lampa í notkun, 2 vibrastautar fyrir hvern einn í notkun, 100% gaumljóslampar. Tvær neyðarljósaperur, ein

rúlla af einangrunarbandi, legufeiti, olía, viðeigandi öryggjavír fyrir opin öryggi, bindivír, 1 brúsa af carbon Tetrachloride, 6 metra venjulegan tvíleiðara, 6 stk. af krókódílakjöftum.

15. Varahlutar fyrir 4. fl. 50% varalampar. Tvö varaöryggi fyrir hvert eitt í noktun. Eitt sett varabursta fyrir hverja vél. Varaloftnetsvír nægilegur í aðalloftnet og eitt viðtökunet. 50% af einangrurum í notkun.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1965.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 53. 19. marz 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð Áslaugar Maack, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum 19. marz 1965. (Breyting.)

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Líknarsjóðs Áslaugar Maack.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Áslaugar Maack.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Kópavogshrepps, til minningar um Áslaugu Maack, sem var fyrsti formaður félagsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — krónur þúsund —. Sjóðinn skal ávaxta á tryggan hátt, t. d. í sparisjóði eða banka.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja, eftir því sem ástæður leyfa, fjölskyldur eða einstaklinga, sem vegna veikinda eða annarra erfiðleika, þurfa á hjálp að halda.

5. gr.

Höfuðstólinn, kr. 1000.00, má aldrei skerða, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum.

6. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með sölu á minningarspjöldum, áheitum og enn fremur með því að hafa fjáröflunardag, einn eða fleiri, árlega.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega, ásamt reikningum félagsins.

8. gr.

Í stjórn Líknarsjóðs Áslaugar Maack skulur kosnar 5 konur á aðalfundi ár hvert. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum og hefur frjálsar hendur með alla fjáröflun í sjóðinn. Þegar hjálparbeiðnir berast sjóðsstjórn, skal formaður hennar boða til fundar sjóðsstjórn og formann félagsstjórnar, er taki sameiginlega ákvarðanir um allar hjálparbeiðnir. Þegar gengið er frá úthlutun hverju sinni, skal formaður kvenfélagsins ásamt formanni sjóðsstjórnar undirrita hana fyrir hönd félagsins.

9. gr.

Leysist Kvenfélag Kópavogs upp og hætti að starfa, skal bæjarráð Kópavogs kjósa árlega 5 konur í sjóðsstjórnina.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

23. marz 1965. Nr. 54.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. marz 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Stefaníu Guðmundsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður frú Stefaníu Guðmundsdóttur.
Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 250 000.00.
Heimili Minningarsjóðsins er Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er að efla leiklist á Íslandi með því fyrst og fremst að veita íslenzkum leiklistarmönnum styrki til framhaldsnáms erlendis í leik og leikstjórn.

Ekki er hægt að sækja um styrki úr minningarsjóðnum, heldur veitir sjóðsstjórnin árlega einum eða fleiri leiklistarmönnum styrki úr sjóðnum eftir eigin mati, og skal styrkveitingin fara fram á fæðingardegi frú Stefaníu Guðmundsdóttur hinn 29. júní. Sjóðsstjórninni er þó heimilt að fella niður styrkveitingu, ef sérstaklega stendur á, og leggst þá sá styrkur, sem til úthlutunar hefði komið, við höfuðstólinn. Stjóðsstjórninni er þó heimilt að leggja upphæðina til hliðar til viðbótarveitingar næsta ár.

Sjóðsstjórnin skal hefja styrkveitingar úr sjóðnum í síðasta lagi innan fimm ára frá staðfestingu skipulagsskrárinnar.

3. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins, eins og hann er og verður á hverjum tíma, má aldrei skerða. Fyrst í stað heimilast sjóðsstjórninni að úthluta styrkjum samkvæmt

2. gr. fyrir allt að tveim þriðju hlutum vaxtanna, en einn þriðji hluti þeirra leggst við höfuðstólinn. Þegar höfuðstóllinn hefur vaxið svo, að hann nemur kr. 1 000 000.00, er sjóðsstjórninni heimilt að nota alla vextina til styrkveitinga.

4. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans, kr. 250 000.00, svo og þær gjafir og framlög, sem honum kunna að berast í framtíðinni frá einstaklingum og fyrirtækjum. Eignir minningarsjóðsins skulu að svo miklu leyti, sem því verður við komið, hljóða á nafn minningarsjóðsins.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins og ávaxta í ríkistryggðum bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja jafn öruggan.

5. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðsstjórn. Samkvæmt ósk stofnanda sjóðsins hafa þessir menn tekið sæti í fyrstu sjóðsstjórninni:

Þorsteinn Ö. Stephensen, leikari, formaður,

Agnar Kl. Jónsson, ráðuneytisstjóri, ritari,

Torfi Hjartarson, tollstjóri, gjaldkeri.

Hver stjórnarnefndarmaður tilnefnir varamann fyrir sig, sem taka skal sæti í sjóðsstjórninni í fjarveru aðalmanns eða forföllum hans. Varamaður tekur síðan sæti aðalmanns í sjóðsstjórninni við fráfall hans og tilnefnir síðan nýjan varamann og svo koll af kolli. Formaður sjóðsstjórnar skal vera leikari. Í sæti gjaldkera og ritara ber að stefna að því, að jafnan sitji þar einn lögmaður og einn embættismaður, sem kunnugur er styrktarsjóðum.

Fari svo einhverntíma, að stjórn sjóðsins sé ekki fullskipuð skal dómsmálaráðuneytið tilnefna stjórnarnefndarmann í hin auðu sjóðsstjórnarsæti.

Tilnefning sjóðsstjórnarmanns gildir ævilangt. Þó getur dómsmálaráðuneytið vikið manni úr sjóðsstjórninni ef því þykir ástæða til þess, vegna ósæmilegrar framkomu hans eða verknaðar.

Sjóðsstjórnarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín en útlagðan kostnað fyrir störf í þágu minningarsjóðsins geta þeir fengið endurgreiddan af fé hans.

Sjóðsstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðarbók og skráir þar einnig allar ákvarðanir um styrkveitingar og annað, sem hún ræðir um og ákvarðar varðandi minningarsjóðinn og hagsmuni hans.

Ályktanir sjóðsstjórnarinnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef tveir af sjóðsstjórnarmönnum eru sammála um þær.

6. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur og útborganir af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og færður inn í fundargerðarbókina.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðsstjórnarmanna til slíkra breytinga. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans samkvæmt 2. gr. má þó aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Hinn 18. marz 1965.

Í stjórn sjóðsins.

Þorsteinn Ö. Stephensen. **Agnar Kl. Jónsson.** **Torfi Hjartarson.**

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Skaftár í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Skaftár.
Heimili þess og varnarþing er á Kirkjubæjarklaustri.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Skaftá og öðrum ám, er falla í Veiðiós og Skaftárós, en þæru eru:

Sléttaból, Hraunból, Þverá, Stuðlafoss, Foss I, Fagrifoss, Hamrafoss, Foss II, Foss III, Hörgslandskot, Hörgsland I, Hörgsland II, Múlakot, Hörgsdalur, Keldunúpur, Breiðabólsstaður, Prestsbakkakot, Prestsbakki, Mörtunga I, Mörtunga II, Geirland, Mörk, Kirkjubær I, Kirkjubær II, Kirkjubæjarklaustur I, Kirkjubæjarklaustur II, Hunkubakkar, Heiði, Holt I, Holt II, Skál, Á, Skaftárdalur I, Skaftárdalur II, Skaftárdalur III, Búland, Ytri Dalbær, Hólmur, Nýibær, Hæðargarður, Ytri Tunga, Eystri Tunga, Ásgarður, Hátún, Efri Vík, Syðri Vík, Þykkvibær I, Þykkvibær II, Þykkvibær III, Seglbúðir, Eystra Hraun, Ytra Hraun, Fossar, Arnardrangur, Efri Steinsmýri I, Efri Steinsmýri II, Efri Steinsmýri III, Efri Steinsmýri IV, Syðri Steinsmýri I og II.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnd á félagssvæðinu, og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir tveir eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. marz 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 56. 19. marz 1965.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Ólafsvíkurhreppi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Ólafsvíkurhrepps er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem það nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum), hvers konar eftirlíkingum af tóbaksvörum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis eða barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Félagsmaður, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, má ekki selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og eigi framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má eigi vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

11. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærri verði en leyfilegt er samkvæmt 10. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst við varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því að eins, að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld

með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

12. gr.

Nú neytir stjórnin eigi forkaupsréttar, og er eiganda þá heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en kaupandi verður að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir félagsmenn.

13. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir félagsmanna fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbótum, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir hærri upphæð.

14. gr.

Félagið kýs á aðalfundi ár hvert 2 menn til þess, ásamt stjórninni, að líta eftir, hvernig húsum félagsmanna er haldið við.

Vanræki félagsmaður að viðhalda húsi sínu eða íbúð, getur félagsstjórn látið framkvæma viðhald á kostnað eiganda húss eða íbúðar.

15. gr.

Inntökubeiðnir og úrsagnir úr félaginu skulu vera skriflegar og sendar félagsstjórn Við brottför úr félaginu er ekki unnt að gera neitt tilkall til sjóða félagsins, annarra en stofnsjóðs.

16. gr.

Félagsmaður getur sætt brottrekstri úr félaginu fyrir þessar sakir:

a. ef hann verður ber að því að spilla áliti félagsins eða vekja tortryggni hjá félagsmönnum;
b. ef hann sýnir félaginu ítrekuð vanskil.

Nú ályktar stjórnin, að félagsmaður sé rækur úr félaginu. Skal hún þá tilkynna honum það skriflega. Sætti hlutaðeigandi sig ekki við úrskurð stjórnarinnar, getur hann skotið máli sínu til næsta félagsfundar.

IV. KAFLI

Félagsstjórn og fundir.

17. gr.

Aðalfundur hefur æðsta vald í félagsmálum og gerir þær ákvarðanir um starfsemi félagsins, sem þörf er á. Hann skal haldinn fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Aukafunda getur félagsstjórn boðið til, þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef ¼ hluti félagsmanna óskar þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefur stjórn félagsins ekki boðið til fundar innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta þá hlutaðeigandi félagsmenn sjálfir kvatt til fundar. Fundir eru lögmætir, er meir en helmingur félagsmanna sækir þá. Verði fundur ekki lögmætur sökum þess, að nógu margir félagsmenn hafa ekki sótt fundinn, skal boða til nýs fundar innan viku, og er sá fundur lögmætur með þeim, sem mæta.

Til allra funda skal boða skriflega eða með auglýsingu með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundarefni skal tilgreint í fundarboði.

Úrslitum mála á fundum ræður einfaldur meirihluti, en þó þarf ⅔ atkvæða til þess að samþykkja lántökur. Fundargerðir skulu ritaðar í fundarbók, sem lesin sé upp og borin undir atkvæði í fundarlok og síðan staðfest með undirskrift fundarstjóra og ritara.

18. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi og einnig 3 menn til vara. Stjórnarnefndarmenn skulu kosnir skriflega, ef fleiri eru í kjöri samkvæmt tilnefningu en kjósa á. Kjörtími stjórnar er 3 ár, þó svo, að úr stjórn þeirri, sem fyrst er kosin eftir samþykkt þessari, skal einn maður ganga úr eftir eitt ár og tveir eftir tvö ár, og skal hlutkesti ráða. Endurkjósa má í stjórn svo oft sem vill. Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagsmaður. Allir félagsmenn eru skyldir að taka við kosningu eitt kjörtímabil. Þeir einir eru réttkjörnir í stjórn, sem við kosningu fá fullan helming greiddra atkvæða.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Er stjórnarfundur lögmætur, ef minnst 3 stjórnendur eru á fundi. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundarályktanir stjórnarinnar skulu færðar í gerðabók, og rita viðstaddir stjórnendur undir þær. Stjórnin boðar til félagsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir, og annast störf milli funda. Hún leggur fyrir aðalfund til úrskurðar reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan, er hún sér um að séu endurskoðaðir í tæka tíð, enda fylgi tillögur endurskoðanda og athugasemdir, ef einhverjar eru. Stjórnin hefur eftirlit með öllum framkvæmdum félagsins og hefur á hendi eða sér um eftirlit á húsum þeim, sem félagið hefur byggt og selt félagsmönnum, innheimtir félagsgjöld, vexti og afborganir og sér um greiðslu á gjöldum þess. Stjórnin gætir í öllu hagsmuna félagsins og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum þess, ef þörf krefur. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða ráðsmann til þess að hafa á hendi eitthvað af stjórnarstörfum, og launa honum. Einnig er stjórninni heimilt að fela peningastofnun innheimtu afborgana og vaxta. Getur félagsfundur jafnað niður kostnaði við það á félagsmenn þá, sem hús hafa fengið hjá félaginu.

19. gr.

Allir þeir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykkt þessari eða fundarályktunum í félaginu, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsmann. Stjórnendur 3 saman skuldbinda félagið. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi.

20. gr.

Aðalfundur kýs endurskoðanda og annan til vara. Skulu þeir vera félagsmenn. Kjörtímabil þeirra er tvö ár. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda. Skylt er að senda fjármálaráðuneytinu samrit af aðalreikningi félagsins árlega. Félagsstjórn er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun ásamt hinum stjórnskipaða og félagskjörna endurskoðanda.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda eiga þeir hvenær sem er aðgang að öllum bókum þess og skjölum, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er það skylda endurskoðanda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verði þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu geti stafað hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt sem þörfin krefur. Takist það eigi, skulu þeir kveða til fundar í fé-

laginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur er haldinn, og skulu reikningarnir lagðir þá fram til úrskurðar.

21. gr.

Laun stjórnar og endurskoðenda, ef einhver eru, skulu ákveðin af aðalfundi og greiðast úr rekstrarsjóði.

V. KAFLI
Félagssjóðir.

22. gr.

Stofnsjóð félagsins skal ávaxta í banka, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðufé. Stofnféð verður jafnan að vera óbundið þannig, að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína hvenær sem er.

23. gr.

Varasjóði félagsins, sem myndaður er af inntökugjaldi félagsmanna, er ætlað að vera til styrktar, ef eitthvert óvænt tap hendir félagið. Fé má þó ekki greiða úr sjóðnum, nema eftir tillögu félagsstjórnar í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar. Varasjóður skal geymdur og ávaxtaður í banka, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðufé.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Um skrásetningu félagsins og félagsslit fer eftir lögum um samvinnufélög. Sama er um öll önnur atriði, sem ekki eru tekin fram í samþykkt þessari, en ákvæði eru um í greindum lögum eða lögum um byggingarsamvinnufélög. Skal þá eftir því fara, er þar stendur.

25. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi, og séu að minnsta kosti ⅔ fundarmanna breytingunni samþykkir.

Þegar leggja á fyrir fund tillögu um breytingar á félagssamþykktum, skal þess jafnan getið í fundarboði. Breytingartillögur þær, sem ekki koma fram fyrr en á fundi, þurfa ⅘ greiddra atkvæða til þess að ná gildi, enda sé meiri hluti félagsstjórnar þeim fylgjandi.

Allar slíkar breytingar eru háðar staðfestingu ráðherra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1952.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún, nr. 82 10. apríl 1945.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Vélbátur yfir 5 rúmlestir brúttó greiði kr. 20.00 af hverri brúttórúmlest, þó ekki yfir kr. 1000.00 árlega.

Vélbátur undir 5 rúmlestum brúttó greiði árlegt gjald kr. 100.00.

b. Fiskiskip greiði kr. 1.00 af hverri nettórúmlest, þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.

c. Innlend strandferðaskip greiði kr. 0.70 af hverri nettórúmlest í hvert sinn, er þau koma á Eskifjarðarhöfn.

d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiði kr. 1.20 af hverri nettórúmlest í hvert skipti, er þau koma á Eskifjarðarhöfn.

2. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip, sem lagt er við föst legutæki á höfninni, greiði árlega fyrir það, sem hér segir:

a. Ef þau eru skrásett í Eskifjarðarkauptúni og að öllu leyti eign manna, sem búsettir eru við hafnarsvæðið, greiði opnir bátar yfir 3 rúmlestir brúttó kr. 100.00, vélbátar með þilfari kr. 300.00, en stærri skip kr. 500.00. Gjald þetta er árlegt gjald og er gjalddagi þess hinn 1. október ár hvert.

b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

3. gr.

1. töluliður 25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Gjöld af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppt. Varðskip eru þó undanþegin bryggjugjaldi. Gjöldin greiðast sem hér segir:

a. Af öllum aðkomuskipum, öðrum en varðskipum, greiðist kr. 0.70 af nettórúmlest fyrir fyrsta sólarhring og kr. 0.50 fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring sem fram yfir er.

b. Bátar og skip, heimilisföst á Eskifirði, skulu greiða kr. 8.00 af hverri brúttórúmlest einu sinni á ári.

4. gr.

30. gr. reglugerðarinnar (vörugjaldskrá) orðist þannig:

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

1.	Kol, salt, sement, pr. 100 kg	kr.	2.50
2.	Saltfiskur, verkaður og óverkaður, pr. 100 kg	—	2.50
3.	Freðfiskur, pr. 100 kg	—	2.50
4.	Síldarlýsi og annað lýsi, pr. 100 kg	—	2.50
5.	Freðsíld, pr. 100 kg	—	2.50
6.	Fiski-, síldar- og fóðurmjöl, pr. 100 kg	—	2.50
7.	Korn, mjölvörur, sykur, pr. 100 kg	—	2.50
8.	Tilbúinn áburður, pr. 100 kg	—	2.50

9.	Fuelolía, pr. 100 kg	kr.	3.00
10.	Hráolía, steinolía, benzín, pr. 100 kg	—	3.50
11.	Kjöt, pr. 100 kg	—	3.50
12.	Fiskumbúðir, pr. 100 kg	—	3.50
13.	Skreið, pr. 100 kg	—	3.50
14.	Línur, önglar, net, nætur, pr. 100 kg	—	4.00
15.	Smurningsolíur, pr. 100 kg	—	4.00
16.	Málning, pr. 100 kg	—	6.00
17.	Hreinlætisvörur, pr. 100 kg	—	8.00
18.	Kaffi, pr. 100 kg	—	12.00
19.	Ávextir, pr. 100 kg	—	8.00
20.	Rúðugler, pr. 100 kg	—	12.00
21.	Vefnaðarvörur, pr. 100 kg	—	20.00
22.	Tóbak, pr. 100 kg	—	40.00
23.	Timbur, pr. teningsfet	—	0.60
24.	Tómar tunnur, pr. stk.	—	1.20
25.	Saltsíld, pr. tunnu	—	2.50
26.	Aflagjöld af síld og öðrum fiski, pr. 100 kg	—	0.80
27.	Aðrar vörur sem reiknast eftir þunga, pr. 100 kg	—	4.00

Minnsta gjald í hverjum flokki er kr. 2.50

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 139 30. júlí 1957, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún nr. 82 10. apríl 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1965.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

20. apríl 1965. Nr. 72.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólmskauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina línu í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhendingu í Lundaklett.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni. Hver nýkjörin

hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn, þrjá menn í hafnarnefnd og ákveður jafnframt formann hennar. Skal jafnan einn nefndarmanna vera hreppsnefndarmaður. Þá kýs og hreppsnefnd þrjá varamenn. Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast bókhald og fjárhald hafnarinnar og öll reikningsskil, svo framarlega sem hreppsnefnd ákveður ekki aðra skipan. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, eingöngu varið í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra. Reikningar hafnarinnar skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

3. gr.

Hafnarnefnd skipar hafnarvörð, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeim starfsmönnum öðrum, er hann setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af hafnarverði eða mönnum hans, getur sá hinn sami kært það til hafnarnefndar, en skipun hafnarvarðar og manna hans ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin.

6. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð elds og ljósa á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er á að fermingu eða affermingu eldfimra efna.

Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, olíu, ösku, kolum, vírum, fiskúrgangi, fiskilóðum eða yfirleitt neinu við hafnarmannvirkin eða í innri höfninni. Skal það flutt þangað, sem hafnarvörður vísar til.

8. gr.

Enginn má reisa mannvirki eða gera jarðrask með grjótnámi eða öðru meðfram strandlengju hafnarinnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar.

Ekki má heldur smíða skip, né þétta eldri skip á landi hafnarinnar, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum, er hún setur. Bannað er að leggja skip í hafnarfjöruna eða láta skip standa við bryggjurnar um fjöru, nema með leyfi hafnarnefndar eða hafnarvarðar.

9. gr.

Öll veiði með skotum er stranglega bönnuð á höfninni. Bannað er að hleypa af skoti á innri höfninni eða á landi hennar.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra í höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skal þeim í hvert skipti skylt að hlíta boði hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar, um hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega skip leggjast svo nærri bryggjum, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má eigi leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi eða umráðamaður við að hlýða boði hafnarvarðar eða starfsmanni hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

11. gr.

Í öllum skipum, að undanteknum þeim, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum í bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal einnig þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða bólvirkjum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

13. gr.

Sérhver skemmd, sem verður á bryggjum, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bæta af viðkomandi skipi. Áhöld þau, er fylgja hafnarmannvirkjunum, er öllum óheimilt að nota, nema leyfi hafnarnefndar eða hafnarvarðar komi til.

14. gr.

Skip hafa rétt til að leggjast að bryggju í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst og farþega, hafa rétt til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur skip liggi við hana, og verða þau þá að víkja burt, meðan hin fá afgreiðslu.

15. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

16. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal eigandi þess láta færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda. Kostnaðinn má taka tögtaki.

V. KAFLI
Um lestagjöld.

17. gr.

Öll skip og bátar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni eða við bryggju í höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjaldið af nettóburðarmagni skipsins, talið í heilum tölum og brotum sleppt.

18. gr.

Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna í Stykkishólmi og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutnings, þó ekki millilandasiglinga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Stykkishólmi a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári sem hér segir:

a) Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 100.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja brúttórúmlest. Þilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 200.00 og auk þess kr. 25.00 á hverja brúttórúmlest.
b) Innlend fiskiskip greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar.
c) Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma (nema þau, sem undanþegin eru hafnargjaldi) skulu greiða kr. 1.20 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiða þó aðeins kr. 0.60 fyrir hverja nettórúmlest.
d) Undanþegin greiðslu lestagjalds eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjótjóns, er sannast í sjóprófi.
e) Liggi skip lengur í höfninni en 14 daga, skal eiganda þess skylt að greiða lestagjald að nýju, fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VI. KAFLI
Um ljósagjald.

19. gr.

Öll skip, sem greiða lestagjald, skulu samtímis greiða ljósagjald sem hér segir:

a) Skip, sem getur um í a-lið 10. gr., greiði kr. 50.00 á ári fyrir fyrstu 30 brúttórúmlestirnar og kr. 1.00 af hverri brúttórúmlest þar fram yfir. Bátar undir 12 brúttórúmlestum greiði kr. 20.00 á ári. Gjalddagi er 1. júlí.
b) Skip, sem getur um í b-lið 18. gr., greiði ljósagjald í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald, kr. 10.00 fyrir fyrstu 30 brúttórúmlestirnar og kr. 0.20 fyrir hverja brúttórúmlest þar fram yfir.
c) Öll önnur skip greiði kr. 0.20 fyrir hverja nettórúmlest, þó aldrei lægra en kr. 30.00 í hvert skipti.

VII. KAFLI
Um bryggjugjöld.

20. gr.

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni, eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppt. Gjöldin skulu vera sem hér segir:

a) Skip, sem um getur í a-lið 18. gr., greiði kr. 6.00 af hverri brúttórúmlest á ári. Bátar undir 12 rúmlestum greiði kr. 30.00 á ári. Gjalddagi er 1. júlí.
b) Skip, sem um getur í b-lið 18. gr., greiði kr. 0.50 af hverri brúttórúmlest í hvert skipti, sem þeim ber að greiða lestagjald. Bátar undir 12 rúmlestum brúttó, greiði kr. 10.00 í hvert skipti.
c) Öll önnur skip greiði kr. 0.50 af hverri brúttórúmlest. Innlend vöru- og farþegaskip greiði kr. 0.40 af hverri nettórúmlest. Bryggjugjald miðast við sólarhring eða hluta úr sólarhring.
d) Undanþegnir bryggjugjaldi eru opnir bátar, sem eingöngu eru notaðir til heimilisþarfa á bændabýlum í nágrenni Stykkishólms.

VIII. KAFLI
Vörugjöld.

21. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eða affermdar eru á höfninni, svo og afla, lögðum á land, með þeim undantekningum, sem getur í næstu grein.

22. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til hleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald. Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið í farmskrá, greiðist ekkert gjald.

23. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:
a) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
b) Póstflutningur og farangur ferðamanna.
c) Vörur, sem fluttar eru úr varðskipi, björgunarskipi, eða í þau.

24. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skyldur að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd eða hafnarverði ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörur eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeim tegundum, sem hæst gjald skal greiða af.

Skylt er skipstjóra eða afgreiðslumanni skipa að afhenda hafnarnefnd eða hafnarverði afrit af farmskrá skipsins innan sólarhrings eftir komu þess.

25. gr.
Vörugjaldskrá.

Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement, áburður, fóðurvörur.

2. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Allur fiskur upp úr sjó, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, kaðlar og aðrar útgerðarvörur.

3. flokkur. Gjald kr. 2.80 fyrir hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir og önnur sekkjavara ótalin annars staðar.
4. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Vikursteinn, vikurplötur, þilplötur til bygginga, vatnsrör og miðstöðvarrör, steypujárn, þakjárn, efni til múrhúðunar, og annað efni til bygginga, ótalið annars staðar. Kjöt, gærur, húðir, ull, mör og aðrar landbúnaðarvörur, ótaldar annars staðar.
5. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Allar hraðfrystar sjávarafurðir, saltfiskur, fiskimjöl, lýsi, brennsluolíur allar, smurolíur, smurfeiti og benzín. Vélar alls konar og vélahlutir, gler, miðstöðvar, saumur, gólfdúkur og annað linoleum, málningarvörur, smjör, smjörlíki, sápur, þvottaefni, og aðrar hreinlætisvörur.
6. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir, nýir, þurrkaðir og niðursoðnir, kókó, leirvörur og búsáhöld alls konar, pappírsvörur, og allar aðrar vörur, sem flutningsgjald er reiknað af eftir þyngd, en ekki geta fallið undir aðra vöruflokka.
7. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbak, sælgæti, öl og gosdrykkir, og aðrar munaðarvörur, sem ekki eru taldar annars staðar.
8. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.
9. flokkur: Gjald kr. 3.00 fyrir hverja tunnu:
Saltsíld, gota og aðrar sjávarafurðir, kjöt og aðrar landbúnaðarvörur.
10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tóma tunnu.
11. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður og alls konar timburvara, svo og öll önnur vara, sem reiknuð er eftir rúmmáli í flutningi, þar með talin húsgögn, einangrunarplötur og því um líkt.
12. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hverja kind, og kr. 25.00 fyrir stórgrip.

IX. KAFLI
Ýmis gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarsjóðs til hreinsunar eða viðgerðar, skal greiða af hverri nettórúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring kr. 0.50, þó aldrei minna en kr. 20.00.

Heimilt er hafnarnefnd að undanþiggja þessu gjaldi skip, sem eiga heimilisfang í Stykkishólmi.

27. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða kr. 1.00 fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burtu innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim. Gjald fyrir stór stykki fer eftir samkomulagi.

28. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald fyrir leigu að aðstöðu, sem ákveðið verður í samningi.

29. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi og fara eiga til hafna innan Breiðafjarðar, greiðist hálft vörugjald.

30. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

X. KAFLI
Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

31. gr.

Hafnarnefnd sér um innheimtu hafnargjalda eða ræður mann til þess og skal greiða gjöldin til innheimtumanns eða á skrifstofu hafnarnefndar.

32. gr.

Skipstjóri, formaður eða skipaafgreiðslur bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipum unz hafnargjöld eru greidd, og í vörum fyrir vörugjöldum. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer úr höfninni.

33. gr.

Gjald fyrir vörur þær, sem um getur í 25. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans í Stykkishólmi og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslum.

Hafi skip eða bátar ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, en vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

34. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð.

Öll skipagjöld, er reglugerð þessi kveður á um, skulu tryggð með lögveði í viðkomandi skipi og gengur það í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

35. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar og áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skulu þeir það áður en einn mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krefst yfirmats, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

36. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

38. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 66 9. maí 1951, fyrir Stykkishólmskauptún.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1965.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 73. 29. apríl 1965.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Fasteignaskatt í Kolbeinsstaðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um möskvastærð botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Á hafsvæðinu norðan línu, sem hugsast dregin frá strönd Noregs eftir 66° n.br., að 10° v.lgd, þaðan suður að 62° n.br., þaðan vestur að 28° v.lgd., þaðan suður að 59° n.br. og þaðan vestur að 42° v.lgd., skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr bómull, mjúktrefjahampi eða gervi-efnum (polyamide, polyester), skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr öðrum efnum, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 120 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Á öðrum hafsvæðum en um getur í 1. gr. og alþjóðasamningurinn frá 5 apríl 1946 um möskvastærð fiskinetja tekur til, skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr tvöföldu garni og innihalda hvorki manila né sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 75 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr manila eða sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

3. gr.

1. Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar.
2. Þó skal eigi teljast ólögmætt:
   a. Að festa segldúk, net eða annað efni undir poka botnvörpunets í því skyni að forða eða draga úr sliti.
   b. Til 1. janúar 1966 að festa ferhyrndan netbút á efri hluta botnvörpu-poka í því skyni að draga úr eða hindra skemmdir, að því tilskildu, að net-búturinn hafi ekki minna möskva en áskilið er um botnvörpuna sjálfa og að netbúturinn sé festur aðeins að framan og á hliðum, og sé þannig festur, að hann nái ekki lengra fram en fjóra möskva fram fyrir poka-gjörðina og ekki lengra aftur en fjórum möskvum fyrir framan endamöskvann. Sé gjörð ekki notuð, má netbúturinn ekki ná yfir meira en einn þriðja botnvörpu-pokans, mælt frá fjórum möskvum fyrir framan pokalínumöskvann.
   c. Tala möskva í breidd netbútsins skal vera a. m. k. einum og hálfum sinnum tala möskva í þeim hluta pokans, sem þakinn er, og skal breiddin talin þvert á langlínu pokans.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (Trachinus draco), rækju, leturhumar eða lindýr, hafa

innanborðs og nota net með smærri möskvum, en þar greinir, með þeim skilyrðum, a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í 5. gr. reglugerðar þessarar, verði þegar eftir veiðina fleygt útbyrðis.

5. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (Gadus callarias)	34 cm
Ýsa (Gadus aeglefinus)	31 —
Ufsi (Gadus virens)	35 —
Lýsingur (Merluccius merluccius)	30 —
Skarkoli (Pleuronectes platessa)	25 —
Langlúra (Glyptocephalus cynoglossus)	28 —
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	25 —
Tunga (Solea solea)	24 —
Sandhverfa (Scophthalmus maximus)	30 —
Slétthverfa (Scophthalmus maximus)	30 —
Stórkjafta (Lepidorhombus whiff)	25 —
Lýsa (Gadus merlangus)	23 —
Sandkoli (Pleuronectus limanda)	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20 000.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norð-austurhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 166 13. september 1963, um möskvastærð botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. marz 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1965

BYGGINGARSAMÞYKKT

fyrir Vesturlandsumdæmi.

1. gr.

Gildissvið samþykktar þessarar er: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnessýsla og Dalasýsla og eiga sýslur þessar jafna aðild að stjórn þessara mála, samkvæmt nánara samkomulagi.

2. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsbygginga, er teljast frambúðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan takmarka sýslnanna.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

3. gr.

Sýslumenn ráða byggingafulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til fjögurra ára í senn.

Byggingafulltrúi, sé hann ráðinn, skal vera formaður bygginganefnda hinna einstöku hreppa og hefur á hendi eftirlit um að fyrirmælum byggingasamþykkta sé fylgt.

4. gr.

Laun byggingafulltrúa greiðast af sýslusjóðum að hálfu og af Byggingasjóði að hálfu.

Heimilt er sýslunefndum að jafna niður þeim kostnaði, er sýslurnar hafa af launagreiðslum byggingafulltrúa og öðrum kostnaði, er þær hafa af starfi hans, svo sem ferðakostnaði, jöfnum höndum sem fasteignagjaldi og í hundraðshlutföllum af fasteignamatsverði jarða, þó má þetta gjald aldrei fara yfir 2.5‰ af fasteignamatinu.

5. gr.

Greiðsla Byggingasjóðs er háð þessum takmörkunum:

1. Að tala byggingafulltrúa fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, fari ekki yfir sjö.
2. Að starfsemi byggingafulltrúa sé Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Snæfellsnesssýsla og Dalasýsla.
3. Byggingafulltrúa sé greidd sömu laun og þeim embættismönnum ríkisins, er laun taka eftir VIII. flokki launalaga.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Hafi samþykkt um sameiginlegan byggingafulltrúi ekki náð löglegu samþykki eða verið sett, getur hluti af byggingarumdæmi, sem þó verður að ná yfir eitt sýslufélag minnst, ráðið sér byggingafulltrúa og fengið greidd hlutfallsleg laun hans úr Byggingasjóði miðað við matsverð fasteigna á svæðinu borið saman við heildarfasteignamat í öllu byggingarumdæminu.

Greiðslur af hendi Byggingasjóðs eru því skilyrði háðar að lagðir hafi verið fram kostnaðarreikningar og greiðsluhluti byggingarumdæmanna hafi verið inntur af höndum samkvæmt þeim reikningum.

Ákvæði 3.—6. gr. varðandi byggingafulltrúa taka því aðeins gildi, að þau verði samþykkt í viðkomandi sýslu, sbr. 6. gr. laga nr. 108 31. des. 1945 og nr. 26 1. apríl 1948.

7. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti 3 menn, skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafnmargir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra jafnlangan tíma og kjör hreppsnefndarinnar.

Byggingafulltrúi, er sýslurnar ráða samkvæmt 2. gr., á sæti í byggingarnefndum og er hann formaður þeirra, sé hann ráðinn. Verði ágreiningur í byggingarnefnd og jöfn atkvæði, ræður atkvæði formanns úrslitum.

8. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar úr Byggingasjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.
2. Að hafa umsjón með, að ákvæðum byggingasamþykktar og uppdráttum sé fylgt.
3. Að veita nýbýlastjórn aðstoð varðandi byggingarmál á samþykktarsvæðinu, er henni við koma, að því er tekur til endurbygginga og bygginga á nýbýlum.
4. Að rannsaka svo oft sem þörf krefur ástand í byggingarmálum í umdæminu og hafa handbærar sem nákvæmastar skýrslur um ásigkomulag bygginga á einstökum jörðum og hvernig þeim er við haldið.

9. gr.

Staðsetning nýrra bygginga, íbúðarhúsa, peningshúsa, svo og annarra útihúsa, skal gerð af byggingarnefnd, að því leyti sem ákvarðanir um staðsetningu ekki falla undir ákvæði laga nr. 75 frá 27. apríl 1962 og reglugerð samkvæmt þeim lögum.

Skylt er þá byggingarnefnd að framkvæma staðsetningu við endurbyggingu íbúðar- og peningshúsa, ef landnámsstjóri álítur tilfærslu nauðsynlega, enda sé staðsetningin framkvæmd í samráði við hann.

10. gr.

Byggingarnefnd hefur allt eftirlit með þeim byggingarframkvæmdum er hér greinir:

1. Íbúðarhúsabygginga og bygginga, þótt ekki séu úr varanlegu efni, sem byggð eru fast við íbúðarhús eða í næsta nágrenni við það.
2. Allra bygginga, sem gerðar verða á nýbýlum í hlutaðeigandi héraði, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um landnám, nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum.

3. Allra peningshúsa og annarra útihúsa, sem byggð eru úr varanlegu efni, svo og annarra bygginga, sem lán eru veitt til úr Ræktunarsjóði.
4. Aðgerðum á eldri húsum, þegar um meiri háttar breytingar eða aðgerðir er að ræða.

11. gr.

Þeir, sem ætla að reisa byggingar eða framkvæma meiri háttar aðgerðir á eldri byggingum, er falla undir verksvið byggingarnefndar, skulu senda tilkynningu um það til nefndarinnar og umsókn um byggingarleyfi. Umsókninni fylgi tvíritaðir uppdrættir af hinu fyrirhugaða mannvirki í mælikvarða 1:100, blaðstærð 21×30, 30×42 eða 42×60, og á hverju blaði auður reitur 7×10 cm í hægra horni efst.

Uppdrættir af húsum sýni grunnflöt kjallara og allra hæða þess, þversneiðingar og allar hliðar og gafla þess.

12. gr.

Byggingarnefndir hreppanna taka á móti beiðnum um byggingarleyfi, hver úr sínu umdæmi. Tilkynnir hún síðan byggingafulltrúa, sé hann ráðinn, hverjar beiðnir hafa borizt til nefndarinnar, síðan kallar formaður nefndina saman og úrskurðar nefndin hvort leyfin skulu veitt. Byggingafulltrúi og byggingarnefndir skulu kynna sér sem bezt byggingaraðstöðu og byggingarþörf með tilliti til búskapar þess, er á jörðinni er og verður, og annað er áhrif getur haft á, hvern húsakost er þörf fyrir á jörðinni.

13. gr.

Byggingarnefnd hefur heimild til að ákveða, að hús sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sér, skuli byggð á afviknum stöðum eða svo tryggilega útbúin, að fullt öryggi fáist gegn eldhættu, að dómi nefndarinnar, eða á þann hátt, sem gildandi lög um brunamál skipa fyrir.

14. gr.

Umsækjanda um byggingarleyfi skal tilkynnt bréflega hverja afgreiðslu mál hans hafa fengið. Byggingarleyfið skal ritað á hvern uppdrátt og annað eintak uppdráttarins afhendist umsækjanda. Hitt eintakið skal vera í vörzlu byggingafulltrúa eða byggingarnefndar.

15. gr.

Enginn má byggja nýtt hús úr varanlegu efni, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi byggingarnefndar. Enn fremur hefur nefndin gætur á, að ný hús séu byggð eins og hún hefur ákveðið, og skal hafa eftirlit með aðalviðgerðum á húsum úr varanlegu efni. Byggingafulltrúi og bygginganefndarmenn skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að byggingum þeim, sem eru í smíðum.

16. gr.

Hefji einhver smíði bygginga, sem tilgreindar eru í 10. gr. þessarar samþykktar, án leyfis nefndarinnar, eða byggi öðruvísi en ákveðið hefur verið af Teiknistofu landbúnaðarins og byggingarnefnd, þá skal hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 100—1000 krónum, er renna í sýslusjóð. Nefndin hefur heimild til að láta rífa niður, á kostnað eigenda, það sem hefur verið gert, ef henni þykir ástæða til. Hið sama gildir ef byrjað er á verulegum breytingum húsa, sem samþykkt þessi tekur til áður en fyrir liggur skriflegt leyfi nefndarinnar.

17. gr.

Byggingarnefndum og byggingafulltrúa er enn fremur falið að hafa:

1. Eftirlit með íbúðum í sýslunni og leiðbeiningar og íhlutun um nauðsynlegar umbætur á þeim í samráði við héraðslækni.

2. Eftirlit með fjósum og þeim byggingum, þar sem vinnsla mjólkurvara fer fram, og hlutast til um að bætt verði úr því sem áfátt er, eftir reglum er þar um gilda eða settar kunna að verða af þeim aðilum, er hafa yfirstjórn mjólkurvinnslumála.

Heimilt er byggingarnefndum, þar sem árleg dýralæknisskoðun fer fram vegna mjólkurframleiðslunnar, að krefjast af stjórnum mjólkurbúa, að byggingafulltrúi eða byggingarnefnd fái ætíð afrit af skýrslu dýralæknis um það atriði, sem áfátt er og máli skiptir í þessu sambandi.

18. gr.

Byggingarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan fund á ári, þar sem tekin séu til meðferðar byggingarmál hreppsins og ráðstafanir gerðar fyrir væntanlegar framkvæmdir. Aukafundi getur formaður byggingarnefndar kvatt saman ef tilefni er til.

Fundir skulu rækilega auglýstir hreppsbúum með hæfilegum fyrirvara, og tiltekinn frestur hvenær erindi skulu hafa borizt til nefndarinnar. Byggingafulltrúi eða byggingarnefnd undirbýr fundina sem bezt, svo unnt sé að afgreiða þau mál, er fyrir liggja.

19. gr.

Gerðir funda byggingarnefnda skal skrá í fundarbók, og sé hún undirrituð í lok hvers fundar af öllum viðstöddum nefndarmönnum. Bækur þessar og ritföng greiðast úr sýslusjóði. Þóknun til hinna hreppskjörnu nefndarmanna greiðast úr sveitarsjóði.

20. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar, og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er fellir fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

21. gr.

Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingafulltrúa vera þessi:

1. Fara um sýslurnar og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingafulltrúa skal nánar tekið fram í erindisbréfi.

22. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsbyggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklæðningu og raflagnir, eru þær bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

23. gr.

Byggingafulltrúa og/eða byggingarnefnd ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Byggingarsamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. lög nr. 26/1948, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. apríl 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

29. apríl 1965. Nr. 76.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

I. Bifreiðastöður bannaðar:
1. Á Sólvallagötu, norðan megin götunnar.
2. Á ónefndri götu sunnan Bændahallarinar og norðan Háskólabíós við Hagatorg.
3. Á Holtsgötu norðan megin götunnar.

II. Settir upp stöðumælar:
Á Vatnsstíg milli Hverfisgötu og Laugavegs.
Á Vitastíg milli Hverfisgötu og Grettisgötu.
Á Barónsstíg milli Hverfisgötu og Grettisgötu.
Á Hverfisgötu frá húsinu nr. 70 að húsinu nr. 92.
Á Skólavörðustíg frá Óðinsgötu að Týsgötu.

Hámarkstími verði ein klukkustund og stöðugjald verði ein króna fyrir hverjar byrjaðar fimmtán mínútur.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. apríl 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

5. maí 1965. Nr. 77.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í bænum skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

1. Bifreiðastöður eru bannaðar í Brekkugötu frá húsinu nr. 12 að Lækjargötu.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á Arnarhrauni meðfram vesturgangstétt (suðvesturgangstétt).
3. Bifreiðastöður eru aðeins leyfðar hægra megin á einstefnuakstursgötum.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 5. maí 1965.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Flúðahverfis og nágrennis í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Flúðahverfis og nágrennis. Heimili þess og varnarþing er Hrunamannahreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá hluthöfum þess fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru skólarnir á Flúðum, Félagsheimili Hrunamanna, Sundlaug Hrunamanna, Hellisholt, Vinaminni, Laugarland, Varmalækur, Varmaland, Gilsbakki.

Hver einstaklingur greiði stofngjald kr. 7000.00. Skólarnir taki 8 hl., félagsheimili og sundlaug 3 hl. hvort. Stofngjald skal greiðast er framkvæmdir hefjast.

4. gr.

Vatnsveitan leggur allar lagnir að húsvegg og steypir vatnsgeymi.

5. gr.

Hver aðili á rétt á vatni til húsþarfa og atvinnureksturs.

6. gr.

Skylt er að taka nýja ábúendur í félagið, sé nægilegt vatnsmagn fyrir hendi. Nýr félagsmaður greiði sama stofngjald og eldri félagsmenn og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því hann gekk í félagið.

7. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum aðila í félaginu og greiðist hann í hlutfalli við stofngjald eftir því, sem þörf krefur.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enn fremur skulu kosnir 2 endurskoðendur til sama tíma.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða bréflega eða persónulega með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef ⅔ félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosin stjórn og endurskoðendur.

10. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið boðað til hans á sama hátt og til aðalfundar. Á félagssvæðinu hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

11. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og leiðslum.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Flúðahverfis og nágrennis í Hrunamannahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

5. maí 1965 Nr. 79.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar er fyrirtæki, sem Reyðarfjarðarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Reyðarfirði. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Reyðarfjarðar.

2. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan löggildingar kauptúnsins.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Reyðarfjarðar, skal senda vatnsveitunefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað.

5. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum veitunnar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

Skylt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, komi leki að þeim.

6. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlit með vatnsnotkun, enda komi þar til fullar bætur ef um skemmdir verði að ræða. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Enn fremur er vatnsveitunefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í vanskilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

7. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Af öllum húsum í Reyðarfjarðarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 10 pro mille — tíu af þúsundi — af fasteignamati húsanna, þó aldrei minna en kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur —, fyrir einbýlishús, kr. 500.00 — fimm hundruð krónur —, fyrir tvíbýlishús og kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — fyrir íbúð í fjölbýlishúsi.

Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatnsveitunni.

9. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnoktunar, svo sem: verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 20 pro mille — tuttugu af þúsundi — af fasteignamati húsanna, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 10. gr.

10. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn og skal þá greiða kr. 1.00 — eina krónu — fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatt, sem um er getið í 8. gr. Vatnsveitunefnd sér um útvegun mælanna og uppsetningu þeirra, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að fjárhæð kr. 200.00 — tvö hundruð krónur.

11. gr.

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 10. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt svo sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 0.75, af hverju máli

(síld) sem lagt er upp til bræðslu kr. 0.30, af hverri smálest af frystum, landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 10.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 2.00, af hverri kind, sem slátrað er kr. 0.30, af hverjum stórgrip, sem slátrað er kr. 0.50.

12. gr.

Ef selt er vatn til skipa, skal söluverð vera kr. 12.00 — tólf krónur — fyrir hvern teningsmetra, en minnsta gjald skal þó vera kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir fiskiskip, en kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Reyðarfjarðar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

13. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

14. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50 — fimmtíu af hundraði —, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

15. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikingshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningaveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —, nemi þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur í vatnsveitusjóð. Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júlí 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REIKNINGUR

Sóttvarnarsjóðs ríkisins frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

1. Eignir 1. jan. 1964			kr. 1 224 267.13
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr. 44 925.80		
b. Af sparisjóðsbók 100996 v/ Landsb. Íslands	— 30 851.29		
c. Af sparisjóðsbók 28414 v/ Iðnaðarb. Íslands	— 13 639.00		
		—	89 416.09
		Kr.	1 313 683.22

Gjöld:

1. Geymslugjald		kr.	1 565.00
2. Úttekið af landlækni úr spb. 100996		—	25 000.00
3. Eignir 31. des. 1964:			
a. Verðbréf	kr. 581 157.54		
b. Sparisjóðsbók 100996 v/ Landsbanka Íslands	— 497 472.35		
c. Sparisjóðsbók 28414 v/ Iðnaðarb. Íslands	— 208 488.33		
		—	1 287 118.22
		Kr.	1 313 683.22

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 81.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðrúnar Jafetsdóttur frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1964	kr.	4 093.21
2. Vextir af innstæðu í viðskiptabók við Söfnunarsjóð Íslands	—	347.92
	Kr.	4 441.13

Gjöld:

Eign 31. des. 1964	kr.	4 441.13
	Kr.	4 441.13

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

REIKNINGUR

Gjafasjóðs Aðalsteins Kristjánssonar, Winnipeg, frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

1. Eignir 1. jan. 1964			kr. 36 599.33
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr.	750.00	
b. Af sparisjóðsbók	—	1 551.66	
			— 2 301.66
			Kr. 38 900.99

Gjöld:

1. Geymslugjald			kr. 70.00
2. Eignir 31. des. 1964:			
a. Verðbréf	kr.	15 000.00	
b. Sparisjóðsbók	—	23 830.99	
			— 38 830.99
			Kr. 38 900.99

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 83.

REIKNINGUR

Gjafasjóðs Sturlu Jónssonar frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

1. Eignir 1. jan. 1964			kr. 108 749.00
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr.	2 500.00	
b. Af sparisjóðsbók	—	4 146.79	
			— 6 646.79
			Kr. 115 395.79

Gjöld:

1. Geymslugjald			kr. 70.00
2. Eignir 31. des. 1964:			
a. Skbr. Sturlu Friðrikssonar	kr.	50 000.00	
b. Sparisjóðsbók	—	65 325.79	
			— 115 325.79
			Kr. 115 395.79

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðrúnar Teitsdóttur frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

1.	Eignir 1. jan. 1964		kr. 63 049.56
2.	Vextir:		
	a. Af Verðbréfum	kr. 1 949.00	
	b. Af sparisjóðsbók	— 2 122.32	
			— 4 071.32
			Kr. 67 120.88

Gjöld:

1.	Geymslugjald		kr. 370.00
1.	Styrkur til Sigr. Ó. Sigurðard., Akranesi		— 1 250.00
3.	Eignir 31. des. 1964:		
	a. Verðbréf	kr. 32 600.00	
	b. Sparisjóðsbók	— 32 900.88	
			— 65 500.88
			Kr. 67 120.88

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 85.

REIKNINGUR

Ólafssjóðs frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

1.	Eign 1. jan. 1964	kr. 10 179.31
2.	Vextir af innst. í viðskiptabók við Söfnunarjóð Íslands	— 865.24
		Kr. 11 044.55

Gjöld:

Eign 31. des. 1964		kr. 11 044.55
		Kr. 11 044.55

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Lárusar G. Lúðvígssonar og Málfríðar Jónsdóttur frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

1. Eignir 1. jan. 1964			kr. 159 196.30
2. Vextir:			
a. Af verðbréfum	kr. 4 949.00		
b. Af sparisjóðsbók	— 5 698.81		
		—	10 647.81
		Kr.	169 844.11

Gjöld:

1. Geymslugjald		kr.	620.00
2. Eignir 31. des. 1964:			
a. Verðbréf	kr. 80 200.00		
b. Sparisjóðsbók	— 89 024.11		
	—	169 224.11	
	Kr.	169 844.11	

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 87.

REIKNINGUR

Læknishéraðasjóðs frá 1. janúar 1964 til 31. desember 1964.

Tekjur:

Ólafsvíkurhérað:			
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr. 1 937.77		
Vextir árið 1964	— 135.59		
		kr.	2 073.36
Reykhólahérað:			
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr. 56 085.54		
Vextir árið 1964	— 3 925.95		
		—	60 011.49
Flateyjarhérað:			
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr. 69 613.46		
Innborgað af landlækni	— 28 099.00		
	Kr. 97 712.46		
Vextir árið 1964	— 5 479.38		
		—	103 191.84

Flateyrarhérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	37 428.23		
Greiðsla til oddvita Flateyrarhrepps	—	35 000.00		
	Kr.	2 428.23		
Vextir árið 1964	—	2 408.98		
			kr.	4 837.21
Súðavíkurhérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	297 678.68		
Vextir árið 1964	—	20 837.46		
			—	318 516.14
Djúpavíkurhérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	327 618.61		
Innborgað af landlækni	—	56 199.00		
	Kr.	383 817.61		
Vextir árið 1964	—	24 395.50		
			—	408 213.11
Reykdælahérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	2 164.44		
Vextir á árinu 1964	—	151.48		
			—	2 315.92
Kópaskershérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	29 192.96		
Vextir árið 1964	—	2 068.75		
			—	31 261.71
Bakkagerðishérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	152 512.69		
Innborgað af landlækni	—	56 199.00		
	Kr.	208 711.69		
Vextir árið 1964	—	12 138.08		
			—	220 849.77
Egilsstaðahérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	34 476.82		
Vextir árið 1964	—	2 413.32		
			—	36 890.14
Djúpavogshérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	15 797.29		
Vextir árið 1964	—	1 105.79		
			—	16 903.08
Hafnarhérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	2 503.24		
Vextir árið 1964	—	175.21		
			—	2 678.45
Kirkjubæjarhérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	13 851.40		
Vextir árið 1964	—	969.57		
			—	14 820.97
Laugaráshérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	6 119.55		
Vextir árið 1964	—	428.33		
			—	6 547.88

Hofsóshérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	5 228.02		
Vextir árið 1964	—	365.96		
			kr.	5 593.98
Raufarhafnarhérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	11 898.17		
Innborgað af landlækni	—	19 195.00		
	Kr.	31 093.17		
Greiðsla til oddvita Raufarhafnarhrepps	—	20 000.00		
	Kr.	11 093.17		
Vextir árið 1964	—	885.48		
			—	11 978.65
Austur-Egilsstaðahérað:				
Eftirstöðvar 1. jan. 1964	kr.	19 168.68		
Vextir árið 1964	—	1 341.76		
			—	20 510.44
Suðureyrarhérað:				
Innborgað af landlækni 9. sept. 1964	kr.	12 215.00		
Vextir árið 1964	—	263.24		
			—	12 478.24
Vopnafjarðarhérað:				
Innborgað af landlækni 9. sept. 1964	kr.	11 585.00		
Vextir árið 1964	—	250.04		
			—	11 835.04
			Kr.	1 291 507.42

Gjöld:

Eignir 31. desember 1964	kr.	1 291 507.42
	Kr.	1 291 507.42

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 13. marz 1965.

Sig. Sigurðsson.

Nr. 88.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári	kr.	252 436.76
2.	Árgjöld frá félögum	—	13 042.00
3.	Styrkur úr Borgarsjóði	—	20 000.00
4.	Styrkur úr ríkissjóði	—	12 500.00
5.	Vextir á árinu	—	18 813.25
		Kr.	316 792.01

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu			kr. 57 100.00
2. Ýmis gjöld			— 467.95
3. Sjóður:			
a. Skuldabréf Hitaveitu	kr. 50 000.00		
b. — Byggingarsjóðs verkamanna	— 10 000.00		
c. — H-B vísitölubréf	— 55 000.00		
d. — Alþýðuhúss Reykjavíkur hf.	— 18 500.00		
e. — — —	— 40 000.00		
f. Innstæða í Útvegsbanka Íslands	— 2 246.35		
g. — - Landsb. Íslands og í vörzlu gjaldk.	— 83 477.71		
			— 259 224.06
			Kr. 316 792.01

Reykjavík, 10. febrúar 1965.

Hilmar Jónsson. **Hannes M. Stephensen.** **Jóna Guðjónsdóttir.**

Undirritaðir hafa endurskoðað ofanritaðan reikning og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 5. marz 1965.

Alfreð Guðmundsson. *Óskar Guðnason.*

Nr. 89.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 1964.

A. Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Hluti af söluskatti og aðflutningsgj.	kr. 140 000 000.00		
Óúthlutað f. f. á.	— 62 457.63		
Úthlutað umfram þ. á. fé	— 515 158.37		
		kr.	140 577 616.00
2. Landsútsvör		—	40 503 261.00
3. Vextir		—	776 783.98
4. Tekjuhalli		—	1 276 766.42
		Kr.	183 134 427.40

Gjöld:

1. Framlög til sveitarfélaga:			
a. Af söluskatti og aðflutningsgj.	kr. 139 401 572.80		
b. Af ¾ hlutum landsútsvars	— 30 446 864.00		
		kr.	169 848 436.80
2. Landsútsvar sveitarf. (¼ hl.)		—	10 056 397.00
3. Bætur og styrkir til sveitarfélaga		—	3 219 593.60
4. Kostnaður		—	10 000.00
		Kr.	183 134 427.40

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:

1.	Seðlabankinn	kr.	3 304 546.58
2.	Skuldir sveitarfélaga	—	4 285.21
3.	Skuldabréf	—	21 000.00
4.	Lán Kaldrananeshrepps	—	15 000.00
5.	Úthlutað umfram þ. á. fé	—	515 158.37
6.	Bækur	—	26 575.57
		Kr.	3 886 565.73

Skuldir:

1.	Inneign sveitarfélaga		kr.	30.00
2.	Höfuðstóll:			
	a. Frá f. á.	kr. 5 163 302.15		
	b. Tekjuhalli	— 1 276 766.42		
			—	3 886 535.73
			Kr.	3 886 565.73

Reykjavík, 20. marz 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 90.

SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.

Rekstrarreikningur árið 1964.

Gjöld:

Rekstrarkostnaður	kr.	7 032 752.03
Vextir af innstæðufé	—	14 261 719.60
Fyrningar	—	235 184.94
Lagt í varasjóð	—	300 631.28
	Kr.	21 830 287.85

Tekjur:

Vextir	kr.	19 648 801.28
Aðrar tekjur	—	2 181 486.57
	Kr.	21 830 287.85

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1964.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum	kr.	34 116 004.54
Ríkisskuldabréf og önnur innl. verðbréf	—	13 472 208.26
Víxlar	—	86 129 240.13
Lán í hlaupareikningi	—	86 345 399.99
Bundið fé í Seðlabanka	—	48 672 000.00
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	7 677 800.00
Ógreiddir vextir	—	3 154 425.62
Ýmsir skuldunautar	—	2 513 466.12
Húsbúnaður og innréttingar	—	4 810 046.52
Aðrar eignir	—	2 798 939.88
Sjóður	—	2 078 596.80
	Kr.	291 768 127.86

Skuldir:

Hlutafé	kr.	10 201 000.00	
÷ þar af ókrafið	—	4 852 250.00	
			kr. 5 348 750.00
Varasjóður			— 2 796 853.68
Innstæður í sparisjóði			— 252 736 187.84
Innstæður í hlaupareikningi			— 18 888 009.07
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna			— 7 677 800.00
Fyrirframgreidir vextir			— 1 092 566.53
Ýmsar skuldir			— 3 227 960.74
			Kr. 291 768 127.86

Reykjavík, 15. janúar 1965.

Einar Ágústsson. **Einar S. Einarsson.**

Framanskráðan rekstrarreikning ársins 1964 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1964 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Enn fremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 31. marz 1965.

Ólafur Jóhannesson. *Halldór E. Sigurðsson.* *Ásgeir Jóhannesson.*

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 6. apríl 1965.

Erlendur Einarsson. **Hjörtur Hjartar.** **Vilhjálmur Jónsson.**

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Efnahagsreikningur 31. desember 1964.

Eignir:

1.	Lán gegn 1. veðr. í skipum	kr.	881 996 445.00
2.	Fasteignalán (ríkistr. kr. 13 406 847.00)	—	34 739 677.00
3.	Lán vegna skipa í smíðum	—	7 100 000.00
4.	Fasteignalán PL-480	—	27 430 000.00
5.	Bankainnstæða PL-480	—	1 570 000.00
6.	Innstæðureikningur samþ. óafgr. lána	—	25 000 000.00
7.	Verðbréf	—	2 032 057.00
8.	Ýmsir skuldunautar	—	1 581 415.63
9.	Bankainnstæða	—	45 090 317.99
		Kr.	1 026 539 912.62

Skuldir:

1.	Ríkissjóður (ICA) $ 961 209.00	kr.	41 389 659.56
2.	Framkvæmdabanki $ 1 137 702.79	—	48 989 482.10
3.	Framkvæmdabanki DM 1 102 002.26	—	11 941 981.91
4.	Landsbanki N.kr. 4 263 034.00	—	25 647 691.45
5.	Framkvæmdabanki PL-480	—	29 000 000.00
6.	Innstæður lántakenda	—	371 491 391.26
7.	Viðskiptamenn	—	1 264 612.10
8.	Stofnsjóður	—	475 000 000.00
9.	Afskriftareikningur	—	20 000 000.00
10.	Yfirfært til næsta árs	—	1 815 094.24
		Kr.	1 026 539 912.62

Reykjavík, 2. janúar 1965.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Jóhannes Elíasson. **F. R. Valdemarsson.** **Jónas G. Rafnar.**

Elías Halldórsson.

Reikning þennan höfum við endurskoðað og borið saman við bækur og skjöl sjóðsins og ekkert fundið við hann að athuga.

Reykjavík, 2. marz 1965.

Einar Bjarnason. *Sverrir Júlíusson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1964.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr. 4 996.62
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 551	— 424.71
	kr. 5 421.33

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr. 5 421.33
	kr. 5 421.33

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 93.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld fyrir Sjóðinn Stíg árið 1964.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóður, innstæða nr. 395	kr. 10 729.15
Vextir af innstæðu nr. 395	— 941.57
	Kr. 11 670.72

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr. 11 670.72
	Kr. 11 670.72

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla J. Nikulássonar árið 1964.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	60 104.01
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 716	—	5 108.84
	Kr.	65 212.85

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	65 212.85
	Kr.	65 212.85

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 95.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tuliníusar árið 1964.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
A. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	20 582.07	
B. Búnaðarbankainnstæða nr. 129	—	21 277.21	
			kr. 41 859.28
Vextir:			
A. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	1 749.48	
B. Af Búnaðarbankainnstæðu	—	1 445.00	
			— 3 194.48
			Kr. 45 053.76

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
A. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	20 757.09	
B. Búnaðarbankainnstæða nr. 129	—	24 296.67	
			kr. 45 053.76
			Kr. 45 053.76

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna árið 1964.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Landsbankainnstæða nr. 15383	kr.	84.55
Vextir af Landsbankainnstæðu nr. 15383	—	5 88
	Kr.	90.43

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Landsbankainnstæða nr. 15383	kr.	90.43
	Kr.	90.43

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 97.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar árið 1964.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr.	13 602.93
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1 193.76
	Kr.	14 796.69

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr.	14 796.69
	Kr.	14 796.69

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiskes árið 1964.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
A. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 52 765.14	
B. Búnaðarbankainnstæða nr. 131	— 9 234.52	
		kr. 61 999.66
Vextir:		
A. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 4 485.04	
B. Af Búnaðarbankainnstæðu	— 638.01	
		— 5 123.05
		Kr. 67 122.71

Gjöld:

Styrkur til Grímseyinga	kr. 4 242.70	
		kr. 4 242.70
Sjóður til næsta árs:		
A. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711	kr. 52 989.43	
B. Búnaðarbankainnstæða nr. 131	— 9 890.58	
		— 62 880.01
		Kr. 67 122.71

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 99.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins tíunda og Alexandríu drottningar til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 52 432.14
Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 196	— 4 456.73
	Kr. 56 888.87

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 56 888.87
	Kr. 56 888.87

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1965.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Rvík, sbr. breytingu nr. 112 28. júní 1963.

1. gr.

Upphafsákvæði reglugerðarinnar orðist svo:

Í Reykjavík hefur í samræmi við l. nr. 68 1962 verið gerður samningur milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, borgarstjóra f. h. borgarsjóðs og Sjúkrasamlags Reykjavíkur um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda. Sérstök stofnun, Gjaldheimtan, innheimtir gjöldin og starfar hún á vegum Reykjavíkurborgar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á sérstökum gjaldheimtuseðli þinggjöld, er innheimt hafa verið samkvæmt skattreikningi, útsvör, aðstöðugjöld, sjúkrasamlagsgjöld, iðnlánasjóðsgjald og launaskatt. Um innheimtu gjalda samkvæmt gjaldheimtuseðli, svo og gjaldársgjalda og ábyrgð á greiðslu, gilda eftirfarandi reglur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 68/1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1963, um iðnlánasjóð, og 9. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt.

Fjármálaráðuneytið, 10. ágúst 1965.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

Nr. 101. 11. maí 1965.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Tóbak það, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

Í smásölu er einungis heimilt að selja vindlinga í heilum óáteknum pökkum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. júní 1965, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Fjármálaráðuneytið, 11. maí 1965.

Magnús Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

um vaxtabréfalán Iðnlánasjóðs.

1. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum starfandi iðnfyrirtækja, sem hafa ekki fengið viðunandi lán til langs tíma til framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í fram til ársloka 1963, enda séu lausaskuldir þessar umfram eðlileg rekstrarlán, miðað við veltufjármuni fyrirtækisins. Þessara lána njóta aðeins þau fyrirtæki, sem skylt er að greiða Iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 45 3. apríl 1963.

Ráðherra ákveður heildarfjárhæð vaxtabréfanna. Fjárhæðir einstakra bréfa skulu vera kr. 5 000.00 og kr. 100 000.00 og skal hvor deild hafa sérstakt bókstafseinkenni en hvert bréf tölusett. Vaxtabréf, sem ganga til banka vegna innlausnar lausaskulda við þá, mega vera sérstaklega útgefin með öðrum fjárhæðum, en teljast þó með í heildarfjárhæð vaxtabréfa. Slík bréf má einnig gefa út á nafn viðkomandi banka, ef hann óskar, með rétti fyrir hann til að skipta bréfum í aðrar bréfastærðir og handhafabréf, ef hann óskar. Vaxtabréfin skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Vaxtabréfalánið endurgreiðist á sambærilegum tíma og föstu lánin, sjá 4. gr.

2. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum þessum er:

a) sjálfskuldarábyrgð Iðnlánasjóðs,
b) einföld ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

3. gr.

Vextir af vaxtabréfum Iðnlánasjóðs skulu ákveðnir af stjórn hans, að fengnu áliti Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra. Greiðast vextir eftir á fyrir eitt ár í senn. Heimilt er að áskilja í vaxtabréfum hreyfanlega vexti, eftir því sem vextir breytast almennt.

4. gr.

Endurgreiðslum lána með vöxtum skal varið til innlausnar vaxtabréfum eftir útdrætti, sem notarius publicus framkvæmir. Skal semja endurgreiðsluáætlun í lok lánveitinga og útdráttur vaxtabréfa ákveðinn í samræmi við hana. Þegar útdráttur hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara númer útdreginna vaxtabréfa. Innlausn fer fram við Iðnaðarbanka Íslands hf.

Gjalddagi útdreginna bréfa og vaxtamiða skal vera árlega og miðast við, að hann sé um 3 mánuðum eftir aðalgjalddaga lána.

5. gr.

Lán til iðnfyrirtækja, samkvæmt reglugerð þessari, skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum iðnfyrirtækja ásamt tilheyrandi vélum og tækjum.

Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún ásamt eftirstöðvum skulda, sem á undan hvíla á eign, fari fram úr 60% af matsverði veðsins.

Lengd lána verði meðallánstími, sem ákveðst með hliðsjón af aldri og verðmætishlutfalli bygginga og véla í veðunum. Hámarkslánstími til bygginga sé 15 ár en til véla 7 ár.

Ársvextir skulu ákveðast á sama hátt og segir í 3. gr. Auk vaxta greiða lántakar ½% árlegt kostnaðartillag til varasjóðs Iðnlánasjóðs. Dráttarvextir verði eins og þeir eru ákveðnir hæstir af Seðlabanka Íslands fyrir sambærileg lán.

Lánin eru greidd út í vaxtabréfum, sbr. 1. gr., og ganga til greiðslu umræddra lausaskulda, samkvæmt samkomulagi, sem Iðnlánasjóður gerir fyrirfram við hlutaðeigandi lánsstofnun.

6. gr.

Umsóknir um lán skulu sendar Iðnlánasjóði, ásamt eftirfarandi gögnum:

a) Eignar- og veðbókarvottorði,
b) vátryggingaskírteini eða óyggjandi vottorði um vátryggingu eigna fyrirtækisins,
c) vottfestum upplýsingum um það, hverjum sé heimilt að skuldbinda fyrirtækið og veðsetja eignir þess,
d) rekstrar- og efnahagsreikningi fyrirtækisins s. l. 2 ár,
e) öðrum upplýsingum um rekstur og efnahag fyrirtækisins, sem óskað kann að verða eftir.

7. gr.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat eigna þeirra, sem boðnar eru fram til veðs. Skulu þær metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til. Einnig skal við ákvörðun matsfjárhæðar taka tillit til tæknilegs notagildis eignarinnar, t. d. hvort hún fullnægi nútímakröfum varðandi afkastagetu, rekstrarhagkvæmni o. fl. Stjórn Iðnlánasjóðs skal semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, er staðfestar skulu af iðnaðarmálaráðherra, að fengnu áliti Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Matsnefnd skal meta eignir þær, sem í ráði er að veðsetja Iðnlánasjóði.

Matsnefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af stjórn Iðnlánasjóðs, sem er formaður hennar, einum af Iðnaðarmálaráðuneytinu og einum af Seðlabanka Íslands vegna Ríkisábyrgðasjóðs.

Matsnefndin getur með samþykki stjórnar Iðnlánasjóðs skipað skoðunarmenn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það.

Matsnefndin setur skoðunarmönnum starfsreglur.

Þóknun vegna matsstarfa ákveður stjórn Iðnlánasjóðs.

Lántaki greiðir matskostnað.

9. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán nr. 36 15. maí 1964, sbr. lög um breyting á þeim lögum, nr. 24 8. maí 1965.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 10. maí 1965.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um mat á bifreiðum, er skemmast á leið til landsins.

Ef ný bifreið, sem keypt er og flutt til landsins, verður fyrir verulegum skemmdum við flutning hingað til lands, getur innflytjandi fengið skemmdirnar dregnar frá fullu tollverði bifreiðarinnar, er tollafgreiðsla fer fram, ef þær eru metnar svo sem hér segir:

1. Innflytjandi afhendi viðkomandi tollstjóraskrifstofu innan viku frá því að bifreiðin kom til landsins, skriflega beiðni um matið, þar sem skemmdunum er lýst í aðalatriðum.

2. Séu skemmdirnar svo verulegar, að ástæða þyki til að lækka tollverð bifreiðarinnar vegna þeirra, lætur tollstjóri dómkvadda menn framkvæma matið á kostnað innflytjanda eða vátryggjanda bifreiðarinnar, og verða skemmdirnar þá dregnar frá tollverði hennar (óskemmdrar) samkvæmt matinu, er tollafgreiðsla fer fram. Matinu má þó áfrýja til yfirmats.

Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1965.

F. h. r.
Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

31. maí 1965. Nr. 104.

AUGLÝSING

um útgáfu nýs 100 króna bankaseðils samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 29. marz 1961 gefið út nýjan 100 króna seðil með svofelldri gerð:

Seðillinn er að öllu leyti eins og áður útgefinn 100 króna seðill, sem auglýstur var í Lögbirtingablaðinu 7. maí 1960, að undanskildum eftirtöldum breytingum:

Á framhlið:

Efst á framhlið fyrir miðju kemur Seðlabanki Íslands í stað Landsbanki Íslands, Seðlabankinn.

Seðillinn er gefinn út samkvæmt lögum nr. 10 29. marz 1961.

Eiginhandarundirskriftir bankastjóra Seðlabankans, Jóhannesar Nordal, Jóns G. Maríassonar og Vilhjálms Þór, eru prentaðar til skiptis á seðlana, þannig að tvær undirskriftir koma á hvern seðil.

Fyrir framan bæði númer hvers seðils eru stafirnir DA með upphafsstöfum.

Á bakhlið:

Merki Seðlabanka Íslands kemur í vinstra horn neðan til í stað merkis Landsbanka Íslands, Seðlabankans.

Litur:
Seðillinn er prentaður í blágrænum lit, sem er eins á báðum hliðum. Er um að ræða nýjan lit borið saman við hinn eldri seðil og er litamunur einkum áberandi á bakhlið.

Hinn eldri 100 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi.

Auglýsing þessi er í framhaldi af auglýsingu frá 30. marz s. l., sem birtist í 34. tölublaði Lögbirtingablaðsins og Stj.tíð. B, nr. 65/1965.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 105. 3. júní 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimili fyrir vangefin börn að Tjaldanesi, Mosfellssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1965.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um barnaheimili fyrir vangefin börn að Tjaldanesi, Mosfellssveit.

Stjórn styrktarfélagsins Tjaldaness gerir hér með svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið að Tjaldanesi, Mosfellssveit, Gullbringusýslu.

1. gr.
Heimilið er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru ca. 3 ha lands í Tjaldanesi, Mosfellssveit, ásamt öllum húsum og mannvirkjum, er á landinu eru og kunna að rísa, hitaveituréttindum og munum öllum innanhúss, er stofnunin á eða síðar kann að eignazt.
Á stofnuninni mega eingöngu hvíla skuldir vegna framkvæmda og starfrækslu í þágu stofnunarinnar.

2. gr.
Tilgangur stofnunarinnar er að veita vangefnum börnum og unglingum uppeldi og menntun, sem framast er unnt, og fá til þess hæfa og sérmenntaða kennara.

3. gr.
Fasteignir og lausafjármuni barnaheimilisins að Tjaldanesi má ekki selja né láta af hendi, nema andvirðinu sé varið til eflingar vangefnum börnum í samráði við félagsmálaráðuneytið og með samþykki þess.

4. gr.
Stjórn styrktarfélagsins Tjaldaness er jafnframt framkvæmdastjórn fyrir sjálfseignarstofnunina að Tjaldanesi og annast hún allan rekstur heimilisins ásamt og í samráði við forstöðumenn heilbrigðismála.

5. gr.

Verði starfrækslu stofnunarinnar (heimilisins) hætt, skal eignum hennar varið í þágu vangefinna, sbr. 3. gr. hér að framan.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal skipa annan af tveim endurskoðendum stofnunarinnar (félagsins) svo og varamann hans.

Reykjavík, 6. maí 1965.

Stjórn styrktarfélagsins Tjaldaness.

Olgeir Bárðarson. **Friðfinnur Ólafsson.** **H. Sigurðsson.**

Sig. Magnússon. **F. h. Kristins Olsen,**
Friðfinnur Ólafsson.

30. apríl 1965. Nr. 106.

REGLUGERÐ

um starfskjör á póst- og símstöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja hinu almenna launakerfi og reglum starfsmanna ríkisins skv. dómi Kjaradóms, fá ársþóknun til reksturs pósts og síma á eftirtöldum stöðvum, svo sem hér segir:

kr. 100 000: Póst- og símstöðvar: Breiðdalsvík, Borgarfjörður.
kr. 96.000: Póst- og símstöðvar: Fosshóll, Hrísey, Króksfjarðarnes, Reykholt, Súðavík, Varmahlíð (Skag.).
kr. 91.000: Póst- og símstöðvar: Eiðar, Staðarhóll.
Símstöðvar: Breiðamýri, Galtafell.
kr. 85.000: Póst- og símstöðvar: Innsta Tunga, Skútustaðir, Svignaskarð, Þykkvibær.
Símstöðvar: Stöðvarfjörður.
kr. 80 000: Póst- og símstöðvar: Eyrarkot, Hjalteyri, Neðri Brunná, Skarðshlíð, Svalbarðseyri.
Símstöðvar: Ásgarður (Grímsnesi), Hvanneyri.
kr. 75 000: Póst- og símstöðvar: Arnarstapi (Mýras.), Ásar, Bakkafjörður, Drangsnes, Fossvellir, Grenivík, Húsatóftir, Síðumúli, Skógar.
Símstöðvar: Munkaþverá, Mælifell.
kr. 68 000: Póst- og símstöðvar: Bólstaðarhlíð, Bægisá, Hvammur (Hafnir), Minni Borg.
Símstöðvar: Gaulverjabær.
kr. 61 000: Póst- og símstöðvar: Ás, Ásgarður (Dalas.), Bifröst, Seljaland, Skarð, Stóru Akrar.
Símstöðvar: Hjarðarfell, Hnausar.
Póststöðvar: Stöðvarfjörður, Vík.
kr. 54 000: Póst- og símstöðvar: Djúpavík, Hallormsstaður, Hjaltastaður, Kirkjuból, Staðarfell.
Símstöðvar: Bessastaðir, Haganesvík, Varmahlíð (Rang.).
Póststöðvar: Einarsstaðir, Haganesvík.

Við þessa ársþóknun, sem er miðuð við 1. júlí 1963, bætist hliðstæð hækkun og síðan hefur orðið á launum starfsmanna ríkisins, sem taka laun samkvæmt dómsorði Kjaradóms. Enn fremur bætist við hana orlofsfé.

Í þóknuninni er fólgin greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla.

Á þessum stöðvum má setja það sem skilyrði, að stöðvarstjóri sjái fyrir húsnæði, ljósi, hita og ræstingu gegn hæfilegri greiðslu. Náist ekki samkomulag um greiðsluna, geta aðilar skotið málinu til næsta skattstjóra og svo áfram til ríkisskattanefndar.

Ef þjónustutími einhverra framangreindra stöðva er lengdur umfram það sem að ofan getur, eða ef viðskiptamagnið reiknast meira en sem svarar fullu starfi eins manns, getur póst- og símamálastjórnin heimilið greiðslu fyrir aðstoð.

2. gr.

Þóknun fyrir rekstur stöðva, þar sem þjónustutími er 2 eða 4 stundir á virkum dögum og 3 stundir á helgidögum er, sem hér segir:

1. Föst ársþóknun: kr. 5 500.00, ef þjónustutíminn er 2 stundir á virkum dögum, en kr. 11 000.00, ef þjónustutíminn er 4 stundir á virkum dögum.
2. Kr. 6.00 fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum eða hvert útfarið símskeyti, og eru þjónustusímtöl og þjónustuskeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.
3. Kr. 200.00 á ári fyrir hvern símanotanda.

Við ofannefnda heildarþóknun, sem er miðuð við 1. janúar 1965, bætist orlofsfé og vísitöluuppbót. Í þóknuninni er innifalin greiðsla fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu svo og forföll.

3. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofannefndra stöðva eftir því sem nauðsynlegt þykir.

4. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða af póst- og símamálastjórninni annað hvort ár og ný reglugerð sett af ráðherra, ef um verulegar breytingar er að ræða.

Verði verulegar breytingar á starfsskilyrðum einhverra nefndra stöðva eða um aðrar svipaðar stöður verði að ræða, áður en næsta heildarendurskoðun reglugerðarinnar fer fram, ákveður póst- og símamálastjórnin til bráðabirgða fyrirkomulag og rekstrarþóknun slíkra stöðva.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 8/1935 og öðlast þegar gildi. Reglugerð nr. 50/1959, um launakjör á símstöðvum og póstafgreiðslum er fallin úr gildi.

Póst- og símamálaráðherrann, 30. apríl 1965.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga nr. 159 20. sept. 1962.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Frestur til uppsagnar kjarasamnings og framlagningar tillagna um nýjan samning framlengist til 1. júlí 1965.
2. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 15. september 1965.
3. Frestur aðila samkvæmt 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir, framlengist til 15. október 1965.
4. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 14. gr., til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 15. desember 1965.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1965.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

7. maí 1965. Nr. 108.

SAMÞYKKT

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Kópavogskaupstað nr. 16 frá 15. febrúar 1958.

1. gr.

Í XIV. kafla komi ný grein er verði 81. gr. svo hljóðandi:

81. gr.

Þrátt fyrir ákvæði þau, sem að framan greinir um verzlunarhúsnæði, getur heilbrigðisnefnd leyft vörusölu úr ökutækjum að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1) Leyfið veitist til eins árs í senn.
2) Aðeins má geyma og selja innpakkaða vöru í söluökutæki. Umbúnaði og geymslu á varningi óskyldum neyzluvörum skal jafnan hagað þannig, að hann spilli ekki neyzluvörunum.
   Daunillar eða óþrifalegar vörutegundir má ekki selja í ökutækinu.
3) Rými fyrir matvæli skal vera hentugt og fullnægja sanngjörnum hreinlætiskröfum. Í því sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi: veggir, loft, gólf og skilrúm, ef einhver eru, skulu vera áferðarslétt svo hreingerning sé auðveld og klædd ryðfríum plötum eða öðru jafnhentugu efni, sem raki kemst ekki í gegnum, og skal flöturinn vera í ljósum lit. Dyr og op skulu vera með þéttilistum til varnar ryki. Þar sem loftræstingarútbúnaður er, skal vera loftsía, sem skipta má um og þannig gengið frá, að yfirþrýstingur sé í matvælarýminu.

4) Innréttingar í matvælarýminu, svo sem hillur, afgreiðsluborð, bakkar fyrir brauð og annað þvílíkt, skulu vera þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og þess vegna getur verið nauðsynlegt, að sumir hlutar innréttinga séu færanlegir.
5) Í ökutækinu skal vera góð aðstaða til handþvotta. Handlauginni skal komið fyrir á aðgengilegum stað, og sé hún í sjálfu matvælarýminu, skal vera hlíf í kringum hana. Vatnið skal geyma í föstum geymi, sem tekur a. m. k. 10 l og skal honum komið fyrir þar sem ekki er frosthætta.
6) Ökutæki, sem ætlað er til sölu á kjötvörum og kjötafurðum, fiski, smjöri og smjörlíki skal vera búið kælitækjum, sem tryggja, að hitastigið í því rými, sem ætlað er fyrir þessar vörur, fari ekki yfir + 8 gráður C.
7) Ákvæði þessarar greinar skerða þó ekki þær undanþágur til torgsölu o. fl., sem veittar eru annars staðar í samþykkt þessari eða í lögreglusamþykkt.

2. gr.

Töluröð eftirfarandi greina breytist þannig, að 81. gr. verður 82. gr., 82. gr. verður 83. gr. o. s. frv.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, staðfestist hér með eftir tillögum landlæknis og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. maí 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 109. 15. maí 1965.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Austur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Geiradalshreppur:

1. Bakkavegur, af Tröllatunguvegi við Litlu-Brekku að Bakka.
2. Gautsdalsvegur, af Vesturlandsvegi á Oddamel að Gautsdal.
3. Klettsvegur, af Vesturlandsvegi að Kletti.

Reykhólahreppur:
1. Borgarlandsvegur, af Borgarlandsvegi (landsbraut), hjá Hafrafelli að Borg.
2. Reykhólasjávargata, frá Reykhólum að lendingu við Hóp.
3. Staðarsjávargata, af Reykhólasveitarvegi, vestan Staðarár að lendingu við Staðarklauf.
4. Hólavegur, af Vesturlandsvegi að Hólum.
5. Mýrartunguvegur, af Vesturlandsvegi að Mýrartungu.
6. Skáldstaðavegur, af Vesturlandsvegi að Skáldstöðum.

Gufudalshreppur:
1. Hallsteinsnesvegur, af Vestfjarðavegi utan Þórisstaða fyrir Hallsteinsnes á Vestfjarðaveg í Krossgiljum við Djúpafjörð.
2. Grónesvegur, af Vestfjarðavegi austan við Ódrjúgsháls um Grónes á Vestfjarðaveg frá Brekku.
3. Fremri-Gufudalsvegur, af Neðra-Gufudalsvegi að Efri-Gufudal.

Múlahreppur:
1. Svínanesvegur, af Vestfjarðavegi við Illugastaði út með Skálmarfirði að Svínanesi.
2. Axlarréttarvegur, af Vestfjarðavegi á Klettshálsi að Syðri-Axlarrétt.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefnda, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, þegar samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Austur-Barðastrandarsýslu nr. 160 frá 10. desember 1946 með breytingu nr. 228 frá 29. desember 1961.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. grein vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkvæmt 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir: eru:

Barðastrandarhreppur:

1. Hjarðarnesvegur, af Þingmannaheiðavegi í Þingmannadal að Fossá á Hjarðarnesi.
2. Siglunesvegur, af Siglunesvegi (landsbraut) hjá Skriðnafelli, að Siglunesi.
3. Fitjavegur, frá Siglunesvegi að Fitjum.
4. Grænhólsvegur, frá Barðastrandarvegi austan að Grænhóli.
5. Moshlíðarvegur, af Barðastrandarvegi að Moshlíð.

Rauðasandshreppur:

1. Melanesvegur, af Rauðasandsvegi við Bjarngötudal um Máberg að Melanesi.
2. Hlaðseyrarvegur, af Barðastrandarvegi að Hlaðseyri.
3. Kvígindisdalsvegur af Örlygshafnarvegi að Kvígindisdal.

Tálknafjarðarhreppur:

1. Suðureyrarvegur, af Suðureyrarvegi (landsbraut) hjá Lambeyri í Tálknafirði að Suðureyri.

Ketildalahreppur:

1. Fremri-Hvestuvegur, af Ketildalavegi í Hvestu fram dal að Fremri-Hvestu.
2. Neðri-Hvestuvegur, af Ketildalavegi í Hvestu að Neðri-Hvestu.
3. Feigsdalsvegur, af Ketildalavegi við Bakka um Grænuhlíð og Feigsdal og Granda.
4. Öskubrekkuvegur, frá Ketildalavegi í Fífustaðadal að Öskubrekku.
5. Uppsalavegur, af Ketildalavegi við Brautarholt í Selárdal að Uppsölum.

Suðurfjarðahreppur:

1. Geirþjófsfjarðarvegur, af Bíldudalsvegi í Trostanfirði fyrir Ófærunes um Langabotn og Krosseyri að Steinnesi.
2. Dufansdalsvegur, af Bíldudalsvegi að Dufansdal.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á. Ákveður

sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 75 29. ágúst 1931 með breytingu nr. 34 2. marz 1943.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

15. maí 1965. Nr. 111.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Strandasýslu.

1. gr.

Í Strandasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkvæmt 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Árneshreppur:

1. Kambsvegur, af Strandavegi í Veiðileysufirði um Veiðileysu að Kambi.
2. Drangavegur, af Reykjarfjarðarvegi hjá Ófeigsstögum að Dröngum.
3. Munaðarnesvegur af Norðurfjarðarvegi að Munaðarnesi.
4. Krossnesvegur, af Norðurfjarðarvegi um Krossnes að Felli.
5. Flugvallarvegur, af Strandavegi að flugvelli á Gjögurmelum.
Ef kind er afeyrð, ómörkuð, eða með óþekkjanlegu eða mjög vafasömu marki, en maður vill eigna sér hana af líkum, getur hann borið málið undir hreppstjóra eða eftir atvikum réttarstjóra, sem þá ásamt marklýsingarmönnum, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefur máli sínu til stuðnings. Ef þeim kemur öllum saman um, að mestar líkur séu til, að hann eigi kindina, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin, er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn.

8. gr.

Sauðfjármörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja. Ekki má taka upp nýtt mark, sem annar maður á í gildandi markaskrám fyrir landnám Ingólfs Arnarsonar í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu. Ekki má taka upp eða nota mikil særingarmörk. Má mark ekki vera nema átta hnífsbrögð í allt, og ekki mega undirbenjar vera fleiri en tvær á sama eyra. Rísi ágreiningur um hvort nýtt mark megi upp taka, sker markavörður úr.

9. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrár eigi sjaldnar en tíunda hvert ár. Skulu allir markeigendur í umdæminu koma mörkum sínum í hana, og má enginn nota mark, sem ekki er í skránni, sjá þó 13. gr. Hver markeigandi skal fá eitt eintak af skránni. Einnig skal markavörður sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send í nærliggjandi sýslur og kaupstaði, þar sem búast má við fjársamgöngum.

10. gr.

Sýslunefnd kýs markavörð, er annast um útgáfu markaskrárinnar. Hann skal einnig hafa umsjón með upptöku nýrra marka. Skal markavörður gera sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka og koma í veg fyrir sammerkingar. Hann skal hafa samstarf við nærliggjandi héruð um tilhögun og útgáfu markaskrár eftir því, sem henta þykir.

11. gr.

Markavörður mælir fyrir um söfnun marka og allt, er þar að lýtur, svo sem innheimtu gjalds fyrir markið. Gjald þetta ákveður sýslunefnd og skal það vera svo hátt, að nægi fyrir kostnaði við undirbúning og prentun markaskrárinnar. Gjaldið greiðist um leið og markið er tilkynnt. Fyrir nýtt mark greiðist tvöfalt gjald. Markaverði til aðstoðar skal vera markasöfnunarmaður í hverju sveitarfélagi, er sveitarstjórn tilnefnir. Söfnun marka skal fara fram í októbermánuði árið áður en markaskrá á að koma út. Markasöfnunarmanni ber 10% markagjaldsins í þóknun fyrir starf sitt.

12. gr.

Þegar markavörður hefur fengið markaskýrslur allra sveitarfélaganna í sínar hendur, ber hann þær saman sín á milli, og þær allar við gildandi markaskrár innan héraðs og utan, þar sem búast má við fjársamgöngum. Heimilt er honum að fella niður mörk nýupptekin, sem of lík eru eldri mörkum, og þau sem bannað er að taka upp, ef nokkur eru á skýrslu. Telji hann nauðsynlegt að fella niður mark eða breyta, skal hann svo fljótt sem unnt er, tilkynna það hlutaðeigendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingar á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans ekki mótmælt innan hæfilegs frests frá því, hann sendi tilkynninguna, skulu þau mörk gilda, er hann ákveður. Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir hlutaðeigenda, geti þær samrýmzt ákvæðum þessarar reglugerðar.

13. gr.

Vilji einhver taka upp mark eða nota aðflutt mark, milli þess er markaskrá er samin, ber honum að snúa sér til markavarðar og fá samþykki hans. Að því fengnu skal markeigandi auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, og er honum það þá heimilt til notkunar.

14. gr.

Ef tveir eða fleiri fjáreigendur tilkynna markaverði sama mark, skal erfðamark að öðru jöfnu ganga fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki. Sé

um sams konar mörk að ræða skal sá af bregða, sem færra fé á. Séu bæði mörkin erfðamörk, á sá að hafa, sem á það markið, sem lengur hefur gengið í erfð. Flytji maður í umdæmið með mark, sem er of náið öðrum sem fyrir eru, skal hann af bregða, enda þótt erfðamark sé.

III. KAFLI
Um vorsmalanir og notkun afréttarlanda.

15. gr.

Hver sveitarstjórn eða fjallskilanefnd skal skipa fyrir um fjársmalanir eina eða fleiri á vorin, til mörkunar og rúnings. Skal smalað til Eldborgarréttar laugardaginn í 10. viku sumars og til Kaldárréttar daginn eftir. Annars staðar skal smalað þegar hentugast þykir. Öllum fjáreigendum er skylt að hlíta fyrirmælum sveitarstjórnar eða fjallskilanefndar í öllu, er smölunina snertir.

16. gr.

Utansveitarfé í ullu eða með ómörkuðum lömbum, skal handsama, ef unnt er, rýja það, og marka ómörkuð lömb. Í lögréttum sér réttarstjóri um framkvæmd á þessu. Eiganda skulu hið fyrsta gerð skil á ull og grein fyrir marki og einkennum á hverri kind, sem rúin hefur verið eða markað undir. Sé erfiðleikum bundið að inna þessi skil til eiganda, ber að gera þau til hreppstjóra, sem ráðstafar ull á sama hátt og óskilafé, finnist enginn eigandi. Ómakslaun greiðast eftir samkomulagi eða sanngjörnum reikningum.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að ákvæði greinar þessarar nái einnig til innansveitarfjár á þann hátt sem hún telur eiga við.

17. gr.

Sveitarstjórnir geta hvenær sem er sett reglur um, hvaða takmörkunum það skuli háð að veita utansveitarfé hagagöngu. Þær geta og beitt sér fyrir, að lönd séu metin til ítölu skv. lögum nr. 39/1959.

18. gr.

Þar sem upprekstrarlönd eru notuð á sumrin, ber öllum sem hafa sauðfé og hross, önnur en brúkunarhross, undir höndum, að reka á fjall svo tímanlega að vorinu sem ástæður leyfa, og eigi síðar en í 11. viku sumars. Að öðrum kosti skulu þeir hafa pening sinn á löglega girtum svæðum, enda sé hann á ábyrgð eigenda.

19. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fénað sinn í annars land til beitar, hvort heldur það er heimaland eða afréttarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati sveitarstjórnar, þar sem landráðandi á heima. Öllum er bannað að veita sauðfé móttöku til vor- eða sumargöngu úr öðrum sveitarfélögum nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

20. gr.

Enginn má smala afréttarlönd fyrir leitir, né heldur heimalönd annarra eða reka sauðfé úr þeim nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar eða fjallskilanefndar.

Enginn má að öðru leyti ónáða fénað á fjalli eða í heimahögum án leyfis viðkomandi landráðanda eða hreppstjóra.

IV. KAFLI
Um fjallskil.

21. gr.

Sveitarstjórnir eða fjallskilanefndir skipa fyrir um fjallskil hver á sínu svæði, annast niðurjöfnun fjallskila og skipa leitarstjóra. Leitir skulu byrja í 22. viku sumars.

22. gr.

Fjallskilum skal jafnað niður á umráðamenn fjár eftir fjártölu, og eru allir sem sauðfé eiga, fjallskilaskyldir. Heimilt er sveitarstjóra eða fjallskilanefnd að ákveða, að eigendur eða umráðamenn hrossa, annarra en brúkunarhrossa greiði gjald í fjallskilasjóð. Þó má ekki leggja hærra gjald á hross en nemur fjallskilum á fimm kindur. Þrem vikum fyrir haustleitir tilkynnir síðan sveitarstjórn eða fjallskilanefnd öllum fjallskilaskyldum aðilum í sínu umdæmi, með umburðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt, hvaða fjallskil þeir skuli af hendi inna.

23. gr.

Leitarstjóri skal skipa fyrir um tilhögun leita og hefur alla stjórn á þeim. Hann sér um, að fjársafn sé rekið með reglu til réttar og afhendir það þar safnverði. Hann skal áminna leitarmenn um að fara svo vel, sem unnt er, með fé í leitum. Enn fremur skal hann hafa eftirlit með því, að menn séu nægilega vel útbúnir og að öðru leyti starfa sínum vaxnir. Ef einhver sendir menn í leit, sem leitarstjóri telur óhæfan sakir vanbúnaðar eða af öðrum ástæðum, má fá mann í hans stað á kostnað þess er sendi, eða reikna honum gjald sem fyrir vanrækt fjallskil. Sama gildir þann, sem sendir ófullgildan mann í útréttir.

Öllum leitarmönnum ber að hlýða leitarstjóra, og varðar óhlýðni sektum.

24. gr.

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir setja nánari reglur um haustsmölun heimalanda eftir því, sem við á á hverjum stað.

V. KAFLI
Um réttir og réttarhöld.

25. gr.

Lögréttir á hausti skulu vera þessar:

1. Þórkötlustaðarétt fyrir Grindavíkurhrepp. Aðalrétt mánudag í 22. viku sumars.
2. Kaldárrétt fyrir Garða- og Bessastaðahrepp og Hafnarfjarðarkaupstað. Aðalrétt mánudaginn í 22. viku sumars.
3. Vatnsleysustrandarrétt fyrir Vatnsleysustrandarhrepp. Aðalrétt miðvikudag í 22. viku sumars.
4. Ásarétt fyrir Hafna-, Miðnes-, Gerðahrepps og Keflavíkurkaupstað. Aðalrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars.

Tvær skilaréttir fara fram í lögrétt hverri sama vikudag, sú fyrri 2. vikudag eftir aðalrétt, en hin síðari um mánaðarmót október—nóvember, hrútarétt.

Auk ofangreindra lögrétta, skal núverandi rétt við Eldborg notuð sem sundurdráttarrétt og skal fé þar skrádregið.

Réttardögum þessum og staðsetningu rétta má breyta, ef það þykir hentara. Tillögu til breytinga skal bera undir sýslunefnd.

26. gr.

Kostnaður við byggingu og viðhald rétta með tilheyrandi dilkum réttarfélagsmanna, svo og dilka við útréttir, greiðist úr fjallskilasjóðum þess réttarfélags, sem réttin er fyrir.

Utansveitarfélagsmönnum er skylt að hafa dilka fyrir fénað sinn eftir tilvísun sveitarstjórnar eða fjallskilanefndar, og greiða þeir kostnað við byggingu þeirra og viðhald rétta eftir skipun sveitarstjórnar eða fjallskilanefndar.

27. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd skipar réttarstjóra, safnvörð og tvo marklýsingarmenn um leið og fjallskilum er jafnað niður. Réttarstjóri sér um réttarhöld, og gætir þess, að þar fari allt rétt og skipulega fram. Kvatt getur hann menn með sér til aðstoðar og eftirlits.

28. gr.

Réttarstjóri sér um, að öll ómörkuð lömb skuli dregin í sérstakt hólf, jafnskjótt og þau finnast í réttum, svo að kostur sé á að láta mæður helga sér þau. Skal þess sérstaklega gætt, að þau þvælist sem minnst. Engum er heimilt að marka kind í réttum án heimildar réttarstjóra. Réttarstjóri sér um, að fé það, sem ekki á heima á því svæði, sem smalað er til réttarinnar, sé flutt eða geymt eftir því sem hentast þykir.

VI. KAFLI

Um aukasmalanir og fleira.

29. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd getur, ef ástæður þykja til, látið framkvæma aukasmölun eina eða fleiri. Skal smölun þeirri hagað á sama hátt og leitum.

30. gr.

Nú finnst fé í ógöngum eða ósjálfbjarga eftir haustleitir, sem finnandi eða eigandi treystist ekki til að ná eða koma til byggða, og skal þá sveitarstjórn eða fjallskilanefnd tilkynnt það tafarlaust. Skal þá fenginn svo hæfur maður, sem unnt er, til að ná fénu, sé þess nokkur kostur. Náist fé eigi, og augljóst er, að það komist ekki sjálfkrafa í burtu, en verði að svelta til dauða, má farga því með skotum ef víst er, að takast megi staðhátta vegna. Kostnað skal greiða á sama hátt og fjallskil.

VII. KAFLI

Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

31. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur er við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga þá, sem hann verður var við, og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

32. gr.

Ómerkinga og annað óskilafé, sem ekki finnast eigendur að í lögréttum, skal eftir nákvæma skoðun afhenda hreppstjóra í réttarlok. Skal hann selja féð á uppboði þegar í stað, ef lög ekki banna, en ráðstafa því ella til slátrunar. Í Kaldárrétt annast hreppstjóri Garðahrepps þetta.

33. gr.

Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnst eigandi að, eða ekki kemst til eiganda sökum fjarlægðar, skal færa viðkomandi hreppstjóra, er selur það, ef lög banna ekki á opinberu uppboði, er auglýst sé a. m. k. viku fyrir uppboðið, en færa það ella til slátrunar.

Óskilahross, sem fram koma í réttum eða eftir réttir, skal afhenda hreppstjóra, er auglýsir þau í víðlesnu blaði eða útvarpi. Gefi eigandi sig ekki fram innan þriggja vikna, selur hreppstjóri þau á opinberu uppboði, er auglýst sé með a. m. k. viku fyrirvara.

34. gr.

Við sölu óskilafjár er að jafnaði enginn innlausnarfrestur. Hrúta, sem að dómi hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forustufé og hross, skal selja með 6 vikna innlausnarfresti.

35. gr.

Hreppstjórar skulu fyrir áramót senda sýslumanni skýrslu um sölu óskilafjár í sínum hreppi á árinu ásamt sem nákvæmastri lýsingu á marki og auðkennum hverrar skepnu. Sýslumaður skal síðan fyrir janúarlok birta í Lögbirtingablaðinu tilkynningu um sölu óskilafjár í sýslunni og greina frá marki og auðkenni hverrar skepnu eftir því, sem hægt er. Sýslusjóður greiði kostnað við auglýsingu þessa. Jafnframt skal þar skorað á rétta eigendur að gefa sig fram fyrir næsta fardaga til að sanna rétt sinn.

36. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist sölukostnaður svo og fundarlaun, björgunarlaun og geymslukostnaður, ef því er að skipta. Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tilskilins frests, annars fellur andvirðið til viðkomandi fjallskilasjóðs.

VIII. KAFLI
Um fjallskilasjóð.

37. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera fjallskilasjóður, er sveitarstjórn eða fjallskilanefnd varðveitir. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa sameiginlegan upprekstur og kjósa sameiginlega fjallskilanefnd, má ákveða, að einn fjallskilasjóður sé fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Andvirði óskilafjár.
b. Gjald, jafnað niður á hina fjallskilaskyldu.
c. Gjald fyrir vanrækt fjallskil.
d. Aðrar tekjur, er sveitarstjórnir samþykkja að renna skuli til sjóðsins.

Úr sjóðnum skal greiða:

a. Kostnað við að afstýra ágangi sauðfjár, sbr. 40. gr.
b. Kostnað við réttarbyggingar og viðhald þeirra.
c. Kostnað við fjallskil og réttarhöld.

Öll gjöld til fjallskilasjóðs má innheimta með lögtaki.

38. gr.

Sveitarstjórn annast reikningshald fyrir fjallskilasjóð og varðveitir hann. Skal reikningur sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast á sama hátt. Þar sem sameiginleg fjallskilanefnd er starfandi fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, geta

viðkomandi sveitarstjórnir ákveðið, að hún annist reikningshald og varðveizlu sjóðsins undir eftirliti sýslunefndar.

Ef fjallskilasjóður kemst í fjárþrot, skal viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir í bili veita honum fjárhagsaðstoð, er síðan verði jafnað niður sem öðrum fjallskilakostnaði.

IX. KAFLI
Um ágang búfjár.

39. gr.

Búfjáreigendum er skylt að stuðla að því, að fénaður þeirra gangi ekki í löndum annarra, og valdi þar usla eða tjóni. Umráðamönnum þess búfjár, er löglegar girðingar halda ekki, skal skylt að farga því eða hafa það í sérstaklega traustum girðingum, enda beri þeir, auk sekta, fulla skaðabótaábyrgð á tjóni því, sem gripir þessir valda.

Öllum umráðamönnum búfjár, er í þéttbýli búa, skal skylt, er fé þeirra er ekki á fjalli, þ. e. frá 11. viku sumars til haustleita, að hafa það í löglega girtum girðingum.

Eigendum garðlanda eða landsvæða, er illa þola ágang búfjár skal skylt, vilji þeir verjast ágangi afréttarfjár, að hafa svæði þessi girt löglegum girðingum annaðhvort sér eða í sameiningu við aðra. Skal um uppsetningu, gerð og viðhald á girðingum þessum fara að lögum nr. 24 frá 1952.

Brot á 2. mgr. þessarar greinar skal minnst varða 500.00 kr. sekt nema sérstakar málsbætur séu.

Fé það, sem laust gengur gegn ákvæðum greinar þessarar, og veldur tjóni, er tjónþola heimilt að handsama og ráðstafa sem óskilafé, lögum samkvæmt.

40. gr.

Ef sauðfé eða hross er í óskilum í heimahögum á sumrin eða ganga úr afrétti í heimalönd, getur sá, er fyrir ágangi verður, gert sveitarstjórn aðvart um það. Skal hún þá sjá um, að fénaði þessum sé smalað og hann síðan færður til fjalls eða geymslu í fjárheldri girðingu. Kostnaður við þetta greiðist úr viðkomandi fjallskilasjóði, er getur krafizt endurgreiðslu, frá eigendum fénaðarins í hlutfalli við fjártölu, ef vanrækslu þeirra er um að kenna.

X. KAFLI
Almenn ákvæði.

41. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fé eða misþyrma því á nokkurn hátt. Við allar réttir skal vera útbúnaður til að láta fé ganga sjálft upp á flutningabifreiðir. Skulu bifreiðir þær, er notaðar eru til sauðfjárflutninga eða flutninga á búfénaði vera sundur stíaðar í nægilega mörg hólf og einnig skal setja sand eða annað efni á pall bifreiðanna til þess að búfénu sé auðveldara að standa. Ávallt skal hafa gæzlumann á palli bifreiðar, sem flytur fé.

42. gr.

Enginn má fresta að framkvæma þær fyrirskipanir, sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari, þótt hann sé ekki ánægður með þær. Hins vegar getur hann kært yfir órétti þeim, er hann þykist beittur, til sýslunefndar, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

43. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda varðandi fjallskilamál.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 10 000.00 og renna þær í sveitarsjóð þar sem brot er framið. Vanrækt fjallskil skulu goldin tvöföldu verði til fjallskilasjóðs.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

46. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð, nr. 215 frá 1938.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 107. gr., sbr. 92. gr. c, sveitarstjórnarlaganna nr. 58 1961, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

9. júní 1965. Nr. 122.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Eyjafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þessum sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga, nr. 71 1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Öngulsstaðahreppur:

1. Eyrarlandsvegur, af Norðurlandsvegi að Eyrarlandi.
2. Leifsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Leifsstöðum og Brúarlandi.
3. Svertingsstaðavegur, af Eyjafjarðarbraut að Brekku.
4. Ytri-Hólsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Ytra-Hóli.
5. Garðsárdalsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Garðsá.
6. Brúnalaugarvegur, af Eyjafjarðarbraut að Brúnalaug.
7. Uppsalavegur, af Eyjafjarðarbraut að Uppsölum.
8. Sigtúnsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Sigtúni.
9. Íþróttavallarvegur, af Barnaskólavegi að Kvennaskólavegi.

Saurbæjarhreppur:

1. Villingadalsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Villingadal.
2. Hólsgerðisvegur, framhald af Eyjafjarðarbraut að Tjörnum.
3. Leyningsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Leyningi.
4. Gullbrekkuvegur, af Eyjafjarðrbraut að Gullbrekku.

Hrafnagilshreppur:

1. Vaglavegur, af Eyjafjarðarbraut að Vöglum.
2. Syðra-Gilsvegur, af Eyjafjarðrbraut að Syðra-Gili.
3. Teigsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Teigi.
4. Hranastaðavegur, af Eyjafjarðarbraut að Hranastöðum.
5. Merkigilsvegur, af Eyjafjarðarbraut að Merkigili.
6. Víðigerðisvegur, af Eyjafjarðarbraut að Víðigerði.
7. Torfuvegur, af Eyjafjarðarbraut að Torfum.

Glæsibæjarhreppur:

1. Mýrarlónsvegur, af Norðurlandsvegi á enda Blómsturvallavegar.
2. Syðra-Hólsvegur, af Norðurlandsvegi að Syðra-Hóli.
3. Ytra-Hólsvegur, af Norðurlandsvegi að Ytra-Hóli.
4. Einarsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Einarsstöðum.
5. Sílastaðavegur, af Norðurlandsvegi að Sílastöðum.
6. Brávallavegur, af Blómsturvallavegi að Brávöllum.
7. Skipalónsvegur, af Dagverðareyrarvegi að Skipalóni.
8. Tréstaðavegur, af Dagverðareyrarvegi að Tréstöðum.
9. Djúpárbakkavegur, af Ólafsfjarðarvegi að Djúpárbakka.
10. Ásvegur, af Norðurlandsvegi að Ási.
11. Vindheimavegur, af Norðurlandsvegi að Efra-Vindheimum.
12. Garðshornsvegur, af Norðurlandsvegi að Garðshorni.

Öxnadalshreppur:

1. Syðri-Bægisárvegur, af Norðurlandsvegi að Syðri-Bægisá.
2. Hólavegur, af Norðurlandsvegi að Hólum.
3. Hraunsvegur, af Norðurlandsvegi hjá Engimýri um Hraun og Háls á Öxnadalsveg hjá Auðnum.

Skriðuhreppur:

1. Búðarnesvegur, af Hörgárdalsvegi að Búðarnesi.
2. Hörgárdalsvegur innri, af þjóðvegi (Hörgárdalsvegi) hjá Staðarbakka að Ásgerðarstaðaseli.
3. Baugaselsvegur, af Hörgárdalsvegi að Baugaseli.
4. Öxnhólsvegur, af Hörgárdalsvegi að Öxnhóli.
5. Hallfríðarstaðavegur, af Hörgárdalsvegi að Hallfríðarstöðum.

Arnarneshreppur:

1. Pálmholtsvegur, af Ólafsfjarðarvegi hjá Reistará á Hjalteyrarveg hjá Pálmholti.
2. Arnarnesvegur, af Hjalteyrarvegi að Arnarnesi.
3. Sjávarbakkavegur, af Hjalteyrarvegi að Sjávarbakka.
4. Arnarholtsvegur, af álmu af Hjalteyrarvegi að Arnarholti.

Árskógshreppur:

1. Selárvegur, af Hauganesvegi að Selá.
2. Brimnesvegur, af Hauganesvegi að Brimnesi.
3. Helluvegur, af Ólafsfjarðarvegi að Hellu.
4. Kleifarvegur, af Ólafsfjarðarvegi að Kleif.

Svarfaðardalshreppur:

1. Sökkuvegur, af Skíðadalsvegi að Sökku.
2. Ölduhryggjarvegur, af Skíðadalsvegi að Ölduhrygg.
3. Uppsalavegur, af Skíðadalsvegi að Uppsölum.
4. Syðra-Hvarfsvegur, af Skíðadalsvegi að Syðra-Hvarfi.

5. Klængshóls- og Hlíðarvegur, af Skíðadalsvegi álma að Klængshóli, og álma að Hlíð.
6. Kóngsstaðavegur, af Skíðadalsvegi að Kóngsstöðum.
7. Melavegur, af tengivegi á Skíðadalsvegi að Melum.
8. Kotsvegur, framhald af Svarfaðardalsvegi.
9. Hræringsstaðavegur, af Svarfaðardalsvegi, með afleggjara í Skeið og Búrfell.
10. Bakkavegur, af Svarfaðardalsvegi að Bakka.
11. Bakkagerðisvegur, af Svarfaðardalsvegi að Bakkagerði.
12. Grundarvegur, tengivegur milli Svarfaðardals og Skíðadalsvegar, með brú á Svarfaðardalsá hjá Hofi.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð, samkvæmt 21. gr. vegalaga, niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal vera 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. vegalaga eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt eftir tillögum sýslunefndar að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalds renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafn miklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun, í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Staðfest áætlun þessi gildi er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu, nr. 55 17. maí 1926, með áorðnum breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 123. 9. júní 1965.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Hvalfjarðarstrandarhreppur:

1. Botnsdalsvegur, af Vesturlandsvegi um Litla-Botn að Stóra-Botni.
2. Hrafnabjargavegur, af Vesturlandsvegi að Hrafnabjörgum.
3. Kalastaðakotsvegur, af Vesturlandsvegi að Kalastaðakoti.
4. Hurðarbaksvegur, af Svínadalsvegi að Hurðarbaki.

5. Svarfhólsvegur, af Svínadalsvegi að Svarfhóli.
6. Efra-Skarðsvegur, af Leirársveitarvegi um Tungu að Efra-Skarði.
7. Hlíðarfótsvegur, af Svínadalsvegi að Hlíðarfæti.
8. Kambshólsvegur, af Svínadalsvegi að Kambshóli.
9. Grafardalsvegur, af Dragavegi um Dragháls að Grafardal.
10. Katanesvegur, af Akrafjallsvegi að Katanesi.
11. Vatnaskógsvegur, af Vesturlandsvegi í Vatnaskóg.

Innri-Akraneshreppur:
12. Reynisvegur, af Akrafjallsvegi um Eystri-Reyni að Vestri-Reyni.
13. Birnuhöfðavegur, af Akrafjallsvegi að Birnuhöfða.

Skilmannahreppur:
14. Galtarholtsvegur, af Vesturlandsvegi að Galtarholti.
15. Arkarlækjarvegur, af Akrafjallsevgi að Arkarlæk.
16. Vallanesvegur, af Akranesvegi um Hvítanes að Vallanesi.

Leirár- og Melahreppur:
17. Bakkavegur, af Melasveitarvegi að Bakka.
18. Hafnarvegur, af Vesturlandsvegi að Höfn.
19. Geldingaárvegur, af Vesturlandsvegi að Geldingaá.
20. Skipanesvegur, af Vesturlandsvegi að Skipanesi.
21. Melkotsvegur, af Leirársveitarvegi að Melkoti.
22. Neðraskarðsvegur, af Leirársveitarvegi að Neðraskarði.

Andakílshreppur:
23. Eyrarvegur, af Borgarfjarðarbraut hjá Varmalæk um Múlastaði að Eyri.
24. Stafholtseyjarvegur, af Bæjarsveitarvegi að Stafholtsey.
25. Hvítárbakkavegur, af Bæjarsveitarvegi að Hvítárbakka.
26. Laugarholtsvegur, af Bæjarkirkjuvegi að Laugarholti.
27. Hestvegur, af Borgarfjarðarbraut að Hesti.
28. Ausuvegur, af Vesturlandsvegi að Ausu.

Skorradalshreppur:
29. Grundarvegur, af Skorradalsvegi að Grund.
30. Mófellsstaðakotsvegur, af Mófellsstaðavegi að Mófellsstaðakoti.
31. Indriðastaðavegur, af Mófellstaðavegi að Indriðastöðum.

Lundarreykjadalshreppur:
32. Tungufellsvegur, af Uxahryggjavegi að Tungufelli.
33. Brennuvegur, af Uxahryggjavegi að Brennu.
34. Þverfellsvegur, af Uxahryggjavegi um Kaldagil að Þverfelli.
35. Gilstreymisvegur, af Uxahryggjavegi að Gilstreymi.
36. Englandsvegur, af Uxahryggjavegi að Englandi.
37. Iðunnarstaðavegur, af Uxahryggjavegi að Iðunnarstöðum.
38. Hólsvegur, af Lundarreykjadalsvegi að Hóli.
39. Grafarvegur, af Lundarreykjadalsvegi að Gröf.
40. Krossvegur, af Lundarreykjadalsvegi að Krossi.

Reykholtsdalshreppur:
41. Hurðarbaksvegur, af Borgarfjarðarbraut, um Garð að Hurðarbaki.
42. Brekkukotsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Brekkukoti.
43. Skáneyjarvegur, af Reykdælavegi að Skáney.
44. Grímsstaðavegur, af Reykdælavegi að Grímsstöðum.

45. Breiðabólsstaðarvegur, af Reykdælavegi að Breiðabólstað.
46. Ásgarðsvegur, af Stóra-Kroppsvegi að Ásgarði.
47. Hrísavegur, af Flókadalsvegi að Hrísum.
48. Brúsholtsvegur, af Flókadalsvegi að Brúsholti.
49. Klettsvegur, af Stóra-Kroppsvegi að Kletti.
50. Víðigerðisvegur, af Borgarfjarðarbraut að Víðigerði.

Hálsahreppur:
51. Hraunsásvegur, af Hálsasveitarvegi að Hraunsási.
52. Signýjarstaðavegur, af Hálsasveitarvegi að Signýjarstöðum.
53. Norðurreykjavegur, af Hálsasveitarvegi að Norðurreykjum.
54. Rauðsgilsvegur, af Reykdælavegi að Rauðsgili.
55. Kollslækjarvegur, af Reykdælavegi að Kollslæk.
56. Giljavegur, af Reykdælavegi yfir Reykjadalsá að Giljum.
57. Augastaðavegur, af Reykdælavegi yfir Reykjadalsá að Augastöðum.
58. Sigmundarstaðavegur, af Hálsasveitarvegi að Sigmundarstöðum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslu-

fundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu, nr. 118 21. maí 1953, ásamt síðari breytingu.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

9. júní 1965. Nr. 124.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Hvítársíðuhreppur:

1. Síðumúlaveggjavegur, af Borgarfjarðarbraut að Síðumúlaveggjum.
2. Hallkelsstaðavegur, af Hvítársíðuvegi að Hallkelsstöðum.
3. Þorvaldsstaðavegur, af Hvítársíðuvegi að Þorvaldsstöðum.
4. Fljótstunguvegur, af Hvítársíðuvegi að Fljótstungu.

Þverárhlíðarhreppur:

5. Hallavegur, af Þverárhlíðarvegi um Lindarhvol og Höll á Norðurárdalsveg.
6. Hlíðarvegur, af Þverárhlíðarvegi hjá brú á Litlu-Þverá að Sigmundarstöðum.
7. Lundarvegur, af Grjóthálsvegi að Lundi.
8. Örnólfsdalsvegur, af Grjóthálsvegi að Örnólfsdal.
9. Hamravegur, af Örnólfsdalsvegi um Helgavatn að Hömrum.

Norðurárdalshreppur:

10. Sanddalstunguvegur, af Norðurlandsvegi að Sanddalstungu.
11. Dýrastaðavegur, af Norðurlandsvegi að Dýrastöðum.
12. Klettstíuvegur, af Norðurlandsvegi að Klettstíu.
13. Hvassafellsvegur, af Vesturlandsegi að Hvassafelli.
14. Jafnaskarðsvegur, af Vesturlandsvegi um Hreðavatn að Jafnaskarði.

Stafholtstungnahreppur:

15. Litlaskarðsvegur, af Vesturlandsvegi að Litlaskarði.
16. Stóru-Skógavegur, af Vesturlandsvegi að Stóru-Skógum.
17. Munaðarnesvegur, af Vesturlandsvegi að Munaðarnesi.
18. Sólheimatunguvegur, af Vesturlandsvegi að Sólheimatungu.
19. Hlöðutúnsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Hlöðutúni.
20. Hofsstaðavegur, af Stafholtsvegi að Hofsstöðum.
21. Hamraendavegur, af Borgarfjarðarbraut að Hamraendum.
22. Stafholtsveggjavegur, að Borgarfjarðarbraut að Stafholtsveggjum.
23. Bakkakotsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Bakkakoti.
24. Neðra-Nesvegur, af Borgarfjarðarbraut, um Kaðalstaði og Efra-Nes að Neðranesi.
25. Steinavegur, af Borgarfjarðarbraut um Ása að Steinum.
26. Miðgarðsvegur, af Borgarfjarðarbraut að Miðgarði.
27. Brúarreykjavegur, af Borgarfjarðarbraut um Brúarreyki og Sólbakka að Laufskálum.
28. Ásbjarnarstaðavegur, af Þverárhlíðarvegi um Sleggjulæk og Ásbjarnarstaði að Selhaga.
29. Gunnlaugsstaðavegur, af Þverárhlíðarvegi að Gunnlaugsstöðum með álmu að Guðnabakka.

Borgarhreppur:

30. Gljúfurárvegur, af Vesturlandsvegi að Gljúfurá.
31. Heyholtsvegur, af Vesturlandsvegi að Heyholti.
32. Birkibólsvegur, af Valbjarnarvallavegi að Birkibóli.
33. Laxholtsvegur, af Vesturlandsvegi, um Galtarholt og Laxholt að Stað.
34. Gufuárvegur, af Borgarnesbraut að Gufuá.
35. Lækjarkotsvegur, af Borgarnesbraut að Lækjarkoti.
36. Bóndhólsvegur, af Borgarnesbraut um Holt að Bóndhól.
37. Einarsnesvegur, af Borgarnesbraut að Einarsnesi.
38. Rauðanesvegur, af Þursstaðavegi að Rauðanesi.
39. Þursstaðavegur, af þjóðvegi heim að Þursstöðum.

40. Ánabrekkuvegur, af Stykkishólmsvegi um Litlu-Brekku að Ánabrekku.
41. Stangarholtsvegur, af Stykkishólmsvegi um Jarðlangsstaði að Stangarholti.

Álftaneshreppur:
42. Smiðjuhólsvegur, af Álftaneshreppsvegi að Smiðjuhóli.
43. Leirulækjarvegur, af Álftaneshreppsvegi að Leirulæk.
44. Lambastaðavegur, af Álftaneshreppsvegi hjá Miðhúsum að Lambastöðum.
45. Hvíslhöfðavegur, af Álftaneshreppsvegi að Kvíslhöfða.
46. Straumfjarðarvegur, af Álftaneshreppsvegi að Straumfirði með álmu að Knarrarnessundi.
47. Hraundalsvegur, af Grímsstaðavegi að Syðri-Hraundal.
48. Grenjavegur, af Grímsstaðavegi að Grenjum.
49. Urriðaárvegur, af Stykkishólmsvegi að Urriðaá.

Hraunhreppur:
50. Seljavegur, af Hraunhreppsvegi um Selja að Hestkeldu gegn Hjörsey.
51. Hólmakotsvegur, af Seljavegi að Hólmakoti.
52. Hamraendavegur, ef Seljavegi að Hamraendum.
53. Traðavegur, af Hraunhreppsvegi að Tröðum.
54. Vogsvegur, af Hraunhreppsvegi að Vogi.
55. Einholtsvegur, af Hraunhreppsvegi að Einholtum.
56. Fíflholtavegur, af Hraunhreppsvegi að Fíflholtum.
57. Skíðsholtsvegur, af Hraunhreppsvegi að Skíðsholtum.
58. Hamravegur, af Hraunhreppsvegi að Hömrum.
59. Álftárvegur, af Stykkishólmsvegi að Álftá.
60. Svarfhólsvegur, af Staðarhraunsvegi að Svarfhóli með álmu að Ytri-Hraundal.
61. Hítardalsvegur, af Staðarhraunsvegi að Hítardal.
62. Helgastaðavegur, af Hítardalsvegi að Helgastöðum.
63. Hítárvegur, af Stykkishólmsvegi um Brúarfoss að Skiphyl, með Hlíðarvegi, að Lækjarbug.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- og gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu, nr. 119 21. maí 1953, ásamt síðari breytingu á henni.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt vegalögum nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Dalasýslu.

1. gr.

Í Dalasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru þessir:

Hörðudalshreppur:

1. Gunnarsstaðavegur, af Skógarstrandarvegi að Gunnarsstöðum.
2. Dunkárbakkavegur, af Skógarstrandarvegi að Dunkárbakka.

Miðdalahreppur:

3. Stóra-Skógarvegur, af Vesturlandsvegi að Stóra-Skógi.
4. Miðskógarvegur, af Vesturlandsvegi að Miðskógi.
5. Kirkjuskógarvegur, af Vesturlandsvegi að Kirkjuskógi.
6. Sauðafellsvegur, af Vesturlandsvegi að Sauðafelli.
7. Erpsstaðavegur, af Vesturlandsvegi að Erpsstöðum.
8. Breiðabólsstaðavegur, af Vesturlandsvegi að Breiðabólsstað.
9. Háafellsvegur, af Hlíðarvegi að Háafelli.
10. Kolsstaðavegur, af Hlíðarvegi að Kolsstöðum.

Haukadalshreppur:

11. Köldukinnarvegur, af Vesturlandsvegi að Köldukinn.
12. Haukadalsvegur syðri, af Haukadalsvegi um brú á Haukadalsá hjá Hömrum, um Hamra, Jörfa og Saursstaði að Litla-Vatnshorni.

Laxárdalshreppur:

13. Lækjarskógavegur, af Vesturlandsvegi að Lækjarskógi.
14. Flugvallavegur á Kambsnesi, af Vesturlandsvegi að flugvelli á Kambsnesi.
15. Hornsstaðavegur, af Laxárdalsvegi að Hornsstöðum.
16. Leiðólfsstaðavegur, af Laxárdalsvegi að Leiðólfsstöðum.
17. Svalhöfðavegur, af Laxárdalsvegi að Svalhöfða.
18. Sólheimavegur, af Laxárdalsvegi að Sólheimum.
19. Sámsstaðavegur, af Laxárdalsvegi að Sámsstöðum.
20. Hróðnýjarstaðavegur, af Laxárdalsvegi, um Spákelsstaði og Vígholtsstaði að Hróðnýjarstöðum.
21. Ljárskógavegur, af Vesturlandsvegi að Ljárskógum.
22. Vegir og götur í Búðardal.

Hvammshreppur:

23. Magnússkógavegur, af Vesturlandsvegi að Magnússkógum.
24. Ásgarðsvegur, af Vesturlandsvegi að Ásgarði.
25. Sælingsdalstunguvegur, af Sælingsdalsvegi að Sælingsdalstungu.
26. Kýrunnarstaðavegur, af Klofningsvegi að Kýrunnarstöðum.
27. Knarrarhafnarvegur, af Klofningsvegi að Knarrarhöfn.

Fellsstrandarhreppur:
28. Hallsstaðavegur, af Efribyggðarvegi að Hallsstöðum.
29. Víghólsstaðavegur, af Klofningsvegi að Víghólsstöðum.
30. Arnarbælisvegur, af Klofningsvegi að Arnarbæli.
31. Grundarvegur, af Efribyggðarvegi að Grund.

Klofningshreppur:
32. Stakkabergsvegur, af Klofningsvegi að Stakkabergi.
33. Hnúksnesvegur, af Klofningsvegi hjá Hnúki að verzlunarstað í Hnúksnesi.
34. Langeyjarnesvegur, af Klofningsvegi að Langeyjarnesi.
35. Melavegur, af Klofningsvegi að Melum.

Skarðshreppur:
36. Krossvegur, af Klofningsvegi að Krossi.
37. Barmsvegur, af Klofningsvegi að Barmi.
38. Búðardalsvegur, af Klofningsvegi að Búðardal.
39. Heinabergsvegur, af Klofningsvegi að Heinabergi.
40. Flugvallarvegur hjá Skarði, af Klofningsvegi að flugvelli.

Saurbæjarhreppur:
41. Innri-Fagradalsvegur, af Klofningsvegi að Innri-Fagradal.
42. Tjaldanesvegur, af Klofningsvegi að Tjaldanesi.
43. Lambanesvegur, af Klofningsvegi að Lambanesi.
44. Kverngrjótsvegur, af Staðarhólsvegi að Kverngrjóti.
45. Þverdalsvegur, af Staðarhólsvegi að Þverdal.
46. Kjarlaksvallavegur, af Staðarhóslvegi að Kjarlaksvöllum.
47. Miklagarðsvegur, af Staðarhólsvegi að Miklagarði.
48. Múlabæjavegur, af Staðarhólsvegi, hjá Þurranesi að Belgsdal.
49. Hvítadalsvegur, af Vesturlandsvegi að Hvítadal.
50. Ólafsdalsvegur, af Vesturlandsvegi að Ólafsdal.
51. Kleifavegur, af Vesturlandsvegi að Kleifum.
52. Flugvallarvegur á Holtahrygg, af Vesturlandsvegi hjá Stórholti að flugvelli.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinn í sýsluvegasjóð.

Skattur þessi greiðist á næsta manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Dalasýslu, nr. 41 11. apríl 1929, ásamt síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Í Suður-Þingeyjarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkvæmt 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga, nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Svalbarðsstrandarvegur:

1. Hallandsvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Hallandi.
2. Hallandsnesvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Hallandsnesi.
3. Geldingsárvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Geldingsá.
4. Breiðabólsvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Breiðabóli.
5. Mógilsvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Mógili.
6. Túnsbergsvegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Túnsbergi.
7. Helgafellsvegur, af Svalbarðseyri að Helgafelli.
8. Neðri-Dálksstaðavegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Neðri-Dálksstöðum.
9. Efri-Dálksstaðavegur, af Svalbarðsstrandarvegi að Efri-Dálksstöðum.

Grýtubakkahreppur:

1. Nesvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Nesi.
2. Grenivíkurvegur, af Grenivík norðan í höfðanum að Þengilbakka.
3. Hjallavegur, af Fjónskadalsvegi eystri að Hjalla.
4. Dalsvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri um Jarlsstaði að Dal.
5. Hvammsvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Hvammi.
6. Sundlaugarvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að sundlaug í Gljúfurárgili.
7. Kolgerðisvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Kolgerði.
8. Skarðsvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Skarði.

Hálshreppur:

1. Garðshreppur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Garði.
2. Hólavegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Syðrihóli með álmu að Ytrihóli.
3. Böðvarsnesvegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Böðvarsnesi.
4. Veisuvegur, af Fnjóskdalsvegi eystri að Veisu.
5. Fornastaða- og Fornhólavegur, af Fnjóskadalsvegi eystri að Fornastöðum.
6. Sigríðarstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Sigríðarstöðum.
7. Birkihlíðarvegur, af Norðulandsvegi að Birkihlíð.
8. Kambsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Kambsstöðum.
9. Birningsstaðvegur, af Norðurlandsvegi að Birningsstöðum.
10. Vaglavegur, af Vaglaskógarvegi að Vöglum.
11. Þórðarstaðavegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Þórðarstöðum.
12. Fram-Fnjóskadalsvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Reykjum.
13. Fjósatunguvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Fjósatungu.
14. Brúnagerðisvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Brúnagerði.

15. Steinkirkjuvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Steinkirkju.
16. Grímsgerðisvegur, af Fnjóskadalsvegi vestri að Grímsgerði.
17. Lundsvegur, af Vaglaskógarvegi að Lundi.

Ljósavatnshreppur:
1. Bjargavegur, af Út-Kinnarvegi að Björgum.
2. Hálsvegur, af Kinnarvegi að Hálsi.
3. Hólsgerðisvegur, af Kinnarvegi að Hólsgerði.
4. Hrappsstaðavegur, af Kinnarvegi að Hrappsstöðum.
5. Gvendarstaðavegur, af Kinnarvegi að Gvendarstöðum.
6. Hlíðarvegur, af Kinnarvegi að Hlíð.
7. Fellsselsvegur, af Kinnarvegi að Fellsseli.
8. Landamótsselsvegur, af Kinnarvegi að Landamótsseli.
9. Stórutjarnarvegur, af Norðurlandsvegi að Stórutjörnum.
10. Arnstapavegur, af Norðurlandsvegi að Arnstapa.
11. Vatnsendavegur, af Norðurlandsvegi að Vatnsenda.
12. Öxarárvegur, af Bárðardalsvegi vestri að Öxará.
13. Holtakotsvegur, af Norðurlandsvegi að Holtakoti.
14. Rauðárvegur, af Norðurlandsvegi að Rauðá.

Bárðdælahreppur:
1. Sigurðarstaðavegur, af Bárðardalsvegi að Sigurðarstöðum.
2. Bjarnastaðavegur, af Bárðardalsvegi eystri að Bjarnastöðum og Rauðafelli.
3. Svartárkotsvegur, af Bárðardalsvegi eystri að Svartárkoti.
4. Stórutunguvegur, af Bárðardalsvegi eystri að Stórutungu.
5. Stóruvallavegur, af Bárðardalsvegi vestri að Stóruvöllum.

Skútustaðahreppur:
1. Hofsstaðavegur, af Mývatnssveitarvegi nyrðri að Hofsstöðum.
2. Neslandsvegur, af Mývatnssveitarvegi nyrðri að Syðri-Neslöndum.
3. Kálfastrandarvegur, af Norðurlandsvegi að Kálfaströnd.
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 1. október 1965.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsalalaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júlí 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 141. 16. júlí 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Stöðvarfjarðarkauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og eftir samþykkt hreppsnefndar Stöðvarhrepps, er eftirfarandi takmörkun sett um umferð um Stöðvarfjarðarkauptún:

Hámarkshraði um Stöðvarfjarðarkauptún skal vera 30 km á klst.
Viðeigandi umferðarmerki hafa verið sett upp.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 16. júlí 1965.

Axel V. Tulinius.

Nr. 142. 16. júlí 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og eftir samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, er sett eftirfarandi takmörkun á umferð um Egilsstaðakauptún:

Einstefnuakstur er um götuna Laufás frá Selási að Skjólbrekku.
Viðeigandi umferðarmerki verða sett upp við göturnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 16. júlí 1965.

Axel V. Tulinius.

AUGLÝSING

um umferð á Seyðisfirði.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hefur verið ákveðið, að eftirtalinn vegkafli á Seyðisfirði skuli talinn aðalbraut:

Ránargata öll, frá Fjarðarárbrú að Bræðraborgarlæk.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 17. júlí 1965.

Erlendur Björnsson.

18. júní 1965. Nr. 144.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Reykjavíkur og nágrennis, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð, að í henni eiga sæti 17 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnum eftirtalinna sveitarfélaga, 2 frá hverjum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarneshreppi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi, Mosfellshreppi og Kjalarneshreppi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög. Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal halda gerðabók; og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður, sem er ósamþykkur ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Nefndin lætur á uppdrætti auðkenna þann hluta svæðisins, sem hún telur rétt að fjallað skuli um; einnig skal sérstaklega auðkenna þann hluta af óskipulögðu svæði, sem hún telur að ekki skuli skipulagður að svo stöddu.

5. gr.

Á uppdrætti skal sýna legu aðalumferðarbrauta og legu annarra gatna (vega), sem áhrif hafa á skipulag utan þess sveitarfélags, þar sem gatan (vegurinn) er, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi, opin svæði o. s. frv.

Sýna skal á uppdrætti staðsetningu vatnsæða og vatnsbóla, holræsa, rafmagnslína, jarðhitasvæða, svo og mannvirkja, sem sérstakt menningar- eða sögugildi hafa, og náttúrumyndanir, sem ætlazt er til að óskertar verði.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins eða um þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag, sem aðild á að nefndinni, greiðir í upphafi kr. 5000.00. Í árslok gerir nefndin síðan tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1968. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 145. 27. ágúst 1965.

AUGLÝSING

um löggildingu danska lyfseðlasafnsins 1963 á Íslandi.

Frá og með 1. apríl 1966 skal danska lyfseðlasafnið frá 1963, Dispensatorium Danicum 1963, vera gilt lyfseðlasafn á Íslandi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. ágúst 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um rekstrarstyrk ríkissjóðs til sjúkrahúsa sveitarfélaga vegna ársins 1964.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sérstakan styrk vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1965, er miðast við legudagafjölda 1964.

2. gr.

Sjúkrahúsin falla eftir þjónustu í þrjá aðalflokka til að hljóta rekstrarstyrk. Í I. flokki eru deildaskipt sjúkrahús, þ. e. sjúkrahús með minnst þremur deildum, lyflæknisdeild, handlæknisdeild og röntgendeild.

Í II. flokki eru sjúkrahús, sem hafa sérstakan sjúkrahúslækni eða yfirlækni, auk annarrar læknisþjónustu, en falla ekki undir I. flokk. Í III. flokki eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, sem héraðslæknar veita forstöðu.

Hver hinna þriggja flokka skiptist í tvo undirflokka, A og B. Á þessu ári skal þó ekkert sjúkrahús falla í I. flokk A.

3. gr.

Í I. flokki B eru:
Borgarspítalinn í Reykjavík,
Sjúkrahús Akureyrar.

Í II. flokki A eru:
Hvítabandið,
Sjúkrahús Akraness,
Sjúkrahús Ísafjarðar,
Sjúkrahús Neskaupstaðar,
Sjúkrahús Keflavíkur.

Í II. flokki B eru:
Sjúkrahús Sauðárkróks,
Sjúkrahús Siglufjarðar,
Sjúkrahús Vestmannaeyja,
Sjúkrahús Árnesinga.

Í III. flokki A eru:
Farsóttahúsið í Reykjavík,
Sjúkrahús Patreksfjarðar,
Sjúkrahús Hvammstanga,
Sjúkrahús Blönduóss,
Sjúkrahús Húsavíkur,
Sjúkrahús Seyðisfjarðar,
Sólvangur í Hafnarfirði.

Í III. flokki B eru:
Sjúkrahús Þingeyrar,
Sjúkrahús Flateyrar,
Sjúkrahús Bolungarvíkur,
Sjúkrahús Hólmavíkur,
Sjúkrahús Vopnafjarðar,
Sjúkrahús Egilsstaða,
Sjúkrahús Þórshafnar.

4. gr.

Hlutfallstala styrkhæðar á legudag í hverjum flokki skal vera:

Í I. flokki A	100%
Í I. flokki B	90%
Í II. flokki A	70%
Í II. flokki B	60%
Í III. flokki A	50%
Í III. flokki B	40%

5. gr.

Samkv. ákvæðum fjárlaga 1965, sbr. 12. gr. VI, er styrkupphæðin kr. 8 000 000.00, og skiptist hún í krónutölu á legudag milli flokka þannig:

I. flokkur B	kr. 39.00
II. flokkur A	— 30.00
II. flokkur B	— 26.00
III. flokkur A	— 22.00
III. flokkur B	— 17.00

6. gr.

Fjöldi legudaga í hverju sjúkrahúsi árið 1964 reiknast samkvæmt skýrslu sjúkrahússins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 50 10. júlí 1964, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 147. 1. september 1965.

AUGLÝSING

um breyting á námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri.

Í stað ákvæðis um **starfsfræðslu og leiðbeiningar um stöðuval** á bls. 35 í námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri, er menntamálaráðuneytið setti árið 1960 samkv. heimild í 36. gr. laga nr. 34/1946 og 30. gr. laga nr. 48/1946 og gildi tók samkv. auglýsingu nr. 192, dags. 16. september 1960, komi eftirfarandi:

Starfsfræðsla og leiðbeiningar um náms- og stöðuval fari fram í I. og II. bekk gagnfræðastigs í nánum tengslum við félagsfræði og þann þátt landafræðinámsins, er lýtur að atvinnuvegum landsmanna, og skal ætla eina kennslustund á viku til félagsfræði og starfsfræðslu í hvorum bekk.

Þar sem kennslustundir á viku í I. og II. bekk gagnfræðastigs eru færri en 33, skal bætt við einni kennslustund, en skólastjóra er heimilt, vegna téðra námsgreina, að fækka um eina kennslustund á viku í einhverri námsgrein skólans, ef vikustundir eru 33 eða fleiri.

Kennsluna skulu þeir einir annast, sem sérstakrar þjálfunar hafa notið í starfsfræðslu.

Heimilt er að láta starfsfræðslu fara fram á námskeiðum þar sem kennslunni verður eigi við komið á annan hátt sakir vöntunar á sérhæfðum kennurum eða aðrar ástæður torvelda framkvæmd hennar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. september 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Árni Gunnarsson.

3. september 1965. Nr. 148.

REGLUGERÐ

um eftirlit með útlendingum.

I. Um vegabréf og vegabréfaáritanir.

A. Vegabréfaskylda.

1. gr.

Útlendingur, sem kemur til landsins eða fer þaðan, skal, með þeim undantekningum, er segir í 13.—16. gr., hafa vegabréf, sem fullnægir ákvæðum 2.—5. gr.

2. gr.

Vegabréf skal útgefið af þar til bæru yfirvaldi og vera gilt til ferðar hingað til lands.

Í vegabréf skal skráð fullt nafn vegabréfshafa, stétt eða atvinna, hvenær hann er fæddur, fæðingarstaður, ríkisfang, lögheimili, lýsing á sérkennum vegabréfshafa, svo og til hvaða tíma vegabréfið gildir. Vegabréfshafi skal rita nafn sitt í vegabréf eigin hendi.

Í vegabréf skal fest nýleg og lík ljósmynd af vegabréfshafa. Skal myndin stimpluð með embættisstimpli þess yfirvalds, sem gefið hefur það út. Skal stimpla þannig, að nokkur hluti stimpils komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar á vegabréfinu.

Í vegabréfi skal vera embættisstimpill eða innsigli þess yfirvalds, sem gefur það út. Í meginmáli þess mega ekki vera leiðréttingar, nema gerðar séu af þar til bæru yfirvaldi.

Vegabréf skal vera á íslenzku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku, ítölsku, spönsku eða þýzku, eða hafa að geyma þýðingu á eitthvert þessara mála.

3. gr.

Heimilt er hjónum, hvort sem þau ferðast saman eða sitt í hvoru lagi, að nota vegabréf, sem gefið hefur verið út handa þeim sameiginlega. Í vegabréfinu skal vera lýsing af báðum hjónunum, myndir af þeim og nöfn þeirra, rituð með eigin hendi. Vegabréfin skulu að öðru leyti vera eins gerð og vegabréf einstaklinga.

4. gr.

Heimilt er útlendingum, sem koma hingað til lands í hópferð og ætla einungis að dvelja hér í stuttan tíma, að nota vegabréf, sem gefið hefur verið út handa þeim sameiginlega. Hið sameiginlega vegabréf skal út gefið af þar til bæru yfirvaldi, stimplað með embættisstimpli þess eða innsigli og vera gilt til ferðar til Íslands. Í því mega eingöngu vera nöfn ríkisborgara í landi, þar sem það er gefið

út, og heimild hafa til að ferðast til Íslands á venjulegu vegabréfi án vegabréfsáritunar.

Hið sameiginlega vegabréf skal gefið út fyrir minnst fimm manns, en mest fimmtíu manns. Í bréfinu skal kveðið á um gildistíma þess og greint fullt nafn hvers þátttakanda í hópferðinni, hvenær hann er fæddur, fæðingarstaður, ríkisfang og lögheimili. Hver þátttakandi skal auk þess hafa kennivottorð, útgefið af yfirvaldi í heimalandi. Fararstjóri skal búinn venjulegu vegabréfi, en nafn hans, svo og númer og útgáfudagur vegabréfsins skal skráð á hið sameiginlega vegabréf.

Hópferðavegabréf skal gefið út í þremur eintökum. Skal eitt þeirra afhent eftirlitsmanni vegabréfa við komu til Íslands og annað við brottför.

5. gr.

Vegabréf gildir eingöngu þann tíma, sem skráð er í því sjálfu, og veitir ekki heimild til komu eða dvalar á Íslandi, ef gildistími þess er liðinn eða vegabréfið telst ónothæft sökum skemmda.

B. Vegabréfaáritanir.

6. gr.

Útlendingar, sem þurfa að hafa vegabréf við komu til Íslands, skulu, með þeim undantekningum, er í 15.—16. gr. segir, fá vegabréfsáritun (visum) hjá íslenzkum sendiherra eða ræðismanni, sem fengið hefur heimild til áritunar.

7. gr.

Umsókn um vegabréfsáritun skal að jafnaði vera í tvíriti og skal umsækjandi undirrita bæði eintökin.

Í umsókn skulu vera fullnægjandi upplýsingar um, hver umsækjandi sé, hver tilgangur sé með ferðinni, hve lengi hann ætlar að dvelja hér á landi og, ef unnt er, til hvaða staðar eða staða í landinu hann ætlar að fara og hverja hann ætlar að heimsækja eða snúa sér til.

8. gr.

Vegabréfsáritun getur tekið til einnar ferðar til landsins eða fleiri.

9. gr.

Ef vegabréfsáritun hefur farið fram, skal tafarlaust senda dómsmálaráðuneytinu annað eintak umsóknarinnar með áritun um það, hvenær vegabréfsáritunin hefur átt sér stað.

10. gr.

Í eftirtöldum tilvikum skal leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins, áður en vegabréfsáritun fer fram:

1. Þegar umsækjandi er ekki búsettur í umdæmi þess yfirvalds, sem vegabréfsáritunar er beiðzt hjá. Undanþegin þessari reglu eru þó þau tilfelli, er umsækjandi er í slíkri stöðu, að sérstök ástæða þykir til að hraða afgreiðslu vegabréfsáritunarinnar, svo og tilfelli, þegar ekkert virðist athugavert við að láta hana í té.
2. Þegar dómsmálaráðuneytið hefur ákveðið, að maður megi ekki fá vegabréfsáritun, nema með samþykki þess.
3. Þegar heimild viðkomandi yfirvalds til þess að láta vegabréfsáritun í té, hefur með sérstökum fyrirmælum verið takmörkuð frekar en gert er í þessari reglugerð.
4. Þegar umsækjandi er ríkisfangslaus eða vafi leikur á því, hvar hann eigi ríkisfang.

Samþykkis félagsmálaráðuneytisins skal leitað, áður en vegabréfsáritun er veitt, þegar tilgangur umsækjanda með ferðinni er að leita eða fara í atvinnu hér á landi, eða líklegt þykir, að tilgangur ferðarinnar sé sá.

11. gr.

Viðkomandi yfirvald getur synjað um vegabréfsáritun, ef það telur ástæðu til, en skjóta skal málinu þó til dómsmálaráðuneytisins, ef umsækjandi óskar þess.

Eigi má láta vegabréfsáritun í té án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, nema það í hverju einstöku tilfelli verði talið áhættulaust með öllu. Áður en beiðni um vegabréfsáritun er afgreidd, skulu viðkomandi yfirvöld rannsaka málið, eftir því sem við á, og leita í því efni aðstoðar og upplýsinga hjá lögreglunni, ef þörf krefur. Meðal annars ber að athuga, hvort umsækjandanum hafi áður verið vísað héðan úr landi eða öðru norrænu ríki, ef ríkisborgarar annarra landa en Norðurlandanna eiga í hlut. Skal dómsmálaráðuneytið í því skyni láta viðkomandi yfirvöldum í té skrá yfir alla þá menn, sem svo er ástatt um.

Áritun vegabréfs (visum) skal vera í því formi, sem dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

12. gr.

Ef útlendingur, sem eigi má koma til landsins án vegabréfsáritunar, dvelur hér, en hefur í hyggju að fara utan og koma síðan aftur hingað, getur hann sótt um að fá heimild til þess áritaða á vegabréfið af lögreglustjóra (returvisum).

C. Undanþágur frá vegabréfaskyldu og vegabréfaáritunum.

13. gr.

Heimilt er dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum að koma hingað til lands beint frá eða fara beint til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar án vegabréfs eða annars kennivottorðs, enda ferðist þeir um höfn eða flugvöll, þar sem landganga og brottför útlendinga er leyfð.

14. gr.

Útlend börn, yngri en 16 ára, sem ferðast með nánum ættingjum eða forráðamanni, mega koma til landsins og fara þaðan án þess að hafa eigin vegabréf, ef nöfn þeirra, kyn og aldur er skráð í vegabréf ættingjans eða forráðamannsins.

15. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvort útlendingar megi nota annað kennivottorð en vegabréf við komu til landsins eða brottför þaðan. Hann ákveður einnig, hvort útlendingar megi koma til landsins án vegabréfsáritunar.

Ákvörðun dómsmálaráðherra skv. 1. mgr. skal birta í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Útlendingaeftirlitinu er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita útlendingi leyfi til landgöngu og stuttrar dvalar hér, enda þótt hann geti ekki gert grein fyrir sér með vegabréfi, sem fullnægir ákvæðum 2.—5. gr., eða hafi ekki vegabréfsáritun.

II. Eftirlit með komu útlendinga og brottför.

17. gr.

Útlendingi er óheimil landganga eða för úr landi á öðrum stöðum en þeim, sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið með auglýsingu, nema sérstaklega standi á og útlendingaeftirlitið eða hlutaðeigandi lögreglustjóri leyfi.

18. gr.

Útlendingi, sem kemur til landsins eða fer þaðan, er skylt að gefa sig fram hjá viðkomandi eftirlitsmanni vegabréfa og sýna vegabréf sitt eða annað kennivottorð. Þetta á þó ekki við um danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara, sem koma beina leið frá eða ætla beint héðan til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, né heldur aðra útlendinga, sem eins stendur á fyrir.

19. gr.

Útlendar áhafnir skipa og loftfara, sem koma til íslenzkrar hafnar eða flugvallar, eru ekki háðar eftirliti skv. 18. gr. Þetta gildir þó ekki um þá af áhöfnum, sem ætlunin er að afskrá hér á landi.

20. gr.

Skipstjórar og flugstjórar skulu við komu til íslenzkrar hafnar eða flugvallar sjá um, að farþegar, sem ekki hafa byrjað ferð sína í danskri, finnskri, norskri eða sænskri höfn eða flugvelli, yfirgefi ekki skip eða loftfar, fyrr en vegabréfaskoðun hefur farið fram. Þeir mega heldur ekki taka við farþegum til hafna eða flugvalla utan Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, nema þeir hafi gengið úr skugga um, að vegabréf farþeganna hafi verið athuguð af eftirlitsmönnum.

21. gr.

Skipstjórum og flugstjórum er skylt, þegar þeir koma í íslenzka höfn eða flugvöll, að láta í té, samkvæmt kröfu eftirlitsmanns, skriflega yfirlýsingu um tölu farþega og áhafnar. Sama gildir við brottför. Samkvæmt beiðni er þeim enn fremur skylt að láta í té eintak af farþegaskrá og áhafnarlista.

22. gr.

Skylt er útlendingum, ef þess er óskað, að veita eftirlitsmönnum vegabréfa upplýsingar um hagi sína.

III. Dvalarleyfi og atvinnuleyfi.

A. Dvalarleyfi.

23. gr.

Heimilt er dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum að dvelja hér á landi án dvalarleyfis.

24. gr.

Útlendingar, sem mega koma til landsins án vegabréfsáritunar, sbr. 15. gr., mega dvelja hér án sérstaks leyfis þann tíma, sem greindur er í 2. og 3. málsgr. 5. gr. laga um eftirlit með útlendingum.

Útlendingar, sem þurfa vegabréfsáritun til komu og dvalar hér á landi, mega án frekara leyfis dvelja hér þann tíma, sem greint er í árituninni.

Útlendingar, sem óska að dvelja hér á landi lengur en segir í 1. og 2. mgr., skulu, áður en þar greindur tími er liðinn, sækja um dvalarleyfi.

Útlendingar, aðrir en danskir, finnskir, norskir eða sænskir ríkisborgarar, skulu ávallt bera á sér vegabréf eða annað kennivottorð meðan þeir dvelja hér á landi, og sýna það lögreglunni, ef óskað er.

25. gr.

Útlenzkar konur, sem giftar eru íslenzkum ríkisborgurum, og útlendingar, sem fæddir eru íslenzkir ríkisborgarar, þurfa ekki sérstakt dvalarleyfi, ef þau hafa haft

fasta búsetu hér á landi um tveggja ára skeið og búa hér enn. Gildir þetta meðan hlutaðeigandi útlendingur hefur hér búsetu.

26. gr.

Útlendar áhafnir skipa eða loftfara, sem koma til íslenzkrar hafnar eða flugvallar, mega, án sérstaks leyfis, dvelja á komustaðnum meðan skip eða loftfar er þar, þó eigi lengur en þrjá mánuði.

Lögreglan getur bannað áhöfn eða einstökum meðlimum áhafnar að yfirgefa skip eða loftfar, ef sérstök ástæða þykir til.

Með leyfi lögreglunnar mega útlendingar, þeir, er um ræðir í 1. málsgr., dvelja hér á landi utan komustaðarins í allt að fjóra daga.

B. Atvinnuleyfi.

27. gr.

Sækja ber um atvinnuleyfi fyrir útlendinga, sem hafa í hyggju að ráða sig í vinnu, stöðu eða starf fyrir menn, félög eða stofnanir, sem reka atvinnu eða starfrækja fyrirtæki, ef atvinnuleyfi hefur eigi þegar verið veitt, áður en útlendingurinn kom til landsins. Er honum óheimilt að byrja að starfa, fyrr en leyfi hefur verið **veitt. Samsvarandi** reglur gilda um útlendinga, sem ætla að vinna sjálfstætt eða stofna atvinnufyrirtæki hér á landi.

28. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Útlenda menn, sem stunda nám í skólum, sem íslenzka ríkið á eða styrkir.
2. Útlenda menn í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.
3. Útlenda menn, sem verið hafa íslenzkir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenzkan ríkisborgararétt.
4. Útlenda menn, sem höfðu hér aðsetur, áður en lög nr. 13, 31. maí 1927, komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan.

C. Umsóknir o. fl.

29. gr.

Dómsmálaráðuneytið veitir dvalarleyfi, en félagsmálaráðuneytið atvinnuleyfi. Umsóknir ber að senda útlendingaeftirlitinu. Vegabréf skal fylgja umsókn, ef unnt er.

Ef óskað er framlengingar á dvalar- eða atvinnuleyfi, ber að sækja um hana, áður en leyfistími rennur út.

IV. Tilkynningarskylda o. fl.

30. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem hýsir útlendinga gegn greiðslu eða ókeypis, að tilkynna lögreglunni um komu þeirra og brottför. Þetta gildir þó ekki um danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara. Í kaupstöðum skal tilkynning berast lögreglunni innan sólarhrings eftir að útlendingur kom eða fór, en annars staðar á landinu skal tilkynning berast innan þess tíma, er lögreglustjóri ákveður.

Í tilkynningu samkvæmt 1. málsgr. skal greina fullt nafn útlendings, hvenær hann er fæddur, fæðingarstað, ríkisfang, stöðu, fast heimilisfang, komudag, síðasta dvalarstað, hvenær útlendingur hafi síðast komið til Íslands, hvort útlendingur hafi á síðustu sex mánuðum dvalið hér á landi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og ef svo er, þá hvenær, svo og hvers konar ferðaskilríki útlendingurinn hafi.

Útlendingi er skylt að veita upplýsingar þær, er um ræðir í 2 málsgr., og ber að undirrita komutilkynningu ásamt gestgjafa. Útlendingi er og skylt að sýna ferðaskilríki, svo að gengið verði úr skugga um, að rétt sé frá skýrt.

Tilkynningar þær, sem um ræðir í 1. málsgr., skal rita á þar til gerð eyðublöð fyrir hvern útlending fyrir sig. Lögreglustjóri getur þó leyft, að þátttakendur hópferðar séu færðir á sameiginlega skrá, sem fararstjóri undirritar.

31. gr.

Þjóðskránni ber að veita útlendingaeftirlitinu upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum um útlendinga þá, er hún fær vitneskju um. Sama gildir um sjúkrasamlög hvað snertir útlendinga, er öðlast samlagsréttindi hér á landi.

32. gr.

Nú hefur útlendingi verið refsað hér á landi og ber þá sakaskrá ríkisins að gera útlendingaeftirlitinu aðvart um það.

33. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi heldur lögreglustjóri spjaldskrá yfir útlendinga, er þar eiga búsetu (dvelja). Afrit af skránni skal senda útlendingaeftirlitinu. Nú flytzt útlendingur úr umdæmi og skal þá nema spjald hans úr skránni og tilkynna útlendingaeftirlitinu um brottförina.

34. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt lögum nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum.

35. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 45 12. maí 1965 öðlast gildi 1. janúar 1966 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er úr gildi felld reglugerð frá 24. maí 1937 um sama efni.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 149. 3. september 1965.

AUGLÝSING

um komu- og brottfararstaði fyrir útlendinga hér á landi, sbr. 17. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, útg. 3. september 1965.

Ákveðið hefur verið, að útlendingum skuli heimil landganga eða för úr landi um eftirfarandi hafnir og flugvelli:

Reykjavík,
Reykjavíkurflugvöllur,
Akranes,
Patreksfjörður,
Ísafjörður,
Sauðárkrókur,
Siglufjörður,

Akureyri,
Húsavík,
Seyðisfjörður,
Neskaupstaður,
Reyðarfjörður,
Fáskrúðsfjörður,
Vestmannaeyjar,
Keflavík,
Keflavíkurflugvöllur,
Hafnarfjörður.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1965.

F. h. r.
Baldur Möller.

Elías I. Eliasson.

21. september 1965. Nr. 150.

REGLUGERÐ

um lánveitingar húsnæðismálastjórnar.

1. gr.

Á vegum húsnæðismálastjórnar er til útlána eða framkvæmda það fé, sem hér greinir:

1. a) Fé byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 4. gr. l. nr. 19 1965.
   b) Sparnaðarfé, samkvæmt 9. og 10. gr. l. nr. 19 1965.
   c) Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa) samkvæmt 5. og 6. gr. l. nr. 19 1965 frá Atvinnuleysistryggingasjóði, en fyrir árlegt framlag ríkissjóðs til þess sjóðs skal kaupa slík bréf, enn fremur frá tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum aðilum.
   d) Erlend lán, sem byggingasjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

2. gr.

Lán á vegum húsnæðismálastjórnar veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbyggingar eða til kaupa á nýjum íbúðum. Lánin skal þó því aðeins veita, að skriflegt loforð fyrir veitingunni hafi verið gefið áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða að kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um hve lengi lánsloforð gildi, verði byggingin ekki veðhæf á hæfilegum tíma, að mati hennar. Lánin skulu greidd lántakanda í peningum og koma til útborgunar tvisvar á ári (vor og haust) og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, þannig:

1) Fyrri helming lánsins, eftir að umsækjandi leggur fram vottorð byggingaryfirvalds um, að húsið (sem viðkomandi íbúð er í) sé orðið fokhelt, enda meti fulltrúar veðdeildar og húsnæðismálastjórnar, samkvæmt teikningu, húsið eða íbúðina í því ástandi.
2) Eftirstöðvar lánsloforðs (síðari hluti), þegar íbúðin hefur náð tilskyldu mati samkvæmt virðingargerð matsmanna.

Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, með 4% ársvöxtum og jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán), en greiðist síðan á 25 árum.

Til greiðslu á kostnaði veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðs, skulu lántakendur enn fremur greiða ¼% af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir.

Hver ársgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður, skal hækkuð eða lækkuð, eftir því, sem við á samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964. Lánin skulu tryggð með skilyrðis- og kvaðalausum 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Húsnæðismálastjórn er heimilt að stytta lánstíma, þegar um er að ræða sérstaka byggingarhætti eða takmarkaðan leigutíma lóðarréttinda.

3. gr.

Lánsupphæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, sem hafin er smíði á eftir 31. des. 1964, þó ekki meiri en ¾ hlutum verðmætis íbúðar, samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands.

Heimilt er þó að veita hærri lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga og skal í því skyni verja árlega 15—20 milljónum króna af tekjum byggingarsjóðs ríkisins.

Upphæð viðbótarlána þessara má nema allt að kr. 75 000.00 á hverja íbúð, sem smíði var hafin á eftir 31. desember 1964, enda sanni umsækjandi með vottorði viðkomandi félags, að hann njóti fullra félagsréttinda í verkalýðsfélagi innan Alþýðusambands Íslands og leggi jafnframt fram meðmæli viðkomandi félagsstjórnar.

Viðbótarlánin skulu greidd lántakanda í tvennu lagi á sama hátt og fyrir er mælt í 1.—2. tl. 2. gr. reglugerðar þessarar.

Enn fremur er heimilt að veita allt að 25% hærri lán en framangreint hámark segir til um, ef um er að ræða umsækjanda, sem vegna þátttöku sinnar í skyldusparnaði samkvæmt III. kafla laga nr. 19 frá 1965 hefur safnað allt að 100 000.00 krónum, þegar lánsumsókn barst eða bygging hefst eða kaup eru gerð.

Nú hagnýtir sparandi sér ekki umrædd fríðindi innan 5 ára frá því, er skyldusparnaði lauk og fellur þá réttur hans til þeirra niður, nema hin sparaða upphæð standi óhreyfð, þegar umsókn um lán berst, þótt síðar verði.

Þegar um sameign tveggja eða fleiri sparifjáreigenda samkvæmt fyrrgreindum kafla laganna er að ræða, skal leggja upphæð þeirra saman og njóta þeir þá sama réttar og um einstakling væri að ræða.

4. gr.

Þeir, sem óska að fá lán til nýrrar íbúðar samkvæmt reglugerð þessari, skulu sækja um ákveðna lánsupphæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té.

Lánsumsókn er ógild, ef vísvitandi rangar upplýsingar eru gefnar og verður umsókn frá þeim aðila ekki tekin gild næstu 2 ár. — Ef lán er veitt á grundvelli vísvitandi ósannra upplýsinga, getur húsnæðismálastjórn sagt því upp fyrirvaralaust.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að krefjast frekari upplýsinga um einstök atriði varðandi ástæður umsækjenda eða íbúðarsmíði þeirra og skulu umsækjendur þá leysa úr þeim fyrirspurnum, áður en mat á lánshæfni umsóknarinnar á sér stað.

5. gr.

Lánsumsókn skulu fylgja eftirtalin skilríki:

a) Lóðarsamningur eða staðfest afrit af honum, sé um leigulóð að ræða. Hafi lóðarsamningur ekki verið gerður, skal í hans stað koma yfirlýsing landeiganda um leiguréttindi og leigutíma. Sé um eignarlóð að ræða, skulu fylgja full sönnunargögn um eignarrétt.

b) Teikning í 2 eintökum af fyrirhuguðu húsi eða viðbyggingu með árituðu samþykki viðkomandi byggingaryfirvalds og þess sérstaklega getið, hvenær samþykkt þessi átti sér stað (dags.). — Þessa áritun byggingaryfirvalda skal einnig skoða sem fullnaðarsamþykkt fyrir staðsetningu hússins. — Ef um viðbyggingu er að ræða, skal teikning eða uppdráttur einnig sýna stærð og gerð þess húss, sem byggja á við. Með umsókn um lán út á íbúð í sambyggingu eða fjölbýlishúsi skal nákvæmlega tilgreint, hvar íbúðin er staðsett í húsinu.
c) Yfirlýsing um efnahag og tekjur umsækjanda, á þar til gerðu eyðublaði, þar sem m. a. eru upplýsingar um, hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð s. l. tvö ár, staðfest af skattstjóra, eða umboðsmanni hans.
d) Vottorð héraðslæknis eða borgarlæknis um íbúð umsækjanda, ef hún er heilsuspillandi eða sérstaklega gölluð og hann óskar að styðja umsókn sína með slíku vottorði.
e) Vottorð heimilislæknis um heilsufar umsækjanda eða fjölskyldumeðlima hans, ef hann óskar að styðja umsóknina með því að tilgreina erfiðar heilsufarsástæður.
f) Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð, aldur fjölskyldumeðlima og húsnæðisástæður.
g) Önnur þau skilríki, sem húsnæðismálastjórn kann að telja nauðsynleg. Eftir að umsækjandi hefur fengið hið skriflega lánsloforð, ber honum að senda vottorð viðkomandi byggingaryfirvalda um:
   1) Hvenær byggingarframkvæmdir hófust (síðasta stig byrjunarframkvæmda telst vera, þegar úttekt fer fram á sökklum húss eða ræsis í grunni).
   2) Hvnær húsið varð fokhelt.

Sömu skyldur hvíla á þeim umsækjendum, sem kaupa íbúðir sínar í smíðum, en auk framangreindra vottorða, er nauðsynlegt, að þeir sendi staðfest afrit af kaupsamningi, þegar kaupin hafa verið gerð.

6. gr.

Þingkjörnir meðlimir húsnæðismálastjórnar taka ákvarðanir um veitingu lána og lánsloforða af því fé, sem tilgreint er í a-, b- og c-liðum 1. gr. reglugerðar þessarar. Fullskipuð húsnæðismálastjórn úrskurðar um lánshæfni umsókna.

7. gr.

Áður en ákvarðanir eru teknar um lánveitingar til einstaklinga, skal húsnæðismálastjórn skipta heildarlánsfé, sem veitt er samkvæmt II. og III. kafla laga nr. 19 1965 milli hinna ýmsu kaupstaða, kauptúna og annarra þeirra staða, sem íbúðarhús eru byggð á útmældum lóðum, að ⅓ í hlutfalli við íbúatölu hlutaðeigandi staðar og að ⅔ hlutum eftir tölu fullgildra lánsumsókna byggðarlagsins. Ef ekki er fyrir hendi fullgild lánsumsókn frá kaupstað eða kauptúni, skal því lánsfé, sem í þess hlut kemur, veitt til þeirra byggðarlaga, sem hlutfallslega minnsta lánveitngu fá á hverja umsókn, miðað við fullgildar umsóknir. Við ákvörðun um lánveitingu til einstaklings í hverjum kaupstað eða kauptúni skal meta lánsfjárþörf umsækjanda eftir ástæðum þeirra samkvæmt 12., 13. og 14. gr.

8. gr.

Heimilt er byggingarfélögum og einstaklingum að sækja um sameiginlegt lán til byggingar fjölsbýlishúsa eða margra íbúða á sama byggingarsvæði, sem eru í smíðum á sama tíma. Slíkum umsóknum skulu fylgja auk lóðarsamninga, allra vinnuteikninga og smíðalýsinga, sundurliðuð kostnaðar- og efnisáætlun og áætlun um byggingartíma eins nákvæmar og um útboðslýsingu væri að ræða.

Jafnframt skal slíkum umsóknum fylgja áætlun um húsnæðiskostnað, þ. e. rekstur íbúðanna ásamt greinargerð um skilmála og þau kjör, sem væntanlegum eigendum íbúðanna eru ætluð.

Húsnæðismálastjórn getur veitt loforð fyrir slíku sameiginlegu láni, er síðar skiptist á einstakar íbúðir eftir ákvörðun hennar. Slíkt lán skal þó ekki afgreitt fyrr en fyrir liggur, hverjir verða eigendur hinna einstöku íbúða, enda hafi þeir, hver um sig sótt um lán á venjulegan hátt og umsóknir þeirra verið samþykktar lánshæfar af húsnæðismálastjórn.

Húsnæðismálastjórn er þó heimilt að samþykkja afgreiðslu slíkra heildarlána og greiða þau út eftir því, sem framkvæmdum miðar áfram, sé þess óskað og stjórnin telur að um álitlega framkvæmd sé að ræða, t. d. til lækkunar byggingarkostnaðar eða aukinnar hagkvæmni og nýjunga í byggingariðnaði, enda hafi húsnæðismálastjórn sjálf ráðstöfunarrétt á þeim íbúðum, sem þannig eru byggðar.

9. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur hlutazt til um, að íbúðarbyggingar verði framkvæmdar að undangenginni samkeppni um byggingu hagkvæmra og ódýrra íbúða, skulu lán til þeirra, ásamt lánum til íbúða byggingarfélaga, er njóta ríkisábyrgðar, sitja fyrir, að öðru jöfnu, enda ráðstafi húsnæðismálastjórn íbúðunum eða samþykki ráðstöfun þeirra til einstaklinga og umsækjendur hafi hver um sig sótt um lán á venjulegan hátt.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita bráðabirgðalán úr byggingarsjóði ríkisins til bygginga, sem um ræðir í þessari grein, meðan þær eru í smíðum, enda sé þess gætt, að örugg trygging sé fyrir láninu. Þegar íbúðirnar eru orðnar veðhæfar, samkvæmt reglum veðdeildarinnar og húsnæðismálastjórnar, skal bráðabirgðalánum þessum skipt í þær og breytt í almenn íbúðarlán, eins og þau eru á hverjum tíma.

10. gr.

Meiri háttar viðbyggingar, sbr. 2. gr., skulu í fyrsta lagi taldar byggingar, sem skapa nýja sjálfstæða íbúð eða íbúðir enda þótt hluti af þeim myndist af hinni eldri byggingu og í öðru lagi viðbyggingar, sem auka um a. m. k. 20 m² gólfflöt eldri íbúðar, enda hafi íbúðin fyrir stækkun verið talin ófullnægjandi, að dómi húsnæðismálastjórnar. Samanlagður gólfflötur hins eldra húss og fyrirhugaðrar viðbyggingar fari á sama hátt ekki yfir þau stærðarmörk, er viðkomandi fjölskyldu er ætluð í 14. gr.

11. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands skal sjá um afgreiðslu þeirra lána, sem veitt eru af húsnæðismálastjórn, svo og innheimtu afborgana og vaxta.

Veðdeildinni er heimilt að afgreiða íbúðalán húsnæðismálastjórnar til nýbyggingar húsnæðis, þegar íbúðin er komin það langt áleiðis að hún, samkvæmt mati, geti talizt öruggt veð fyrir láninu, þó ekki fyrr en íbúðin er fokheld.

Heimilt er veðdeildinni að halda eftir hluta af lánum, þar til frágangur byggingarinnar er orðinn eins og húsnæðismálastjórn og veðdeildin gera kröfur um. Enn fremur getur húsnæðismálastjórn látið halda eftir hluta af lánum, þar til umsækjandi hefur skilað kostnaðaryfirliti yfir byggingu íbúðarinnar.

12. gr.

Umsækjendur, sem svo er ástatt um, er segir í staflið a til h hér á eftir, skulu hafa forgangsrétt til lána:

a) Búa í heilsuspillandi húsnæði eða eiga við vanheilsu að stríða, enda fylgi umsókninni þar að lútandi vottorð viðkomandi héraðs- eða borgarlæknis.

b) Eru húsnæðislausir eða búa við lakastar húsnæðisástæður.
c) Flesta ómaga hafa á framfæri sínu eða búa við sérstaklega erfið leigukjör.
d) Lengst hafa beðið afgreiðslu.
e) Geta fært sönnur á, að dómi húsnæðismálastjórnar, að þeir geti ekki komið íbúðinni í nothæft ástand, án umbeðins láns, eða haldið henni vegna óhagkvæmra bráðabirgðalána.
f) Hafa fengið ófullnægjandi byrjunarlán, áður en reglur þessar tóku gildi.
g) Njóta forgangs, samkvæmt 7., 9. og 10. gr. l. nr. 19 1965.
h) Byggi íbúðir, sem eigi séu stærri en ákveðið er í 14. gr.

13. gr.

Á meðan eftirspurn eftir lánum hjá húsnæðismálastjórn er ekki fullnægt, skulu umsækjendur, sem svo er ástatt um, og lýst er í stafliðum a til d hér á eftir, eigi fá lán:

a) Eiga eða hafa átt s. l. 2 ár nothæfa og fullnægjandi íbúð, þ. e. 12 m² pr. fjölskyldumeðlim að innanmáli herbergja og eldhúss.
b) Byggja stærri íbúðir en ákveðið er í 14. gr.
c) Byggja fleiri en eina íbúð.
d) Hafa góða lánsmöguleika annars staðar, t. d. sambærileg eða betri en lán samkvæmt reglugerð þessari veita, eða næg fjárráð, að dómi húsnæðismálastjórnar, svo að þeir geti betur komið íbúð sinni í nothæft ástand, án frekari lána, miðað við aðra umsækjendur, er afgreiðslu bíða.
e) Fengið hafa hámarkslán á s. l. 5 árum, nema sérstakar ástæður sé fyrir hendi að dómi húsnæðismálastjórnar.

14. gr.

Við úrskurði um lánshæfni umsókna, skal húsnæðismálastjórn fylgja eftirfarandi reglum varðandi stærð nýbygginga:

a) Fyrir fjölskyldu, sem telur 1—2 meðlimi, allt að 70 m² hámarksstærð.
b) Fyrir fjölskyldu, sem telur 3—5 manns, allt að 120 m² hámarksstærð.
c) Fyrir fjölskyldu, sem telur 6—8 manns, allt að 135 m².
d) Séu 9 manns eða fleiri í heimili, má bæta við hæfilegum fermetrafjölda fyrir hvern fjölskyldumeðlim úr því með þeirri takmörkun hámarksstærðar, að ekki verði lánað út á stærri íbúðir en 150 m².

Varðandi b-, c- og d-lið, skal þess sérstaklega gætt, að herbergjafjöldi sé í sem mestu samræmi við fjölskyldustærð. Öll fermetramál skulu miðuð við innanmál útveggja.

Reglugerð þessi, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð nr. 160 26. september 1957, um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánum, reglugerð um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánum nr. 69 11. maí 1960 og reglur um úthlutun lána á vegum húsnæðismálastjórnar nr. 73 13. maí 1960.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um sendiferðabifreiðir skv. tollskrárnúmeri 87.02.36 og athugasemd 4. við 87. kafla tollskrárinnar í lögum nr. 7 frá 29. apríl 1964.

1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36, að hún sé gerð til flutnings á varningi, yfirbyggð og fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hliðina á honum.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurúm ekki styttra en 1.4 metri og í því engin sæti, hvorki föst né laus, eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa í sætum eða þess háttar til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar eða rúður á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra.

Bifreiðin skal samkvæmt ákvæðum 4. aths. við 87. kafla tollskrárinnar auðkennd með sérstökum merkjum, bókstafnum S, rauðum á hvítum grunni, og skulu merkin fest á bifreiðina hjá skrásetningarnúmerum hennar, og er óheimilt að fjarlægja þau af bifreiðinni meðan kvöð þessi helzt.

Í skoðunarvottorði bifreiðarinnar skal þess getið, að hún sé tollafgreidd sem sendiferðabifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.36.

2. gr.

Sendiferðabifreið telst því aðeins til nr. 87.02.36, að eigandi hennar gefi við tollafgreiðslu skriflega yfirlýsingu um eftirtalin atriði:

a. Að bifreiðinni skuli ekki breytt svo, að hún hefði fallið undir hærri tollflokk, ef hún hefði verið þannig innflutt.
b. Að sé brotið í bága við þetta, skuli þegar greiddur af bifreiðinni mismunur þeirra aðflutningsgjalda, sem af henni voru greidd við innflutning, og þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða hefði átt af henni, ef framangreind yfirlýsing hefði ekki verið gefin, þó að frádreginni 20% fyrningu fyrir hvert ár frá tollafgreiðsludegi.

Bifreiðin skal vera að lögveði fyrir greiðslu þeirri, er um ræðir í b-lið hér að framan, og má tollyfirvald láta taka bifreiðina úr umferð og selja hana samkvæmt ákvæðum 28. gr. laga nr. 68/1956, ef greiðslan er ekki innt af hendi.

Fjármálaráðuneytið, 17. ágúst 1964.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

Stjórnartíðindi B, nr. 117—151. Útgáfudagur 15. október 1965.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1965

323

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1965.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar, undirskrifað af forsetanum 20. janúar 1965, nr. 1.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 22. janúar 1965, nr. 2.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 11. febrúar 1965, nr. 3.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1965, undirskrifuð af forsetanum 11. febrúar 1965, nr. 4.

Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 25. febrúar 1965, nr. 5.

Lög um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 27. febrúar 1965, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamál í héraði, undirskrifuð af forsetanum 3. marz 1965, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 17. marz 1965, nr. 8.

Lög um breyting á lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða, undirskrifuð af forsetanum 25. marz 1965, nr. 9.

Girðingarlög, undirskrifuð af forsetanum 25. marz 1965, nr. 10.

Lög um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyting á lögum nr. 15 21. maí 1964, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1965, nr. 11.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. marz 1965, nr. 12.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 17. marz 1965, nr. 13.

Lög um launaskatt, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 15. marz 1965, nr. 14.

Lög um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 15. marz 1965, nr. 15.

Lög um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1965, nr. 16.

Lög um landgræðslu, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1965, nr. 17.

Lög um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna, undirskrifuð af forsetanum 4. maí 1965, nr. 18.

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1965, nr. 19.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1965, nr. 20.

Lög um búfjárrækt, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1965, nr. 21.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Jarðræktarlög, undirskrifuð af forsetanum 24. apríl 1965, nr. 22.

Lög um breyting á lögum nr. 59 frá 20. nóvember 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, undirskrifuð af forsetanum 4. maí 1965, nr. 23.

Lög um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, undirrskrifuð af forsetanum 8. maí 1965, nr. 24.

Lög um útgáfu og notkun nafnskirteina, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1965, nr. 25.

Lög um breytingu til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamning opinberra starfsmanna, undirskrifuð af forsetanum 15. maí 1965, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 14 20. marz 1957, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1965, nr. 27.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1965, nr. 28.

Lög um breyting á lögum nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl., undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1965, nr. 29.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi, undirskrifuð af forsetanum 23. apríl 1965, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl. undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1965, nr. 31.

Lög um hreppstjóra, undirskrifuð af forsetanum 26. apríl 1965, nr. 32.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1965, nr. 33.

Lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1965, nr. 34.

Lög um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1965, nr. 35.

Lög um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1965, nr. 36.

Lög um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík, undirskrifuð af forsetanum 10. maí 1965, nr. 37.

Lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1965, nr. 38.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 12. maí 1965, nr. 39.

Lög um breyting á umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1965, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1965, nr. 41.

Hjúkrunarlög, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1965, nr. 42.

Læknaskipunarlög, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1965, nr. 43.

Lög um breyting á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek, undirskrifuð af forsetanum 21. apríl 1965, nr. 44.

Lög um eftirlit með útlendingum, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1965, nr. 45.

Lög um eftirlaun alþingismanna, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1965, nr. 46.

Lög um eftirlaun ráðherra, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1965, nr. 47.

Lög um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 48.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 49.

Lög um eyðingu svartbaks, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 50.

Lög um breyting á lögum nr. 8 1963, um breyting á lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 51.

Lög um breyting á lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 52.

Lög um heimild til hækkunar kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 53.

Lög um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 54.

Lög um breyting á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 55.

Lög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1965, nr. 56.

Lög um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1965, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 53/1961, um Listasafn ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1965, nr. 58.

Lög um Landsvirkjun, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1965, nr. 59.

Lög um Laxárvirkjun, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1965, nr. 60.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1965, nr. 61.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og þrjár jarðir, undirskrifuð af forsetanum 20. maí 1965, nr. 62.

Lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 18. maí 1965, nr. 63.

Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1965, nr. 64.

Lög um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1965, nr. 65.

Lög um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi, undirskrifuð af forsetanum 13. maí 1965, nr. 66.

Lög um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1965, nr. 67.

Auglsýing um vegaáætlun fyrir árin 1965—1968, undirskrifuð af samgöngumálaráðherra 20. maí 1965, nr. 68.

Lög um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun, undirskrifuð af forsetanum 14. maí 1965, nr. 69.

Lög um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum 21. maí 1965, nr. 70.

Lög um breyting á lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., undirskrifuð af forsetanum 22. maí 1965, nr. 71.

Lög um breyting á lögum nr. 4 1964, um þingfararkaup alþingismanna, undirskrifuð af forsetanum 3. maí 1965, nr. 72.

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af forsetanum 22. maí 1965, nr. 73.

Lög um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, undirskrifuð af forsetanum 22. maí 1965, nr. 74.

Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, undirskrifuð af forsetanum 25. maí 1965, nr. 75.

Bráðabirgðalög um bygging skólamannvirkja, undirskrifuð af forsetanum 28. maí 1965, nr. 76.

Bráðabirgðalög um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða árið 1965, undirskrifuð af forsetanum 24. júní 1965, nr. 77.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallagerða, undirskrifuð af forsetanum 8. júlí 1965, nr. 78.

Tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, undirskrifuð af forsetanum 10. ágúst 1965, nr. 79.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 4. júní 1965, nr. 80.

Auglýsing um staðfestingu handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 2. september 1965, nr. 81.

Auglýsing um gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, er varða samvinnu milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um útlendingaeftirlit, undirskrifuð af dómsmálaráðherra 3. september 1965, nr. 82.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 21. ágúst 1965, nr. 83.

Auglýsing um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64/1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 8. maí 1965, nr. 84.

Bráðabirgðalög um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—66, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands, 11. september 1965, nr. 85.

Tilskipun um setningu nýrrar lyfjaskrár, undirskrifuð af handhöfum valds forseta Íslands 31. ágúst 1965, nr. 86.

Kyrrsetja má skip og taka bifreið úr umferð, ef brotið er í bága við fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

104. gr.

Heilbrigðisnefnd getur krafizt þess, ef þurfa þykir, að skipverji leggi fram, áður en hann er skráður í skiprúm, eigi eldra læknisvottorð en tveggja mánaða um, að hann sé ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla.

XIX. KAFLI

Um búrekstur, peningshús og skepnuhöld.

105. gr.

Auk þess, sem fyrir er mælt í lögreglusamþykkt Gullbringusýslu, skal gætt ákvæða 10. gr. f. og 11. gr. þessarar samþykktar og 106.—110. gr. um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

106. gr.

Ekki má reisa peningshús, haughús, áburðarhús, eða safngryfjur nema í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktarinnar, enda skulu slíkar framkvæmdir tilkynntar heilbrigðisnefnd.

107. gr.

Peningshús má ekki standa nær íbúðarhúsi né alfaravegi en 10 metra, og ekki má það standa nær vatnsbóli en 15 metra, og þó aðeins svo nærri, að jarðvegi halli frá vatnsbóli.

108. gr.

Peningshús skulu vera björt og loftgóð, gólf og flórar úr efni, sem auðvelt er að þrífa og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau. Skulu þau kölkuð eða þrifin viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.

Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða ódaunn eða óþverri og mönnum og skepnum stafi ekki hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

109. gr.

Hundahald er bannað á samþykktarsvæðinu. Þó getur hreppstjóri leyft mönnum, er stunda búrekstur, að hafa smalahunda, ef heilbrigðisnefnd veitir samþykki til.

110. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus innan takmarka Sandgerðiskauptúns.

XX. KAFLI

Um kirkjugarða, geymslu og meðferð líka.

111. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. lög nr. 21 23. apríl 1963, reglugerð nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglugerð nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum farsóttarlaga nr. 10 19. marz 1958 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27, sept. 1941, um flutning líka.

Umfram það, sem fyrir er mælt í almennum lögum og reglugerðum, skal gætt ákvæða 10. gr. f, 11. gr. og 112.—119. gr. samþykktar þessarar.

112. gr.

Þá er gera skal kirkjugarð eða stækka gamlan, skal sóknarnefnd leita álits héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um garðstæðið.

113. gr.

Jarðvegsvatn má ekki standa ofar í kirkjugarði en sem svarar ½ m neðan grafarbotns, og skulu grafir vera minnst 2 m djúpar.

Fjarðlægð frá kistuloki að grafarbarmi sé minnst 1.25 m og a. m. k. 30 cm þykkt moldarlag sé á milli grafa.

114. gr.

Vatnsból mega ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 m.

Matjurtagarðar mega aldrei vera nær kirkjugarði en 50 m og ekki nær en 200 m halli frá kirkjugarði frá þeim.

115. gr.

Leyfa má, að grafir séu gerðar úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar, og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í botni slíkra grafa skal vera sandur eða möl eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

Ekki má opna slíkar grafir, nema héraðslæknir veiti samþykki til og farið sé að fyrirmælum hans í hvívetna.

116. gr.

Lík má ekki geyma ókistulögð í heimahúsum lengur en 2 sólarhringa og aldrei lengur en 7 sólarhringa, þótt kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til eða þau séu í loftþéttri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, séu kistulögð þegar í stað.

117. gr.

Fundin og sjórekin lík skal kistuleggja þegar í stað að lokinni lögskipaðri mannskaðarannsókn.

118. gr.

Verði komið upp sérstakri líkgeymslu eða líkhúsi á samþykktarsvæðinu, getur heilbrigðisnefnd sett um það nánari fyrirmæli.

119. gr.

Samþykki heilbrigðisnefndar þarf til að taka niðurlagðan kirkjugarð til annara nota.

XXI. KAFLI
Lokaákvæði.

120. gr.

Ef einhver vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefndin hefur mælt fyrir um samkvæmt samþykkt þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna það á kostnað hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeigenda, með lögtaki, ef þörf gerist.

121. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði samþykktar þessarar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrirmælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum, og rennur sektarfé allt í sveitarsjóð.

122. gr.

Ef ágreiningur rís milli heilbrigðisnefndar annars vegar og einstaklinga eða stofnana, sem um er getið í reglugerð þessari hins vegar, sker hreppsnefnd úr, nema annað sé fyrir mælt í reglugerðinni.

123. gr.

Með mál, er rísa af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

124. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögu landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Miðneshrepp, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

29. júlí 1965. Nr. 163.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

2. töluliður 4. gr. orðist svo:

Heyrn. Að hann hafi heyrn svo góða, að hann heyri án heyrnartækja orð töluð venjulegum rómi í 4 m fjarlægð.

Nú stenzt umsækjandi heyrnarpróf með heyrnartæki, sem hann notar að jafnaði, og er þá heimilt að leyfa honum próftöku, enda noti hann heyrnartækið við akstur. Ef umsækjandi óskar, má þó gefa út ökuskírteini til hans með sömu skilyrðum og þegar umsækjandi stenzt ekki heyrnarpróf.

Nú stenzt umsækjandi ekki heyrnarpróf, og er þá heimilt að gefa út ökuskírteini til hans, enda sé bifhjól eða bifreið sem hann ekur, búið hliðarspeglum á báðum hliðum. Eigi er þörf aukaspegla á dráttarvél.

Ákvæði 2. og 3 mgr. gilda eigi um próf til aksturs leigubifreiða til mannflutninga eða fólksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega.

2. gr.

42. gr. orðist svo:

Heimild til aksturs dráttarvéla eða reiðhjóla með hjálparvél skal rituð á bakhlið nafnskírteinis, svo hljóðandi: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél, eða: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra reiðhjóli með hjálparvél, eða: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og reiðhjóli með hjálparvél. Á nafnskírteini, sem ber áritun þessa, skal vera mynd skírteinishafa. Áritunin skal vera dagsett og undirrituð af lögreglustjóra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðahreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, hefur ráðuneytið ákveðið, að Austurlandsvegur milli Lagarfljótsbrúar og Egilsstaðakauptúns, skuli vera aðalbraut gagnvart vegi frá Egilsstaðaflugvelli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

F. h. r.
Baldur Möller.

Ólafur. W. Stefánsson.

Nr. 165. 9. ágúst 1965.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1 Um kWst.-mæli á 470 aura hverja kWst.
1.2 Um kWst.-mæli á 235 aura hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því er lýsa skal og reiknist fastagjald þannig:
a) fyrir verzlanir, vinnustofur, skrifstofur 170 aura á m^2 á mánuði,
b) fyrir geymslur, ganga, verbúðir 85 aura á m^2 á mánuði.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1 Um kWst.-mæli á 105 aura hverja kWst., auk fastagjalds af gólffleti er nemi 85 aurum af m^2 af gólffleti íbúðarinnar.

Við ákvörðun á gólffleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þ. u. l. er að ræða.
2.2 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á 120 aura hverja kWst., enda séu suðutæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 og 12.

3. Vélanotkun.

3.1 Um kWst.-mæli á 2.35 aura hverja kWst.
3.2 Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
3.21 Aflgjald: kr. 800.00 á kW á ári.
3.22 Orkjugjald: 45 aurar á kWst. af allri notkun.
3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:

Fyrir	fyrstu	20 000	kWst.	ársnotkun	110	aura á	kWst.
—	næstu	30 000	—	—	95	— -	—
—	—	50 000	—	—	85	— -	—
—	umfr.	100 000	—	—	75	— -	—

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar og til hitavatnsdunka um kWst.-mæli 45 aura/kWst.
4.2 Til húshitunar um kWst.-mæli 40 aura/kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. hvern sólarhring, skv. nánari ákvörðun rafveitustjóra.
4.3 Heimilt er að selja raforku til húshitunar sumarmánuðina maí—sept. á 30 aura hverja kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á 235 aura hver kWst.
5.2 Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á 170 aura hverja kWst.

Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið I. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilkomnu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 A	kr.	5.00	á mánuði.
2.	Af þrífasa mælum 50 A og minni	—	10.00	- —
3.	Af mestaaflsmælum að 100 A	—	35.00	- —
4.	Af mestaaflsmælum 100 A og yfir	—	70.00	- —
5.	Af þrífasta mælum 50—100 A	—	15.00	- —

Af öðrum mælitækjum en þeim er nefnd eru, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar		Heimtaugargj.	Yfirlengdargj.
25 A	loftlínuheimtaug einfasa	kr. 1 200.00	1 600.00 á stólpa.
60 A	— —	— 2 400.00	2 800.00 - —
60 A	jarðstrengur þrífasa	— 3 800.00	220.00 meter
100 A	— —	— 4 900.00	250.00 —
200 A	— —	— 9 900.00	410.00 —
350 A	— —	— 17 400.00	560.00 —

Yfirlengdargjald greiðist, þegar lengd jarðstrengs fer fram úr 15 m eða lengd loftlínutaugar fer fram úr 40 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum viðkomandi húss, en lengd loftlínu við stólpa þann, er næstur stendur utan lóðarinnar.

Ef nú lögn krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrra spennistöðva, nýrra aflstrengja, nýrra loftlína eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjóra í hvert skipti. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi.

Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald samkv. reikningi, greiði aðeins mismuninn, ef loftlínu er breytt í jarðstreng. En hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiði það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið og áður en straum er hleypt á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 50 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50.00 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR.

7.5% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum.

VI. BREYTINGAR

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júlí 1923, og raforkulögum, nr. 12 2 apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 4 20. janúar 1962, ásamt síðari breytingu.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. ágúst 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur nr. 164/1962, sbr. breyt. nr. 235/1963.

1. gr.

Aftan við 12. gr. komi svo hljóðandi viðbótarákvæði:

Gjöld samkv. 3., 4. og 7. gr. gjaldskrár þessarar skulu reiknuð með 10% álagi.

2. gr.

Viðbótarákvæði þetta taki gildi þegar í stað og framkvæmist þannig:

1. Notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 3.3% álagi.
2. Notkun samkvæmt álestri í öðrum mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins skal greidd samkvæmt eldri gjaldskrá með 6.7% álagi.
3. Notkun samkvæmt álestri í þriðja mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins skal reiknuð með fullu álagi samkv. 1. gr., og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í næsta mánuði eftir gildistöku viðbótarákvæðisins reiknuð með fullu álagi skv. 1. gr. og síðan öll notkun úr því.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1965.

Magnús Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

10. ágúst 1965. Nr. 167.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Laxárdalshreppi.

Fasteignaskatt í Laxárdalshreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1965.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1965.

Magnús Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta, skulu hækka um 8.9% frá 1. júlí 1965 að telja.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að greiða umrædda hækkun bóta á þessu ári í einu lagi með desembergreiðslu bóta.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965 um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1965.

Emil Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

Nr. 169. 3. september 1965.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar á Seyðisfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi bæjarráðs.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, annast bæjarráð í samráði við bæjarstjórn og bæjarstjóra. Bæjarráð annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Bæjarstjórn skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Bæjarráð getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, í samráði við bæjarstjórn, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er bæjarráð setur þar um.

4. gr.

Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninganna og fylgja bæjarreikningunum ár hvert.

5. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar úr götuæð í hús

hans og annast viðhald hennar á sinn kostnað. Þó sér vatnsveitan um tengingu heimæðar við götuæð og er sá kostnaður innifalinn í tengigjaldi. Skylt er húseiganda að hafa samráð við vatnsveituna um lagningu heimæðar. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í vatnsæðunum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum fyrir því vatni, sem þeir óska eftir til annarra þarfa en heimilisnota, er viðkomanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef götuæðar hafa ekki verið lagðar, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn götuæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur annaðhvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina. Vatnsveitan hefur einkarétt og viðhaldsskyldu á götuæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti kostnað, er af löginni leiddi, nema öðruvísi sé um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er heimæð hefur, að halda henni vel við og láta tafarlaust framkvæma viðgerð, ef leki kemur að henni. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í heimæðinni.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Bæjarráði, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust úr því bætt á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er bæjarráði að loka heimæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm bæjarstjórnar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem heimæðum er lokað.

9. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr., skal greiða vatnsskatt 2% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald af íbúð vera kr. 100.00.

10. gr.

Auk vatnsskatts, er um getur í 9. gr., skal greiða fyrir vatn, sem hér segir:

1. Til skipa kr. 15.00 fyrir smálestina, þó aldrei minna en kr. 75.00 til fiskiskipa og kr. 150.00 til annarra skipa. Þó skal bæjarstjórn heimilt að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Seyðisfirði.
2. Af hverri útfluttri síldartunnu kr. 1.50.
3. Af hverju síldarmáli, sem skipað er upp kr. 1.00.

4. Um mæli til annarra en skipa kr. 1.50 hver smálest. Árlegt leigugjald fyrir mæli skal vera kr. 200.00.
5. Bæjarstjórn ákveður sérstakt gjald fyrir aðra notkun en að framan er talin, svo sem bílaþvottastöðvar, sláturhús o. fl.

11. gr.

Bæjarstjórn ákveður tengigjald.

12. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%.

13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 11. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi bæjarráðs.

15. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitu kaupstaðarins, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, ef eigi næst samkomulag.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 208 31. desember 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 3. september 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:				
Miðað við	12. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr.	73.85
—	15. —	.....	—	83.05
—	15. —	(söngkennarar með ⅘ kennsluskyldu) .	—	103.85
—	16. —	(kennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt, talkennarar, blindrakennarar og kennarar við heimavistarskóla)	—	86.40
—	16. —	(söngkennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt)	—	108.05
—	17. —	(vanvitaskólakennarar)	—	112.35
II. Í húsmæðraskólum:				
Miðað við	13. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	—	95.05
—	16. —	.....	—	106.90
—	18. —	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	—	115.60
—	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	—	125.85
III. Í gagnfræðastigsskólum (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):				
Miðað við	16. launaflokk	.....	—	106.90
—	16. —	(söngkennarar með ⅘ kennsluskyldu) .	—	133.65
—	18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	—	115.60
—	19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	—	125.85
IV. Í iðnskólum:				
Miðað við	16. launaflokk	.....	—	106.90
—	18. launaflokk	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	—	115.60

Miðað við 19. launaflokk (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... kr. 125.85

V. **Í Hjúkrunarskóla Íslands:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 106.90
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 115.60
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 125.85

VI. **Í Myndlista- og handíðaskóla Íslands:**
a) **Listiðnadeildir:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 106.90
b) **Kennaradeildir** (vefnaðar- og teiknikennaradeildir):
Miðað við 18. launaflokk ..... — 124.55

VII. **Í Heyrnleysingjaskólanum:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 106.90

VIII. **Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):**
Miðað við 18. launaflokk ..... — 124.55

IX. **Í Vélskólanum í Reykjavík:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 115.20
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 124.55
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 135.60

X. **Í Íþróttakennaraskóla Íslands:**
Miðað við 18. launaflokk ..... — 124.55
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 135.60

XI. **Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:**
Miðað við 18. launaflokk ..... — 124.55
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 135.60

XII. **Í Kennaraskóla Íslands:**
a) **Íþróttakennarar:**
Miðað við 18. launaflokk ..... — 124.55
b) **Kennarar við handavinnudeild:**
Miðað við 18. launaflokk ..... — 124.55

Miðað við 19. launaflokk (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... kr. 135.60

c) **Aðrir kennarar:**
Miðað við 20. launaflokk ..... — 143.05

XIII. **Í menntaskólum:**
a) **Íþróttakennarar:**
Miðað við 18. launaflokk ..... — 124.55
b) **Aðrir kennarar:**
Miðað við 20. launaflokk ..... — 143.05

XIV. **Í Stýrimannaskólanum:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 115.20
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 124.55
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 135.60

XV. **Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 115.20
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 124.55
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 135.60

XVI. **Í búnaðarskólum:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 115.20
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 124.55
— — 19. — (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 135.60

XVII. **Í Garðyrkjuskóla ríkisins:**
Miðað við 16. launaflokk ..... — 115.20
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 124.55
— — 19. — (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 135.60

XVIII. Í Tækniskóla Íslands:
Miðað við 20. launaflokk ..... kr. 143.05

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt	12.	launaflokki	.....	kr. 97.27
—	13.	—	.....	— 101.22
—	15.	—	.....	— 109.47
—	16.	—	.....	— 113.78
—	18.	—	.....	— 123.09
—	19.	—	.....	— 135.65
—	20.	—	.....	— 143.11

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. september 1965 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. september 1965.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Stafholtstungnahreppi.

Fasteignaskatt í Stafholtstungnahreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast þegar í stað gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1965.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

13. september 1965. Nr. 172.

AUGLÝSING

um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar.

I. Um ís, skipsflök og annað, sem siglingahætta getur stafað af.

1. gr.

Sérhver skipstjóri á skipi, sem fengið hefur tilkynningu um ís, sem er á reki og hættulegur getur orðið skipinu á siglingaleið þess, skal láta skipið fara með hægri ferð meðan dimmt er af nóttu, eða breyta um siglingaleið, svo að skipið fari algerlega utan við hættusvæðið.

2. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, sem verður var við ís eða skipsflök eða sérhverja aðra siglingahættu (þar á meðal galla á vitum og siglingamerkjum) eða hitabeltisstorm eða hitastig í sambandi við kul, sem veldur mikilli yfirísingu eða vindhraða, sem nemur 10 Beaufortsstigum eða meiru og ekki hefur verið varað við, skal strax með öllum tiltækum ráðum tilkynna það nálægum skipum svo og hlutaðeigandi yfirvöldum á næsta stað í landi, sem til næst.

3. gr.

Tilkynningar þær, sem um ræðir í 2. gr., skulu sendar á mæltu máli (helzt ensku) eða þá með því að nota alþjóðamerkjakerfið.

Þegar tilkynningar eru sendar sem loftskeyti, skulu þær sendar til allra nálægra skipa og fyrstu landstöðvar, sem til næst, með beiðni um að tilkynningin verði send áfram til rétts hlutaðeigandi yfirvalds. Loftskeyti skulu hefjast með öryggismerkinu TTT, en með SECURITÉ þegar talstöð er notuð, síðan skal tilgreint í hverju hættan er fólgin, og skal sending þessara tilkynninga fara fram eins og greinir í meðfylgjandi viðauka.

4. gr.

Loftskeytastöðvar á Íslandi, sem meðtekið hafa frá skipi úti á rúmsjó tilkynningu um siglingahættu, er taldar eru í 2. og 3. gr., skulu senda hana, án kostnaðar fyrir skipið, símleiðis til veðurstofunnar í Reykjavík, ef um ís- eða stormfrétt er

að ræða, en til vitamálaskrifstofunnar í Reykjavík, ef um skipsflak eða annað rekald er að ræða. Þessar stofnanir sjá um frekari birtingu fregnanna.

Sömuleiðis skulu íslenzkar landsímastöðvar afgreiða símleiðis, án kostnaðar fyrir sendanda, tilkynningar til veðurstofunnar eða vitamálaskrifstofunnar frá íslenzkum eða erlendum skipstjórum um áður taldar siglingahættur.

5. gr.

Þau útgerðarfélög, sem hafa íslenzk skip í ferðum yfir Atlantshaf, skulu tilkynna samgöngumálaráðuneytinu, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

Samgöngumálaráðuneytið gerir ráðstafanir til, að slíkar tilkynningar verði birtar.

Útgerðarmenn skipa, sem fara um Atlantshafið, ættu að láta skip sín fara eftir hinum viðurkenndu leiðum.

Enn fremur ættu þeir útgerðarmenn, sem hafa í förum skip, sem fara um eða í námunda við fiskigrunn Nýfundnalands, að benda skipstjórum sínum á það, að reyna að komast hjá því á vertíðinni þar, að fara norðar en 43° n.br. og forðast þau svæði, sem vitað er um eða ætla má að hættuleg séu skipum vegna íss.

II. Veðurathuganir.

6. gr.

Sú skylda hvílir á skipstjóra hvers þess skips, sem til þess er valið af veðurstofunni, að gera veðurathuganir á ákveðnum tíma sólarhringsins og sjá um, að þær séu sendar út sem loftskeyti til veðurathugunarstöðva, eftir þeim reglum, sem gilda um slíka veðurþjónustu, og jafnvel að endurtaka þær, svo að önnur skip geti haft þeirra not.

Skip, sem ekki geta haft loftskeytasamband við veðurstofu á landi, ættu að láta veðurathugunarskip eða önnur skip, sem náð geta sambandi við landstöðvar, framsenda veðurathuganirnar.

7. gr.

Sérhver skipstjóri á að tilkynna nálægum skipum og landstöðvum, ef vindhraðinn hjá honum nemur 10 Beauforts-stigum eða meiru.

Þegar skip er statt nálægt hitabeltisstormi eða skipstjóri þess hefur ástæðu til að ætla, að von sé á slíkum stormi, skal það gera og senda út veðurathuganir oftar en ella, séu aðstæður fyrir hendi.

8. gr.

Til þess að allar stöðvar, sem þess óska, geti tekið á móti tilkynningum um veður, sem sendar eru „til allra stöðva“ (CQ), mega engar skipsstöðvar senda loftskeyti, eða viðhafa þráðlaust tal, meðan á sendingu tilkynninganna stendur, ef nokkur hætta er á því, að það trufli móttöku tilkynninganna. Þær veðurathuganir, sem sendar eru frá skipum til hinna ýmsu veðurathugunarstofnana, skulu fluttar með þeim forgangsrétti, sem ákveðin er í alþjóðaloftskeytasamþykktinni, sem er í gildi á hverjum tíma.

III. Skyldur til að veita þeim hjálp, sem í neyð eru staddir á hafinu.

9. gr.

Skipstjóri, á hvaða skipi sem er, sem á hafi úti fær vitneskju um, að skip, flugvél, björgunarbátur eða björgunarfleki sé í neyð staddur, skal skyldur til, sé hann þess megnugur, án alvarlegrar hættu fyrir skip sitt, skipshöfn og farþega, að hraða sér hinu nauðstadda fólki til hjálpar, og ef hægt er, láta það vita, að hann sé að koma.

Sé hann ekki megnugur að koma hinu nauðstadda fólki til hjálpar eða séu sérstakar ástæður fyrir hendi, svo að hvorki sanngirni né nauðsyn sé til að veita hjálpina, skal hann geta þess í dagbók skipsins, af hvaða ástæðum hann ekki veitti hina umbeðnu hjálp.

10. gr.

Skipstjóri þess skips, sem í neyð er statt, getur krafizt aðstoðar frá einu eða fleiri þeirra skipa, sem svarað hafa beiðni hans og sem hann álítur bezt til þess fallin að veita hjálpina, skal þetta gert að svo miklu leyti sem unnt er í samráði við hlutaðeigandi skipstjóra.

Skipstjórinn eða skipstjórarnir, sem beðnir hafa verið um hjálp, skulu fara hinum nauðstadda til hjálpar eins fljótt og unnt er.

11. gr.

Skipstjóri er laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt 9. gr., þegar hann fær tilkynningu um það, að annað skip en hans hafi samkvæmt 10. gr. verið valið til þess að veita hina umbeðnu hjálp, og veitt hana.

Enn fremur er hann laus við skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt 10. gr., þegar hann fær tilkynningu um það frá hinu nauðstadda fólki eða skipstjóra á öðru skipi, sem komið er til fólksins, að hjálpar þurfi ekki lengur við.

12. gr.

Hafi skip sent út neyðarmerki, en skipstjóri þess líti síðar svo á, að hjálpar sé ekki lengur þörf, skal hann tafarlaust láta allar stöðvar, er hlut eiga að máli, vita um það, á þann hátt, sem greint er í alþjóðaloftskeytasamþykktinni.

Hafi skipstjóri sent neyðarmerki á annan hátt, en að ofan greinir, skal hann, sé hjálpar ekki lengur þörf, tilkynna það tafarlaust hlutaðeigandi yfirvaldi í landi, sem fyrst næst til.

13. gr.

Framangreind ákvæði um að hjálpa þeim, sem í neyð eru staddir á sjónum, skerða ekki ákvæði siglingalaganna í þessu efni.

IV. Niðurlagsákvæði.

14. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða refsingu samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 63 10. apríl 1953, um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar o. fl.

Samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnar Vagnsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Grundarfjarðar.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem skipulagt er og vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Grundarfirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar kýs þrjá menn í vatnsveitunefnd, sem annast öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varðar, í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til þess að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

5. gr.

Leggja skal vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögn í hús hans og annast viðhald þeirra á sinn kostnað. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitunefnd setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunefndarinnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda, eða með því, að gjöld fyrir vatnsnot verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina. Vatnsveitan hefur einkarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðruvísi sé um samið.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, er leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaður í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreining út af þessu atriði má skjóta undir dóm hreppsnefndar.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæð er lokuð.

9. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr., skal greiða vatnsskatt 2½% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 250.00.

10. gr.

Fiskvinnslustöðvar og verksmiðjur, sem nota vatn til iðnaðar, skulu hafa vatnsmæli á inntakslögn, sem allt vatn til vinnslunnar fer í gegnum.

Vatnsveitan á mælana, og sér um viðhald þeirra. Komi í ljós, að vatnsmælir sé bilaður, eða mæli ekki vatnið rétt, er heimilt að áætla vatnsnotkunina eftir fyrri notkun.

Fyrir vatn í gegnum mæli skal greiða kr. 1.00 fyrir smálest. Ef mælir er ekki kominn á vatnslögn iðnfyrirtækja, skal greiða 5% af fasteignamatsverði.

11. gr.

Auk vatnsskatts, er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir vatn til skipa kr. 15.00 fyrir smálest, þó sé aldrei greitt minna fyrir vatn til fiskiskipa en kr. 50.00 og annarra skipa kr. 200.00. Trillubátar greiði kr. 50.00.
b. Heimilt skal hreppsnefnd að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Grundarfirði og einnig að ákveða lágmarksgjald á bílaþvottaplönum.

12. gr.

Tengigjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húsa, og þar að auki kr. 1000.00 fyrir einbýlishús og kr. 700.00 fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsum. Tengigjald til verksmiðjuhúsa og annarra húsa, skal vera 1½% af fasteignamati, en heimilt er að semja sérstaklega um tengigjald, ef um mikil vatnsnot er að ræða.

Sé vatnsæð tengd í hús áður en fasteignamat er komið á húsið, er heimilt að áætla tengigjald og vatnsskatt og skal greiða eftir því þar til fasteignamat er komið á húsið, og endurreikna skal þá samkvæmt fasteignamati og endurgreiða, ef ofgreitt hefur verið, en innheimta ef vangreitt er.

13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 15. febr. ár hvert og innheimtist þá í einu lagi fyrir liðið ár.

Vatn selt gegnum mæli skal greiðast á þriggja mánaða fresti. Vatn til skipa og vatn selt eftir sérstökum samningi skal greiða við afhendingu.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnsveitulögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Vatnsveitufélag Grafarness, nr. 23 2. febrúar 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 174. 7. september 1965.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgöngumálaráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til að reka fastar áætlunarferðir á eftirtöldum flugleiðum til næstu 5 ára:

1. Reykjavík—Ísafjörður—Reykjavík.
2. Reykjavík—Sauðárkrókur—Reykjavík.
3. Reykjavík—Akureyri—Reykjavík.
4. Reykjavík—Húsavík—Reykjavík.
5. Reykjavík—Kópasker—Reykjavík.
6. Reykjavík—Þórshöfn—Reykjavík.
7. Reykjavík—Egilsstaðir—Reykjavík.
8. Reykjavík—Hornafjörður—Reykjavík.
9. Reykjavík—Öræfi (Fagurhólsmýri)—Reykjavík.
10. Akureyri—Egilsstaðir—Akureyri.

Enn fremur veitist téðu félagi leyfi til sama tíma til reksturs reglubundinna áætlunarferða með farþega, póst og vörur á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Ísafjörður—Akureyri—Ísafjörður.
2. Ísafjörður—Egilsstaðir—Ísafjörður.
3. Ísafjörður—Hornafjörður—Ísafjörður.
4. Sauðárkrókur—Akureyri—Sauðárkrókur.
5. Sauðárkrókur—Húsavík—Sauðárkrókur.
6. Akureyri—Húsavík—Akureyri.
7. Akureyri—Kópasker—Akureyri.
8. Akureyri—Þórshöfn—Akureyri.
9. Hornafjörður—Egilsstaðir—Hornafjörður.
10. Hornafjörður—Fagurhólsmýri—Hornafjörður.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum og jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum eftir því, sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

10. september 1965. Nr. 175.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur hefur hámarkshraði á Suðurlandsvegi verið lækkaður úr 60 km á klst. í 45 km á klst. á kaflanum frá Vesturlandsvegi að Rauðavatni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. september 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

13. september 1965. Nr. 176.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

I. Bústaðavegur verði aðalbraut; þó skal umferð um Bústaðaveg víkja fyrir umferð um Hafnarfjarðarveg.

II. Einstefnuakstur á Brávallagötu frá vestri til austurs.

III. Bifreiðastöður bannaðar:
1. Á Hátúni, sunnan megin götunnar.
2. Á Geirsgötu og miðbakka hafnarinnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. september 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 149 28. ágúst 1940.

1. gr.

27. gr. orðist svo:
Á götum kauptúna (í þéttbýli) má ökuhraði ekki vera meiri en 25 km á klukkustund. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur né á gangstéttir.

2. gr.

37. gr. orðist svo:
Um slit á almennum samkomum fer eftir ákvörðun gildandi reglugerðar samkvæmt lögum nr. 120 frá 22. desember 1947.

3. gr.

38. gr. orðist svo:
Enginn má halda opinberar samkomur nema með leyfi hreppstjóra í þeim hreppi, sem samkoman skal haldast, eða sýslumanns. Skal stefnt að því að skipta leyfðum samkomum sem jafnast niður á starfandi félög í hreppnum. Leyfi til hlutaveltu skulu veitt af lögreglustjóra. Forstöðunefnd samkomu skal gæta þess, að hún komi eigi í bága við almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.
Skemmtanaleyfi skulu jafnan vera skrifleg.

4. gr.

39. gr. orðist svo:
Um almennar samkomur gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Dalasýslu.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr, 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 178. 15. september 1965.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Menn mega ekki þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi, svæði, er almenningur

fer um, eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvellir, sölutorg, bryggjur o. s. frv. Ákvæði þessarar samþykktar gilda einnig, eftir því sem við á, um samkomuhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur, og aðra staði, þar sem opinber eða almenn afgreiðsla fer fram, eða umferð er um. Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, er lögreglan gefur til að varðveita góða reglu.

2. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, eða hafa annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskað getur allsherjarreglu, eða ónáðað þá, sem um fara, eða nálægt búa.

3. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum, eða hafast nokkuð að, er ónáðað getur íbúendur húsa.

4. gr.

Á götum, eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki hafa um hönd neinar skemmtanir eða leiki, er hindrar eða hindrað geta umferðina. Bannað er að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða svæði, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda geti orðið.

5. gr.

Á götum, eða yfir götur eða svæði, sem almenningur fer um, má ekki skjóta með byssum eða öðrum skottækjum, né kasta með neins konar kasttækjum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkrum öðrum sprengiefnum, ekki kasta steinum, snjókögglum, óhreinindum, vatni eða öðru, er valdið geti tjóni eða óþægindum þeim, er um slíka staði fara. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skotelda, er sérstaklega stendur á, enda séu leyfin þá bundin við ákveðin svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra bál, eða ganga með blys. Sprengingar má aðeins gera með sérstöku leyfi lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar, sem lögreglustjóri ákveður.

6. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi, eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að vera áberandi ölvaður, með því að ávarpa menn ókurteislegum eða ósæmilegum orðum, með því að sýna af sér ósæmilegt látbragð, fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

7. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur eða fjörur kaupstaðarlóðarinnar, eða svo nálægt landi, að hneyksli geti valdið, eigi heldur nálægt skipum, sem á höfninni liggja, ef það getur hneykslað nokkurn.

8. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja rétt til nafns síns og heimilis, þegar lögregluvaldið krefst þess.

9. gr.

Bifreiðastjórum er skylt að gæta þess, að gera engan óþarfa hávaða að næturlagi. Sírenumerki má aðeins viðhafa til brunaboðunar, og þeirrar notkunar, er bæjarstjórn og lögreglustjóri samþykkja.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu, svo og öðrum löglegum skipunum þeirra. Lögregluþjónar geta krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, er þeir ná til, til að afstýra óreglu eða óspektum. Ef lögregluþjónar, eða þeir, sem kvaddir hafa verið til aðstoðar lögreglunni, verða í skyldustarfi sínu fyrir skemmdum á fatnaði eða munum, ber þeim bætur úr bæjarsjóði eftir mati tveggja manna, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

Nú er um slys að ræða á lögregluþjóni eða hjálparmanni hans við slík skyldustörf, og greiðir þá bæjarsjóður meðul öll, læknis- og sjúkrakostnað, er eigi greiðist annars staðar frá.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættu fyrir umferðina.

11. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins, eða hreyfa við þeim, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra, eða umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Enginn má snerta við brunahönum bæjarins, nema þurfi til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, er leyfið tekur til.

Íslenzkar afurðir getur heilbrigðisnefnd heimilað að selja á torgum eða annars staðar, enda sé öllum gildandi ákvæðum um slíka sölu fullnægt.

Um sölu á fiski getur bæjarstjórn sett reglur, er fullnægi kröfum heilbrigðisnefndar um þrifnað og hreinlæti.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópi, köllum eða söng, frá náttmálum til dagmála.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsriðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum, eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, né fara inn í híbýli hans í söluerindum. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur, að það geti valdið óþægindum eða hættu.

14. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum, eftir þeim má ekki fara með önnur farartæki en barnavagna, og eigi má þar bera, draga, velta, eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, sem tálmað geta umferðina. Ljái, gaddahrífur, skotvopn, og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins, né annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig, að opið viti upp.

15. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja nokkuð það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, er flytja að sér vörur, eldivið, hey, eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sér á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur á meðan á flutningnum

stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götunni lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum megi standa vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

16. gr.

Á götum, gangstéttum, eða annars staðar á almannafæri, má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferðina, eða gerir hana hættulega, t. a. m. höggva eða mylja grjót, járna hesta, eða því um líkt. Eigi heldur hrista gólfteppi, viðra sængurföt, eða hengja þvott eða föt til þerris, eða þess konar, af veggsvölum eða gluggum, er vita að almannafæri.

17. gr.

Vöruskápa, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar má ekki hengja utan á hús á almannafæri þannig, að óþægindi verði að, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má ekki láta standa jurtapotta, eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

Eigi skal leyfilegt að setja upp sjálfsala.

18. gr.

Eigi má fleygja neins konar rusli á almannafæri, né láta þar neitt, er valdið geti hættu, óþrifnaði eða óþægindum fyrir vegfarendur.

19. gr.

Foreldrum, og öðrum hlutaðeigendum, er skylt að annast um að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Lögreglan getur bannað börnum að vera á bryggjum og bryggjupöllum, svo og úti í skipum og bátum á höfninni, ef þau ganga þar ekki að vinnu, eða eiga þangað brýnt erindi, að dómi lögreglunnar.

20. gr.

Enginn má gera skurð á gangstéttir, götur eða torg bæjarins, nema hann hafi til þess leyfi bæjarstjórnar og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, með nægilega greinilegum merkjum. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna, að nokkru eða öllu leyti, á meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir, hvernig umferðinni skulu hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur, á kostnað þess, er átti að framkvæma verkið.

21. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almanafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til þess að afstýra farartálma og hættu, eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leyfar af verkefni, og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, er húsgerðinni er svo langt komið,

að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til þess að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, er lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af því.

22. gr.

Pallar, stoðir, og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við húsasmíðar, og aðrar byggingar og viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum að utanverðu skal vera að minsta kosti 20 cm há brík, og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málningu, gluggaþvotti eða þess konar, skulu vera nægilega traustir, og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri, nema meðan verið er að nota þá.

Brot gegn þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

23. gr.

Nú er hús, eða hluti af húsi svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða falli niður, eða það er þannig byggt, að hætt er við að járn fjúki af þaki eða veggjum, og getur þá lögreglustjóri bannað að nota húsið og boðið eiganda eða umráðamanni hússins að gera þær umbætur á því, að eigi geti valdið hættu fyrir vegfarendur. Auk þess getur lögreglustjóri látið rífa húsið, á kostnað hlutaðeiganda. Sama gildir og, þegar grjótgörðum, skíðgörðum, eða annari girðingu liggur við falli.

24. gr.

Nú gengur kjallaraop út að stétt eða götu og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera handrið úr járni eða öðrum málmi, beggja megin við þau, og kjallaraopið auk þess byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi unz bjart er að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 cm.

25. gr.

Vörur, sem geymdar eru utanhúss, svo sem tunnur, timbur, þakjárn o. s. frv., svo og umbúðir utan af vörum, skulu vera þannig umbúnar, að þær geti ekki fokið eða hrunið á hús eða götur.

III. KAFLI

Um umferð.

26. gr.

Vegfarendum er skylt, að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót, og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum eða bendingum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Allir vegfarendur skulu tafarlaust víkja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki.

27. gr.

Stéttir meðfram götum skulu aðeins ætlaðar gangandi mönnum, og mega menn ekki halda kyrru fyrir eða staðnæmast þar svo lengi, að truflun valdi að dómi lögreglunnar. Eftir gangstéttum má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, handkerrur, vagna, né önnur aktól, nema barnavagna. Fótgangandi vegfarendur skulu, er þeir eru á ferð um götur bæjarins, vegi eða torg, að jafnaði halda sér á gangstéttunum, þar sem þær eru fyrir hendi. Þeir, sem ganga eftir götum eða stígum, þar sem engar gangstéttir eru, eða vegna þess, að þeir, sakir þrengsla á gangstéttinni verða að víkja út á götuna, eða þurfa að ganga yfir hana þvera, skulu veita umferðinni nána athygli og víkja þegar til hliðar, er viðvörunarmerki eru gefin. Ef fótgangandi vegfarendur fara yfir götuna, skulu þeir fara beina stefnu yfir þvera götuna, og yfir gatnamót er bannað að ganga á ská milli horna.

Vegfarendum er bannað að láta fyrirberast á götum eða stígum lengur en nauðsyn krefur til að komast leiðar sinnar. Gildir þetta jafnt þótt umferð sé engin samtímis á sama stað eða nærliggjandi svæði.

28. gr.

Með hesta og ökutæki má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstéttum, né vegum, sem ætlaðir eru til annarrar sérstakrar notkunar. Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri að fengnum tillögum bæjarstjórnar ákveðið einstefnuakstur, bannað akstur, reið eða hjólreiðar um einstakar götur, svo og sett önnur sérákvæði um umferðina, í samræmi við 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

29. gr.

Bannað er að aka eða ríða á móti hópgöngum og líkfylgdum, eða fara fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst, þegar fólk streymir af íþróttavelli o. þ. h.

Ekki má aka eða ríða um götur, þar sem fólk hefur safnazt saman til að hlusta á hornablástur eða þess háttar, nema með leyfi lögreglunnar.

30. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri, og snúa ökutækinu þannig, að hlið þessi sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar, þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni. Enn fremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum, eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsalínu.

31. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming eða afferming á sér stað, og skal það gert gangstéttarmegin. Farþegar skulu og stíga þeim megin upp í farartæki og út úr því.

32. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega. Því skal vera fyrirkomið og fest svo, að það ekki haggist.

Ökutæki, sem flutt er á möl, mold, mykja, sandur, fiskúrgangur o. þ. h., skulu vera svo gerð, að lögreglan telji við hæfi, svo að eigi sé hætta á að úr þeim hrynji eða slettist. Þau skulu vera lokuð, ef flytja á grút eða fljótandi efni. Nú er á þessu misbrestur, og er þá ökumanni skylt að hreinsa óhreinindin burtu af götunni.

Einnig getur lögreglan fyrirvaralaust stöðvað flutninga, sem hafa í för með sér óhreinkun gatna eða annan sóðaskap, unz úr er bætt um umbúnað þess, sem flytja á.

Hjól á ökutækjum skulu vera slétt og nægilega breið svo að þau marki ekki yfirborð gatna.

33. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðana þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur eða byggingar.

34. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar sem hinir komast fram hjá.

Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera ekki hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeim ber og að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði. Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

35. gr.

Á reiðhjóli, hvort heldur það er með eða án hjálparvélar, má enginn flytja með sér hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina. Þar sem ökumaður sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er, og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur né byggingar.

Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum né yfir þær, og ekki inn eða út úr hliðum.

36. gr.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðar en á hægu brokki, og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins fara fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún ráðað þeim, eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, er á undan þeim ganga.

37. gr.

Það er með öllu bannað að beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bíta eða slá, skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur í ennistopp eða tagl.

38. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum, og öðrum, er flytja farangur á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götunni, fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til þess að taka ofan eða láta upp klyfjar. Um reiðhesta gildir hið sama, eftir því sem við á.

39. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í tauminn, eða hesturinn sé bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema á meðan honum er gefið.

40. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna.

IV. KAFLI
Um alifugla, gripi og fénað.

41. gr.

Alifugla má eigi hafa nema í tveggja metra hárri hænsnavírnetsgirðingu, eða annari álíka girðingu, er lögreglan metur. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari ekki inn í garða manna, eða önnur svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá látið slátra alifuglunum á kostnað eigenda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglan látið slátra þeim alifuglum, er hún telur eiga of illt, eða eru til óþrifa. Eigendunum er skylt að endurgreiða slátrunarkostnaðinn.

42. gr.

Allar kindur á kaupstaðarlóðinni skulu reknar í afrétt fyrir 15. júní ár hvert, en fjallskilastjórn skal fyrirskipa fjárreksturinn í afrétt fyr, ef hún telur henta. Er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrirmælum fjallskilastjórnar um burtrekstur fjárins í afrétt. Á tímabilinu frá því fé skal rekið í afrétt og til fyrstu ganga, mega engar kindur finnast á verzlunarlóðinni nema þær, sem eru hafðar í húsi eða girðingu, sem lögreglan tekur gilda, ella getur lögreglan látið slátra kindunum á reikning eigenda. Skemmdir búfjár (alifugla, sauðfjár og annars búpenings), usla og grasnám, meta tveir óvilhallir dómkvaddir menn.

43. gr.

Enga gripi má reka ógætilega um götur bæjarins. Ársgömul naut eða eldri, skulu ávallt leidd í nægilega traustu bandi, og a. m. k. tveir menn fylgi.

44. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins, nema maður fylgi til að gæta þeirra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveizlu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum.

Stórgripir mega ekki ganga lausir á almannafæri, og lausa hesta má ekki reka um göturnar, nema innanbæjarhesta, sem fluttir eru úr haga og í.

45. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að afstýra tálmunum eða hættu fyrir vegfarendur.

V. KAFLI
Um friðun almenningseigna o. fl.

46. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almennra afnota eða prýði á almannafæri, svo sem kirkju, skóla, kirkjugarð, minnisvarða, götu-

ljósker, vatnsleiðsluþró, nafnspjöld á götum og húsum, brunahana og annað þess háttar, má enginn skemma, ata eða saurga á nokkurn hátt.

47. gr.

Enginn má skemma girðingar, né setjast á þær eða klifra upp á þær eða yfir þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

48. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikar eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum, má enginn rífa upp eða færa burt né spilla, eða saurga grafreitinn á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum. Börn yngri en 14 ára mega ekki vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, er beri ábyrgð á framferði þeirra.

49. gr.

Bannað er öðrum en landeigendum að rífa lyng eða hrís innan lögsagnarumdæmisins, eða fara inn á afgirt svæði, þótt ekki séu girt löggirðingu, nema maður eigi löglegt erindi.

VI. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

50. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum, og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld, eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengni við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli og önnur opinber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórn birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

51. gr.

Lögreglustjóri ákveður, hvar festa skuli upp opinberar auglýsingar, útgefnar af valdsmanni, útvegar auglýsingaspjöld eða auglýsingakassa í því skyni og sér um viðhald þeirra. Bæjarsjóður greiðir kostnaðinn.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp aðrar opinberar auglýsingar. Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigenda.

52. gr.

Uppfestar auglýsingar skal auglýsandi taka niður, er þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má annars enginn rífa niður, saurga þær eða gera ólæsilegar á nokkurn hátt.

VII. KAFLI

Um samkomur, knattborðsstofur, veitingahús og almennar skemmtanir.

53. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er almenn veitingasala matar og drykkja, kaffi- og ölstofur, sem og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Hafa skal nægilegt starfsfólk og dyragæzlu eftir því, sem lögreglan telur nauðsynlegt til að halda uppi reglu og þrifalegri umgengni.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft, og bæjarstjórn hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eldri er en þessi samþykkt.

Á gististöðum skal halda nákvæma gestaskrá.

54. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur um móðgandi eða ofsalegt atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbændur, heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslandi hegðun, eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té nokkurs konar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu matar eða drykkjar eða selur gistingar, er skylt að gera það, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu eða velsæmi. Hann skal sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, að dómi lögreglunnar, eða fullnægi veitingastaður ekki skilyðum 53. gr., er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllunum, að gefinni aðvörun, og loka veitingahúsinu.

55. gr.

Veitingahúsum, kaffihúsum, dansstöðum, knattborðsstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum, skal lokað kl. 23½ til 7. Knattborðsstofum og öðrum slíkum skemmtistöðum skal auk þess lokað allar stórhátíðir, og aðra helgidaga frá kl. 12—16.

56. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur og afnumið leyfi, ef hann álítur ástæðu til.

57. gr.

Kvikmyndahúsum, og öllum almennum skemmtisamkomum, skal loka frá kl. 23½—7. Þó er lögreglustjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði með samkomur, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, til almenningsheilla eða til styrktar framfaramálum bæjarins.

58. gr.

Enginn má halda opinbera sjónleiki, hlutaveltu, dansleiki, myndasýningar, samsöngva eða aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, nema með leyfi lögreglustjóra. Þeim, sem fá þetta leyfi, er skylt að hlíta þeim ákvörðunum, er lögreglustjóri setur um löggæzlu, og til þess að afstýra brunahættu, og greiða þann kostnað, er að því leiðir.

Skylt er þeim, er halda samkomur þessar, að hafa minnst 2 menn, er lögreglustjóri samþykkir, sem dyraverði, og til að gæta reglu í og við samkomuhúsið.

59. gr.

Hver sá, er samkvæmt framansögðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, er talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram á samkomunni, er brýtur

í bága við góða reglu eða velsæmi. Ef misbrestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni, og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara burtu.

60. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá er leyfi hefur fengið til þess að halda skemmtanir samkvæmt framansögðu, noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreysti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

61. gr.

Við hvert veitingahús, veitingastofu eða almennt samkomuhús, skal eigandinn láta gera nægilega mörg snyrtiherbergi með vatnsmígildi, vatnssalernum og þvottaskálum, eftir nánari ákvörðun heilbrigðisnefndar, og skal gestum heimill aðgangur að þeim. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum, og þeirra gætt á fullnægjandi hátt, á meðan á veitingum eða samkomu stendur. Nú verður misbrestur á þessu, og getur lögreglan þá lokað húsinu um lengri eða skemmri tíma.

62. gr.

Nú telur heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd umgengni, framreiðslu, framleiðslu eða annað starf starfsfólks í veitingastofu matsöluhúsi, matvörubúð, eða starfsmenn þar sem matvara er framleidd eða að einhverju leyti tilreidd eða handfjötluð, vera svo óþriflega, að óhollusta eða sóttnæmi geti stafað af, og getur lögreglustjóri eða heilbrigðisnefnd þá krafizt þess, að starfsmaður sá, er þannig er ástatt um, láti þegar af störfum, eða lokað húsinu eða búðinni.

63. gr.

Nú er ofangreindum reglum, sbr. 53.—62. gr., þrátt fyrir áminningar ekki hlýtt, eða ef ræsting (þar á meðal loftræsting), umgengni um veitingastofu, knattborðsstofu eða annað samkomuhús, eða einhverja klefa þess, einkum salerni eða mígildi að áliti lögreglustjóra er sóðaleg, eða húskynni ósæmilega léleg, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar og samkomur í samkomuhúsum þessum, og loka þeim um stundarsakir, unz úr hefur verið bætt á fullnægjandi hátt að dómi heilbrigðisnefndar.

VIII. KAFLI

Um almennt hreinlæti, þrifnað o. fl.

64. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hrækjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað geti vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta annars staðar en þar, sem lögreglustjóri ákveður, í samráði við heilbrigðisnefnd.

65. gr.

Lifrarbræðslu, síldarbræðslu, spikbræðslu eða verksmiðjuiðnað má ekki setja á lóð bæjarins, nema þar sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Atvinna þessi, svo og síldarverkun öll, skal standa undir sérstakri umsjón heilbrigðisnefndarinnar, og eru þeir, sem þessa atvinnu reka, skyldir til þess að hlýða þeim fyrirskipunum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar, sem lúta að því, að allur þrifnaður sé viðhafður og allri hættu afstýrt.

66. gr.

Stampa, opnar tunnur eða föt með lifur, grút eða áburði, má alls ekki hafa á almannafæri eða við götur bæjarins, né heldur skran eða nokkuð það, sem ódaun leggur af, eða er til óþrifnaðar.

67. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlímdum gryfjum, vandlega byrgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

68. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kring um hús hans, eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum, er liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðru, er óþrifnaður eða eldhætta getur stafað af, inn á annars manns lóð, eða valda að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað, og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans inn á lóð annars manns.

69. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í götuholræsið, og skal leiða allt skólp frá því út í göturæsið, og skal vatnssalerni komið fyrir í húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið, eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturnar, og sjá um, að afrennsli þeirra stíflist ekki.

Nú vanrækir húseigandi að leggja holræsi frá húsi sínu samkv. 1. mgr. eða að koma fyrir vatnssalerni í húsinu, og framkvæmir þá holræsanefnd verkið á kostnað húseiganda.

70. gr.

Ekkert hús má vera svo hlaðið fólki sumar né vetur, að heilbrigði íbúa sé hætta búin, að áliti heilbrigðisnefndar.

71. gr.

Polla, síki og tjarnir á leigðum lóðum kaupstaðarins, sem óhollusta stafar af að dómi heilbrigðisnefndar, er lóðareigendum skylt að fylla upp og þurrka, eftir nánari ákvæðum heilbrigðisnefndar.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

72. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt þessari samþykkt, eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnaður við þetta, og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af bæjarsjóði, en skyldur er hinn seki til að endurgreiða kostnaðinn að fullu, og má innheimta hann með lögtaki.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar, og sem ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði, þar á meðal auglýsingar lögreglunnar eða lögreglustjóra til þess að kynna almenningi ýmis ákvæði samþykkta bæjarins eða bönn til almennings.

73. gr.

Lögreglustjóra og lögreglu er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

Þegar svo stendur á, er hverjum skylt að svara lögreglunni afdráttarlaust, er hún spyr um erindi hans, og metur hún þá, hvort erindi sé svo brýnt, að umferðarleyfi verði veitt.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, refsiákvæði o. fl.

74. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar.

75. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að kr. 3000.00.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra, eða annarra, sem ganga barninu í foreldrastað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

76. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála, og skulu sektir renna í bæjarsjóð. Hagnað af broti hins sakaða má gera upptækan í bæjarsjóð.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaði, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 179. 18. ágúst 1965.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum, eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni, eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir komi til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum öðrum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

14. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögrelgustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kauptúna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnarvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins

tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar ræsi á vegum, steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

18. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur, eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

19. gr.

Hvarvetna þar sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

Jarðeiganda er skylt að fjarlægja gamlar niðurfallnar girðingar, hvort sem þær eru um tún eyðibýla eða úthaga.

20. gr.

Þegar ís leggur á vötnum eða vogum, má enginn fara út á ísinn, fyrr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

21. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu við vegamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeir, sem fara akandi eða ríðandi um vegi, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gagnstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á vinstri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum, eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik.

Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar, eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.

Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

22. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgörðum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

23. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar, eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur og á vorin meðan klaka leysir úr jörðu.

24. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

25. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar til hinar komast fram hjá henni.

26. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

27. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

28. gr.

Þegar ökutæki mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo að bifreiðin geti komizt fram hjá.

Sé eigi hægt að víkja fjárrekstri út af vegi, vegna skurða eða girðinga meðfram veginum, skal bifreiðarstjóri bíða, unz fénu er komið á þann stað, sem hægt er að víkja því af veginum.

29. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um noktun bifreiða.

30. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

31. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Snæfellsness og Hnappadalssýslu nr. 100 frá 17. júní 1956, eins og þau nú eru eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eigu eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum eða köttum, ef enginn vill hirða þá.

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi þeim ekki til kirkju né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

V. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

32. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem er ætlað til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjaútbúnað einstakra manna.

33. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða

umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

34. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

35. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska og annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

36. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

VI. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

37. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

38. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

39. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

40. gr.

Hverjum sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

41. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

42. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

43. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

44. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið. Einnig er heimilt að binda leyfi því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 42. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og haldi þeir uppi löggæzlu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæzlu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé samkvæmt lögreglumannalögum.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

45. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustöðum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis og tóbaksbúðum eftir kl. 10, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að útivistartíma þeirra er lokið er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara

stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang, né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er.

Sala tóbaks til barna og unglinga innan 14 ára aldurs er bönnuð.

46. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

47. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur.. Hreppsnefnd ákveður, hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

48. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VIII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

49. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

50. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslu eða í þróm eða brunnum. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaður veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

51. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn eða skepnur.

52. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvílíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

53. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki til og sé slátursstaður hreinsaður að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði.

54. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvelli ílát með loki undir sull og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

55. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppi sýslunnar eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til kauptúna og þéttbýlis.

X. KAFLI

Sérákvarðanir um umferðina innan kauptúnanna.

56. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

57. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

58. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma, eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því sem unnið er að, að því verði við komið.

59. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

60. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir á kvöldin, þar til birtir að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein, mega ekki vera lægri en 60 cm.

61. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum geta valdið, ef fýkur.

62. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd, og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

63. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

XI. KAFLI

Um umferð á götum kauptúnanna.

64. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 35 km á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.

65. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kauptúnanna.

66. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Hestar í kauptúnum, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

67. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinum megin á götunni.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um bifreiðar og önnur ökutæki, eftir því sem við á.

68. gr.

A almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir. Hesta má aldrei binda úti við í kauptúnunum, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott sé veður. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

XII. KAFLI

Um skepnuhöld o. fl. í kauptúnunum.

69. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

70. gr.

Það er á ábyrgð eigenda, að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kauptúnunum eða grennd þeirra, hvorki skemmi neitt eða fari inn í afgirt svæði, tún, matjurtagarða, skrúðgarða eða trufli svefnfrið manna með hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum málavöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september árlega. Á þeim tíma má búfénaður ekki ganga laus í kauptúnunum, eða um þau, nema maður fylgi til að gæta hans, eða hann sé í öryggri vörzlu.

Eftir almennan rúningstíma að vorinu má ekki láta sauðfé eða hross ganga laus innan takmarka verzlunarlóða kauptúnanna. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eigandann sektum, og enn fremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki. Frá þessu ákvæði geta þó hreppsnefndir veitt undanþágu.

71. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kauptúnanna. Lausa hesta á flækingi um göturnar ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

72. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi og minnsta kosti tveir menn fylgi hverju nauti ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfs árs og eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kauptúnanna.

73. gr.

Hundahald er bannað í öllum kauptúnum sýslunnar og í Rifi. Hver hundur, sem fyrirfinnast kann á ofangreindum stöðum og ekki fylgir aðkomumanni, er réttdræpur.

74. gr.

Enginn má siga hundum á annan mann eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann, ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur, eru réttdræpir. Hundar mega ekki vera lausir um nætur svo nokkru ónæði valdi íbúum kauptúnanna. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

75. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kauptúnanna, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

76. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kauptúnanna til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XIII. KAFLI

Um mannvirki og lóðir í kauptúnum sýslunnar.

77. gr.

Enginn má byggja á landi kauptúnanna neins konar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar, né á leigðum lóðum, nema með leyfi byggingarnefndar og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskreiti, girðingar eða önnur mannvirki.

Mannvirki við hafnirnar má enginn gera nema eftir tillögum hafnarnefndar og með leyfi hreppsnefndar.

XIV. KAFLI

Um eftirlit með börnum í kauptúnum.

78. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn 13 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 21 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 30. september, nema þau sé í fylgd með fullorðnum.

Unglingar yngri en 16 ára, mega ekki vera úti eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, eða á meðan skóli starfar. Á laugardögum til kl. 23.30.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára.

Lögreglustjóri getur í sérstökum tilfellum veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

XV. KAFLI

Um almennt hreinlæti í kauptúnum og þéttbýli innan sýslunnar.

79. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hrælum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innyfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kauptúnunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

80. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

81. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almeningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

82. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

83. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

XVI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

84. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um kauptún og þéttbýli innan lögsagnarumdæmisins.

85. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XVII. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

86. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

87. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

88. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkv. samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnaður við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

89. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

90. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu nr. 127 8. júlí 1939.

91. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaða, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. ágúst 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

YFIRLIT

um efnahag Búnaðarbanka Íslands, 30. júní 1965.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	102 268 096.43	
	b. Veðdeild	—	110 309 995.67	
	c. Stofnlánadeild	—	675 386 830.94	
			kr.	887 964 923.04
2.	Verðbréf:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	107 012 589.99	
	b. Stofnlánadeild	—	16 446 451.64	
			—	123 459 041.63
3.	Víxlar		—	268 536 527.41
4.	Lán í hlaupareikningi		—	142 007 255.32
5.	Ýmsir skuldunautar:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	1 470 694.28	
	b. Veðdeild	—	4 516 999.50	
			—	5 987 693.78
6.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		—	31 440 872.21
7.	Innanstokksmunir		—	4 888 159.43
8.	Fasteignir		—	1.00
9.	Innheimtur		—	28 976 200.74
10.	Útibú á Hellu		—	3 627 688.95
11.	Teiknistofa		—	342 545.48
12.	Sameiginlegur kostnaður		—	14 218 194.76
13.	Bankainnistæða og peningar í sjóði		—	251 389 113.85
			Kr.	1 762 838 217.60

Skuldir:

1.	Sparisjóður		kr.	515 008 215.49
2.	Skírteini		—	3 010 919.36
3.	Hlaupareikningur		—	71 917 310.71
4.	Reikningslán		—	3 356 880.64
5.	Ýmsir kröfuhafar:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	31 485 423.25	
	b. Veðdeild	—	71 535.800.00	
	c. Stofnlánadeild	—	596 513 442.54	
			—	699 534 665.79
6.	Ábyrgðir		—	31 440 872.21
7.	Skuldaskilareikningur		—	5 991 537.00
8.	Útibú á Akureyri		—	2 079 286.99
9.	Útibú á Egilsstöðum		—	2 510 759.56
10.	Útibú á Blönduósi		—	2 630 382.66
11.	Útibú á Sauðárkróki		—	7 714 591.28
12.	Útibú í Stykkishólmi		—	8 108 896.90
13.	Austurbæjarútibú		—	118 331 136.13
14.	Miðbæjarútibú		—	23 456 751.29

15.	Vesturbæjarútibú		kr.	24 020 466.21
16.	Melaútibú		—	18 385 473.24
17.	Vextir og aðrar tekjur:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 24 359 650.78		
	b. Veðdeild	— 4 063 991.00		
	c. Stofnlánadeild	— 19 400 036.86		
			—	47 823 678.64
18.	Seðlabankinn, afurðavíxlar		—	34 667 000.00
19.	Skyldusparnaður:			
	a. Veðdeild	kr. 15 229 922.67		
	b. Stofnlánadeild	— 15 561 921.21		
			—	30 791 843.88
20.	Ferðamálasjóður		—	10 808 000.00
21.	Fyrirfram greiddir vextir		—	3 097 736.00
22.	Skuldlaus eign:			
	a. Sparisjóður	kr. 30 556 493.61		
	b. Veðdeild	— 9 879 050.60		
	c. Stofnlánadeild	— 57 716 269.41		
			—	98 151 813.62
			Kr.	1 762 838 217.60

Reykjavík, 1. júlí 1965.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Haukur Þorleifsson. **G. Thordarson.**

Nr. 181.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs Áttunda árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., bls. 220):			
	a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 29 052.56		
	b. Bankainnstæða	— 24 197.43		
			kr.	53 249.99
2.	Vextir:			
	a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 2 469.47		
	b. — bankainnstæðu	— 1 634.17		
			—	4 103.64
			Kr.	57 353.63

Gjöld:

1.	Sjóður til næsta árs:			
	a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 29 299.57		
	b. Innstæða í Búnaðarbankanum	— 28 054.06		
			Kr.	57 353.63

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. maí 1965.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda árið 1964.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., bls. 220):			
a. Innritunarskírteini	kr.	8 600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	13 928.95	
c. Bankainnstæða	—	38 106.95	
			kr. 60 635.90
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	1 870.41	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða	—	1 193.81	
c. Bankainnstæða	—	2 507.51	
			— 5 571.73
			Kr. 66 207.63

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:			
a. Heiðurslaun til Jónatans Líndal, Holtastöðum	kr.	2 500.00	
b. Innritunarskírteini	—	8 600.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	14 330.40	
d. Bankainnstæða	—	40 777.23	
			kr. 66 207.63
			Kr. 66 207.63

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. maí 1965.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 183.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebe's árið 1964.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., bls. 222):	
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 15 922.76
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1 353.43
	Kr. 17 276.19

Gjöld:

1. Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr. 1 218.06
2. Sjóður í árslok:	
Söfnunarsjóðsinnstæða	— 16 058.13
	Kr. 17 276.19

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. maí 1965.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsted og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsted árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., bls. 221)	kr. 13 358.78
2.	Óafhentir trjáræktarsjóðir	— 1 379.58
3.	Vextir árið 1964 af aðalsjóðnum	— 1 135.50
4.	Vextir árið 1964 af sparisjóðsinnstæðu trjáræktarsjóða	— 96.39
		Kr. 15 970.25

Gjöld:

	Í sjóði til næsta árs:	
1.	Í Söfnunarsjóði	kr. 14 494.28
2.	Í Landsbankanum:	
	a. Trjáræktarsjóður Úlfljótsvatnskirkjugarðs	— 388.08
	b. Trjáræktarsjóður Þingvallakirkjugarðs	— 381.38
	c. Trjáræktarsjóður Hlíðar í Grafningi	— 361.10
	d. Trjáræktarsjóður Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	— 345.41
		Kr. 15 970.25

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. maí 1965.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 185.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs V. Giga's árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., bls. 223):	
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 43 614.12
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 3 707.20
		Kr. 47 321.32

Gjöld:

	Sjóður til næsta árs:	
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 47 321.32
		Kr. 47 321.32

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. maí 1965.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., bls. 222):		
	a. Í Söfnunarsjóði	kr. 23 830.78	
	b. Í Landsbankanum	— 7 549.71	
			kr. 31 380.49
2.	Vextir:		
	a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 2 025.62	
	b. — bankainnstæðu	— 492.94	
			— 2 518.56
			Kr. 33 899.05

Gjöld:

	Sjóður til næsta árs:		
	a. Í Söfnunarsjóði	kr. 24 506.00	
	b. Í Landsbankanum	— 9 393.05	
			kr. 33 899.05
			Kr. 33 899.05

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. maí 1965.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 187.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., bls. 223):	
	Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 53 960.06
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 4 586.61
		Kr. 58 546.67

Gjöld:

	Sjóður til næsta árs:	
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 58 546.67
		Kr. 58 546.67

Í atvinnumálaráðuneytinu, 14. maí 1965.

Gunnlaugur E. Briem.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1964, B., 75, bls. 175):		
	a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 45 153.15	
	b. Innstæða í Búnaðarbanka	— 6 733.03	
			kr. 51 886.18
2.	Vextir:		
	a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 3 838.02	
	b. — bankainnstæðu	— 471.31	
			— 4 309.33
			Kr. 56 195.51

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	48 991.17
b. Innstæða í Búnaðarbanka	—	7 204.34
	Kr.	56 195.51

Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. júní 1965.

Brynj. Ingólfsson.

Nr. 189.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., 77, bls. 175):		
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 92 632.25	
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 7 873.74	
			kr. 100 505.99
			Kr. 100 505.99

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	100 505.99
	Kr.	100 505.99

Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. júní 1965.

Brynj. Ingólfsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1964.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1964, B., 76, bls. 175):		
	Innstæða í Landsbankanum	kr. 861.62	
2.	Vextir af bankainnstæðu	— 60.27	
			kr. 921.89
			Kr. 921.89

Gjöld:

Veittur styrkur	kr. 750.00
Sjóður til næsta árs í Landsbankanum	— 171.89
	Kr. 921.89

Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. júní 1965.

Brynj. Ingólfsson.

Nr.191.

SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.

með útibúum.

Efnahagur pr. 30. júní 1965.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum	kr.	40 547 245.60
Innlend verðbréf	—	13 217 903.49
Víxlar	—	103 105 294.67
Lán í hlaupareikningi	—	123 285 083.87
Innstæða í Seðlabanka	—	56 550 299.97
Ógreitt hlutafé	—	4 852 250.00
Ábyrgðatryggingar	—	12 575 600.00
Húsbúnaður og innréttingar	—	5 671 187.80
Ýmislegt	—	18 569 140.03
Sjóður	—	7 577 241.57
	Kr.	385 951 247.00

Skuldir:

Hlutafé	kr.	10 201 000.00
Varasjóður	—	2 796 853.68
Innstæður í sparisjóði	—	313 067.894.60
Innstæður í hlaupareikningi	—	21 731 115.73
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	12 575 600.00
Ýmislegt	—	25 578 782.99
	Kr.	385 951 247.00

Reykjavík, 7. júlí 1965.

SAMVINNBANKI ÍSLANDS hf.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 114 20. september 1948.

1. gr.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitfé kr. 1.05.

Þegar slátrað er yfir 300 kindum á dag í sláturhúsi, er skoðunargjaldið kr. 0.70 fyrir hvern skrokk.

Naut, hross, svín kr. 16.00.

Kálfar, grísir kr. 8.00.

Á skoðunargjald samkvæmt 1. mgr. greiðist ekki verðlagsvísitöluuppbót áranna fyrir árið 1964.

Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

2. gr.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum gjaldskrárinnar en 8. gr., skulu innheimt með 40% álagi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 275 20. september 1964.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 193. 14. júní 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Akraneskaupstað.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. greinar umferðarlaga, nr. 26/1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, skulu bifreiðastöður vera bannaðar á eftirtöldum stöðum:

1. Á Kirkjubraut frá Akurgerði að Merkigerði, austan megin götunnar.
2. Á Vesturgötu frá Skólabraut að Merkigerði, austan megin götunnar og vestan megin þar, sem gatan nær ekki fullri breidd.
3. Á Vesturgötu frá Deildartúni að Krókatúni vestan megin götunnar.

Stöðvunarmerki skal vera á Akurgerði við Kirkjubrautina beggja megin Kirkjubrautar. Stöðvunarskylda skal vera á horni Suðurgötu og Hafnarbrautar, neðan Hafnarbrautarinnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Akraneskaupstað, 14. júní 1965.

Þórhallur Sæmundsson.

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1965 og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum. Þó getur ráðuneytið heimilað veiði nokkurra dýra til áframhaldandi vísindalega rannsókna á heilbrigði hreindýrastofnsins.

Menntamálaráðuneytið, 7. júlí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

29. júlí 1965. Nr. 195.

AUGLÝSING

um umferðartakmarkanir í Neskaupstað.

Samkvæmt gerðum samþykktum bæjarstjórnar Neskaupstaðar og ákvörðun lögreglustjóra samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, eru þessar umferðartakmarkanir í gildi:

Aðalbrautir: Naustahvammur, Strandgata, Hafnarbraut, Egilsbraut og Nesgata. Biðskylda er á öllum götum, sem að þessum götum liggja, nema Kviabólsstíg, Stekkjargötu og Tröllavegi, en þar er stöðvunarskylda.

Bifreiðastöður eru bannaðar á suðurkanti Hafnarbrautar frá akbraut að hafnarbryggju (gamla bryggjan) og 20 m vestur fyrir húsið Hafnarbraut 1.

Merkt bifreiðastæði eru fyrir framan kaupfélagið Fram og félagsheimilið Egilsbúð við Hafnarbraut og fyrir framan pósthúsið við Egilsbraut.

Umferðarmerkjum hefur verið komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Lögreglustjórinn í Neskaupstað, 29. júlí 1965.

Ófeigur Eiríksson.

22. marz 1965. Nr. 196.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 214 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum.

1. gr.

Aftan við málsgrein f. í 2. lið 7. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, merkt g, og orðist svo:

g. Um sjónpróf á nemendum gilda þessi ákvæði sérstaklega: Sjónpróf skal gera eigi sjaldnar en 4 sinnum í barnaskólum, þ. e. á 7, 9, 11 og 12 ára börnum, en árlega í öllum framhaldsskólum.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 5 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 15. september 1965 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. júlí 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 198. 21. september 1965.

AUGLÝSING

um Lyfjaverðskrá III. Dýralyf.

Frá og með 15. október n. k. gengur í gildi Lyfjaverðskrá III, dýralyf, og skulu læknar, lyfsalar og dýralæknar selja dýralyf samkvæmt þeirri verðskrá frá þeim tíma.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

Nr. 199. 30. september 1965.

AUGLÝSING

um útgáfu sérlyfjaskrár, innflutning sérlyfja og sölu birgða óskráðra sérlyfja.

Frá og með 1. janúar 1966 gengur í gildi sérlyfjaskrá, útgefin í dag, samkvæmt 53. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963.

Samkvæmt 54. gr. lyfsölulaga er einungis heimilt að flytja inn og selja hér á landi þau sérlyf, sem skráð eru í sérlyfjaskrá og einungis í þeim formum, sem þar eru skráð.

Jafnframt er með vísun til 66. gr. lyfsölulaga veitt undanþága til 1. janúar 1968 til að selja þær birgðir óskráðra sérlyfja, sem sannanlega eru tollafgreiddar fyrir 31. desember 1965, enda hafi sérlyfið verið tekið upp í Lyfjaverðskrá II, frá 15. febrúar 1963 ásamt breytingum og viðaukum nr. 1, 3, 4 og 5.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ
um námsstjórn.

I. KAFLI
Um skipan námsstjórnar.

1. gr.

Landinu er skipt í sex eftirlitssvæði að því er barnafræðslu varðar, þannig:

1) *Reykjavík,*
2) *Reykjanessvæði,* er nær frá Krýsuvík að Botnsá í Hvalfirði,
3) *Vesturlandssvæði,* er nær frá Botnsá að Hrútafjarðará,
4) *Norðurlandssvæði,* er nær frá Hrútafjarðará til Raufarhafnar, að henni meðtalinni.
5) *Austurlandssvæði,* er nær frá Raufarhöfn að Skeiðará, og
6) *Suðurlandssvæði,* er nær frá Skeiðará að Krýsuvík, þar með taldar Vestmannaeyjar.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður einn námsstjóra fyrir hvert framangreindra svæða til allt að fimm ára í senn, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

3. gr.

Heimilt er án sérstakrar þóknunar að fela námsstjórum barnafræðslunnar einnig eftirlit með fræðslu unglinga á skyldufræðslustigi, þar sem unglingafræðsla fer fram undir stjórn viðkomandi barnaskólastjóra.

4. gr.

Heimilt er að ráða námsstjóra fyrir skóla gagnfræðastigsins til allt að fimm ára í senn. Þeir námstjórar annast námsstjórn í bóklegum og verklegum greinum, eftir nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er án sérstakrar þóknunar að fela námsstjórum gagnfræðastigsins að annast námsstjórn í barnaskólum eftir því, sem ástæða þykir til, að fengnu samþykki stjórnar Sambands íslenzkra barnakennara.

5. gr.

Heimilt er að ráða einn námsstjóra til allt að fimm ára í senn, eða verja einum námsstjóralaunum árlega til þess að annast námsstjórn í hússtjórn og skyldum námsgreinum í þeim skólum, þar sem þær greinar eru kenndar, svo sem húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins.

6. gr.

Þeir, sem ráðnir eru til þess að annast námsstjórn, skulu fá launalaust leyfi frá þeim störfum, er þeir hafa á hendi, en taki þess í stað þau laun, sem námsstjórum eru ákveðin í kjarasamningi starfsmanna ríkisins og fái greiddan ferðakostnað eftir þeim reglum, er þar um gilda á hverjum tíma.

7. gr.

Námsstjórar eru starfsmenn ríkisins og hafa réttindi og skyldur samkvæmt því.

8. gr.

Námsstjórar heyra undir embætti fræðslumálastjóra og skulu vera embætti hans til aðstoðar við framkvæmd skólamála, hver í sínu umdæmi.

II. KAFLI
Um störf námsstjóra.

9. gr.

Námsstjórar skulu hafa náið samstarf við fræðslumálastjóra um ferðir sínar og allt, er varðar meginatriði starfs þeirra. Þeir geri fræðslumálastjóra aðvart, ef um vandamál er að ræða í uppeldis- og skólamálum í umdæmi þeirra, svo og sé um atriði að ræða, er öðrum geti orðið til leiðbeiningar og fyrirmyndar.

10. gr.

Aðalverkefni námsstjóra fyrir skyldufræðslustigið eru þessi:

(1) að athuga, hvort gildandi lögum, reglum, erindisbréfum og fyrirmælum fræðslumálastjórnar er framfylgt og gera fræðslumálastjóra aðvart, ef um vandkvæði í framkvæmd þeirra er að ræða.
(2) að kynna sér starfsskilyrði kennara, aðbúð þeirra og nemenda, aðstæður til náms og árangur kennslu,
(3) að kynna sér aga, stjórn og uppeldisáhrif skóla eftir föngum, samstarf skóla og heimila og félagsstörf skólanemenda,
(4) að leiðbeina kennurum, skólanefndum og forráðamönnum nemenda um réttindi þeirra og skyldur og um allt það, er verða má nemendum til aukins þroska og manngildis og góðs árangurs af skóladvölinni,
(5) að leysa eftir föngum úr ágreiningi, sem upp kann að koma milli þeirra aðila, er hlut eiga að skólastarfinu.
(6) að athuga og gera tillögur um stærð skólahverfa, hvetja til samstarfs skóla og vinna að hagkvæmum breytingum á skipun og framkvæmd skólahalds,
(7) að athuga dagbækur, prófbækur og nauðsynlegar skýrslur vegna skólahaldsins.

11. gr.

Námsstjórum skyldufræðslustigsins ber að athuga skólasókn og þá einkum eftirfarandi:

(1) hvort skólaskyldir nemendur í skólahverfinu sækja skóla, en ef svo er ekki, skal kanna, hvort skólanefnd og skólastjóri hafa veitt undanþágu samkvæmt 5. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, og 15. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám,
(2) hvort börn í þeim skólahverfum, þar sem skólaskylda hefst eigi fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur, fá nægilega heimafræðslu til þess að geta fullnægt þeim námskröfum, sem gerðar eru til barna á því ári, er þau verða skólaskyld, en gera skal námsstjóri skólanefnd og fræðslumálastjóra aðvart, ef hann telur þörf úrbóta,
(3) hvort í skólahverfinu eru börn á fræðsluskyldualdri, sem ekki eiga samleið með öðrum börnum vegna:
    a) sjóndepru eða blindu,
    b) málhelti eða málleysis,
    c) tornæmi eða fávitaháttar,
    d) af öðrum ástæðum.

    Sé svo, ber að gera skrá yfir þessi börn, greina frá ástæðum og hlutast til um, að þau fái notið þeirrar aðstöðu í skóla sínum eða utan hans, sem lög og námsskrá gera ráð fyrir.
(4) hvort skólar starfi tilskilinn tíma.

12. gr.

Námsstjóri athugi eftir föngum, hvernig háttað er námi þeirra nemenda, sem hafa fengið undanþágu frá skólaskyldu lögum samkvæmt.

13. gr.

Varðandi skólahúsnæði ber námsstjóra að athuga:

(1) hvort rými skólahúss sé fullnægjandi og hvernig því sé við haldið utan og innan,

(2) hvernig til hefur tekizt um val kennslustaða, þar sem ekki er kennt í skólahúsi. Í því sambandi athugist, hvort kennslustaðir hafa verið valdir þannig, að ekki sé ástæða til breytinga, einkum þar sem um farkennslu er að ræða.

Telji námsstjóri kennslustaði þá, sem notaðir eru, ófullnægjandi eða óhagkvæma til skólahalds, skal hann gera skólanefnd eða fræðslumálastjóra aðvart um það og leggja fram tillögur sínar.

14. gr.

Námsstjóri kynni sér aðstöðu nemenda til útileikja í stundahléum og geri tillögur, ef breytinga er þörf.

15. gr.

Námsstjóra ber að líta eftir því, að aðbúð nemenda og kennara í skólanum fullnægi þeim kröfum, sem gera verður í þeim efnum.

16. gr.

Námsstjóri kynni sér, hvort skólinn hefur nauðsynleg kennslutæki, og líti eftir því, að til sé í skólanum skrá yfir nothæf áhöld, sem skólinn á.

17. gr.

Námsstjóri athugi, hvort nemendur hafa fengið þær námsbækur, sem þeir þurfa að nota, svo og önnur nauðsynleg gögn við námið.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu, og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

18. gr.

Námsstjóri skal hlýða á kennslu í skólum eftir föngum og ræða við kennara um framkvæmd hennar, kynna þeim nýjungar í kennslustörfum og leiðbeina þeim eftir ástæðum við skólastarfið.

19. gr.

Varðandi námsefni skal námsstjóri athuga, hvort farið er eftir gildandi námsskrá eins og þar er ætlazt til í meginatriðum. Enn fremur athugi hann, hvort skipting kennslustunda milli námsgreina sé hagkvæm með tilliti til aldurs og þroska nemenda.

20. gr.

Til þess að komast að raun um, hvernig nemendur eru á vegi staddir í námi, getur námsstjóri haldið eða látið halda könnunarpróf. Einkum nái þessi próf til íslenzku og reiknings.

Á ferðum sínum athugi námsstjóri verkefni og úrlausnir nemanda á vorprófi, svo og hvort haldin hafa verið skyndipróf á skólatímanum og þá hvernig þeim var háttað. Telji námsstjóri ástæðu til, skal hann veita kennurum leiðbeiningar um próf og gerð prófverkefna.

21. gr.

Virðist námsstjóra, að aga eða stjórn skóla sé ábótavant, ber honum að kynna sér ástæður fyrir því og ræða við skólastjóra, kennara og skólanefnd og gera ráðstafanir til úrbóta, eftir því sem hann telur fært. Telji hann ástandið mjög alvarlegt, skal hann gera fræðslumálastjóra aðvart.

22. gr.

Námsstjóri efli samstarf heimila og skóla, m. a. með því að stofna til foreldrafunda í samráði við stjórn skólans, þar sem hann flytur erindi um skóla- og uppeldismál eða fær aðra til þess.

23. gr.

Námsstjóri skal kynna sér og leiðbeina um félagsstarfsemi nemenda innan skólans í nánum tengslum við sjálft skólastarfið, í því augnamiði að efla félagsþroska nemenda og temja þeim góða umgengnishætti.

Enn fremur skal námsstjóri leita upplýsinga um nám og félagsstörf nemenda utan skólans og gera skólastjórn aðvart, ef hann telur slík störf krefjast of mikillar starfsorku og nemendur þurfi að vanrækja skólastarfið þess vegna.

24. gr.

Komist námsstjóri að raun um, að ágreiningur sé um málefni skólans milli þeirra aðila, sem starfa í skólanum eða annarra, sem hlut eiga að máli, skal hann kynna sér málavöxtu og hlutast til um lausn á þeim vandamálum, er ágreiningi valda. Skal í þeim efnum gætt, að fylgt hafi verið ákvæðum erindisbréfa, ef til eru fyrir viðkomandi aðila. Verði ágreiningur ekki leystur, skal námsstjóri gera fræðslumálastjóra aðvart.

III. KAFLI

Ýmislegt.

25. gr.

Námsstjóri hefur rétt til setu á skólanefndar- og fræðsluráðsfundum. Einnig getur hann óskað eftir fundi með sömu aðilum, þegar hann telur ástæðu til.

26. gr.

Námsstjóri getur, er honum þykir henta, boðað skólastjóra og kennara til fundar til þess að ræða um skólastarfið. Námsstjórar í sérgreinum sæki þessa fundi, eftir því sem við verður komið.

27. gr.

Námsstjóri skal að jafnaði heimsækja hvern skóla á sínu svæði einu sinni á ári, meðan skólinn starfar. Þó skal hann láta sitja í fyrirrúmi að heimsækja þá skóla, sem hafa nýliðum á að skipa, hvort heldur er um kennara eða skólastjóra að ræða, svo og ef skóli þarf sérstakrar aðstoðar eða athugunar við.

28. gr.

Námsstjórar skulu athuga og veita leiðbeiningar, ef með þarf, um skýrslugerðir í skólum, svo sem dagbækur, nemendaskrár, prófskýrslur, skólahaldsskýrslur o. þ. h.

29. gr.

Námsstjóri lætur fræðslumálastjóra í té umsögn sína um störf skólastjóra og kennara, eftir því sem hann telur ástæður til vegna starfsemi viðkomandi skóla, svo og ef fræðslumálastjóri óskar þess.

Námsstjóri skal láta skólanefnd eða fræðslumálastjóra í té umsögn um umsækjendur um skólastjórastöður í sínu umdæmi.

30. gr.

Á þeim tíma, sem skólar ekki starfa, skulu námsstjórar m. a. starfa að skipulagningu og umsjá námsskeiða fyrir kennara, skýrslugerðum, áætlunum í þágu skólamála o. fl., er fræðslumálastjóri kann að fela þeim og samrýmist aðalstarfi þeirra.

31. gr.

Í lok hvers árs gerir námsstjóri heildarskýrslu til fræðslumálastjóra um ferðir sínar og helztu atriði, sem hann telur máli skipta fyrir viðkomandi skólahverfi. Skal þar getið m. a. um þau vandamál, er hann hefur leyst eða átt þátt í að leysa — í viðkomandi skólahverfi, svo og önnur mál, sem hann telur þörf á að taka til meðferðar.

32. gr.

Þeir, sem ráðnir eru til að gegna störfum námsstjóra á barnafræðslustigi skulu hafa lokið almennu kennaraprófi eða sérkennaraprófi, ef um námsstjóra í sérgrein er að ræða, og hlotið starfsreynslu sem kennarar eða skólastjórar. Þeir, sem ráðnir eru námsstjórar í einstökum greinum á gagnfræðastigi, skulu auk sérfræðiþekkingar í viðkomandi greinum, hafa hlotið starfsreynslu sem kennarar eða skólastjórar.

33. gr.

Námsstjórar í sérgreinum og einstökum bóklegum námsgreinum annast leiðbeiningar og eftirlit með kennslu og prófum og öðru, er varðar námsgrein þeirra, en eru undanþegnir þeim ákvæðum reglugerðar þessarar, er varða skólaskipan, skólasókn og störf skólanna almennt. Þeir skulu hafa samstarf við aðra námsstjóra eftir því, sem ástæður leyfa og hentar á hverjum tíma.

Menntamálaráðuneytið getur sett námsstjórum í einstökum námsgreinum erindisbréf, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

34. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði um ráðningu námsstjóra taka ekki til þeirra námsstjóra, sem hafa veitingu fyrir störfum sínum við setningu þessarar reglugerðar.

Ákvæði 1. gr. um skiptingu þess svæðis, sem nú er Suðurlandssvæði, í tvö svæði, koma ekki til framkvæmda, meðan núverandi námsstjóri á Suðurlandssvæði gegnir starfi. Fræðslustjórinn í Reykjavík gegnir störfum námsstjóra á Reykjavíkursvæðinu, eftir því sem því verður við komið. Meðan þessi skipan er í gildi, er heimilt að verja launum námsstjóra í Reykjavík og á öðru Suðurlandssvæðinu til sérnámsstjórnar á barna- og gagnfræðastigi.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna, lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám og lögum nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. ágúst 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

I. Aðalbrautir.
Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á eftirtöldum götum:
1. Bræðraborgarstíg, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Hringbraut og Vesturgötu.
2. Höfðatúni, þó þannig, að umferð um Höfðatún víki fyrir umferð um Laugaveg og Borgartún.
3. Ægisgötu, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Mýrargötu, Vesturgötu og Túngötu. Jafnframt er ákveðið, að umferð um Ægisgötu hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Vesturgötu.
4. Umferð austur Túngötu hafi biðskyldu gagnvart umferð um Hofsvallagötu.

II. Bifreiðastöður eru bannaðar á Öldugötu að norðanverðu frá Brekkustíg að Unnarstíg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. október 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 202. 18. október 1965.

AUGLÝSING

um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

1. gr.

Af hverju ökutæki, sem ekur um Reykjanesbraut, fram hjá gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð, skal greiða umferðargjald, miðað við aðra leið, sem hér segir:

I. flokkur: Fólksbifreiðar undir 1100 kg eigin þunga og sendiferðabifreiðar undir 450 kg að burðarmagni	kr.	20.00
II. flokkur: Fólksbifreiðar yfir 1100 kg eigin þunga, sendiferðabifreiðar yfir 450 kg að burðarmagni og vörubifreiðar undir 1.5 tonn að burðarmagni	—	25.00
III. flokkur: Vörubifreiðar með burðarmagn 1.5—5 tonn, almenningsbifreiðir fyrir 8—20 farþega	—	50.00
IV. flokkur: Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn, kranabifreiðar og almenningsbifreiðar fyrir fleiri en 20 farþega	—	100.00

V. flokkur:
Vörubifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn, með tengivagn og dráttarbifreiðar með festivagni ..... kr. 150.00

Önnur ökutæki en bifreiðar greiði:
Eigin þungi 1—3 tonn, samkv. II. flokki.
Eigin þungi 3—6 tonn, samkv. III. flokki.
Eigin þungi yfir 6 tonn, samkv. IV. flokki.

2. gr.

Umferðargjald samkv. 1. gr. skal innheimt af Vegagerð ríkisins í gjaldstöð nálægt bænum Straumi sunnan við Hafnarfjörð. Skal gjaldið innheimt þar tvöfalt af öllum ökutækjum á suðurleið, en innheimtu gjaldsins sleppt af öllum ökutækjum á norðurleið.

3. gr.

Undanþegnar greiðslu umferðagjalds eru eftirlitsbifreiðar lögreglunnar, sjúkrabifreiðar og slökkvibifreiðar.

Heimilt er að veita afslátt á umferðargjaldi, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra, ef keyptir eru 50 gjaldseðlar eða fleiri í einu.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

5. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 95. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. október 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

1. nóvember 1965. Nr. 203.

AUGLÝSING

um komu- og brottfararstaði fyrir útlendinga hér á landi, sbr. 17. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, nr. 148 frá. 3. sept. 1965.

Ákveðið hefur verið, að útlendingum skuli heimil landganga eða för úr landi um eftirfarandi hafnir og flugvelli:

I. **Hafnir:**
Reykjavík,
Akranes,
Patreksfjörður,
Ísafjörður,
Sauðárkrókur,
Siglufjörður,
Akureyri,

Húsavík,
Seyðisfjörður,
Neskaupstaður,
Reyðarfjörður,
Fáskrúðsfjörður,
Vestmannaeyjar,
Keflavík,
Hafnarfjörður.

II. Flugvellir:
Reykjavíkurflugvöllur,
Sauðárkróksflugvöllur,
Akureyrarflugvöllur,
Egilsstaðaflugvöllur,
Hornafjarðarflugvöllur,
Keflavíkurflugvöllur.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1966. Jafnframt er auglýsing nr. 149 frá 3. september 1965 um sama efni úr gildi felld.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. nóvember 1965.

F. h. r.
Baldur Möller.

Elías I. Eliasson.

Nr. 204. 18. nóvember 1965.

REGLUGERÐ

um notkun nafnskírteina við greiðslu starfslauna, skýrslugerðir til skattyfirvalda o. fl.

1. gr.

Sérhver móttakandi launa og annarra greiðslna, sem um ræðir í 3. gr., skal sýna greiðanda nafnskírteini sitt, til þess að greiðandi geti rækt skyldur þær, sem á honum hvíla skv. reglugerð þessari.

2. gr.

Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, 12 ára gamla og eldri, er taka kaup fyrir starf sitt, skulu, um leið og þeir greiða móttakanda laun í fyrsta skipti eftir gildistöku reglugerðar þessarar, krefjast framvísunar nafnskírteinis hans og skrá hjá sér þær upplýsingar, sem um ræðir í 4. gr. Nú er kaup greitt fyrir milligöngu annars manns, og hvílir þá skyldan á milligöngumanni.

Greiðendur, sem sjálfir hafa í höndum öruggar upplýsingar um öll þau atriði, sem um ræðir í 2. mgr. 4. gr., þurfa þó ekki að krefjast framvísunar nafnskírteinis, er þeir inna af höndum greiðslur skv. 3. gr., en færa skulu þeir upplýsingar þessar á launaskýrslur á sama hátt og aðrir greiðendur skv. 4. og 5. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar taka einnig til þess, þótt kaup eða þóknun sé ekki greitt út í peningum, heldur fært á reikning, greitt með skuldajöfnuði, í hlunnindum eða vörum o. s. frv.

3. gr.

Skylt er móttakanda að sýna þeim nafnskírteini sitt, sem innir af hendi eftirfarandi greiðslur:

1. Hvers konar kaup í hvaða formi, sem greitt er, þar með talin hlunnindi, svo sem húsnæði, fatnaður og fæði.
2. Eftirlaun.
3. Stjórnarlaun og endurskoðunarlaun.
4. Ágóðaþóknun.
5. Gjafir, sem teljast kaupuppbót.
6. Bifreiðastyrkir, dagpeningar og risnufé.

4. gr.

Nafnskírteinin eru gefin út af Hagstofu Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar, skv. lögum nr. 25 21. apríl 1965, til einstaklinga 12 ára og eldri, sem skráðir eru hér á landi.

Greiðandi launa og annarra þóknana, sbr. 3. gr., skal skrá hjá sér þessi atriði eftir skírteininu.

1. Fullt nafn.
2. Nafnnúmer.
3. Fæðingardag og -ár.

5. gr.

Atriði þau, sem um ræðir í 2. mgr. 4. gr. færir greiðandi á fyrirskipaðar launaskýrslur (launamiða) til skattstjóra, skv. því er form skýrslnanna segir til um, en fjármálaráðherra ákveður formið.

Nú tilgreinir greiðandi ekki nafnnúmer á launaskýrslu (launamiða) til skattstjóra, og skal hann þá rita ástæður þess á launaskýrsluna, hafi móttakandi fengið greiðslu eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

6. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til erlendra skipverja á íslenzkum fiskiskipum og farskipum, sem hafa ekki tilkynningarskylt aðsetur í landi, sbr. ákvæði laga nr. 73 25. nóvember 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, með síðari breytingum. Sama gildir um útlendinga, sem nafnskírteini hefur ekki verið gefið út til, vegna heimildar í 5. málsgr. 1. gr. laga nr. 25 21. apríl 1965.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina, öðlast gildi 1. janúar 1966 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1965.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Laun stundakennara miðast við þá launaflokka, sem kennararnir myndu taka laun samkvæmt, ef þeir væru fastir kennarar, og skulu vera fyrir hverja kennslustund sem hér segir:

I. Í barnaskólum:			
Miðað við	12. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	kr. 75.55
—	— 15. —	.....	— 85.00
—	— 15. —	(söngkennarar með ⅘ kennsluskyldu) .	— 106.25
—	— 16. —	(kennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt, talkennarar, blindrakennarar og kennarar við heimavistarskóla)	— 88.40
—	— 16. —	(söngkennarar með a. m. k. eins árs framhaldsnám við kennaraháskóla, sem fræðslumálastjórn metur gilt)	— 110.55
—	— 17. —	(vanvitaskólakennarar)	— 114.95
II. Í húsmæðraskólum:			
Miðað við	13. launaflokk	(kennarar án kennararéttinda)	— 97.25
—	— 16. —	.....	— 109.40
—	— 18. —	(kennarar með B.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 118.30
—	— 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.80
III. Í gagnfræðastigsskólum (unglingaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum):			
Miðað við	16. launaflokk	.....	— 109.40
—	— 16. —	(söngkennarar með ⅘ kennsluskyldu) .	— 136.75
—	— 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 118.30
—	— 19. —	(kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum)	— 128.80
IV. Í iðnskólum:			
Miðað við	16. launaflokk	.....	— 109.40
—	— 18. —	(kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum)	— 118.30

Miðað við 19. launaflokk (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... kr. 128.80

V. Í Hjúkrunarskóla Íslands:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 109.40
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 118.30
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 128.80

VI. Í Myndlista- og handíðaskóla Íslands:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 109.40
— — 18. — ..... — 127.45

VII. Í Heyrnleysingjaskólanum:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 109.40

VIII. Í Tónlistarskólanum í Reykjavík (kennaradeild):

Miðað við 18. launaflokk ..... — 127.45

IX. Í Vélskólanum í Reykjavík:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 117.90
— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 127.45
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 138.75

X. Í Íþróttakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk ..... — 127.45
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 138.75

XI. Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands:

Miðað við 18. launaflokk ..... — 127.45
— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 138.75

XII. Í Kennaraskóla Íslands:

a) Íþróttakennarar:

Miðað við 18. launaflokk ..... kr. 127.45

b) Kennarar við handavinnudeild:

Miðað við 18. launaflokk ..... — 127.45

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 138.75

c) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk ..... — 146.40

XIII. Í menntaskólum:

a) Íþróttakennarar:

Miðað við 18. launaflokk ..... — 127.45

b) Aðrir kennarar:

Miðað við 20. launaflokk ..... — 146.40

XIV. Í Stýrimannaskólanum:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 117.90

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 127.45

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 138.75

XV. Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 117.90

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 127.45

— — 19. — (kennarar með cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 138.75

XVI. Í búnaðarskólum:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 117.90

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 127.45

— — 19. — (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum) ..... — 138.75

XVII. Í Garðyrkjuskóla ríkisins:

Miðað við 16. launaflokk ..... — 117.90

— — 18. — (kennarar með B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru sambærilegu prófi í kennslugreinum sínum, ásamt prófi í uppeldisfræðum) ..... — 127.45

Miðað við 19. launaflokk (kennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í kennslugreinum sínum) ..... kr. 138.75

XVIII. Í Tækniskóla Íslands:

Miðað við 20. launaflokk ..... — 146.40

2. gr.

Í auglýsingu þessari eru framangreind laun stundakennara í barnaskólum miðuð við 40 mínútna kennslustund, en í öllum framhaldsskólum við 45 mínútna kennslustund. En sé hver kennslustund lengri eða skemmri, breytast launin í hlutfalli við það.

3. gr.

Orlofsfé er innifalið í launum þessum.

4. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

5. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

6. gr.

Framangreint stundakennarakaup í auglýsingu þessari greiðist fyrir kennslu, sem fram fer á tímanum frá kl. 8 til kl. 17, þar með talinn matartími. Fyrir kennslu eftir kl. 17, svo og fyrir kennslu eftir kl. 13 á laugardögum, skal kaup stundakennara vera jafnhátt og eftirvinnukaup fastra kennara í viðkomandi launaflokkum, án tillits til lengdar kennslustundar, og vera sem hér segir:

Samkvæmt	12.	launaflokki	.....	kr. 99.53
—	13.	—	.....	— 103.57
—	15.	—	.....	— 112.02
—	16.	—	.....	— 116.43
—	18.	—	.....	— 125.95
—	19.	—	.....	— 138.81
—	20.	—	.....	— 146.44

7. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

8. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við önnur ráðuneyti, sem með skólamál fara, svo og fjármálaráðuneytið, og gilda ákvæði hennar frá 1. desember 1965 og þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. nóvember 1965.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

I. **Aðalbraut:**
Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á **Barónsstíg**, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Skúlagötu, Hverfisgötu, Laugaveg og Laufásveg.

II. **Bifreiðastöður bannaðar á eftirtöldum götum:**
1. **Álfheimum** vestan megin götunnar.
2. **Hamrahlíð** sunnan megin götunnar milli Háuhlíðar og Eskitorgs.
3. **Hellusundi** sunnan megin götunnar.

III. Hægri beygja bönnuð úr Lækjargötu frá norðri inn í Skólabrú.

IV. Stöðvunarskylda ákveðin á Skipholti beggja vegna Nóatúns.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. október 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 207. 8. nóvember 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með ákveðið, að göturnar Kársnesbraut og Kópavogsbraut skuli njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Umferð um Reykjanesbraut (Hafnarfjarðarveg) nýtur áfram aðalbrautarréttar gagnvart ofangreindum götum eins og verið hefur.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 8. nóvember 1965.

Sigurgeir Jónsson.

Stjórnartíðindi B, nr. 152—207. Útgáfudagur 18. desember 1965.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1965

REGLUGERÐ

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 19. flokki bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 73 frá 22. maí 1965.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laganna er Veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 100 milljónum króna. Vaxtabréfin skiptast í flokka og er 19. flokkur þeirra sá, sem fyrst kemur til framkvæmda. Samanlögð fjárhæð bankavaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 30 milljónum króna.

Heimilt er með samþykki fjármálaráðherra, að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn. Ráðherra ákveður að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær flokknum skuli lokið..

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Fjárhæð þeirra skal vera 5000.00 og 10 000.00 krónur og skal hvert vaxtabréf vera tölusett og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, sem stjórn Landsbankans ákveður. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða til 25 ára minnst. Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum flokksins vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 8. gr. laganna).
3. Einföld ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna 1.—3., skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga skulu innleystir í veðdeild Landsbankans. Stjórn veðdeildarinnar ákveður vextina og mega vextir af bankavaxtabréfum þessum aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

B 53

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóðarréttindum. Getur veðdeildin krafizt frumrita eða staðfestra afrita af þeim samningum, sem liggja til grundvallar viðkomandi lóðarréttindum. Veðið skal vátryggt í vátryggingastofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar. Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, skal virða hús sér og jörðina sér í lagi, svo og skal virða allar húseignir sérstaklega, ef taka á veð í fasteigninni.

7. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn virða á kostnað lántaka. Skulu þeir vera dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra og hafa nauðsynlega þekkingu til að bera. Þó getur veðdeildin, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Enn fremur getur hún krafizt þess, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignir skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölu, þó aldrei hærra en áætla má, að raunverulegur byggingarkostnaður þeirra hafi verið, og skal virða þær með þeim kvöðum, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignum ítarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Enn fremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem, hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávargangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem: ofna, járneldstór, o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr og að svo miklu leyti sem unnt er, gæði þess og enn fremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingargerðinni tekið fram, hve stór sú lóð sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé. — Hafi eignin gengið kaupum og sölum, skal kaupverðs hennar getið. Lántakandi skal að minnsta kosti á 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því að veðið hafi ekki rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda veðdeildinni þetta skírteini, má hún láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokksins, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka, hvenær sem varasjóður flokksins nægir eigi til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til ríkissjóðsábyrgðarinnar, skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 10% til að bæta skaðann. Niðurjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Landsbankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár. — Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta, þegar hagur flokksins leyfir það.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera tíu þús. krónur og skulu lánin jafnan standa á hálfum eða heilum tug þúsunda. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

11. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargerð samkvæmt því, sem segir í 7. gr.
b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíla á eigninni og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.
c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.

12. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsfjárhæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið. — Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði eða þinglýstu afsali. Slík lánsyfirtaka er ekki stimpilskyld.

13. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. — Bankastjórninni er heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánsskilmálanna, svo sem:

a. Ef ákvæðisgjöld verða eigi greidd á réttum gjalddaga.
b. Ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal.
c. Ef skuldunautur heldur ekki vátryggðum húseignum, sem að veði eru og talin eru með í matinu.
d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum veðdeildarinnar.
e. Ef nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán veðdeildarinnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu 1. til 14. okt. ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til rekstrarkostnaðar við flokkinn og til varasjóðs í einu lagi með föstu árgjaldi. Árlegt tillag til að greiða rekstrarkostnað flokksins og til varasjóðs er ½% á ári af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. — Lántakendur mega á gjalddaga lánanna, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af lánum sínum, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurgreiða lánin að fullu. Endurgreiðslur þessar mega þeir greiða með bankavaxtabréfum hlut-

aðeigandi flokka með nafnverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

15. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur greitt árleg gjöld sín á réttum gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem reiknast 1% á mánuði eða brot úr mánuði af gjaldfallinni greiðslu, hafi greiðsla dregizt lengur en 15 daga frá gjalddaga. Þó skulu dráttarvextirnir aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Sérhverja auglýsingu skal birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

17. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

19. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð og það, sem glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

20. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið samkvæmt útdrætti eða sem aukaafborganir af lánum, skal jafnóðum ógilda ásamt vaxtamiðum þeirra og stofnum og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar og skal síðan við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda bankans, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á árinu.

21. gr.

Vaxtamiðar og bankavaxtabréf, sem gjaldfallin eru, greiðast í skrifstofu veðdeildarinnar í Reykjavík.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins samkvæmt lögum nr. 73/1965, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. nóvember 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

22/8 1964. Nr. 209.

REGLUGERÐ

um Tækniskóla Íslands.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Tækniskóla Íslands er að veita nemendum tæknilega almenna menntun, sem gerir þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Höfuðáherzla skal lögð á að kenna nemendum að beita fræðilegum lögmálum í raunhæfu starfi, þjálfun til sjálfstæðra tæknifræðilegra vinnubragða og hæfni til að meta tæknivandamál frá hagrænu sjónarmiði.

Skólanum er ætlað að veita þá menntun, sem krafizt er til að menn hafi rétt til að kalla sig tæknifræðinga.

2. gr.

Skólastjóri og kennarar.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn skólans. Hann skipar skólastjóra og kennara.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðherra, starfsfólk skólans.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni. Heimilt er ráðherra að skipa deildarstjóra (yfirkennara) við hverja sérgreinadeild skólans, að fengnum tillögum skólastjóra. Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf.

Skylt er fastráðnum kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, og sé hver kennslustund 45 mínútur. Að jafnaði skal vera 10 mínútna hlé milli kennslustunda. Fækka má kennslustundum í 22, er kennari, sem starfað hefur a. m. k. tíu ár við skólann, verður 55 ára, og í 17 stundir, er slíkir kennarar verða 60 ára. Menntamálaráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Kennarar skulu starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra nauðsynlegra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

3. gr.

Inntökuskilyrði A. Próf.

Skilyrði til inntöku í skólann eru, að umsækjandi hafi staðizt lokapróf undirbúningsdeildar undir tækninám, *eða*

Að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi stærðfræðideildar menntaskóla, sem veitir aðgang að námi 2. missiris, sbr. 6. gr.

Skólinn getur sett skilyrði um lágmarkseinkunn í einstökum greinum eða greinaflokkum.

Próf eldri en þriggja ára eru ekki tekin gild, nema sannað sé, að kunnáttu hafi verið haldið við með frekari skólagöngu.

4. gr.

Inntökuskilyrði B. Starfsreynsla.

Skilyrði til inntöku er enn fremur, að umsækjandi hafi minnst 12 mánaða verklega þjálfun.

Við nám í einstökum sérgreinum tæknifræðinnar má setja skilyrði um allt að 12 mánaða viðbótarþjálfun við nánar tiltekin störf.

Verklegrar þjálfunar má afla með iðnnámi, *eða*

Með raunhæfu starfi í viðkomanri atvinnugrein.

Umsækjandi verður með virku starfi að hafa kynnzt þeirri atvinnugrein, sem hann hyggst leggja stund á. Þjálfunin skal vera alhliða og veita haldgóða þekkingu á venjulegum vinnumáta og vinnubrögðum.

Sé verklegrar þjálfunar aflað í áföngum, má enginn áfangi vera styttri en tveir mánuðir.

Skólinn viðurkennir starfsreynslu umsækjanda og setur reglur, sem ráðuneyti staðfestir, um, hvaða vinnustaðir komi til greina.

5. gr.

Innritun.

Skólinn skal auglýsa minnst þriggja vikna umsóknarfrest með upplýsingum um gögn, sem fylgja skulu umsókn.

Umsóknir skal skrifa á til þess gerð eyðublöð.

6. gr.

Námstími.

Námið er þriggja ára, 6 missira fyrir þá, sem fullnægja skilyrðum 3. gr. 1. mgr., en 5 missira fyrir þá, sem lokið hafa stúdentsprófi, sbr. 3. gr. 2. mgr.

Kennsluár skólans skiptist í tvö missiri hvort um sig um 120 kennsludagar að prófdögum meðtöldum. Fyrra missiri hefst 1. september.

Námið skiptist í fyrri- og síðarihluta. Fyrrihluta lýkur með öðru missiri.

Kennslustund er 45 mínútur og fjöldi þeirra 42—46 á viku að æfingastundum meðtöldum.

Milli kennslumissira í sumarfríum má hafa verklegar æfingar utan skólans, sbr. 7. gr.

7. gr.

Sérgreinir og námsefni.

Tækninámið skiptist í sérgreinir. Fyrrihluti skal þó vera samnám að svo miklu leyti, sem við verður komið.

Í hverri sérgrein mega ekki vera fleiri en 24 nemendur í bekk án samþykkis ráðuneytis.

Kennt skal í samræmi við námsskrár, sem ráðuneyti samþykkir. Kenndar eru almennar greinir og tæknilegar greinir ásamt verklegum æfingum.

Í námsskrám skal gera ýtarlega grein fyrir námsefni einstakra kennslugreina og hverrar sérgreinar í heild.

Í námsskrám skal tekið fram, í hvaða greinum verði æfingar í teikni- og rannsóknarstofum, svo og um fræðsluferðir og æfingar utan skólans, svo sem í landmælingum, vinnurannsóknum o. fl. Þá skal gerð grein fyrir efni æfinganna.

8. gr.

Einkunnir.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Greini prófdómara og kennara á, hlýtur nemandi þá einkunn í heilli tölu, sem næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara.

Aðaleinkunn er vegið meðaltal prófeinkunna og skal reikna hana með einum tugstaf. Aðaleinkunn 5.0—5.9 er III. einkunn, 6.0—7.2, II. einkunn, 7.3—8.9, I. einkunn og 9.0—10 ágætiseinkunn.

9. gr.

Prófreglur sérgreina.

Í samræmi við eftirfarandi ákvæði um próf setur hver sérgreinadeild prófreglur, sem ráðuneyti samþykkir.

Í prófreglum sérgreinadeilda skal m. a. getið prófgreina og gerð nánari grein fyrir próffyrirkomulagi, einkunnum og vogtölum þeirra.

10. gr.

Þátttökuskilyrði.

Skráður nemandi, sem stundað hefur námið samkvæmt gildandi námsskrá og lokið hefur tilskildum fyrri prófum, hefur rétt til að ganga undir próf.

Nemendur, sem stundað hafa nám við aðra tækni- eða tækniháskóla, geta sótt um leyfi til að ganga undir próf og veitir stjórn skólans það í hverju einstöku tilviki. Þá metur stjórn skólans að fenginni umsögn viðkomandi sérgreinadeildar, hvort og að hve miklu leyti fyrri próf og æfingaverkefni slíkra nemenda skuli tekin gild.

Stjórn skólans getur neitað nemanda að ganga undir próf, hafi hann ekki sýnt fullnægjandi ástundun eða kunnáttu að dómi kennara.

11. gr.

Próffyrirkomulag.

Próf í hverri sérgrein skiptist í tvo hluta, fyrri- og síðarihluta, sbr. 6. gr.

Hver prófhluti skiptist í missirispróf, sem haldin eru í lok kennslumissira, en skólinn getur leyft próf á öðrum tímum vegna forfalla eða annarra sérstakra ástæðna.

Prófhlutum má skipta í tvo eða fleiri prófflokka og skal gerð grein fyrir því í prófreglum sérgreinadeilda, sbr. 9. gr.

Á missirisprófum skal að jafnaði prófað í þeim greinum eða greinarhlutum, sem lokið var kennslu í á undanfarandi missiri.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg, og skal þess getið í prófreglum sérgreinadeilda, sbr. 9. gr.

12. gr.

Prófkröfur.

Til að standast missirispróf þarf nemandinn að hafa hlotið minnst 5.0 í aðaleinkunn. Setja má skilyrði um lágmarkseinkunn 3.0 í einstökum greinum.

Til að standast fyrri- og síðarihluta próf, þarf nemandinn að hafa hlotið minnst 6.0 í aðaleinkunn. Setja má skilyrði um lágmarkseinkunn 6.0 í einstökum prófflokkum.

13. gr.

Endurtekning prófa.

Nemandi, sem ekki stenzt missirispróf, hefur rétt til að endurtaka það tvisvar á næstu reglulegu próftímum. Standist hann ekki prófið enn, hefur hann fyrirgert rétti sínum til frekari skólavistar í skólanum. Endurtaka skal allt missirisprófið að undanteknum verklegum prófum, sem nemandinn hefur hlotið lágmarkseinkunn í.

Nemandi, sem staðizt hefur missirispróf, en ekki hlutapróf, hefur rétt til að endurtaka einu sinni próf í einstökum greinum eða greinahlutum. Eigi má líða skemmri tími en sex vikur til endurtekins prófs.

Við endurtekið próf er prófað í gildandi námsefni viðkomandi námsgreinar á þeim tíma, sem próf er haldið, nema annað sé samþykkt af stjórn skólans.

Verði breytingar á prófreglum sérgreinadeildar milli prófa, ákveður stjórn skólans, hvort prófað skuli samkvæmt eldri eða nýrri reglum.

14. gr.

Prófstjórn, prófdómarar og prófverkefni.

Prófnefnd skipuð skólastjóra og tveim föstum kennurum skólans, sem skólastjóri tilnefnir, stýrir prófi og setur reglur um framkvæmd þess.

Stjórn skólans hefur úrskurðarvald í kærumálum vegna prófa og getur vikið nemanda frá prófi fyrir brot á prófreglum.

Ráðuneyti skipar prófdómara í hverri prófgrein og ákveður laun þeirra. Skólastjórn gerir tillögu um skipun prófdómara.

Einkunnir skal færa í prófbók, sem undirrituð er af prófdómara og kennara, en skriflegar úrlausnir skulu geymdar minnst eitt ár frá því að prófi lauk.

Ráðuneyti tiltekur prófverkefni í samráði við skólastjóra.

Allar úrlausnir prófa, þar með taldar teikningar og önnur gögn, sem fylgja kunna, verða eign skólans. Honum er frjálst að nota þau við kennslu og sýningar, en má ekki ráðstafa þeim í hagnaðarskyni, nema með samkomulagi við alla þá, sem hlut eiga að máli.

15. gr.
Flutningur milli missira og hámarksnámstími.

Skráður nemandi, sem staðizt hefur missirispróf, sbr. 12. gr., á rétt á að flytjast milli missira, þó ekki milli annars og þriðja missiris, nema hann hafi staðizt fyrrihluta próf.

Nemandi, sem ekki hefur staðizt fyrrihluta próf innan þriggja ára eða síðarihluta próf innan fimm ára frá innritun, hefur fyrirgert rétti sínum til frekari prófþátttöku, nema sannað sé, að veikindi eða aðrar óviðráðanlegar orsakir hafi hindrað nám hans.

16. gr.
Prófskírteini.

Að loknu síðarihluta prófi fær nemandinn prófskírteini, sem staðfestir, að með fengnu leyfi ráðuneytis, megi hann kalla sig tæknifræðing í viðkomandi sérgrein, sbr. l. nr. 44/1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Á prófskírteini skal skrá aðaleinkunn samkvæmt prófreglum sérgreinadeildar, sbr. 9. gr., og allar prófreinkunnir.

17. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

22/8 1964. Nr. 210.

REGLUGERÐ
um undirbúningsdeild undir tæknínám.

1. gr.
Hlutverk.

Hlutverk deildarinnar er að búa nemendur undir inntökupróf í íslenzka og erlenda tækniskóla.

2. gr.

Stjórn.

Skólastjórn Tækniskóla Íslands annast stjórn deildarinnar.

3. gr.

Inntökuskilyrði.

Skilyrði til inntöku í deildina eru, að umsækjandi hafi lokið fullgildu sveinsprófi *eða*

Að umsækjandi hafi lokið fullgildu gagnfræðaprófi eða öðru sambærilegu prófi og hafi í minnst eitt ár starfað við tækni-, iðnaðar- eða verksmiðjustörf á viðurkenndum vinnustað.

Deildin getur sett skilyrði um lágmarkseinkunn í einstökum greinum eða greinaflokkum og viðurkennir próf og starfsreynslu umsækjanda.

4. gr.

Kennsla.

Kennt er á tveimur missirum, og er hvort um sig 120 kennsludagar að prófum meðtöldum. Fyrra missiri hefst um 1. september.

Kennslustund er 45 mínútur og fjöldi þeirra 36—40 á viku.

Halda má námskeið í sérstökum greinum utan venjulegs skólatíma með frjálsri þátttöku nemenda.

5. gr.

Námsefni.

Kennt er samkvæmt eftirfarandi skrá, en deildin getur með samþykki menntamálaráðuneytis vikið þar frá, t. d. tekið upp nýjar greinir og fært til stundir milli kennslugreina innan þeirra marka, sem um getur í 4. gr.

Skrá yfir námsefni:

Kennslugrein	Heildarstundafjöldi
Fyrra missiri	
Íslenzka	40
Danska	120
Enska	100
Þýzka	100
Reikningur	80
Stærðfræði	260
Eðlisfræði	80
Alls:	780
Síðara missiri	
Íslenzka	40
Danska	80
Enska	40
Þýzka	40
Reikningur	60
Stærðfræði	200
Eðlisfræði	120
Efnafræði	80
Eðlis- og efnafræðiæfingar	120
Alls:	780

Gera skal ýtarlega greinargerð um námsefni og kröfur til nemenda í hinum einstöku kennslugreinum. Skal hún samþykkt af ráðuneyti og afhent nemendum í upphafi kennsluárs.

6. gr.

Einkunnir.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Greini prófdómara og kennara á, hlýtur nemandi þá einkunn í heilli tölu, sem næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara.

Aðaleinkunn er meðaleinkunn, og skal reikna hana með einum tugstaf.

Aðaleinkunn 5.0—5.9 er III. einkunn, 6.0—7.2 II. einkunn, 7.3—8.9 I. einkunn og 9.0—10 ágætiseinkunn.

7. gr.

Missiris- og lokapróf.

Í lok fyrra missiris fer fram próf milli missira, en að loknu síðara missiri inntökupróf í tækniskóla, nefnt lokapróf. Deildin getur leyft próf á öðrum tíma vegna forfalla eða annarra sérstakra ástæðna.

Réttur til að ganga undir próf er bundinn við, að nemandinn hafi lokið tilskildum æfingum og skyndiprófum, sbr. 9. gr., og sýnt fullnægjandi kunnáttu og þroska í þeim námsgreinum, sem prófað er í. Sé svo ekki að dómi skólastjóra og kennara, má neita honum um prófþátttöku. Réttur til að ganga undir lokapróf er auk þess bundinn við, að nemandinn hafi staðizt missirispróf, sbr. 8. gr.

Halda skal námsferilsskrá, þar sem skráð er ástundun og hæfni nemandans í hinum einstöku námsgreinum á kennslumissirinu. Færslum í námsferilsbók skal lokið áður en próf hefjast.

Eigi má nemandi endurtaka próf oftar en tvisvar. Ráðuneyti getur þó veitt undanþágu, ef sérstaklega stendur á.

Við missirispróf tiltekur kennari prófverkefni og skólastjóri skipar prófdómara í hverri grein. Prófin eru munnleg eða skrifleg og prófað er samkvæmt eftirfarandi skrá. Úrlausnartími í skriflegum prófum er þrjár klukkustundir.

Prófgreinir:

Huggreinir:

Íslenzka	Enska
Danska	Þýzka

Raungreinir:

Reikningur	
Stærðfræði I	Stærðfræði III
Stærðfræði II	Eðlisfræði

Gefin er ein einkunn fyrir hvert próf.

Við lokapróf skipar ráðuneyti einn prófdómara í hverri grein. Kennari tiltekur verkefni í huggreinum, en ráðuneyti í raungreinum: Prófin eru munnleg eða skrifleg, og er úrlausnartími skriflegra prófa fjórar klukkustundir.

Prófgreinir:

Huggreinir:

Íslenzka	Enska
Danska	Þýzka

Raungreinir:

Reikningur	
Stærðfræði I	Eðlisfræði
Stærðfræði II	Efnafræði

Gefin er ein einkunn fyrir hvert próf.

Halda skal prófbók, þar sem skáðar eru allar einkunnir við missiris- og lokapróf.

8. gr.

Prófkröfur.

Til að standast missirispróf skal nemandinn hafa hlotið meðaleinkunn minnst 5.0 og auk þess minnst 5.0 að meðaltali í raungreinum.

Til að standast lokapróf þarf nemandinn að hafa hlotið minnst 6.0 að meðaltali í raungreinum, meðaleinkunn allra greina minnst 6.0 og enga einkunn í raungrein lægri en 3.0.

9. gr.

Skyndipróf.

Í öllum bóklegum kennslugreinum skal hafa skyndipróf þrisvar á hverju missiri. Þau skulu haldin í venjulegri kennslustund og ekki tilkynnt fyrirfram.

Skólastjóri setur nánari reglur um framkvæmd skyndiprófa og árangur þeirra skal skrá í námsferilsskrá, sbr. 7. gr.

Verklegar æfingar eru undanskildar skyndiprófum, en kennari skal skrá einkunn í námsferilsskrá í lok kennslumissiris.

10. gr.

Utanskólanemar.

Utanskólanemar geta sótt um leyfi til að ganga undir missiris- eða lokapróf. Umsóknin skal vera skrifleg. Henni skal fylgja greinargerð, sem sanni, að umsækjandinn hafi búið sig undir prófið á þann hátt, að líkur séu fyrir því, að hann standist það.

Hafi nemandi hlotið fyrri menntun, sem að dómi deildarinnar gerir setu á fyrra missiri óþarfa, má veita honum aðgang að námi síðara missiris án missirisprófs. Ekki má þó hafa liðið lengri tími en eitt ár frá því, að slíkrar menntunar var aflað.

11. gr.

Prófskírteini.

Prófskírteini fá þeir, sem staðizt hafa lokapróf. Á það skal skrá allar einkunnir, sem nemandinn hefur hlotið á lokaprófi.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 60 28. maí 1962, um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

a. Mjólk og mjólkurvörum, sem lagðar eru inn hjá mjólkursamlögum, rjómabúum og smjörsamlögum, svo og allri annarri mjólk, sem gjaldskyld er til Verðmiðlunarsjóðs, samkvæmt lögum nr. 59/1960, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.
b. Kindakjöti, sem selt er frá sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði, svo og slátri og kindainnyflum hvers konar.
c. Hrossa- og nautgripakjöti svo og húðum, sem selt er verzlunum af einstaklingum, sláturhúsum eða öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 22. febrúar 1949.
d. Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
e. Garðávöxtum, er framleiðandi hefur selt eða lagt inn í verzlun eða til sölumiðstöðvar.
f. Eggjum, sem seld hafa verið verzlun eða sölumiðstöðvum, svo og fuglakjöti.
g. Líffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa, er verzlanir eða sölumiðstöðvar verzla með.
h. Gærum og ull, sem tekið er á móti í verzlanir eða verksmiðjur.
i. Grávöru hvers konar, sem framleiðendur selja verzlunum eða verksmiðjum.
j. Svínakjöti, sem selt er verzlunum af einstaklingum eða sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðvum.
k. Æðardún, sem seldur er verzlunum hvort sem hann er seldur innanlands, eða fluttur úr landi.
l. Laxi, sem seldur er verzlunum eða sölumiðstöðvum.
m. Hótel og aðrir opinberir veitingastaðir, sem taka á móti gjaldskyldum vörum beint frá framleiðendum, skulu standa skil á gjaldinu eins og um verzlanir væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð skv. lögum nr. 75 25. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. október 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

um sýluvegasjóð í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

1. gr.

Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, samanber þó 52. gr. vegalaga nr. 71 frá 1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Kolbeinsstaðahreppur:

1. Flesjustaðarvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Brúarhrauns að Flesjustöðum.
2. Krossholtsvegur, af Hítarnesvegi að Krossholti.
3. Snorrastaðavegur, af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.
4. Hraunsmúlavegur, af Stykkishólmsvegi norðan Kaldár um Kaldárbakka að Hraunsmúla.
5. Haukatunguvegur, af Hnappadalsvegi hjá Kolbeinsstöðum að Haukatungubæjum.
6. Mýrdalsvegur, af Hnappadalsvegi norðan Fjósatjarnar að Mýrdal.
7. Stórahraunsvegur, af Stykkishólmsvegi niður með Haffjarðará að sunnan að Stórahrauni.
8. Syðri-Rauðamelsvegur af Hnappadalsvegi um Rauðhálsahraun að Syðri-Rauðamel.
9. Brúarhraunsvegur, af þjóðvegi vestan Hítarár heim að Brúarhrauni.
10. Mýrdalsréttarvegur, af Hnappadalsvegi.
11. Hafursstaðavegur.
12. Syðstugarðavegur.

Eyjahreppur:

13. Höfðavegur, af þjóðveginum vestan Rauðamels og Réttarskarðs um Sanda að Höfða.
14. Þverárvegur, af Stykkishólmsvegi austan við Þverá að Þverá.
15. Söðulsholtsvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Núpár að Söðulsholti.
16. Hrútsholtsvegur, af Stykkishólmsvegi niður með Hrútsholsgili að Hrútsholti.
17. Hólslandsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hólslandi.
18. Þverárréttarvegur, af Þverárvegi að Þverárrétt.
19. Hrossholtsvegur, af Kolviðarnesvegi að Hrossholti.

Miklaholtshreppur:

20. Laxárbakkavegur, af Skógarnesvegi hjá Litluþúfu að Laxárbakka.
21. Kleifárvallavegur, af Stykkishólmsvegi vestan við Gröf að Kleifárvöllum með álmu að Svarfhóli.
22. Borgarvegur, af Stykkishólmsvegi vestan Kleifár að Borg.
23. Miðhraunsvegur, af Stykkishólmsvegi að vestan við Fáskrúð um Lækjamót að Miðhrauni.
24. Hjarðarfellsvegur, af Stykishólmsvegi að Hjarðarfelli.

25. Straumfjarðartunguvegur, af Ólafsvíkurvegi austan Straumfjarðarár að Straumfjarðartungu.
26. Borgarholtsvegur, af Stakkhamarsvegi að Borgarholti.
27. Hrísdalsvegur, af Ólafsvíkurvegi vestan við Straumfjarðará að Hrísdal.
28. Lágafellsvegur, af Ólafsvíkurvegi austan við Leirskál um Syðra-Lágafell að Ytra-Lágafelli.
29. Hörgsholtsvegur, af Miðhraunsvegi með álmu að Lækjarmóti.
30. Dalsvegur, af Stykkishólmsvegi.

Staðarsveit:

31. Gaulárvegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Leirskál að Gaul.
32. Traðavegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Traðavörðu að Tröðum.
33. Ytri-Tuguvegur, af Ólafsvíkurvegi að Ytri-Tungu.
34. Hagavegur, frá Ólafsvíkurvegi hjá Hofgörðum að Haga.
35. Barðastaðavegur, af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaá vestur með sjó að Barðastöðum.
36. Bláfeldarvegur, af Ólafsvíkurvegi um Bláfeld að Bláfeldarrétt.
37. Böðvarsholtsvegur, af Ólafsvíkurvegi að Böðvarsholti.
38. Kálfárvallavegur, af Ólafsvíkurvegi að Kálfárvöllum.
39. Tjaldbúðavegur, af Ólafsvíkurvegi að Tjaldbúðum.

Breiðuvíkurhreppur:

40. Knarrarvegur, af Útnesvegi að Knerri.
41. Miðhúsavegur, af Útnesvegi vestan Knarrartungu um Húsanes að Miðhúsum.
42. Liltuhnausavegur, af Útnesvegi austan Hnausahrauns að Litluhnausum.
43. Arnarstapavegur, frá félagsheimili niður að höfn.
44. Skjaldartraðavegur, af Hellnavegi að Skjaldartröð.
45. Bárðarbúðarvegur, frá enda Hellnavegar um Laugabrekku, Gíslabæ og að Bárðarbúð.
46. Dagverðarárvegur, af Útnesvegi að Dagverðará.
47. Malarrifsvegur, af Útnesvegi hjá prestsvörðu að Malarrifi.
48. Grafarréttarvegur, af Útnesvegi að Grafarrétt.

Neshreppur utan Ennis.

49. Vaðstakksheiðarvegur, af Hellissandsvegi á Torfholti að Vaðstakksheiði.
50. Vegur að Hraunskarðsrétt, að Hellissandsvegi.

Ólafsvíkurhreppur:

51. Vegur af Ólafsvíkurvegi að Ólafsvíkurrétt.

Fróðárhreppur:

52. Brimilsvallaréttarvegur, af þjóðvegi að Brimilsvallarétt.

Eyrarsveit:

53. Kirkjufellsvegur, af Grundarfjarðarvegi vestan Kirkjufellsár.
54. Hálsvegur, af Kirkjufellsvegi að Hálsi.
55. Grundarréttar- og Grundarvegur af Grundafjarðarvegi austan Grundar að Grundarrétt.
56. Vatnabúðarvegur, af Framsveitarvegi um Móabúð að Vatnabúðum.
57. Garðsendavegur, af Framsveitarvegi að Garðsenda.
58. Kvíabryggjuvegur, af þjóðveginum við vestanverðan Hálsvaðal að Krossnesi, með álmu um Lárkot að Mýrarhúsum.

Stykkishólmur.

59. Ögurvegur, frá Stykkishólmsvegi í Nesvogsbotni um Ögur í Jónsnes.

Helgafellssveit:

60. Hraunhálsvegur, af Helgafellssveitarvegi að Hraunhálsi.
61. Staðarbakkavegur, af Helgafellssveitarvegi að Staðarbakka.
62. Grishólsvegur, af Stykkishólmsvegi að Grishóli.
63. Arnarstaðarvegur, af Stykkishólmsvegi sunnan Arnarstaðarvogs að Arnarstöðum.
64. Hofstaðavegur, af Stykkishólmsvegi norðan Helgafellsvegar að Hofstöðum.
65. Sauraskógarvegur, um Saura af Stykkishólmsvegi.
66. Hólavegur, af Skógarstrandarvegi að Hólum.
67. Hrísakotsvegur, af Skógarstrandarvegi að Hrísakoti.
68. Kársstaðavegur, af Skógarstrandarvegi í Álftafjarðarbotni að Kársstöðum.
69. Berserkjahraunsvegur, af Helgafellssveitarvegi að Berserkjahrauni.

Skógarstrandarhreppur:

70. Hólmlátursvegur, af Skógarstrandarvegi að Hólmlátri.
71. Borgavegur, af Skógarstrandarvegi um flugvöll að Borgum.
72. Innra-Leitisvegur, af Skógarstrandarvegi að Innra-Leiti.
73. Bílduhólsvegur, af Skógarstrandarvegi að Bílduhóli.
74. Vörðufellsvegur, af Skógarstrandarvegi að Vörðufelli.
75. Keisbakkavegur, af Skógarstrandarvegi að Keisbakka.
76. Valshamarsvegur, af Skógarstrandarvegi að Valshamri.
77. Ósvegur, af Skógarstrandarvegi að Ósi.
78. Klungurbrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Klungurbrekku.
79. Haukabrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Haukabrekku.
80. Stóra-Langadalsvegur, af Ytra-Leitisvegi að Stóra-Langadal.
81. Drangavegur, af Skógarstrandarvegi að Dröngum.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkv. 21. gr. vegalaga niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð, eða jarðarhluta, en er þó ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð.

Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat. Gjald, sem ekki nær samtals kr. 50.00, falli niður.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkv. 23. gr. vegalaga eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annast hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana fyrir sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd, og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikninga sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þús. kr. nema þyngri hegning liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Snæfellsness- og Hnappadalssýslu nr. 7 frá 9. janúar 1963.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. október 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwh-mæli á 480 aura hverja kwh.
2. Um kwh-mæli á 240 aura hverja kwh auk fastagjalds, er nemi 650.00 kr. á ári fyrir allt að 25 m^2 gólffletarmáls í rúmi því, er lýsa skal og 13 kr. fyrir hvern m^2 umfram 25 m^2. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða 6 kr. á m^2 á ári.

   Séu notaðir flúrskinslampar, natríumlampar eða kvikasilfurslampar, með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kilovoltamperstundir í stað kilowattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um einn kwh-mæli á 120 aura hverja kwh og auk þess fastagjald, kr. 120.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun.

1. Um kwh-mæli á 250 aura hverja kwh.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kw:

   Aflgjald skv. kw-mæli á kr. 1290.00 hvert árs kw. Auk þess skal greitt orkuskv. kwh-mæli á 40 aura hverja kwh. Minnsta aflgjald er kr. 6450.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 9.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 80% af mestu kwa notkun í stað, mestu kw-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kwh-mæli á 120 aura hverja kwh.
2. Um kwh-mæli á 40 aura hverja kwh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
3. Um kwh-mæli á 20 aura hverja kwh, enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst á sólarhring.

   Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

   a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
   b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
   c) Að hitalagnir, þar með talið öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum Rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafizt.
   d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem Rafveitan kann að setja.
   e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.
Aflgjald: 1600.00 kr. hvert árskw.
Orkugjald: 18 aura hverja kwh.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnoktun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, þannig:
   a) Um kw-mæli á 240 aura hverja kwh.
   b) Um mestastraumsrofa á 30 kr. hvert amper á mánuði. Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kwh-mælir eða mestastraumsrofi.
3. Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: 160 aurar hverja kwh. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði skv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:
Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

220 V kerfi.

	Jarðstrengur		Loftlína	
	Lágmark	Yfirlengd	Lágmark	Yfirlengd
Málstraumur stofnvara	kr.	kr./m	kr.	kr./stólpa
60 A 1-fasa	4 620	308	3 960	4 400
100 A 1-fasa	5 830	330	5 170	5 500
60 A 3-fasa	6 050	330	5 170	5 500
100 A 3-fasa	9 240	385	7 260	7 150
125 A 3-fasa	11 440	440	9 130	7 700
200 A 3-fasa	18 150	550	14 630	9 350
350 A 3-fasa	31 790	770		

380 V kerfi.

	Jarðstrengur		Loftlína	
	Lágmark	Yfirlengd	Lágmark	Yfirlengd
Málstraumur stofnvara	kr.	kr./m	kr.	kr./stólpa
60 A 1-fasa	4 620	308	3 960	4 400
60 A 2-fasa	6 710	330	6 380	5 500
60 A 3-fasa	9 790	330	9 130	5 940
100 A 3-fasa	15 840	385	12 650	8 140
125 A 3-fasa	19 690	440	15 730	8 800
200 A 3-fasa	31 680	550	25 520	10 780
350 A 3-fasa	53 020	770		

Fyrir heimtaugar með flutningsgetu 150 kva (hér kann að þurfa spennistöð), skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 220.00 á hvert kva. Skal þá aflið miðað við varastærðirnar 350, 430, 500 og 600 A. Yfirlengdargjald 350 amper skv. töflu.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 600—200 A í 220 V kerfi og 60—125 A í 380 V kerfi, reiknast frá varkassa stytztu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtaugar reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. Lengd loftlínuheimtaugar, 60—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa fyrir notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 2200.00 fyrir stólpana. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi skv. gjaldskrá.

Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða þann mismun, sem er á jarðstrengsheimtaug og loftlínuheimtaug skv. gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram. Rafveitan skal hins vegar kosta breytingu á stofntaug innan húss, sem þessu verður samfara, en ekki málningu né annan kostnað er af þessu kynni að stafa. Sé mikill kostnaður við breytinguna, getur stjórn Rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði á breytingu stofntaugarinnar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, 100.00 kr.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka raforkureikninga um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. sept. 1965, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga um 4%.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 43 17. marz 1964.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. október 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

26. október 1965. Nr. 214.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsfjarðarhöfn.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ólafsfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hrafnavogum að vestan í svonefnda Ófærugjá. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd bæjarins. Þó getur hafnarnefnd falið öðrum aðila að sjá um reikningshaldið. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs.

4. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarvörð og aðra starfsmenn hafnarinnar, að fengnum tillögum hafnarnefndar, setur þeim starfsreglur og ákveður laun þeirra.

Hafnarnefnd kýs sér formann, er boðar til funda og stýrir þeim, sér um bókanir á fundargerðum og ályktunum nefndarinnar og hefur umsjón og eftirlit með fjármálum hafnarinnar.

Hafnarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og er formanni hafnarnefndar skylt að boða til fundar, æski einn nefndarmaður þess.

5. gr.

Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlok næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og reikningar bæjarsjóðs.

Fyrir fyrsta nóvember ár hvert skal hafnarnefnd hafa samið og lagt fyrir bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekjuliðum.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í hafnarsjóð Ólafsfjarðarkaupstaðar, er varið skal til byggingar hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, svo og til annarra umbóta á hafnarsvæðinu.

Fé úr sjóðnum veitir bæjarstjórn, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

7. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

III. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma og afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip leggjast svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt svigrúm fyrir önnur skip, að komast að eða frá.

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skipa við að hlýða boðum hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eigenda.

9. gr.

Enginn má leggja sérstök legugögn í höfnina, nema leyfi hafnarnefndar komi til, og skal hún ákveða, hvar þau skuli lögð.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus á lægi hafnarinnar, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti,, er tekið geti á móti skipunum hafnarnefndar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið, eða framkvæma eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki né bryggju, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig koma fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skipa og bólvirkis eða bryggju.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar ganga með svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því. Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarnefnd láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

IV. KAFLI
Um notkun bryggja og bólvirkja.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju og bólvirki hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu að öðru jöfnu, þau skip, sem sigla eftir fastri auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að leggjast að bryggjum og bólvirkjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau þá að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og bólvirkjum, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggju eða bólvirki, sé lagt hlið við hlið, er heimilt að flytja farm þeirra skipa sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem nær liggja.

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggjum né bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til, nema með leyfi hafnarnefndar. Skal flytja vörur og muni á brott jafnskjótt og hún krefst þess. Óheimilt er að henda slógi, rusli, eða öðrum úrgangi í höfnina innan garða.

16. gr.

Við uppskipun og útskipun á sandi, kjölfestu og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis eða bryggju eða milli skipa, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarnefnd stöðvað verkið unz úr er bætt.

V. KAFLI
Um almenna reglu.

17. gr.

Hafnarnefnd sér um að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og enn fremur annarra þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra en skipunum hafnarnefndar og starfsmanna hennar ber að hlýða tafarlaust.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

18. gr.

Skylt er að gæta fyllstu varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins eða á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu þeirra og affermingu, enda skal það greinilega auglýst. Álíti hafnarnefnd, að hætta geti stafað af affermingu eða fermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni, innan línu, sem hugast dregin úr Brimnesá í Gunnólfsá.

VI. KAFLI
Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

19. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði bæjarstjórnar til þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál. Sé slíkt leyfi ekki notað innan tveggja ára, fellur það úr gildi.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varðar sektum allt að 10 þúsund krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda. Til meiri háttar framkvæmda og ráðstafana, skal leita samþykkis ráðuneytisins.

20. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það, þó skulu skip, sem sigla eftir fastri auglýstri áætlun, hafa forgangsrétt næst skipum eiganda.

21. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, sem hafnarnefnd samþykkir. Óheimilt skal einstaklingum eða félögum, sem eiga bryggjur eða bólvirki innan hafnarinnar, að taka vörugjald af þeim vörum, sem fara þar um, nema samþykki hafnarnefndar komi til.

22. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, sem hafnarnefnd setur á hverjum tíma og gildir jafnt fyrir allar bryggjur, bólvirki og uppfyllingar á hafnarsvæðinu.

VII. KAFLI
Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

23. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi í höfnina skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt sér í lægi og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, svo að það skemmi eigi höfnina og sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda.

Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufæri þess skuli vera og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess, og skylt er einnig eigendum smábáta, sem ekki eru í notkun, þó um stuttan tíma sé að ræða, að setja þá ef hafnarvörður krefst þess, enda getur hann þá sjálfur látið setja þá á kostnað eiganda, ef þeir hlýða ekki fyrirmælum hans þetta varðandi. Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum, sem lagt er í lægi í höfninni.

VIII. KAFLI
Um hafnargjöld.

24. gr.

Skip og bátar, sem eiga heima í Ólafsfirði, skulu greiða hafnar- og bryggjugjöld einu sinni á ári:

a) opnir vélbátar ..... kr. 250.00
b) allir þilfarsbátar ..... — 500.00

Strandferðaskip, sem að staðaldri sigla eftir fyrirfram gerðri áætlun, svo og flóabáturinn Drangur, skulu greiða kr. 0.40 af hverri brúttórúmlest í hvert sinn, sem þeir koma til hafnarinnar. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, björgunarskip og skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða kr. 0.80 í lestargjald af hverri brúttórúmlest.

Minnsta gjald í hvert sinn skal vera kr. 50.00.

Smábátar, eign manna búsettra á Kleifum, greiða ekkert fastagjald.

25. gr.
Um bryggjugjald.

Aðkomuskip, sem leggjast við bólverk eða bryggju, eða við skip, sem liggja við bólverk eða bryggju, skulu greiða bryggjugjald miðað við brúttórúmlest, kr. 0.25 á sólarhring, eða hluta úr sólarhring. Undanþegin bryggjugjaldi eru skip þau, sem undanþegin eru lestargjaldi skv. 24. gr.

26. gr.
Um ljósagjald.

Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu 1. ágúst til 1. maí og lestargjald greiða, skulu greiða í ljósagjald kr. 0.25 fyrir hverja brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 25.00 í hvert skipti. Þó skulu strandferðaskip, sem um getur í 24. gr., svo og flóabátar, greiða kr. 0.25 af nettórúmlest.

Undanþegin ljósagjaldi eru sömu skip og undanþegin eru greiðslu lestargjalda skv. 24. gr.

Heimabátar greiði í ljósgjald kr. 100.00 á ári.

27. gr.
Vörugjald.

Aðfluttar og útfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 á 100 kg:
Kol, koks og salt.

2. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Garðávextir, korn, mjölvara, kaffi, sykur og aðrar matvörur í sekkjum, fóðurblanda, hey, áburður, sement, kalk.

3. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Olía, benzín og smurolía í tunnum, steypustyrktarjárn og smíðajárn alls konar, bárujárn, saumur, byggingarefni alls konar, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, múrhúðunarefni, heyvinnuvélar, benzínvélar, bátavélar, dráttarvélar, bílar, varahlutir til bíla og véla, tjara, bik, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslur og miðstöðvarvörur, rör, fittings og ofnar og til-

heyrandi vörur til raflagna, síma og girðingarefni, rafmagnsdælur, strigi, bindigarn, vélatvistur, önglar, línur, net, nætur, taumar, garnir, gærur, saltaðar húðir, mjólk og mjólkurafurðir, ull, pokar, kassaumbúðir, fiskumbúðir, kjöt.

4. flokkur. Gjald kr. 8.00 á 100 kg:
Málningarvörur og efni til málningar, kítti, lím, gips, veggfóður, korkvörur, brauðvörur, linoleum, gúmmí og gúmmívörur, pappír, bækur, blek, baðlyf, kerti, fatnaður, smjörlíki og jurtafeiti.

5. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir 100 kg:
Blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, garðverkfæri, rekur, vörur úr kopar, eir, messing og bronsi, leirvörur, emeleraðar vörur, smávélar, prjónavélar, saumavélar, skilvindur, hreinlætisvörur, þvottaefni, skó- og húsgagnaáburður, ölgerðarvörur, þar í gosdrykkir og efni til þeirra, burstavörur, skrár, lamir, eldhúsáhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, ávextir nýir og þurrkaðir, olíur í litlum pakkningum, ílátum og dósum.

6. flokkur. Gjald kr. 24.00 per 100 kg:
Leður og leðurvörur, skófatnaður, glervörur, bökunardropar, lyfjavörur, rafmagnsvörur, rafmagnstæki, kryddvörur, ljósmyndavélar, viðtæki, kvikmyndir, hljóðfæri skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, úr, klukkur, mælar, símar áttavitar, sportvörur, skotfæri, sprengiefni, sælgæti alls konar, súkkulaði, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng alls konar, sýnishorn, tóbaksvörur, eldspýtur, vín og spíritus, ilmvötn.

7. flokkur. Gjald kr. 0.50 á teningsfet:
Trjáviður reiknast eftir teningsfetum. Allar aðrar ótaldar vörur, sem reiknast eftir teningsfetum kr. 1.00 per teningsfet.

8. flokkur. Gjald fyrir tómar tunnur kr. 1.25 per stykki.
Gjald fyrir fullar síldartunnur kr. 2.50 per tunnu.
Gjald fyrir fulla salttunnu (innihaldið) kr. 2.00 per tunnu.
Gjald fyrir fulla sykurtunnu (innihaldið) kr. 3.00 per tunnu.
Gjald fyrir fiski- og síldarmjöl kr. 3.00 hver 100 kg.
Gjald fyrir þorsk- og síldarlýsi kr. 3.00 hver 100 kg.
Gjald fyrir saltaðan fisk og söltuð þunnildi kr. 3.60 hver 100 kg.
Gjald fyrir hraðfrystan fisk, skreið kr. 4.50 hver 100 kg.
Gjald fyrir freðsíld kr. 3.00 hver 100 kg.
Gjald fyrir ísaðan fisk í fiskkaupaskip kr. 1.00 á 100 kg.

9. flokkur. Gjald fyrir stórgripi kr. 20.00 per stykki og aðrar skepnur kr. 5.00.
Gjald fyrir aðrar vörur, ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd, kr. 5.00 fyrir 100 kg, þó aldrei meira en kr. 2.00 per stykki.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

a) Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
b) Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

28. gr.

Bátar og skip, sem leggja upp afla sinn í Ólafsfirði, skulu greiða aflagjald miðað við óslægðan fisk kr. 8.00 per rúmlest og af saltfiski, sem landað er kr. 12.00 per rúmlest. Af hverju máli eða tunnu síldar greiðist kr. 0.50. Kaupandi eða/og hver sá, sem verkar aflann, innheimtir gjaldið og er ábyrgur fyrir greiðslu þess til Hafnarsjóðs Ólafsfjarðar, þó hann innheimti það ekki hjá innleggjanda. Gjaldið er kræft um leið og afla er landað eða vöru afskipað og/eða uppskipað.

IX. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

29. gr.

Hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar sér um innheimtu allra hafnargjalda.

30. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lesta-, ljósa- og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skipinu, unz gjöld þessi eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni.

Gjalddagi þeirra gjalda, er greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

31. gr.

Eigandi skips eða umboðsmaður hans á staðnum ber ábyrgð á greiðslu vörugjalds og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

Vörugjald af aðfluttum vörum er gjaldkræft, er skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem flytja á brott, er gjaldkræft, er vörurnar eru komnar í skip.

Ef margir eiga vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

32. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Skaðabótaskyld fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum.

Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim, sem þess krafðist.

34. gr.

Seglfestu, sand möl eða annað efni til bygginga, er bannað að taka á hafnarsvæðinu, nema með leyfi bæjarstjórnar og hafnarnefndar.

Beitutaka er bönnuð á hafnarsvæðinu, nema með leyfi hafnarnefndar, sem ákveður gjaldið fyrir beitutökuna.

35. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu, fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gera skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipinu, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 10 þúsund krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Ólafsfjarðarkaupstaðar.

38. gr.

Með mál út af broti á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ólafsfjarðarhöfn nr. 31 25. febrúar 1952 með síðari breytingum.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 215. 26. október 1965.

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Neskaupstað.

1. gr.

Sölubúðum í Neskaupstað skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2.—5. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað kl. 18 og þær eigi opnaðar fyrr en kl. 9 næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu þær undantekningar, sem nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13 og laugardag fyrir páska eigi síðar en kl. 15.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 24 og þriðja virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 22.

Á laugardögum skal sölubúðum lokað kl. 13.

Á föstudögum mega búðir vera opnar til kl. 19.

Fyrsta virkan dag eftir jól skulu sölubúðir ekki opnaðar fyrr en kl. 10.

3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. maí skulu engar sölubúðir vera opnar.

Fyrsta desember mega búðir ekki vera lengur opnar en til kl. 12.

4. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum, og auk þess til kl. 15 alla laugardaga og kl. 9—15 alla almenna helgidaga og frídaga, eingöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum. Þó skal loka á jóladag, nýársdag og páskadag eins og öðrum búðum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó ekki heimilt að selja eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Bæjarstjórn getur leyft starfrækslu söluturna (sælgætisbúða) til sölu blaða, tímarita, frímerkja, sælgætis, gosdrykkja, öls og tóbaksvara og má halda þeim opnum sem hér segir:

Á tímabilinu 1. maí—30. september kl. 9—23.30 alla daga.

Á tímabilinu 1. okt.—30. apríl kl. 9—22.

Þó skal loka föstudaginn langa, jóladag, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og gamlársdag eins og venjulegum sölubúðum.

Þeir, sem fá leyfi til að reka söluturna samkvæmt þessari grein, skulu greiða leyfisgjald í bæjarsjóð eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur bundið leyfi til verzlunarreksturs samkvæmt þessari grein öllum þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru matsölustaðir, enda sé sú starfsemi meginhluti rekstursins að dómi bæjarráðs.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á torgum og strætum eða annars staðar utan sölubúa, nema úr sjálfsölum, sbr. þó ákvæði 5. gr., nokkurn varning, sem ekki má selja, nema samkvæmt verzlunarleyfi. Undanþegið þessu ákvæði eru þó vistir og aðrar nauðsynjar til skipa, sem eru að láta úr höfn.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala megi fara fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

8. gr.

Allir, sem komnir eru í sölubúð fyrir lokunartíma, eiga rétt á afgreiðslu.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða 20—500 króna sektum til Bæjarsjóðs Neskaupstaðar. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum n. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 15. júní 1928, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi samþykkt nr. 85 20. maí 1940, um lokun sölubúða í Neskaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um laun ríkisstarfsmanna, reglur um vinnutíma, yfirvinnugreiðslur o. fl. samkvæmt dómi Kjaradóms 30. nóvember 1965.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 1966.

I.

Laun.

Ríkisstarfsmönnum skal skipað í launaflokka þannig:

1. flokkur.

Nýliðar á skrifstofum og teiknistofum (reynslutími 3 mánuðir).

2. flokkur.

Ósérhæfðir starfsmenn í iðnaði og iðju (reynslutími 3 mánuðir).

3. flokkur.

Afgreiðslumenn á skrifstofum (spjaldskrárröðun o. fl.).

Enginn sé lengur en 1 ár samtals í þrem fyrstu flokkunum.

4. flokkur.

Aðstoðarmenn við lyfjaafgreiðslu, aðstoðarmenn II við lyfjagerð, ritarar III (verði ritarar II eftir 1 ár, enda mæli forstöðumaður stofnunar með því), starfsmenn við iðjustörf.

5. flokkur.

Aðstoðarmenn í vörugeymslum, miðasölumenn Þjóðleikhúss, ræstingamaður Þjóðleikhúss, saumakonur Þjóðleikhúss, símaverðir á skrifstofum (lítil skiptiborð, án teljandi aukastarfa), starfsmenn við erfið eða óhreinleg störf í iðju og á rannsóknarstofum (t. d. tóbaksgerð, flöskuþvott, dauðhreinsun á umbúðum og áhöldum o. fl.), vinnumenn á ríkisbúum.

6. flokkur.

Aðstoðarmenn I við lyfjagerð, bifreiðastjórar II, dyraverðir Ríkisútvarps, dyraverðir Þjóðleikhúss, innheimtumenn, næturverðir, sendimenn.

7. flokkur.

Aðalátappari ÁTVR, aðstoðarmenn á sjúkrahúsum, blöndunarmaður ÁTVR, bréfberar, ritarar II (verzlunarskólapróf eða hliðstætt próf og þeir, sem nú eru ritarar II), sendimenn L. Í., símaverðir á skrifstofum og ríkisspítölum (stór skiptiborð), talsímakonur, teiknarar II, tækjagæzlumenn lóranstöðvar, Reynisfjalli, þvottamenn ríkisspítala.

8. flokkur.

Aðstoðarþvottaráðskonur Landspítala, bifreiðastjórar I (mannflutningar, þungavöruflutningar, langferðir, áfengis-, tóbaks- og lyfjaflutningar, póstflutningar og bílstjórar ríkisspítala), bókarar II, flokkstjórar verkamanna, gæzlumenn á sjúkrahúsum (fávita- og geðveikrahælum), hljómplötuverðir (útvarp), hraðboðabréfberi, húsverðir, línumenn L. Í., póstafgreiðslumenn II, talsímakonur við eftirlit með langlínuafgreiðslu, umsjónarmaður hjá Ríkisútvarpi, vélaverðir rafveitna, vélaverðir ríkisspítala, yfirbréfberar, yfirsendimenn L. Í., þvottaráðskona Kristnesi.

9. flokkur.

Aðstoðarflugumferðarstjórar (með bóklegt próf frá flugumferðarstjóra), eftirlitsmenn II á Löggildingarstofu, eftirlitsmaður vinnuvéla hjá flugmálastjórn, fjarritarar L. Í. og flugmálastjórnar, flokkstjóri línumanna, gjaldkerar III, ráðskona í matsal Landspítala, símavarðstjóri stjórnarráðs, sjókortasölumaður (vitamálastjórn), skeytaskrásetjarar,

sölumaður með fjárvörzlu, Viðtækjaverzlun ríkisins, sölumenn ÁTVR, talsímakonur við utanlandsafgreiðslu, tengingamenn L. Í. (línumenn með sérþekkingu), umsjónarmaður bókasafns Kleppspítala, umsjónarmaður köfunartækja (vitamálastjórn), varðstjórar langlínumiðstöð, verkstjórar II (verkamanna).

10. flokkur.

Aðstoðarmenn á Veðurstofu og rannsóknarstofum, aðstoðarráðskona Flókadeild, aðstoðarsýningarstjóri Þjóðleikhúss, afgreiðslumenn ÁTVR, afgreiðslumenn Fríhafnar, afgreiðslumenn minjagripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, bifreiðastjórar forsetaseturs og stjórnarráðs, birgðaverðir, flugvallarverðir, hárgreiðslumeistari Þjóðleikhúss, iðnaðarmenn, leiktjaldasmiðir og leiksviðsmenn Þjóðleikhúss, leikþulur Þjóðleikhúss (hvíslari), næturverðir L. Í. (talsímaafgreiðsla og sjálfvirk miðstöð), póstaðstoðarmenn, ritarar I (ritarar, sem lokið hafa ritaraprófi 1. stigs og þeir, sem nú eru ritarar I), teiknarar I, tækjaviðgerðarmenn L. Í., viðgerðarmenn lóranstöðva Reynisfjalli og Gufuskálum, viðgerðarmaður Veðurstofu, yfirsaumakona á Kleppspítala, yfirvélaverðir ríkisspítala.

11. flokkur.

Birgðavörður flugmálastjórnar með sérþekkingu, birgðavörður L. Í. með sérþekkingu, bókarar I, bókavörður Iðnaðarmálastofnunar, brunaverðir Reykjavíkurflugvallar, dóm- og skjalavörður Hæstaréttar, eftirlitsmenn I á Löggildingarstofu (iðnlærðir, svo og þeir, sem starfað hafa sem eftirlitsmenn í 6 ár), innheimtumenn Gjaldheimtu, loftskeytamenn, röntgenmyndarar, sakaskrárritari II, skjala- og bókaverðir á skrifstofum (með sérhæfingu), stöðvarverðir endurvarpsstöðva (Akureyri, Eiðar, Hornafjörður), stöðvarverðir Vatnsenda (útvarp), stöðvarstjórar II (Rafmagnsveitur ríkisins), tollritarar, varðstjórar Fríhafnar, verðgæzlumenn (eftirlitsmenn), yfirsaumakona þvottahúss Landspítala, þjóðgarðsvörður.

12. flokkur.

Aðstoðarráðskona í Kristnesi, bakarameistari Landspítala, birgðastjóri Lyfjaverzlunar, eftirlitsmaður II með filmum og segulböndum (sjónvarp), eftirlitsmenn með vínveitingahúsum, flokkstjórar á leiksviði Þjóðleikhúss, flugumferðarstjórar, forstöðukona saumastofu Þjóðleikhúss, framköllunarmaður sjónvarps, fulltrúar IV, gjaldkerar II, háloftaathugunarmenn, hárkollumeistari Þjóðleikhúss, hljóðtökumenn sjónvarps, iðnaðarmenn (sjálfstæð störf), leikmunasmiður Þjóðleikhúss, línuverkstjórar L. Í. og Rafmagnsveitna ríkisins, ljósamaður sjónvarps, ljósmyndarar, magnaraverðir, matráðskonur Arnarhvoli, Borgartún 7 og Tryggingastofnun ríkisins, myndatökumenn II hjá sjónvarpi, póstafgreiðslumenn I, radíóvirkjar flugmálastjórnar, sérhæfðir aðstoðarmenn II á rannsóknarstofum og við lyfjagerð, sérhæfðir aðstoðarmenn á Veðurstofu, símritarar, símvirkjar, sjókortagerðarmaður II, sjómælingamaður III, skattendurskoðendur II (endurskoðun almennra framtala), skipaeftirlitsmenn, skiptimyntargjaldkeri hjá ríkisféhirði, skógtæknar, stöðvarstjórar pósts og síma VI, sölustjórar Menningarsjóðs og minjagripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, tópógraf (Landmælingar Íslands), umsjónarmaður leikmuna Þjóðleikhúss, umsjónarmaður spjaldgötunar á Skattstofu Reykjavíkur, umsjónarmaður bifreiðavarahluta L. Í., umsjónarmaður húseigna Vífilsstaðahælis og Kópavogshælis, verkstjórar I (hafa ábyrgð á launagreiðslum og efni), yfirvarðstjórar langlínumiðstöð.

13. flokkur.

Aðstoðarmatráðskonur Vífilsstöðum og Kópavogi, aðstoðarslökkviliðsstjóri á Reykjavíkurflugvelli, barnakennarar án kennararéttinda, bifreiðaeftirlitsmenn, bifreiðaumsjónarmaður L. Í. (verkstjóri), bréfritarar (ritarar, sem lokið hafa ritaraprófi II. stigs, enda sé leyfi fyrir stöðu bréfritara hjá viðkomandi stofnun), fangaverðir og gæzlumenn á vinnuhælum, flokkstjórar iðnaðarmanna, flokkstjórar símvirkja (aðstoðarverkstjórar),

forstöðukona upptökuheimilis Kópavogi, fóstrur á fæðingardeild Landspítalans, gæzlumaður Úlfarsá, gæzlusystur á fávitahælum (með prófi), ljósamenn Þjóðleikhúss, ljósmæður, lögregluþjónar, matráðskona Flókadeild, mælitækjaprófari (Rafmagnsveitur ríkisins), ráðskonur Breiðavík og Gunnarsholti, ráðskona Sementsverksmiðju ríkisins), rafveitustjórar III (rafgæzlumenn), stöðvarstjórar pósts og síma V, tollverðir, umsjónarmaður vita, umsjónarmenn lóranstöðvar Gufuskálum, útlendingaeftirlitsmenn, varðstjórar háloftsathugunarmanna, varðstjórar loftskeytamanna á Veðurstofu, varðstjórar símritara, varðstjórar slökkviliðs, yfirteiknarar, yfirtópógraf.

14. flokkur.

Birgðavörður Raforkumálastjórnar, bókavörður og blaðafulltrúi Þjóðleikhúss, efnisvörður Vitamálaskrifstofu, eftirlitsmaður með sérleyfisferðum, endurskoðendur hjá vegamálastjóra, fulltrúar III, gjaldkerar I, hafnamælingamaður, hamskeri í Náttúrufræðistofnun, hjúkrunarkonur (-menn), húsmæðrakennarar án kennararéttinda, innkaupastjóri Skipaútgerðar ríkisins, lögregluþjónar með viðbótarprófi úr lögregluskóla, er dómsmálaráðherra metur gilt, miðasölustjóri Þjóðleikhúss, sakaskrárritari I, sérhæfðir aðstoðarmenn I á rannsóknarstofum og við lyfjagerð, símvirkjaverkstjórar, skattendurskoðendur I (endurskoðun fyrirtækja), skógarverðir, stöðvarstjórar endurvarpsstöðva (Akureyri, Eiðar, Hornafjörður), stöðvarstjórar pósts og síma IV, sýningarstjóri Þjóðleikhúss, sýsluskrifarar, umsjónarmaður myndagerðar Landsbókasafns, umsjónarmaður í radíódeild L. Í., umsjónarmenn húseigna Landspítala og Kleppspítala, umsjónarmenn með skýrslusöfnun og spjaldgötun (Hagstofa), umsjónarmenn símritunar í Reykjavík og Gufunesi, tollverðir með verzlunarskólaprófi eða hliðstæðri menntun, svo og þeir, sem staðizt hafa próf frá tollskóla, er fjármálaráðuneytið lætur halda, varðstjórar í talsambandi við útlönd, vatnamælingamaður (raforkumálastjórn), verkstjórar iðnaðarmanna, verzlunarstjóri minjagripaverzlana Ferðaskrifstofu ríkisins, yfirlínuverkstjórar L. Í., yfirvarðstjóri háloftaathugunarmanna.

15. flokkur.

Aðalverkstjórar raforkumála, flugmála, ÁTVR, Skipaútgerðar og vitamála, bústjórar á ríkisbúum, eftirlits- og viðgerðarmaður röntgentækja Landspítala, flugumferðarstjórar II V. F. R. (að lokinni 4 ára þjálfun og tilskildum prófum), forstöðumaður bókbandsstofu Landsbókasafns, forstöðumaður teiknistofu Rafmagnsveitna ríkisins, forstöðumaður þvottahúss Landspítala, iðnfræðingar, kartógraf, laborantar á Landspítala, leiktjaldamálarar Þjóðleikhúss, ljósameistari sjónvarps, ljósameistari Þjóðleikhúss, myndatökumaður I hjá sjónvarpi, rafmagnseftirlitsmenn (rafmagnsdeild Vélskóla), rafvirkjar (rafmagnsdeild Vélskóla), sjókortagerðarmaður I, sjómælingamaður II, skipaskráningarmaður, stöðvarstjórar pósts og síma III, stöðvarstjóri stuttbylgjustöðvar L. Í., Vatnsenda, teiknari sjónvarps, tækja- og áhaldasmiður Atvinnudeildar, umdæmisfulltrúar bifreiðaeftirlits, umsjónarmaður kirkjugarða, útsölustjórar ÁTVR utan Reykjavíkur, yfirumsjónarmaður í birgðageymslu pósts og síma, yfirumsjónarmaður lóranstöðvar Gufuskálum, yfirumsjónarmenn með línuáætlunum og framkvæmdum L. Í., yfirumsjónarmenn pósts á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum.

16. flokkur.

Aðstoðarmatráðskonur Landspítala og Kleppi, aðstoðaryfirljósmóðir á fæðingardeild Landspítala, barnakennarar, bóluefnisstjóri að Keldum, byggingaeftirlitsmaður L. Í., byggingaeftirlitsmenn hjá húsameistara ríkisins, dagskrárstarfsmenn Ríkisútvarps, deildarstjóri loftskeytadeildar veðurstofu, deildarstjórar sýklarannsókna, meinafræða- og vefjarannsókna, félagsráðunautur, Flókadeild, forstöðumaður vinnuhælis á Kvíabryggju héraðsdýralæknar V, leikmyndateiknari

Þjóðleikhúss (leiktjaldamálari), leiksviðsstjórar Þjóðleikhúss, matráðskona Kristneshæli, póstvarðstjórar, ráðskona að Bessastöðum, radíóeftirlitsmaður flugmála, sérlærðar hjúkrunarkonur (sérnám eitt ár), skipaskoðunarmenn, skrifstofustjórar III, slökkviliðsstjóri á Reykjavíkurflugvelli, sjúkraþjálfarar, sjúkrakennarar, stöðvarstjórar pósts og síma II, stöðvarstjóri loftskeytastöðvar Reykjavík, stöðvarstjóri Vatnsenda (útvarp), sviðsstjóri sjónvarps, tækjafræðingur Veðurstofu, umsjónarmaður línuframkvæmda, trésmíðaverkstæðis og bifreiðaverkstæðis L. Í., varðstjórar lögreglu, varðstjórar tollvarða (staðgenglar yfirtollvarða og sérstakir eftirlitsmenn, formaður á tollbát), vélaeftirlitsmaður (skipaskoðun ríkisins), vélstjórar (rafmagnsdeild Vélskóla), yfirfangavörður hegningarhúss í Reykjavík, yfirfiskmatsmenn, yfirgæzlumaður á Litla-Hrauni, yfirmatsmaður garðávaxta, yfirsímvirkjaverkstjórar, yfirumsjónarmaður talsambands við útlönd og langlínustöðvar, yfirumsjónarmenn símritunar í Reykjavík og Gufunesi, öryggisskoðunarmenn, þulir.

17. flokkur.

Aðalgjaldkerar, aðalendurskoðandi vegamálastjórnar, aðstoðarmaður við heilaritun, auglýsingastjórar útvarps og sjónvarps, barnakennarar með a. m. k. árs framhaldsnámi við kennaraháskóla eða öðru sambærilegu framhaldsnámi, hvoru tveggja að mati menntamálaráðuneytisins, blindrakennarar, búnaðarskólakennarar, deildarhjúkrunarkonur, eftirlitsmaður dísilstöðva á Austurlandi, flugumferðarstjórnar I. F. R. (aðalflugstjórn, innanlandsflugstjórn, úthafsflugstjórn, upplýsingaþjónusta, að lokinni 6 ára þjálfun og með tilskildum réttindum), forstöðukona Flókadeildar, forstöðumaður hlustendaþjónustu Ríkisútvarps, forstöðumaður vistheimilis, Gunnarsholti, fulltrúar II, garðyrkjuskólakennarar, húsmæðrakennarar, kennarar við gagnfræðaskóla og iðnskóla, kennarar við heyrnleysingjaskóla, kennarar við Hjúkrunarskóla, kennarar við Matsveina- og veitingaþjónaskóla, kennarar við Vélskóla og Stýrimannaskóla, héraðsdýralæknar IV, héraðslæknar V, innheimtustjóri hjá sakadómaraembætti, innheimtustjóri útvarps, matráðskona Landspítala, matráðskonur Vífilsstöðum og fávitahæli Kópavogi, mjólkureftirlitsmaður, ráðningarstjóri varnarmáladeildar, radíóeftirlitsmaður L. Í., rafveitustjórar II (innanbæjarkerfi og/eða sveitaveitur), safnvörður Fræðslumyndasafns, sendiráðsritarar II og vararæðismenn, stöðvarstjórar I (Rafmagnsveitur ríkisins), stöðvarstjóri lóranstöðvar, Reynisfjalli, stöðvarstjóri, Rjúpnahæð, sölustjóri Landssmiðju, talkennarar, umdæmisverkstjórar vegagerðar (aðalverkstjórar), vélaeftirlitsmaður Landhelgisgæzlu, vélaeftirlitsmaður Skipaútgerðar ríkisins, vélaumsjónarmaður vegagerðar, yfirfiskmatsmenn með sérþekkingu á skreið, saltfiski og freðfiski, yfirleikmyndateiknari Þjóðleikhúss (leiktjaldamálari), yfirtollverðir, yfirvarðstjóri lögreglu á Keflavíkurflugvelli, yfirmaður áhaldahúss vitamála.

18. flokkur.

Aðalbókarar, aðstoðarforstöðukonur stærstu sjúkrahúsa (yfir 200 rúm), birgðastjóri aðalfrímerkjavörzlu, birgðastjóri vegagerðar, byggingafræðingar, deildarstjórar bögglapóststofu, tollpóststofu og söludeildar fyrir frímerkjasafnara, deildarstjórar L. Í. (radíótæknideild, símatæknideild, bæjarsíma, hagdeild og rekstrardeild), deildarstjórar tollgæzlu, deildarstjóri umferðamáladeildar pósts og síma, deildarstjóri radíóverkstæðis flugmála, eftirlitsmaður með prestsetrum, eftirlitsmaður með skólabyggingum, forstöðumaður Breiðavíkurhælis, forstöðumaður Löggildingarstofu, héraðsdýralæknar III, héraðslæknar IV, húsmæðrakennaraskólakennarar, innheimtugjaldkeri L. Í., íþróttakennarar menntaskóla og Kennaraskóla, íþróttakennaraskólakennarar, kennarar í tæknigreinum við Stýrimannaskóla og Vélskóla, kennarar við handavinnudeild Kennaraskóla, kennarar við Listiðnaðardeild Handíðaskóla, kennarar við kennaradeild Tón-

listarskóla, kennarar við gagnfræðaskóla, iðnskóla og aðra framhaldsskóla með BA prófi frá H. Í. eða öðru sambærilegu prófi, hvort tveggja að viðbættu prófi í uppeldisfræðum, er menntamálaráðuneytið metur gilt, svo og framhaldsskólakennarar, sem settir voru eða skipaðir fyrir 1. júní 1952, klippari sjónvarps, kvikmyndatökumaður sjónvarps, leikarar Þjóðleikhúss, læknakadidatar (námskandidatar), skólastjórar barnaskóla (færri en 2 kennarar), stöðvarstjórar pósts og síma I, stöðvarstjóri lóranstöðvar, Gufuskálum, tannlæknir Háskóla Íslands, upptökustjóri sjónvarps, vanvitaskólakennarar, varavarðstjórar flugumferðarstjóra, varðstjórar í aðflugstjórn, veiðistjóri, viðgerðarmaður handrita (Landsbókasafn), yfirhjúkrunarkonur á sérdeidum (röntgen, skurðstofu, blóðbanka o. fl.), yfirljósmóðir á fæðingardeild Landspítalans, yfirlögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli.

19. flokkur.

Aðalgjaldkeri vegamálastjóra, skrifstofu ríkisspítala, Innkaupastofnunar ríkisins, ÁTVR og Landssmiðju, áfengisvarnarráðunautur ríkisins, afgreiðslustjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, búnaðar- og garðyrkjuskólakennarar með prófi frá búnaðarháskóla eða samsvarandi prófi í aðalkennslugrein, birgðastjóri pósts og síma, bókaverðir án háskólaprófs, Landsbókasafninu, dagskrárfulltrúar útvarps, deildarstjóri upplýsingadeildar flugmálastjórnar, forstöðukonur (yfirhjúkrunarkonur) á sjúkrahúsum með innan við 200 rúm, forstöðumaður bifreiðaeftirlits, forstöðumaður byggingaeftirlits, forstöðumaður fræðslumyndasafns, forstöðumaður gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, forstöðumaður tæknideildar útvarps (stúdíóstjóri), forstöðumaður vinnuhælis að Litla-Hrauni, framkvæmdastjóri ferðamálaráðs, framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarna, frí hafnarstjóri, héraðslæknar III, héraðsdýralæknar II, kennarar gagnfræðaskóla, iðnskóla og annarra framhaldsskóla, með cand. mag. prófi frá H. Í. eða öðru sambærilegu prófi í aðalkennslugrein, kórstjóri og undirleikari Þjóðleikhúss, minjavörður án háskólaprófs, Þjóðminjasafn, símatæknifræðingar (3—4 ára tækninám), skólastjórar barnaskóla (2—5 kennarar), skólastjórar heimavistarbarnaskóla (færri en 2 kennarar), stöðvarstjóri pósts og síma, Hafnarfirði, tónlistarfulltrúi útvarps, tæknifræðingar (3—4 ára tækninám), umsjónarmenn sjálfvirkra stöðva L. Í. (2 menn), umsjónarmaður útvarpsstöðva, útsölustjórar ÁTVR í Reykjavík, varðstjórar í flugstjórnarmiðstöð, yfirdeildarstjóri hjá radíótæknideild L. Í., símatæknideild og bæjarsíma Reykjavíkur, yfirmatráðskonur Landspítala og Kleppi.

20. flokkur.

Aðalbókarar vegamálastjóra, vita- og hafnamálastjóra, ÁTVR, skrifstofu ríkisspítalanna, Skipaútgerðar ríkisins, Innkaupstofnunar ríkisins og Landssmiðju, aðstoðarlæknar II, afgreiðslustjórar Tryggingastofnunar ríkisins, arkitektar II, bókafulltrúi, bókaverðir Landsbókasafns (hafi háskólapróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), deildarstjóri ICAO (flugmálastjórn), deildartæknifræðingar, forstöðumaður Kristneshælis, fulltrúar I, fulltrúi fréttastjóra ríkisútvarps, héraðsdýralæknar I, héraðslæknar II, innkaupafulltrúi ÁTVR, innkaupa- og sölustjóri Innkaupastofnunar ríkisins, lyfjafræðingur Sjúkrasamlags Reykjavíkur, kennarar Menntaskóla, Kennaraskóla og Tækniskóla, minjaverðir Þjóðminjasafns (hafi háskólapróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), rafveitustjórar I, sendiráðsritarar I og ræðismenn, síldarmatsstjóri, sjómælingamaður I, skjalaverðir Þjóðskjalasafns (hafi háskólapróf og sérmenntun á viðkomandi starfssviði), skjalaþýðandi Menntamálaráðuneytisins, skólastjórar barnaskóla (6—10 kennarar), skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (1—5 kennarar), skólastjórar heimavistarbarnaskóla (2 kennarar eða fleiri), skólastjórar húsmæðraskóla, skólastjóri Matsveina- og veitingaþjónaskólans, skrifstofustjórar II, undirdeildarstjóri Raforkumálaskrifstofunnar, æviskrárritari.

21. flokkur.

Aðalbókari tollstjórans í Reykjavík, aðalgjaldkeri tollstjórans í Reykjavík, aðalfulltrúi skipaskoðunarstjóra, tæknimenntaður, fimleikastjóri Háskóla Íslands, firmaskrárritari, forstöðumaður fávitahælis í Kópavogi, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns, framkvæmdastjóri Iðnfræðsluráðs, háskólamenntaðir fulltrúar, héraðslæknar I, leikarar Þjóðleikhúss, löggiltur endurskoðandi (ríkisendurskoðun), náttúrufræðingur hjá rannsóknarstofnun landbúnaðarins, póstmeistari á Akureyri, sérfræðingur Handritastofnunar og Orðabókar Háskólans, skrifstofustjóri póststofunnar í Reykjavík, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (6—10 kennarar), sóknarprestar, stöðvarstjóri pósts og síma, Vestmannaeyjum, stöðvarstjóri Gufunesi, söngmálastjóri, tilraunastjórar í landbúnaði (með háskólaprófi), umdæmisstjórar L. Í. á Akureyri, Brú, Ísafirði, Seyðisfirði og Siglufirði, yfirflugumferðarstjóri Reykjavík (flugstjórnarmiðstöð), yfirflugumferðarstjóri á Keflavíkurflugvelli (aðflugsstjórn), yfirkennarar menntaskóla og Kennaraskóla, yfirmaður starfsmannadeildar pósts og síma, æskulýðsfulltrúi þjóðkirkju.

22. flokkur.

Aðalgjaldkerar pósts og síma og Tryggingastofnunar ríkisins, aðstoðarlæknar I, arkitektar I, biskupsritari, deildarstjóri birgðadeildar raforkumálastjóra, háskólamenntaðir fulltrúar, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirsakadómara og saksóknara ríkisins, háskólamenntaðir sérfræðingar við rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, skógrækt, Náttúrufræðistofnunina, Veðurstofu o. fl., íþróttafulltrúi, leiklistarstjóri útvarps, námsstjórar, póstmálafulltrúi, prófastar, skólastjórar barnaskóla (11—18 kennarar), skólastjóri Handíðaskólans (listiðnaðardeild), skólastjóri Húsmæðrakennaraskólans, skólastjóri Íþróttakennaraskólans, skólastjóri Tónlistarskólans (kennaradeild), tónlistarstjóri útvarps, verkfræðingar, yfirmaður skýrsludeildar pósts og síma, öryggiseftirlitsmaður (verkfræðingur).

23. flokkur.

Aðalbókarar pósts og síma og Tryggingastofnunar ríkisins, aðalendurskoðandi pósts og síma, aðalfulltrúar bæjarfógetanna á Akureyri, Hafnarfirði, Keflavík, Kópavogi og Vestmannaeyjum, lögreglustjóranna í Reykjavík og Keflavíkurflugvelli (einn við hvert embætti), dagskrárstjórar útvarps og sjónvarps, deildarstjórar Náttúrufræðistofnunar, deildarstjórar á skattstofum, deildarstjórar Tryggingastofnunar ríkisins, deildarstjórar Veðurstofu, deildarstjóri byggingadeildar raforkumálastjórnar, deildarstjóri rekstrardeildar Rafmagnsveitna ríkisins, flugvallarstjórar Keflavík og Reykjavík, forstjóri Viðtækjaverzlunar ríkisins, forstöðukonur (yfirhjúkrunarkonur) sjúkrahúsa með yfir 200 rúm, forstöðumaður Landmælinga Íslands, forstöðumaður vatnamælinga hjá raforkumálastjóra, framkvæmdastjóri flugvalla utan Reykjavíkur og Keflavíkur, framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits, framkvæmdastjóri Menningarsjóðs, framkvæmdastjóri Ríkisútgáfu námsbóka, fréttastjóri útvarps, leikarar Þjóðleikhúss, póstmeistarinn í Reykjavík, ritsímastjórinn í Reykjavík, sérmenntaðir efnafræðingar og lífeðlisfræðingar að Keldum, skólastjórar barnaskóla (19 kennarar o. fl.), skólastjórar búnaðarskóla og garðyrkjuskóla, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (11—18 kennarar), skólastjóri Heyrnleysingjaskólans, skólastjóri Hjúkrunarskólans, skrifstofustjórar I, skrifstofu- og sölustjóri ÁTVR, vígslubiskupar.

24. flokkur.

Aðstoðarlæknar berklavarna, aðstoðarlæknir tryggingayfirlæknis, bæjarsímastjóri í Reykjavík, deildarlæknar, deildarstjóri hjá ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, deildarstjórar í Stjórnarráði, deildarstjórar hjá rannsóknarstofnunum atvinnuvega, deildarverkfræðingar, dósent í lyfjafræði lyfsala, forsetaritari, forstöðumaður Almannavarna, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, forstöðumaður

Listasafns ríkisins, framkvæmdastjóri Flugöryggisþjónustu, háskólaritari, landgræðslustjóri, landlæknisfulltrúi (læknir), ríkisféhirðir, sendiráðunautar, sérmenntaður dýralæknir að Keldum, sérmenntaðir læknar á rannsóknarstofum, skólastjórar héraðsgagnfræðaskóla, skólastjórar gagnfræðaskóla og iðnskóla (19 kennarar o. fl.), skólastjórar Stýrimannaskóla og Vélskóla, verðlagsstjóri.

25. flokkur.

Aðstoðaryfirlæknir ríkisspítala og rannsóknarstofu Háskólans, eftirlitsmaður með fjármálum skóla, fiskmatsstjóri, forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, framkvæmdastjóri sjónvarps, hæstaréttarritari, landnámsstjóri, leikarar Þjóðleikhússins (3 menn), skattstjórar utan Reykjavíkur, skrifstofustjórar Tryggingastofnunar ríkisins, ríkisskattstjóra, skattstjórans í Reykjavík, raforkumálastjóra og tollstjórans í Reykjavík, sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, trúnaðarlæknir Sjúkrasamlags Reykjavíkur, veiðimálastjóri, yfirverkfræðingar.

26. flokkur.

Aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, berklayfirlæknir, borgardómarar, borgarfógetar, forstjórar hag-, rekstrar- og tæknideilda pósts og síma, forstjóri ÁTVR, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, forstjóri Landhelgisgæzlu, forstjóri Landssmiðju, forstjóri Sementsverksmiðju ríkisins, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, forstjórar rannsóknarstofnana atvinnuveganna, forstöðumaður Blóðbanka, forstöðumaður Handritastofnunar, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunarinnar, forstöðumaður Orðabókar Háskólans, forstöðumaður Tilraunastöðvar að Keldum, framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar, framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, framkvæmdastjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, Háskólabókavörður, héraðslæknir á Akureyri, landsbókavörður, lyfsölustjóri, prófessorar, rafmagnseftirlitsstjóri, rafmagnsveitustjóri, rannsóknarlæknir að Keldum, rektorar og skólameistarar menntaskóla, sakadómarar, ríkisbókari, skattrannsóknarstjóri, skattstjórinn í Reykjavík, skipaskoðunar- og skipaskráningarstjóri, skógræktarstjóri, skólastjóri Kennaraskóla Íslands, skólastjóri Tækniskólans, skólayfirlæknir, tollgæzlustjóri, tryggingayfirlæknir, yfirdýralæknir, yfirlæknar ríkisspítala og Rannsóknarstofu Háskólans, yfirlæknir fávitahælis í Kópavogi, þjóðminjavörður, þjóðskjalavörður, öryggismálastjóri.

27. flokkur.

Flugmálastjóri, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, fræðslumálastjóri, húsameistari ríkisins, raforkumálastjóri, skipulagsstjóri ríkisins, tollstjórinn í Reykjavík, útvarpsstjóri, yfirborgarfógetinn í Reykjavík, veðurstofustjóri, vegamálastjóri, vita- og hafnamálastjóri, þjóðleikhússtjóri.

28. flokkur.

Biskup, hagstofustjóri, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri, ráðuneytisstjórar, rektor Háskólans, ríkisendurskoðandi, ríkisskattstjóri, sendiherrar, yfirborgardómari, yfirsakadómari.

Skólastjórar barnaskóla, sem hafa jafnframt gagnfræðadeildir, skulu taka sömu laun og skólastjórar gagnfræðaskóla miðað við samanlagðan kennarafjölda.

Mánaðarlaun (grunnlaun) í hverjum launaflokki skulu vera þessi:

	Byrjunarlaun kr.	Laun eftir 1 ár kr.	3 ár kr.	6 ár kr.	10 ár kr.	15 ár kr.
1. launaflokkur	5 695					
2. —	5 931					
3. —	6 193					
4. —	6 441	6 797	7 069	7 354	7 652	7 960
5. —	6 702	7 069	7 354	7 652	7 960	8 268
6. —	6 975	7 354	7 652	7 960	8 268	8 601
7. —	7 248	7 652	7 960	8 268	8 601	8 945
8. —	7 545	7 841	8 149	8 482	8 814	9 170
9. —	7 841	8 149	8 482	8 814	9 170	9 538
10. —	8 149	8 482	8 814	9 170	9 538	9 917
11. —	8 482	8 814	9 170	9 538	9 917	10 320
12. —	8 814	9 170	9 538	9 917	10 320	10 724
13. —	9 170	9 538	9 917	10 320	10 724	11 162
14. —	9 538	9 917	10 320	10 724	11 162	11 601
15. —	9 917	10 320	10 724	11 162	11 601	12 064
16. —	10 320	10 724	11 162	11 601	12 064	12 550
17. —	10 724	11 162	11 601	12 064	12 550	13 049
18. —	11 162	11 601	12 064	12 550	13 049	13 571
19. —	11 779	12 419	13 108	13 832	14 591	
20. —	12 419	13 108	13 832	14 591	15 397	
21. —	13 108	13 832	14 591	15 397	16 240	
22. —	14 591	15 397	16 240		17 130	
23. —	16 240		17 130		18 079	
24. —	17 130		18 079		19 063	
25. —	18 079		19 063		20 118	
26. —	20 118				21 222	
27. —	22 384					
28. —	23 618					

II.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um vinnnutíma ríkisstarfsmanna, yfirvinnu, yfirvinnukaup og önnur kjör, er hér skipta máli.

1. gr.

Vikulegur starfstími starfsmanna ríkisins, sem hin föstu laun eru greidd fyrir, skal vera sem hér segir:

A. 44 stundir.

Verkstjórar og verkamenn, starfsmenn á ríkisbúum, ráðsmenn og ráðskonur, fólk við eldhússtörf, bifreiðastjórar, línumenn og línuverkstjórar, lögreglumenn, fangaverðir, tollverðir, slökkviliðsmenn, hjúkrunarfólk, aðstoðarfólk við hjúkrun, starfsmenn á verkstæðum, við birgðavörzlu, vöruafgreiðslu, iðnað og iðjustörf, vélgæzlu og önnur hliðstæð störf.

B. 38 stundir.

Starfsmenn á skrifstofum, teiknistofum, rannsóknarstofum, eftirlitsstofnunum, söfnum, lögregluþjónar og tollverðir, sem eingöngu vinna regluleg skrifstofustörf, svo og aðrir, sem hliðstæð störf stunda.

C. 36 stundir.

Sjúkrahúslæknar, sjúkraþjálfarar, starfsfólk við röntgen eða geislavirk efni. Enn fremur eftirtaldir starfsmenn, er vinna á reglubundnum vinnuvökum: Talsímamenn, símritarar, loftskeytamenn, veðurfræðingar, flugumferðarstjórar og aðrir, er hliðstæð störf stunda.

D. Kennarar:

1. Barnaskólakennarar: allt að 36 kennslustundir, er fækki í 30 stundir á því skólaári, sem kennari verður 55 ára og í 24 stundir, þegar hann verður sextugur. Lengd hverrar kennslustundar skal vera 40 mínútur.

2. Gagnfræðaskólakennarar, húsmæðraskólakennarar, iðnskólakennarar: allt að 30 kennslustundir, er fækki í 25 stundir, er kennari verður 55 ára og 20 stundir, þegar hann verður sextugur. Lengd kennslustundar skal vera 45 mínútur.

3. Menntaskólakennarar, tækniskólakennarar, kennaraskólakennarar, kennarar sérgreinaskóla fyrir kennaraefni, stýrimanna- og vélskólakennarar. 24—27 kennslustundir, er fækki í 22 stundir, er kennari verður 55 ára og 17 stundir, er kennari verður sextugur. Lengd hverrar kennslustundar skal vera 45 mínútur.

Kennsluskylda söngkennara og tónlistarkennara í barnaskólum og gagnfræðaskólum og kennara afbrigðilegra og vangefinna barna, sbr. 6. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, skal vera ⅘ af kennsluskyldu almennra kennara.

Kennsluskylda annarra kennara, svo og skólastjóra, haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Sé hver kennslustund lengri eða skemmri en hér er fram tekið, skal vikuleg kennsluskylda breytast í hlutfalli við það.

Kennurum er skylt að hafa umsjón með nemendum í stundahléum eftir nánari ákvörðun skólastjóra og kennarafundar.

2. gr.

Um daglegan vinnutíma skulu gilda þessi ákvæði:

1. 44 stunda vinnuvika skal unnin á tímanum frá kl. 8.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00.

2. 38 stunda vinnuvika skal unnin á tímanum frá kl. 9.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 9.00 til kl. 12.

3. 36 stunda vinnuvika og skemmri skal unnin á tímanum frá kl. 8.00 til kl. 12.00 og kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00.

Um það, hvenær starfstími hefjist, skal ákveðið í samráði við starfsmennina með samþykki viðkomandi starfsmannafélags.

Heimilt er að haga vinnudegi með öðrum hætti en að framan greinir, ef allir eru um það sammála.

Á tímabilinu frá 15. maí til 30. september ár hvert er heimilt, með samkomulagi forstöðumanna hlutaðeigandi stofnana og starfsmanna, að fella vinnu niður á laugardögum, enda lengist þá vinnutími í staðinn um eina klst. á mánudögum allt árið.

3. gr.

Eigi skulu ákvæði þau, er að framan getur, valda því, að daglegur vinnutími nokkurs starfsmanns lengist frá því, sem nú er.

Þær starfsstéttir og starfsmenn, sem ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til, skulu halda þeim vinnutíma, sem verið hefur hingað til.

4. gr.

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því, sem við verður komið vegna eðlis starfsins. Verði eyða í daglegum, samfelldum starfstíma kennara, skal

greiða fyrir hverja kennslustund í slíkri eyðu, laun, er nemi ¼ hluta dagvinnukaups samkv. 8. gr.

Breytingar og frávik frá þeim vinnutíma, sem hér er ákveðinn, skulu því aðeins gerð, að samþykki viðkomandi starfsmannafélags eða B.S.R.B. liggi fyrir.

5. gr.

Matartími skal, eftir því sem við verður komið, vera frá kl. 12.00 til kl. 13.00 og telst hann eigi til vinnutíma.

Sé unnin yfirvinna skulu vera matartímar kl. 19,00 til kl. 20.00 og kl. 3.00 til kl. 4.00, og teljast þeir til vinnutímans, enda sé vinnu haldið áfram eftir matartímann eða hluti af honum unninn.

Kaffitímar teljast til venjulegs vinnutíma, og skulu þeir hjá þeim, er hafa 44 stunda vinnuviku, vera tvisvar á dag miðað við venjulegan vinnutíma, 20 mínútur í hvert sinn, þó eigi nema einu sinni á laugardögum.

Hjá þeim, er skemmri vinnuviku hafa, er á hinum fasta daglega vinnutíma einn kaffitími, 20 mínútur, þó ekki á laugardögum.

Í næturvinnu og helgidagavinnu skulu kaffitímar vera í sama hlutfalli og á hinum daglega vinnutíma.

Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu ekki fá sérstaka matar- eða kaffitíma, nema tíðkazt hafi til þessa.

Heimilt er að fella niður kaffitíma og breyta matartíma með samkomulagi fyrirsvarsmanns stofnunar og starfsmanna, enda sé slíkt samþykkt af viðkomandi starfsmannafélagi.

6. gr.

Frídagar eru allir helgidagar Þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti og 17. júní. Enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13.00 beri þá upp á virkan dag, svo og eftirtaldir dagar með sama hætti og tíðkazt hefur: 1. maí, fyrsti mánudagur í ágúst, 1. desember og laugardagur fyrir páska.

7. gr.

Yfirvinna telst hver sú vinna, sem fer fram yfir tilskilinn dagvinnutíma eða vinnuvöku. Skiptist hún í eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu.

Til eftirvinnu teljast tvær fyrstu klukkustundirnar, eftir að tilskildum dagvinnutíma eða vökutíma lýkur, þó ekki á tímabilinu frá kl. 19,00 til kl. 8.00 og auk þess vinna, sem innt er af hendi á dagvinnutíma umfram vikulega vinnutímaskyldu. Vinnuvökumenn skulu þó ekki vinna fleiri en 10 klst á viku hverri í eftirvinnu.

Næturvinna telst frá kl. 19.00 eða frá lokum eftirvinnutímabils, ef fyrr er, til byrjunar næsta dagvinnutímabils.

Helgidagavinna telst sú vinna, sem unnin er frá lokum eftirvinnutímabils á föstudegi sé felld niður vinna á laugardögum, sbr. síðustu málsgrein 2. gr. eða frá lokum dagvinnutímabils á laugardegi til upphafs vikulegs dagvinnutíma á mánudegi, svo og á öllum frídögum, sem um getur hér að framan (sbr. 6. gr.).

8. gr.

Yfirvinnu skal greiða með álagi á venjulegt dagvinnutímakaup.

Eftirvinnu svo og matartíma á tímabilinu frá kl. 8.00 til kl. 19.00, ef unnir eru, skal greiða með 50% álagi miðað við dagvinnukaup, en unnir nætur- og helgidagatímar með 90% álagi miðað við dagvinnukaup.

Dagvinnukaup hvers starfsmanns skal fundið með því að deila með tölunni 150 í föstu mánaðarlaun viðkomandi launaflokks miðað við 6 ára starfsaldur.

Öll yfirvinna skal greidd eftir á í einu lagi fyrir hvern mánuð.

Þegar starfsmaður er kallaður til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup í að minnsta kosti tvær klukkustundir, nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klukkustunda, frá því hann fór til vinnu.

Hafi maður unnið að minnsta kosti 6 klukkustundir í næturvinnu, og haldið áfram vinnu innan sex klukkustunda á föstum venjulegum vinnutíma sínum, ber honum næturvinnuálag fyrir þann tíma.

9. gr.

Skylt er starfsmanni að vinna yfirvinnu, sem yfirmaður hans telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, öðrum en þeim, sem gegnir öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af tilskildum, vikulegum vinnutíma. Yfirvinnuskylda póstmanna haldist þó óbreytt frá því, sem nú er.

10. gr.

Þar, sem unnið er á reglubundnum vinnuvökum, skal varðskrá, er sýni vinnutíma hvers starfsmanns, samin fyrirfram fyrir a. m. k. einn mánuð í senn.

Við samningu varðskrár skal þess gætt, að helgidagavinna skiptist sem jafnast á starfsmenn.

11. gr.

Hámarkslengd hverrar vinnuvöku skal vera 9 klukkustundir, og skulu þá líða minnst 9 klukkustundir til næstu vinnuvöku. Núgildandi sérreglur um vinnuvökur skulu haldast óbreyttar.

Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma. Við útreikning á álagi þessu skal miða við föst mánaðarlaun í viðkomandi launaflokki miðað við 6 ára starfsaldur og deila í mánaðarlaunin með 150 til að finna dagvinnutímakaupið.

Þeir, sem vinna vinnuvökur á sunnudögum, eiga rétt á leyfi í sömu viku, þannig að næturfrí komi jafnan fyrir og eftir frídaginn eða eigi minna en 36 klukkustundir samfleytt.

Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum skulu, miðað við árs starf, fá 12 samfellda frídaga og greiðslu er samsvari 6 daga dagvinnukaupi hlutaðeigandi starfsmanns. Umrædda aukafrídaga má, er þörf krefur, veita á öðrum tíma en hinum venjulega orlofstíma. Njóti starfsmenn nú betri kjara haldast þau.

12. gr.

Fyrir hverjar þrjár klukkustundir á gæzluvakt komi einnar klukkustundar frí eða greiðsla, er þeim tíma nemur, miðað við dagvinnukaup.

Sé starfsmaður á gæzluvakt kallaður til starfa, fær hann greitt yfirvinnukaup fyrir þann tíma.

13. gr.

Árslaun kennara skulu miðuð við 9 mánaða kennslutíma, en lækka um 1/12 heildarárslauna fyrir hvern mánuð, sem kennslutíminn er skemmri.

Laun skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla og aðra framhaldsskóla og skólastjóra barnaskóla, sem starfa í

8 mánuði, skal miða við 9 mánaða starf,

7 mánuði, skal miða við 8 mánaða starf, og

6 mánuði, skal miða við 7 mánaða starf.

Eigi skal þessi lenging tímans, sem laun eru miðuð við, hafa áhrif á daglega eða vikulega kennsluskyldu kennara frá því, sem nú er, en tilkall á skólinn til starfa kennara fyrir og eftir hinn árlega, reglulega kennslutíma, sem þessari lengingu tímans nemur, ef þörf krefur.

Sé árlegur starfstími skóla styttri en 6 mánuðir, skulu laun vera hlutfallslega miðuð við 6 mánaða skóla.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður í samráði við fjármálaráðuneytið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sérstaka þóknun þeim skólastjórum, sem hafa á hendi stjórn í tví- eða þrískipuðum skólum.

15. gr.

Ríkisstarfsmenn, aðrir en þeir, sem um getur í 2. málgrein, eiga rétt til greiðslu þóknunar fyrir yfirvinnu, hafi hlutaðeigandi yfirmaður sérstaklega óskað þess, að sú vinna yrði af hendi leyst.

Forstöðumenn stofnana eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslu samkvæmt 1. málsgrein. Þurfi þeir þó að vinna verulega yfirvinnu vegna embættisanna, er heimilt að greiða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra. Slíka greiðslu ákveður fjármálaráðuneytið með samkomulagi við viðkomandi starfsmenn og vitund Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

16. gr.

Við ákvörðun aldurshækkana skal starfsaldur hjá þeim, sem skipta um störf hjá ríkinu, reiknast þannig:

Þegar um er að ræða sams konar starf, skylt starf eða starf innan sömu ríkisstofnunar, telst starfsaldur frá þeim tíma, er hlutaðeigandi ríkisstarfsmaður hóf störf í hinni fyrri stöðu.

Fari ríkisstarfsmaður í starf, óskylt hinu fyrra, gildir fyrri starfsaldur hjá ríkinu í hinu nýja starfi allt að sex árum. Hafi maðurinn starfað hjá ríkinu lengur, þá taki hann laun í hinu nýja starfi miðað við sex ára starfsaldur. Fari starfsmaðurinn í betur launaða stöðu, skulu laun hans í nýju stöðunni aldrei vera lægri en í hinu eldra starfi.

Nú tekur maður verr launaða stöðu, en hann hafði áður, þá gildir fyrri starfsaldur, hvort sem um skylt eða óskylt starf er að ræða.

Framangreind ákvæði gildi einnig um þá, sem ráðast til starfa hjá ríkinu, en hafa áður starfað í þjónustu sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana.

Taka skal tillit til sambærilegra eða skyldra starfa hjá öðrum en ríkinu á þann hátt, að fyrri starfsaldur gildi að fullu allt að fimm árum, en að hálfu næstu 10 ár.

Fjármálaráðuneytið, 1. desember 1965.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, ljósmóður frá Kóngsbakka 1964.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári	kr.	26 693.46
2. Vextir	—	2 268.94
3. Vaxtabætur Söfnunarsjóðs	—	156.40
	Kr.	29 118.80

Gjöld:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	29 118.80
	Kr.	29 118.80

Kóngsbakka, 2. ágúst 1965.

Haukur Sigurðsson. **Aðalheiður Bjarnadóttir** **Sigurborg Magnúsdóttir**

Nr. 218.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1964.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1964.

Gjöld:

I. Vélbátaflotinn:				
Tjón		kr.	54 123 681.43	
÷ hluti endurtryggjenda		—	37 225 451.46	
		Kr.	16 898 229.97	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum ..	kr. 33 367 584.47			
÷ hluti endurtryggjenda .	— 20 501 070.98			
		—	12 866 513.49	
				kr. 29 764 743.46
II. Skip landhelgisgæzlunnar:				
Tjón		kr.	6 550 332.22	
÷ hluti endurtryggjenda		—	6 526 216.55	
		Kr.	24 115.67	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir tjónum ..	kr. 100 000.00			
÷ hluti endurtryggjenda .	— 98 000.00			
		—	2 000.00	
				— 26 115.67
III. Rekstrarkostnaður		kr.	2 599 202.96	
÷ hluti Bráðafúadeildar		—	389 880.44	
				— 2 209 322.52
Afskrifaðar skuldir				— 481 310.61
Gengismunur				— 1 382.52

IV. Afskriftir:					
Bifr., 20% af	kr.	283 664.40	kr.	56 732.80	
Skrifstofuáh. 12%	—	516 229.68	—	61 947.56	
				kr.	118 680.36
V. Umboðslaun til bátaábyrgðarfélaga				—	2 800 090.96
VI. Tekjuafgangur				—	1 778 953.69
				Kr.	37 180 599.79

Tekjur:

I. Vélbátaflotinn:					
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum			kr.	28 094 560.79	
÷ hluti endurtryggjenda			—	16 856 736.47	
			Kr.	11 237 824.32	
2. Iðgj. ÷ ristorno	kr.	61 409 120.44			
÷ hluti endurtryggjenda	—	41 048 452.82			
			—	20 360 667.62	
			Kr.	31 598 491.94	
Yfirfært til vara fyrir ristorno	kr.	4 200 000.00			
÷ hluti endurtr.	—	2 520 000.00			
			—	1 680 000.00	
				kr.	29 918 491.94
3. Umboðslaun				—	5 932 632.46
II. Skip landhelgisgæzlunnar:					
1. Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum			kr.	7 866 235.00	
÷ hluti endurtryggjenda			—	7 669 561.12	
			Kr.	196 673.88	
2. Iðgjöld	kr.	3 315 872.31			
÷ hluti endurtr.	—	3 250 228.64			
			—	65 643.67	
				—	262 317.55
3. Umboðslaun				—	487 534.76
III. Vaxtatekjur				—	579 623.08
				Kr.	37 180 599.79

REIKNINGUR

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1964.

Eignir:

I. Sjóður	kr.	136 743.24	
Innstæða á hlaupareikningum	—	5 426 568.03	
Innstæða á sparisjóðsbókum	—	6 608 057.17	
			kr. 12 171 368.44
II. Útistandandi skuldir			— 59 028 731.46
III. Verðbréfaeign			— 275 000.00
IV. Bifreið	kr.	283 664.00	
÷ afskrifað 1964	—	56 732.80	
			— 226 931.20
V. Skrifstofuáhöld	kr.	516 229.68	
÷ Afskrifað pr. 31. 12. 1964	—	254 697.53	
			— 261 532.15
VI. Björgunaráhöld			— 114 613.14
			Kr. 72 078 176.39

Skuldir:

I. Stofnfé ríkissjóðs			kr. 2 000 000.00
II. Skuldheimtumenn			— 30 142 393.34
III. Ógreiddur söluskattur			— 133 853.54
IV. Ógreidd húsaleiga			— 8 198.95
V. Til vara fyrir tjónum og iðgjöldum:			
Vélbátaflotinn fyrir tjónum	kr.	33 367 584.47	
Vélbátaflotinn fyrir iðgjöldum	—	4 200 000.00	
Skip Landhelgisgæzlunnar	—	100 000.00	
	Kr.	37 667 584.47	
÷ hluti endurtryggjenda	—	23 119 070.98	
			— 14 548 513.49
VI. Höfuðstóll 31. 12. 1963	kr.	23 466 263.38	
Tekjuafgangur 1964	—	1 778 953.69	
			— 25 245 217.07
			Kr. 72 078 176.39

Reykjavík, 18. ágúst 1965.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. 12. 1964 er saminn eftir bókum stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Sjóðseign, sparisjóðs- og hlaupareikningsinnstæður og verðbréfaeign hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 20. sept. 1965.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.

Árni Björnsson.

Kristján Sigtryggsson.

REIKNINGUR

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1964.

(Bráðafúadeild.)

Gjöld:

Uppgerð tjón á árinu	kr.	16 224 378.82	
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppgerðum tjónum	—	27 174 500.00	
	Kr.	43 398 878.82	
Yfirfært frá fyrra ári til vara fyrir tjónum	—	11 581 367.00	
			kr. 31 817 511.82
Rekstrarkostnaður			— 756 093.33
Afskrifað af áhöldum 12% af kr. 95 322.30			— 11 438.68
			Kr. 32 585 043.83

Tekjur:

Iðgjöld	kr. 21 727 153.89
Vaxtatekjur	— 50 424.40
Rekstrarhalli	— 10 807 465.54
	Kr. 32 585 043.83

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1964.

Eignir:

Innstæða á sparisjóðsbók	kr.	94 737.58	
Innstæða á hlaupareikn. v/ Verzlunarb. Íslands	—	1 551 471.47	
Innstæða á hlaupareikn. v/ Landsbanka Íslands	—	21 841.41	
Sjóður	—	10 157.39	
			kr. 1 678 207.85
Víxileign			— 183 762.20
Útistandandi skuldir			— 26 829 073.20
Fúavarnarefni			— 80 820.15
Skrifstofuáhöld	kr.	95 322.30	
÷ afskr. til 31. 12. 1964	—	23 730.74	
			— 71 591.56
Skuldir umfram eignir:			
Rekstrarhalli 1964	kr.	10 807 465.54	
Hrein eign 31. des. 1963	—	6 611 523.94	
			— 4 195 941.60
			Kr. 33 039 396.56

Skuldir:

Skuldheimtumenn		kr. 12 398 999.00
Ógr. söluskattur		— 756 297.67
Yfirfært til næsta árs til vara fyrir óuppg. tjónum	kr. 27 174.500.00	
Greitt upp í óuppgerð tjón	— 7 290 400.11	
		— 19 884 099.89
		Kr. 33 039 396.56

Reykjavík, 18. ágúst 1965.

Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur hinn 31. 12. 1964 er saminn eftir bókum stofnunarinnar, sem við höfum endurskoðað.
Sjóðseign og bankainnstæður hafa verið sannreyndar.

Reykjavík, 20. sept. 1965.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.
Árni Björnsson.
Kristján Sigtryggsson.

Nr. 219. 16. nóvember 1965.

AUGLÝSING
um bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958 hafa bifreiðastöður verið bannaðar á Suðurgötu að vestanverðu meðfram girðingu við dagheimili St. Jósephssystra.
Þetta tilkynnist þeim, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 16. nóvember 1965.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar hafa verið settar eftirfarandi reglur um hámarkshraða í lögsagnarumdæminu, samkvæmt heimild í 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 26 1958:

A. 45 km á klst.:
1. Á Eiðsgranda.
2. Á Hringbraut.
3. Á Miklubraut frá Miklatorgi að Kringlumýrarbraut og frá Grensásvegi að Suðurlandsbraut.
4. Á Reykjanesbraut frá Miklatorgi að takmörkum lögsagnarumdæmisins.
5. Á Suðurlandsvegi frá Laugavegi að Rauðavatni.
6. Á Skúlagötu frá Ingólfsstræti að Skúlatorgi.

B. 60 km á klst.:
1. Á Miklubraut frá Kringlumýrarbraut að Grensásvegi.
2. Á Vesturlandsvegi frá vegamótum Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar að takmörkum lögsagnarumdæmisins að norðan.
3. Á Gufunesvegi frá Vesturlandsvegi að Áburðarverksmiðjunni.
4. Á Suðurlandsvegi frá Rauðavatni að takmörkum lögsagnarumdæmisins að austan.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. nóvember 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

29. nóvember 1965. Nr. 221.

TILKYNNING

um bólusetningu gegn garnaveiki.

Landbúnaðarráðherra hefur samkvæmt 22. gr. sbr. 44. gr. laga nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfest ákvarðanir Sauðfjársjúkdómanefndar um bólusetningu gegn garnaveiki á lömbum og veturgömlu fé á Sauðárkróki og Staðarhreppi og Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Ef einhverjir fjáreigendur á þessum svæðum vanrækja að láta bólusetja fé sitt, svo sem fyrir er mælt, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að hlutast til um, að bólusetning fari fram samkvæmt gildandi fyrirmælum.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. nóvember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

um póstburðargjöld.

Samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31 frá 12. febrúar 1940, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá um póstburðargjöld.

1. Burðargjöld.

TEGUND SENDINGAR Hámark stærðar og þyngdar	Þyngd-armörk g	Innanlands Burðargj. kr. staðar	Innanlands Burðargj. kr. ríkis	Norðurlönd Burðargj. kr.	Önnur lönd Þyngd-armörk g	Önnur lönd Burðargj. kr.
Bréf.	20	4.00	5.00	5.00	20	5.50
	100	6.00	9.00	9.00	40	9.00
Hámarksstærð:	300	8.00	13.00	13.00	60	12.50
Lengd + breidd + þykkt 90 cm. Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 104 cm. Mesta lengd 90 cm.	500	10.00	18.00	18.00	80	16.00
					100	19.50
					120	23.00
					140	26.50
Hámarksþyngd 2 kg.					160	29.00
Lágmarksstærð:					hver	
10 × 7 cm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 17 cm. Minnsta lengd 10 cm.	Fyrir bréf yfir 500 g sama burðargjald og fyrir „Önnur lönd“.				20 g þar yfir	3.50
Póstkort.						
Mest 15×10.7 cm.	einf.	2.50	3.00	3.00		3.50
Minnst 10×7 cm.	tvöf.	5.00	6.00	6.00		7.00

TEGUND SENDINGAR	Burðargj. kr.
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Hámarksupphæð innanlands: Kr. 50 000.00 (símapóstávísanir kr. 25 000.00).	
Burðargjald: Fyrir upphæð allt að 200 kr.	6.00
„ „ yfir 200 kr. „ „ 500 „	7.50
„ „ „ 500 „ „ „ 1000 „	10.00
fyrir hverjar 1000 kr. eða minna þar yfir	5.00
b. Til annarra landa:	
Burðargjald: Fyrir upphæð allt að 200 kr.	6.50
fyrir hverjar 200 kr. eða minna þar yfir	1.00
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	

Prent.						
Stærð sama og bréfa.	50	2.50	2.50	2.50	50	2.50
(Prentkort sama stærð og	hver				hver	
póstkort)	50 g				50 g	
Hámarksþyngd 3 kg.	þar				þar	
Bækur þó 5 kg.	yfir	1.20	1.20	1.20	yfir	1.20
Sýnishorn.	50	2.50	2.50	2.50	50	2.50
Stærð sama og bréfa.	hver				hver	
Hámarksþyngd 500 g.	50 g				50 g	
	þar				þar	
	yfir	1.20	1.20	1.20	yfir	1.20
Minnsta gjald		4.00	5.00	5.00		5.50
Smápakkar (aðeins til útlanda)						
Stærð sama og bréfa.	hver				hver	
Hámarksþyngd 1 kg.	5 0g			2.50	50 g	2.50
Minnsta gjald				11.00		11.00
Innrituð blöð og tímarit.						
Innritunargjald kr. 300,00.						
Árgjald kr. 75,00						
Stærð sama og bréfa.	hver					
a) Til umboðsm. (minnst 50 eint.	500 g	2.00	3.50			
til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.						
b) Til áskrifenda. Hámarksþyngd	20	0.50	0.70			
500 g hvert eint.	100	0.80	1.00			
Sérstakar reglur gilda um afslátt	hver					
af burðargjaldi léttra blaða	100 g					
	þar					
	yfir	0.80	1.00			

Póstkröfur.

Hámarksupphæð sama og póstávísana.

Burðargjald sendingar eftir tegund.

a. Innanlands og til Norðurlanda:

Burðargjald eins og fyrir póstávísun.

Póstkröfugjald. 4.00

b. Til annarra landa,

Burðargjald: Fyrir upphæð allt að 100 kr. 9.50

fyrir hverjar 100 kr. eða minna þar yfir 0.50

Almennir bögglar (innanlands):

Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 10×7 cm): Þyngd 20 kg mest. Stærð 1.25 m mest á einhvern veg eða að rúmmáli 60 dm^3 allt að 5 kg, 80 dm^3 yfir 5 kg allt að 10 kg, 100 dm^3 yfir 10 kg allt að 15 kg og 120 dm^3 yfir 15 kg.

Burðargjald (ríkistaxti): a. Fastagjald: á böggul. 10.00

b. Burðargj. eftir þyngd: fyrir hvert kg eða minna. 7.00

Staðartaxti: Hálfur ríkistaxti. Fyrir rúmfreka og brothætta böggla greiðist 50% viðbótargjald.

Um burðargjald fyrir böggla til útlanda fást upplýsingar á pósthúsunum.

Verðbréf og -bögglar.

Burðargjald sendingar eftir tegund.

Skrásetningargjald 6.00

Tryggingargjald.

Fyrir hverjar 3000 kr. eða minna þar yfir 7.00

Loftbréf: Söluverð kr. 7.00. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggjalds til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

2. Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	6.00 kr.
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	6.00 kr.
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem er daglegur útburður	13.00 kr.
Móttökukvittun	6.00 kr.

Talning í verðbréfi innanlands: Kr. 15.00 hver sending.
Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 7.00. Skiptiverð í frímerkjum kr. 5.50.
Fyrirframgreiðsl.. eftir frankóseðli: Kr. 8.00.
Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: Kr. 8.00.
» meðferð böggla: Kr. 14.00.
Gjald fyrir að búa um böggla á ný: Kr. 7.00
Geymslugjald böggla: 5.00 kr. á dag, hámarksgjald kr. 140.00.
Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 5.00.
Afhendingargjald smápakka: Kr. 7.00

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 350.00 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 1000.00 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafizt innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. janúar 1966.
Samtímis fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um póstburðargjöld frá 17. september 1963.

Póst- og símamálaráðherrann, 13. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar eru eftirfarandi reglur settar:

A. Glerárgata: Á vestari akbraut er einstefnuakstur til norðurs, á þeirri austari til suðurs.
B. Gatnamót Glerárgötu—Eyrarvegur: Akstur inn á Glerárgötu bannaður.
C. Gatnamót Glerárgata—Fjólugata: Akstur inn á Glerárgötu bannaður, einstefna til austurs á Fjólugötu.
D. Glerárgata—Smáragata: Akstur inn á Glerárgötu bannaður, nema lögreglu og slökkviliði.
E. Glerárgata—Eiðsvallagata: Eiðsvallagata lokuð að vestan. Viðeigandi umferðamerki hafa verið sett.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 3. desember 1965.

Sigurður M. Helgason,
settur.

8. desember 1965. Nr. 224.

AUGLÝSING

um löggildingu lyfseðlasafns danska lyfsalafélagsins DAK-præparater 1963 á Íslandi.

Frá og með 1. apríl 1966 skal lyfseðlasafn danska lyfsalafélagsins, DAK-præparater 1963, 8. útgáfa 1965, með viðbótum, vera gilt lyfseðlasafn á Íslandi, þó að undanteknum þeim leiðbeiningum og upplýsingum, sem fylgja sumum forskriftanna neðanmáls undir fyrirsögninni Kommentar.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

20. desember 1965. Nr. 225.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 1 við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

Frá og með 1. janúar 1966 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 1, útgefnar í dag, við sérlyfjaskrá útgefna 30. september 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um innflutning og sölu sérlyfja handa dýrum.

Í framhaldi af auglýsingu um útgáfu sérlyfjaskrár, innflutning sérlyfja og sölu birgða óskráðra sérlyfja, nr. 199 30. september 1965, er hér með, með vísun til 66. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963, veitt undanþága frá ákvæðum framangreindrar auglýsingar um gildistöku sérlyfjaskrár, til að flytja inn til 1. júlí 1966 óskráð sérlyf handa dýrum, enda séu þau greind í Lyfjaverðskrá III, Dýralyf, kafla B, sérlyfjaskrá frá 15. október 1965, og jafnframt veitt undanþága til að selja til 1. janúar 1968 þær birgðir óskráðra sérlyfja, sem sannanlega eru tollafgreiddar fyrir 1. júlí 1966 og greind eru í nefndri Lyfjaverðskrá III.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

Nr. 227. 27. desember 1965.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 22. desember 1965 og innheimta á árinu 1966 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum frá 22. desember 1965.
c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reiknað þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1965.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um innheimtu sérstaks gjalds af gjaldeyrissölu bankanna.

Í 10. gr. laga um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. nr. 30 25. maí 1960, sbr. lög nr. 92 22. desember 1965, er heimiluð innheimta á allt að 0.5% gjaldi af allri gjaldeyrissölu bankanna. Með stoð í heimild þessari hefur viðskiptamálaráðuneytið ákveðið, að bankarnir skuli frá 1. janúar 1966 innheimta fyrir hönd ríkissjóðs 0.5% gjald af andvirði alls selds gjaldeyris að undanskildum námsgjaldeyri.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. desember 1965.

Þórhallur Ásgeirsson.

Halldór Jónatansson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960, um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.

1. gr.

52. gr. orðist svo:
Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu vera:

A. Prófgjöld.

1.	Almennt bifreiðastjórapróf	kr. 200.00
2.	Bifhjólapróf	— 150.00
3.	Próf skv. 38. gr. (reiðhjól með hjálparvél)	— 50.00
4.	Próf skv. 39. gr. (dráttarvél)	— 100.00
5.	Ökukennarapróf	— 750.00

B. Skírteinagjöld.

1.	Leyfisbréf til ökukennslu	kr. 200.00
2.	Ökuskírteini bifreiðastjóra	— 100.00
3.	Skírteini til aksturs bifhjóls	— 75.00
4.	Leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél	— 50.00
5.	Leyfi til að stýra dráttarvél	— 50.00

Um gjöld fyrir endurnýjun skírteina fer samkvæmt B-lið 1.—5.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi 1. janúar 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 18 5. febr. 1964, um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13 26. sept. 1958.

1. gr.

Breyting á 11. gr. samþykktarinnar, 3., 4. og 5. mgr. 7. tölulið 11. gr. orðist svo:

Dagpeningar nema eftirfarandi grunnupphæðum að viðbættri verðlagsuppbót samkv. lögum, þó þannig, að grunnupphæð með verðlagsuppbót skal jafnan hækkuð eða lækkuð í næstu heila krónu, þegar um fullorðina er að ræða, en í næstu hálfa krónu, þegar um börn er að ræða.

Fullir dagpeningar:

a.	Fyrir kvæntan mann, eða gifta konu sem er aðalfyrirvinna heimilis	kr.	105.00
b.	Fyrir aðra	—	93.00
c.	Fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með, bætist við	—	12.00
	Dagpeningar, þegar sá, er dagpeninga nýtur, dvelst í sjúkrahúsi á kostnað samlagsins, en hefur ekki á heimili sínu fyrr öðrum að sjá:		
d.	Fyrir einstakling	—	31.00
e.	Fyrir hvert barn, sbr. c-lið, bætast við	—	4.00
	Dagpeningar, þegar sá er dagpeninga nýtur, dvelst í sjúkrahúsi og hefur á heimili sínu fyrir öðrum að sjá:		
f.	Fyrir kvæntan mann eða gifta konu sbr. a-lið	—	70.00
g.	Fyrir aðra	—	62.00
h.	Fyrir hvert barn, allt að þrem, sbr. c-lið, bætast við	—	8.00

Framangreind breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40, 30. apríl 1963, um almannatryggingar til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing dags. 8. febr. 1962, um sama efni.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1965

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.60 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.40 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 23.00 á ári, af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 17.00 á mánuði, af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 8.50 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.30 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 16.00 á m² gólfflatar. Fastagjald skal reikna eftir sömu reglum sem gilda um lið A2.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

a. Grunngjald	kr. 1290.00 á ári.
b. Aflgjald af notuðu afli	— 1290.00 á kw á ári.
c. Orkugjald	— 0.35 á kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðarmótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

a. Grunngjald ..... kr. 1290.00 á ári.
b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla ..... — 984.00 á ári.
c. Orkugjald ..... — 0.35 á kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 28 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 17 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
b. Verðið breytist með útsöluverði á díselolíu á Selfossi, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1930.00 verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 70.00 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annast viðhald þeirra, og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.00 hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.30 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 eða um tvígjaldsmæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og 70 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.40 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni ..... kr. 8.00 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni ..... — 13.00 – —
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A ..... — 18.00 – —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug ..... kr. 1400.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug ..... — 2100.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 m, skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 146 6. ágúst 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. nóvember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 23 á ári, af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 18 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 9 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.
   Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500 fyrir hvert kw. í málraun véla.
   Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 16 á m² gólfflatar. Fastagjald skal reikna eftir sömu reglum sem gilda um lið A2.
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
   a. Grunngjald ..... kr. 1290 á ári.
   b. Aflgjald af notuðu afli ..... — 1290 á kw. á ári.
   c. Orkugjald ..... — 0.35 á kwst.

   Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðamótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung. Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.
3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
   a. Grunngjald ..... kr. 1290 á ári.
   b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla ..... — 984 á ári.
   c. Orkugjald ..... — 0.35 á kwst.
   Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Hitun.

1. Um kwst.mæli á 28 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 17 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9. Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

a Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu á Stokkseyri, þannig, að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1930 verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 70 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, kostar þá notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.10 hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.40 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 9 eða um tvígjaldsmæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9 og 70 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til kl. 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A. og minni ..... kr. 8 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A. og minni ..... — 13 á mán.
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A. og til 100 A. ..... — 18 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunngjald af loftlínuheimtaug ..... kr. 1400.00
2. Grunngjald af jarðlínuheimtaug ..... — 2100.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 m., skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu styztu greiðfæra leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Stokkseyrar nr. 148 7. ágúst 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 23 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 18 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 9 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.
   Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500 fyrir hvert kw. í málraun véla.
   Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 16 á m² gólfflatar. Fastagjald skal reikna eftir sömu reglum sem gilda um lið A2.
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
   a. Grunngjald ..... kr. 1290 á ári.
   b. Aflgjald af notuðu afli ..... — 1290 á kw. á ári.
   c. Orkugjald ..... — 0.35 á kwst.

   Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðamótum. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung. Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.
3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
   a. Grunngjald ..... kr. 1290 á ári.
   b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla ..... — 984 á ári.
   c. Orkugjald ..... — 0.35 á kwst.

   Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Hitun.

1. Um kwst.mæli á 28 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 17 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

a Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Hveragerði, þannig, að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1930 verði á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 70 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, kostar þá notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.10 hverja kwst., enda sé notkunin seld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 2.40 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til kl. 9 eða um tvígjaldsmæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 9 og 70 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til kl. 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir rafmagnsnotkun um heimtaug skal vera kr. 1200 á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur í fyrsta mánuði næsta árs.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A. og minni ..... kr. 8 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A. og minni ..... — 13 á mán.
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A. og til 100 A. ..... — 18 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunngjald af loftlínuheimtaug ..... kr. 1400.00
2. Grunngjald af jarðlínuheimtaug ..... — 2100.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 m., skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu styztu greiðfæra leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá um sama efni, nr. 147 6. ágúst 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 23.00 á ári, af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.10 hverja kwst., auk fastagjalds er nemi kr. 18.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 9.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

   Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m^2 skal telja sem hálft, en stærra en 25 m^2 sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2, má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 500.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.

   Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 16.00 á m^2 gólfflatar. Fastagjald skal reikna eftir sömu reglum sem gilda um lið A2.
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:
   a. Grunngjald ..... kr. 1290 á ári
   b. Aflgjald af notuðu afli ..... kr. 1290 á kw. á ári
   c. Orkugjald ..... kr. 0.35 á kwst.

   Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðarmótum. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung.

   Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.
3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
   a. Grunngjald ..... kr. 1290.00 á ári.
   b. Fastagjald á hvert kw. í málraun véla ..... kr. 984.00 á ári.
   c. Orkugjald ..... kr. 0.35 á kwst.

   Mælisleiga er innifalin í grunngjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8, Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 28 aura hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 17 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:

a. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.
b. Verðið breytist með útsöluverði á dísilolíu á Eyrarbakka, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1930.00 á olíutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á lið D1 og 0.6 eyri hver kwst. á lið D2 fyrir hverjar fullar 70.00 kr., sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, kostar notandinn þá tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 1.10 hverja kwst., enda sé notkunin seld á sérmæli og suðutækin fasttengd.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.40 hverja kwst.
3. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9, eða um tvígjaldsmæli á 35 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og 70 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22, enda megi rjúfa strauminn í allt að 4 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, þó eigi lengur en 2 klst. í senn.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst., og annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er ákvörðun hans skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni ..... kr. 8.00 á mán.
2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A, og minni ..... kr. 13.00 á mán.
3. Af þrífasa kwst.mælum yfir 50 A og til 100 A ..... kr. 18.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunngjald af loftlínuheimtaug ..... kr. 1400.00
2. Grunngjald af jarðlínuheimtaug ..... — 2100.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu styztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartenginu lokinni.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 50.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt 50.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins. Enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir rafveitu Eyrarbakka nr. 153 16. ágúst 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ
um sjúkrahjálp.

1. gr.

Heimilt er að halda uppi námskeiðum í sjúkrahjálp í þeim sjúkrahúsum landsins, sem ráðherra veitir heimild til slíks námskeiðshalds, að fengnum meðmælum landlæknis. Leyfi þetta skal veitt samkvæmt tillögum landlæknis, þegar ríkissjúkrahús eiga í hlut, en samkvæmt umsókn hlutaðeigandi sjúkrahússtjórnar, þegar önnur sjúkrahús eiga í hlut.

Sjúkrahús, sem hefur hlotið leyfi til að halda námskeið í sjúkrahjálp, sér að öllu leyti um námskeiðsreksturinn og ber á honum ábyrgð gagnvart heilbrigðisstjórn. Forstöðukona (yfirhjúkrunarkona) hvers sjúkrahúss veitir forstöðu námskeiðum þeim, sem haldin eru á sjúkrahúsi hennar. Kennsluna annast hjúkrunarkonur og læknar.

2. gr.

Tilgangur náms í sjúkrahjálp er að þjálfa fólk til að vinna einföld hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvenna.

3. gr.

Halda má sem svarar einu námskeiði á ári í hverju sjúkrahúsi, sem námskeiðsleyfi hefur, og stendur hvert námskeið 8 mánuði. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Námsefni og námstilhögun skal ákveðið í sérstakri námsskrá, sem ráðherra setur um slíkt nám, að fengnum tillögum landlæknis.

4. gr.

Inntökuskilyrði á námskeið skulu vera lokapróf skyldunámstigsins og að nemandi sé ekki yngri en 17 ára og ekki eldri en 50 ára, þegar námskeiðið hefst. Hann skal auk þess sýna heilbrigðisvottorð og siðferðisvottorð, sem sjúkrahúsið tekur gild.

5. gr.

Hverju námskeiði lýkur með prófi, og skulu einkunnir gefnar í orðum samkvæmt nánari ákvæðum um próf í námsskrá. Nemandi, sem stenzt próf, hlýtur starfsheitið sjúkraliði. Sjúkraliði hefur rétt til að vinna hjúkrunarstörf í samræmi við ákvæði námsskrár um námsefni, en ekki önnur störf. Honum er óheimilt að stunda sjálfstæð hjúkrunarstörf.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við námskeið á sjúkrahúsum, sem rekin eru af ríki. Við önnur sjúkrahús greiðir ríkissjóður laun fyrir kennslu, sem fram fer í reglulegum kennslustundum samkvæmt ákvæðum námsskrár, svo og styrk til kaupa á nauðsynlegum kennslutækjum eftir tillögum landlæknis. Ekki er þó skylt að greiða framangreindan kostnað, ef þátttakendur í námskeiði eru færri en 6.

7. gr.

Nemendum í sjúkrahjálp skulu á námstímanum greidd 60% af launum sjúkraliða og einnig skal sjúkrahús það, sem heldur námskeið, leggja nemendum til frían búning, er þeir skulu klæðast, svo og þvott á honum.

8. gr.

Sjúkraliðar, sem starfa í ríkissjúkrahúsum, skulu vera ríkisstarfsmenn og taka laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga, nr. 42 12. maí 1965, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. nóvember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 236. 25. nóvember 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. nóv. 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð.

1. gr.

Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð er stofnað af Varmahlíðarfélaginu í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Menningarsetur Skagfirðinga í Varmahlíð er sjálfseignarstofnun, sem rekin verður undir yfirstjórn og á ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu fyrir hönd sýslusjóðs.

3. gr.

Stofnuninni eru í upphafi lagðar til þessar eignir:

a. Jörðin Reykjarhóll í Seyluhreppi, ásamt nýbýlinu Varmahlíð með öllum húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum, þar með töldum jarðhita í Reykjarhólslandi, eins og Varmahlíðarfélagið hefur eignazt eignina samkvæmt afsali frá ríkisstjórninni, dags. 7. nóvember 1941, svo og með þeim húsum og öðrum mannvirkjum, sem síðan hafa verið reist og eru eign félagsins, en það er hluti félagsins á móti ríkissjóði í sundlaug með búningsklefum og veitingahúsi, eins og það var áður en endurbætur fóru fram 1957. Eign þessi afhendist í því ástandi, sem hún nú er í, og með áhvílandi veðskuldum og öðrum skuldbindingum, sem á eigninni hvíla.
b. Söngskólasjóður Varmahlíðar, gefinn af hjónunum Guðrúnu Björnsdóttur og Þormóði Eyjólfssyni, Siglufirði.
c. Innstæða Varmahlíðarfélagsins í Sparisjóði Sauðárkróks í bók nr. 2834, að fjárhæð kr. 24 387.86, auk vaxta frá 1. jan. 1958.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að hafa forgöngu um og stuðla að aukinni menningar- og félagsmálastarfsemi í Skagafjarðarsýslu.

Tilgangi sínum hyggst stofnunin ná m. a. með eftirtöldu:

a. Að stuðla að stofnun héraðsskóla í Varmahlíð.
b. Að stuðla að því að reistur verði þar heimavistarbarnaskóli, sem rekinn verði fyrir sem flesta hreppa sýslunnar.
c. Að vinna að byggingu félagsheimilis í Varmahlíð og leita um það samvinnu við sveitarfélög og áhugafélög í sýslunni.
d. Að stuðla að sem beztri umferðaþjónustu með því að sjá um, að haldið verði uppi í Varmahlíð veitinga- og gistihúsi, ásamt sem beztri aðstöðu til síma- og póstþjónustu.
e. Að efla og styðja hvers konar aðra menningarstarfsemi, eftir því sem talið verður bezt henta á hverjum tíma, þar á meðal söngmálastarfsemi í samræmi við ákvæði gjafabréfs hjónanna frú Guðrúnar Björnsdóttur og Þormóðs Eyjólfssonar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn og jafnmargir til vara, kosnir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, á næsta sýslufundi eftir afstaðnar sýslunefndarkosningar, til 4 ára í senn.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórnin annast allan rekstur stofnunarinnar. Hún getur ráðið sér framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, og getur falið þeim verkefni eftir því sem þurfa þykir.

Stjórnin skal gera grein fyrir störfum sínum og semja fyrir hvert almanaksár rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir stofnunina og leggja þá árlega fyrir aðalfund sýslunefndar, endurskoðaða af endurskoðendum, kjörnum af sýslunefnd.

Sýslunefnd úrskurðar síðan reikningana.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar semur árlega fjárhagsáætlun, sem skal lögð fyrir aðalfund sýslunefndar.

8. gr.

Reikningar stofnunarinnar skulu árlega birtir í sýslufundargerð með öðrum reikningum, sem tilheyra sýslusjóði.

9. gr.

Nú þykir nauðsyn til bera að breyta skipulagsskrá þessari, og fer þá um þá breytingu sem hér segir:

Tillaga um breytingu verður að vera borin fram á aðalfundi sýslunefndar af minnst 5 sýslunefndarmönnum, og fáist samþykki meiri hluta sýslunefndar á þeim fundi fyrir þeirri tillögu, skal sýslunefndin leita álits allra sveitarstjórna sýslunnar um málið.

Skal breytingartillagan síðan lögð fyrir aðalfund sýslunefndar næsta ár á eftir, og hljóti hún þá samþykki $\frac{2}{3}$ hluta sýslunefndarmanna, skal breytingin öðlast gildi.

Þó má aldrei breyta megintilgangi stofnunarinnar skv. 1. mgr. 4. gr.

10. gr.

Leita skal staðfestingar réttra stjórnarvalda á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða gerðar síðar.

Skagafirði, júní 1958.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs Þ. Ágústssonar, skátaforingja í Njarðvíkum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. desember 1965.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ólafs Þ. Ágústssonar, skátaforingja í Njarðvíkum.

1. gr.
Sjóðurinn nefnist: Minningarsjóður Ólafs Þ. Ágústssonar skátaforingja.

2. gr.
Sjóðurinn er stofnaður af þátttakendum og leiðbeinendum á Gilwellnámskeiði fyrir skátaforingja, sem haldið var á Úlfljótsvatni í september 1964.

3. gr.
Tilgangur sjóðsins er að styrkja æðri foringja í Skátafélaginu Víkverjar í Njarðvíkum til að afla sér foringjaþjálfunar.

4. gr.
Stofnfé sjóðsins er kr. 5 000.00, sem stjórn sjóðsins er skylt að ávaxta á sem hagkvæmastan hátt, og skal þá hafa hliðsjón af breytilegu verðlagi.

5. gr.
Öllum er heimilt að styrkja sjóðinn með gjöfum.

6. gr.
Stofnfé sjóðsins má ekki skerða en heimilt skal stjórn sjóðsins að nota allt að ¾ vaxta samkvæmt 3. gr. ¼ vaxta ásamt gjöfum skulu leggjast við stofnfé sjóðsins, unz sjóðurinn hefur fimmfaldazt. Má þá nota vexti alla.

7. gr.
Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn. Skulu það vera félagsforingi Víkverja og tveir aðrir, kosnir til 3 ára, annar af stofnendum, hinn af fjölskyldu hins látna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.
Stjórnin skal halda gerðabók sem í skal skráð:
1. Skipulagsskrá sjóðsins.
2. Styrkveitingar.
3. Tekjur og gjöld.
4. Önnur mál er sjóðinn varða.

9. gr.
Stjórninni skal skylt að láta löggiltan endurskoðanda líta yfir reikninga á 2 ára fresti.

10. gr.
Skipulagsskrá þessi skal staðfest af Forseta Íslands (Verndara íslenzkra skáta) og öðlast hún þá gildi. Skal hún síðan birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár samkvæmt mati yfirmatsmanna hinn 4. desember 1965.

	Einingar.		Einingar.
Hjaltabakki	9	Grímstunga	67
Skinnastaðir	14	Haukagil	54
Akur	62	Saurbær	39
Stóra Giljá, Beinakelda I og Beinakelda II	9	Ás	34
Litla Giljá	4	Ásbrekka	19
Hnausar	67	Brúsastaðir	8
Bjarnastaðir	33	Snæringsstaðir	5
Másstaðir	10	Undirfell	11
Hjallaland	11	Nautabú	12
Hvammur	20	Kornsá	10
Eyjólfsstaðir	11	Gilsstaðir	10
Bakki	5	Flaga	10
Hof	33	Helgavatn	11
Kötlustaðir	9	Hnjúkur	8
Gilá	17	Breiðabólstaður	7
Marðarnúpur	6	Miðhús	5
Guðrúnarstaðir	2	Vatnsdalshólar	66
Kárdalstunga	2	Sveinsstaðir	74
Þórormstunga	28	Steinnes	27
Sunnuhlíð	31	Leysingjastaðir	8
Forsæludalur	32	Þingeyrar	100
		Samtals	1000

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

6. desember 1965. Nr. 239.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga nr. 159 20. sept. 1962.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur Kjaradóms samkvæmt síðari málslið 14. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 29. desember 1965.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felldur 4. töluliður ákvæða til bráðabirgða í reglugerð um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, nr. 107 13. maí 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 6. desember 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 240. 10. desember 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Varasjóð Sparisjóðs Húsavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. desember 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Varasjóðs Sparisjóðs Húsavíkur, Húsavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur. Sparisjóður Húsavíkur var stofnaður 14. desember árið 1895 og starfaði til 31. desember 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur, eins og hann var, þegar útibú Landsbanka Íslands yfirtók rekstur sparisjóðsins, eða um 2 milljónir króna.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til framfara og menningarmála í Húsavík og nærsveitum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir fimm menn: Bæjarfógetinn í Húsavík — sýslumaður Þingeyjarsýslu —, bæjarstjórinn í Húsavík, formaður Kvenfélagasambands Suður-Þingeyjarsýslu, prófasturinn í Suður-Þingeyjarsýsluprófastdæmi og útibússtjóri Landsbanka Íslands, Húsavík.

Fyrstu stjórn sjóðsins skal útibússtjóri kalla til fyrsta fundar og kýs stjórnin sér þá formann til fjögurra ára og skiptir með sér verkum til sama tíma.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram, þegar stjórn sjóðsins telur ástæðu til, þó ekki oftar en einu sinni á ári.

Eigi má úthluta meiru en helmingi árstekna sjóðsins, þar til höfuðstóll hans er orðinn 3 milljónir króna, en þá má úthluta allt að tveim þriðju hlutum árstekna hans. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Nú telur sjóðsstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta árstekna, sem veita má til styrkja samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, og getur hún þá annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt þær til síðari úthlutunar, en þó eigi lengur en tvö ár.

6. gr.

Allt fé sjóðsins skal ávaxtað í útibúi Landsbanka Íslands, Húsavík, og skal útibúið annast reikningsfærslu fyrir sjóðinn, eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, enda náist samkomulag þar um.

7. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir þannig: Bæjarstjórn Húsavíkur kýs einn mann og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu einn mann. Skulu þeir kosnir af hverri nýkjörinni bæjarstjórn og sýslunefnd og skal kosning þeirra gilda jafn lengi og viðkomandi bæjarstjórn og sýslunefnd situr. Reikningar sjóðsins skulu sendir árlega til eftirlitsmanns opinberra sjóða.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi stofnfjáreigenda Sparisjóðs Húsavíkur hinn 24. nóvember 1965.

13. desember 1965. Nr. 241.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1.	Fyrir 1 línu með 1 venjulegu talfæri	kr. 4000.00
2.	— hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	— 1200.00
3.	— aukabjöllu (venjulega)	— 500.00
4.	— tengil (með rafvökum)	— 450.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofannefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrirfram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Afnotagjöld á ársfjórðungi (í kr.)

I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.

Stöðvar Afgreiðslutími símtala á virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	350	280	210
4 —	470	380	280
6 —	530	420	320
8 —	590	470	350
10 —	640	500	380
12 —	660	520	400
14 —	680	540	430
16 —	700	570	450
24 —	750	590	470

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að framan getur, bætast við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar, upphæð sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka, fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

II. Fyrir aukabúnað.

1.	Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	kr. 180.00
2.	— — — — annars staðar í sama húsi	— 240.00
3.	— — — — í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	
4.	— hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi	— 30.00
5.	— hvern tengil (með rafvökum)	— 40.00

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

III. Almenn ákvæði.

Ofannefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 45% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að áliti símstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímatækjum.

1. Milli húsa við sömu símstöð, fyrir hvert talfæri með línu ..... kr. 2000.00
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
   a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð ..... — 400.00
   b. Annars staðar í sama húsi ..... — 700.00
3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar ..... — 3000.00

Ofannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1400.00.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera símnotandi, og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 400.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhald á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssímastöð, greiðist tengigjald, sem nemur 60% af afnotagjaldi fyrir sérlínu frá sömu stöð.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með talfæri ..... kr. 5000.00
2. — 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli) — 1200.00
3. — 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli) ..... — 1800.00
4. — venjulega aukabjöllu ..... — 500.00
5. — tengil ..... — 400.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálasjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofnsgjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni símstöð og óskar samtímis eftir nýjum síma við aðra símstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða með öðrum orðum flytur til annarrar símstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

1. Ársfjórðungsgjöldin fara eftir útförnum símtalafjölda (teljaraskrefum) og eru:
   a. Kr. 1.30 fyrir hvert teljaraskref á símtalateljara hlutaðeigandi símanúmers. Lágmarksgjald á ársfjórðungi kr. 750.00 en með samþykki ráðherra má þó lækka það á smástöðvum (undir 100 númerum).
   b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma greiðist aukalega kr. 300.00 á ársfjórðungi. Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

   Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

   Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

   Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef símí

þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

Notendur mega ekki selja eða leigja afnot af símum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr. 100.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 240.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi innan 1 km fjarlægðar frá símstöð, en annars bætist línuleiga við skv. VIII kafla B	— 400.00
— 1 tengil	— 20.00
— venjulega aukabjöllu	— 25.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa nú miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig.
   a. Línugjald frá símstöð til miðstöðvarborðs eftir samtalsfjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.
   b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:
      kr. 80.00 fyrir handvirk borð (CB).
      — 200.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).
      Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.
   c. Talfæragjald: kr.210.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.
      Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.
4. Fyrir ný skiptiborð, önnur tæki, línur eða sérbúnað, en að framan greinir, verða afnotagjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa á svæði sömu símstöðva, fyrir hvert venjulegt talfæri (Flutningsgjald greiðist að fullu,, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)	kr. 2500.00
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:	
a. Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð	— 400.00
b. Annars staðar í sama húsi	— 700.00
3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	— 3750.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða á öðrum áhöldum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1400.00, ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1800.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 400.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 2800.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í II. kafla A, en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.
3. Landssíminn viðheldur og rekur símann, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

a. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við:

Stöðvar Afgreiðslutími á virkum dögum		
2 std.	kr.	170.00
4 —	—	220.00
6 —	—	270.00
8 —	—	310.00
10 —	—	330.00
12 —	—	340.00
14 —	—	360.00
16 —	—	380.00
24 —	—	400.00

b. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í II. kafla B.

4. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
5. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
6. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu, Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
7. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

8. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
9. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.
10. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

    Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
11. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Radíótæki.

A. Almenn ákvæði.

1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt IV. kafla A. 12., skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt IV. kafla A. 12. Ferðakostnað vegna eftirlits þessa ber leyfishafi.
3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi sendistöðvar aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, í samræmi við IV. kafla A. 12.
4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðleg-

um, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörzlu.

6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.
7. Reikningar, vegna viðgerða, skulu greiddir innan loka næsta mánaðar, eftir að verkið var framkvæmt.
8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um kerfi póst- og símamálastjórnarinar, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðist innan 10 daga frá framvísun reiknings.
9. Hafi áfallin gjöld, vegna þessarar þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsiglunar, ber leyfishafi.
11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru sem hér segir á ári:

a.	Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött	kr. 400.00
b.	Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni	— 200.00
c.	Leyfisbréf, önnur radíótæki en sendar	— 60.00
d.	Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis yfir 100 wött	— 800.00
e.	Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis 100 wött eða minni	— 500.00
f.	Eftirlitsgjald árlega, fyrir hvern sendi umfram einn	— 30.00
g.	Eftirlitsgjald árlega, fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns. Sama gjald er fyrir ferðastöðvar	— 250.00
h.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 500.00
i.	Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis	— 500.00

13. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

B. Radíótæki á leigu.

1. Óski einhver að taka á leigu loftskeytastöð eða talstöð og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til sendi- og viðtæki, af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leigð starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.
2. Póst- og símamálastjórnin annast viðhald og ber kostnað vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaða, straumbreyta, lampa og transistora, en kostnað af því ber leigu-

taki. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða og viðhalds tækjanna, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða.

3. Óski leigutaki, að viðgerð sé flýtt sérstaklega, ber honum að greiða ferðakostnað og annan aukakostnað, er af því hlýzt. Sömuleiðis ber leigutaki kostnað af því, ef viðgerð er framkvæmd eftir hans ósk, utan venjulegs dagvinnutíma.
4. Öll radíótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera vátryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki- sem póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
5. Stofngjald fyrir radíótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrirfram og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta og minni en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
6. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, ef sérstaklega stendur á, t.d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l. Nánar er að því vikið síðar. Sömuleiðis má stytta leigutímann, ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegum stofngjöldum og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.
7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vega skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
8. Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur póst- og símamálastjórnin:
   a. Innsiglað senditækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu.
   b. Tekið tækin í sína vörzlu, án undangenginnar innsiglunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan loka næsta mánaðar eftir að viðgerð fór fram.

Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó miðað við lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta talstöðva- og loftskeytastöðvagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að við lagðri lokun símans.

9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja firðtalstöð til viðviðskipta við eigin skip eða báta. Lætur þá póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té sendi- og viðtæki og sér um uppsetningu á tækjunum. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftirá mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með hæfilegum fyrirvara.
10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða mánaðarleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigu-stöðvarnar. Sömuleiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu lítil senditæki (walkie-talkie), ætluð til viðskipta um stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími 2 vikur, annars miðað við mánaðarleigu. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var í er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum. Sömuleiðis ber leigutaka að sjá um vátryggingu tækjanna á sinn kostnað.
11. Póst- og símamálastjórnin gefur út sérstaka gjaldskrá yfir leigukjör radíótækja o. fl. Leigukjör fyrir radíótæki, sem ekki er getið um í þeirri gjaldskrá, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.
12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu firðtalstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

1. gr.

Stöðvar þessar eru með tvennu móti:

A. Stöðvar, sem landssíminn starfrækir.
B. — — leigutaki —

2. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutíðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

3. gr.

Um talstöðvar leigutaka mega ekki fara fram önnur viðskipti en þau, er beinlínis varða atvinnurekstur hans, svo sem:

a. veðurfréttir og ástand vega,
b. tilkynningar um komu- og brottfarartíma,
c. tilkynningar um bilanir eða breytingar á áætlun,
d. tilkynningar um viðgerðir, áríðandi varahluti eða aðra þjónustu við farstöðvarnar,
e. tilkynningar varðandi breyttar þarfir farþega og ökumanna, er orsakast af óumflýjanlegum breytingum á áætlun.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leigutaki og umboðsmenn hans.

4. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 3. gr., skulu afgreidd um stöðvar landssímans og hið almenna símakerfi.

5. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum og skulu þeir hafa skírteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6. gr.

Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

7. gr.

Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8. gr.

Leigutaki ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

9. gr.

Gjöld fyrir viðskipti milli bifreiða (og annarra landfarstöðva) og framangreindra stöðva eru innifalin í leigu senditækja bifreiðinna (landfarstöðvanna), séu þau í eigu póst- og símamálastjórnarinnar. Sé sendistöð bifreiðarinnar (landfarstöðvarinnar) eign leyfishafa, greiðir hann viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

Gjöld fyrir viðskipti um fjarskiptastöðvar póst- og símamálastjórnarinnar eru einnig innifalin í leigunni, ef þau eru innan sama innanbæjarsímakerfis og viðkomandi fjarskiptastöð, og efnislega samkvæmt 3. gr. þessara reglna.

Gjöld fyrir viðskipti út fyrir þetta innanbæjarsímakerfi greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir langlínuviðskipti.

V. KAFLI

Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru í höfuðatriðum sem hér segir fyrir hver 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl (handvirk afgreiðsla):

Um	0— 10 km	línulengd	.....	kr. 8.00
—	10— 25 —	—	.....	— 13.00
—	25—100 —	—	.....	— 19.00
—	100—225 —	—	.....	— 25.00
—	225—350 —	—	.....	— 30.00
	Yfir 350 —	—	.....	— 36.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamálastjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsgjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólginn í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofannefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 4.00 innan 100 km vegalengdar, kr. 8.00 þar yfir. Kvaðningsgjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki. Kvaðningsgjald reiknast ávallt við símtöl um leiðir, þar sem er sjálfvirkt langlínusamband fyrir.
5. Boðsending: kr. 13.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símstöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.
6. Afturköllun símtals: kr. 3.00.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radíó-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar milli íslenzkra skipa og lands, samanlagt fyrir hvert viðtalsbil:

a. Landlínugjald kr. 13.00.
b. Strandargjald kr. 25.00, ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 50.00.
c. Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur gjald fyrir slík símtöl, og getur það verið mismunandi fyrir hvert skip.

Gjöld fyrir símtöl við, erlend skip fara eftir alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: kr. 2.40 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 24.00.
2. Innanbæjarskeyti: kr. 1.40 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 14.00.
3. Blaðaskeyti: 50 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 15.00.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 48.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávísanir: Gjald kr. 30.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 14.00 til kr. 20.00 eftir gerð.

   Jóla- og nýársskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 30 milli stöðva, en innanbæjar kr. 24.00.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landspítalasjóðs.
9. Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar við íslenzk skip er samanlagt:
   a. Venjulegt símkeytagjald innanlands.
   b. Strandargjald kr. 1.80 fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar).
   c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem getur verið mismunandi fyrir hvert skip. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

   Fyrir loftskeyti er lágmarksgjald eins og fyrir 7 orða skeyti.

10. Móttaka símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 5.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 3.00 ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða 13 krónur fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

    Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
13. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 8.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 3.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini símleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP) er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ¼ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

    Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélar.

I. Stofngjald.

a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu	kr.	12 000.00
b. Tengigjald við telexstöð	—	5 000.00
c. Bæjarlína	—	2 000.00

II. Afnotagjald á ársfjórðungi:
a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél (viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða) ..... kr. 4 000.00
b. Tengigjald við telexstöð ..... — 2 000.00
c. Línuleiga samkvæmt VIII. Kafla B.
III. Gjald fyrir flutning á venjulegri fjarritvél ..... — 2 500.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blaðfjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin vátrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eða aukabúnað eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald fyrir síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Stytzti leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir línur til fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir. Fyrir flutninga greiðist sama gjald og fyrir talfæri.

B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm ..... kr. 300.00 pr. km
2. — 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 400.00 — —
3. — 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm ..... — 450.00 — —
4. — loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er ... — 450.00 — —

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 300.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 60.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI
Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 65.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 140.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símanotandi að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 100.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 120.00
2.	Aukanafn í skrá	— 140.00
3.	Aukalínur í skrá, hver lína	— 65.00
4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 120.00+140.00	— 260.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 140.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 50.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 75.00. Auglýsingalína kostar kr. 60.00.

XI. KAFLI

Almennir skilmálar.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt tæki, sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það hlutaðeigandi símstöðvarstjóra, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að vera um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.

4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.

   Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímann annast sótthreinsun talfæra.
6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símstjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.
8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur landssíminn slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt póst- og símamálastjórnin hafi ekki getað afgreitt beiðni um flutning símans á þeim tíma.
10. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að

viðbættum kr. 50.00 fyrir lokun og enduropnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. janúar 1966. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fara fram 1. janúar 1966 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 17. september. 1963.

Póst- og símamálaráðherra, 13. desember 1965.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

14. desember 1965. Nr. 242.

REGLUR

um kaup tryggingafélaga á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins árið 1966.

1. gr.

Kaup á íbúðalánabréfum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem tryggingafélögum ber að gera vegna tryggingasjóðs líftrygginga samkvæmt 1. málsgr. 4. gr. laga nr. 17/1964, skulu gerð ársfjórðungslega eigi síðar en mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs. Við ákvörðun aukningar tryggingasjóðs skal stuðzt við aukningu samkvæmt síðasta ársreikningi, en leiðrétting, miðuð við endanlegt ársuppgjör fyrir 1966, gerð í lok 2. ársfjórðungs 1967.

Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um afborganir og útdregin bréf á eyðublaði, sem félagsmálaráðuneytið lætur í té.

2. gr.

Á árinu 1966 skulu öll tryggingafélög, sem lög nr. 17/1964 taka til, kaupa íbúðarlánabréf Húsnæðismálastofnunar ríkisins fyrir 25% af fé því, sem félög þessi verja til verðbréfa- og víxlakaupa, annarra en vegna tryggingasjóðs líftrygginga, sbr. þó 3. gr. reglna þessara. Skulu slík kaup gerð á sömu tímum og í 1. gr. segir. Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um verðbréfa- og víxlakaup á eyðublaði, er félagsmálaráðuneytið lætur í té.

3. gr.

Nú verður tryggingafélag að greiða vátryggingarupphæð hluta, sem orðið hafa fyrir skemmdum, en eignast í staðinn hina skemmdu hluti, og getur þá félagsmálaráðherra heimilað, að víxlar og verðbréf, sem tekin eru upp í greiðslu við sölu slíkra hluta, skuli ekki teljast með við ákvörðun fjárhæðar þeirrar, sem verja skal til kaupa á íbúðalánabréfum samkvæmt 2. gr. Það er skilyrði fyrir slíkri undanþágu, að lán sé ekki veitt til lengri tíma en 18 mánaða.

Tryggingafélög, sem óskar eftir undanþágu samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, skulu þegar eftir lok ársfjórðungs, skila skrá um tjón þau, sem um er að ræða, tryggingaupphæðir, söluverð, lánsfjárhæðir og lánstíma.

4. gr.

Nú kemst tryggingafélag, sem hætt hefur útgáfu líftryggingaskírteina hér á landi, í greiðsluvandræði vegna þeirrar skuldbindingar, sem áður hafa verið lagðar á tryggingasjóð líftrygginga með lögum nr. 17/1964, og endurkaupir Húsnæðismálastofnun ríkisins þá íbúðalánabréf, sem tryggingarsjóður líftrygginga hefur orðið að kaupa, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en sem svarar lækkun tryggingasjóðs líftrygginga að frádregnum afborgunum og útdregnum bréfum.

Ákvæði 3. málsgr. 4. gr. laganna skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um endurkaup bréfa samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast sölu íbúðalánabréfa til tryggingafélaga fyrir Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Hafi Húsnæðismálastofnun ríkisins mismunandi tegundir verðbréfa á boðstólum, geta tryggingafélög valið þá tegund, er þau kjósa að kaupa.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1966.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn nr. 233 29. desember 1961.

1. gr.

33.—41. greinar hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

33. gr.

a. Skip, sem heima eiga í Reykjavík og minni eru en 20 brúttórúmlestir, skulu greiða lestargjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, kr. 5.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmlestir.

b. Öll skip önnur, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem um getur í staflið c. þessarar greinar, skulu greiða 60 aura fyrir hverja brúttórúmlest.

Innlend fiskiskip skulu þó eigi greiða lestargjald þetta oftar en einu sinni í mánuði, en innlend skip, sem eingöngu sigla með ströndum landsins, eigi oftar en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftar til hafnar.

c. Skip, sem leita hafnar vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka menn eða látna.

2. Vitagjald.

34. gr.

Öll þau skip, sem greiða eiga lestargjald, skulu samtímis greiða vitagjald, 10 aura fyrir hverja brúttórúmlest, þó aldrei lægra en kr. 30.00.

3. Bryggjugjald.

35. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnarbakka eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af brúttórúmlest skipsins.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 30 aura af hverri rúmlest, þó aldrei minna en 30 krónur um sólarhringinn.

Ef skip liggur utan á öðru skipi, sem liggur við hafnarbakka eða bryggju, skal það greiða festargjald, er nemur hálfu bryggjugjaldi.

Herskip og varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

36. gr.

Fiskiskip minni en 100 brútórúmlestir skulu greiða 20 krónur fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau liggja við bryggju.

4. Fjörugjald.

37. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 30 aura af af hverri brúttórúmlest skipsins fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 30 krónur um sólarhringinn.

5. Vatnsgjald.

38. gr.

Fyrir vatn handa skipum skal greiða gjald það, sem hafnarstjórn ákveður,

6. Hafnsögugjald.

39. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 brúttórúmlestir, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinni á ári hverju, er þau koma frá útlöndum til hafnarinnar.

Komi skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og þau fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

40. gr.

Hvert það skip, sem notar hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr höfninni.

41. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 400 krónur fyrir hvert skip auk 1 krónu fyrir hverja brúttórúmlest allt að 10 000 rúmlestum og 30 aura fyrir hverja brúttórúmlest fram yfir 10 000.

b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 300 krónur fyrir hvert skip auk 60 aura fyrir hverja brúttórúmlest allt að 10 000 rúmlestum og 20 aura fyrir hverja brúttórúmlest fram yfir 10 000.

Sama gjald skal og greiða fyrir leiðsögn frá ytri höfninni til eða frá Skerjafirði og Gufunesi.

c. Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni greiðast 200 krónur, auk 30 aura fyrir hverja brúttórúmlest.

d. Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða sem skylt er að greiða hafnsögugjald samkv. 39. gr., greiða 75 krónur í hafnsögusjóð.

e. Hafnarstjóra er heimilt að ákveða, að fiskiskip, sem minni eru en 300 brúttórúmlestir, skuli greiða fast hafnsögugjald, eftir a-lið 400 krónur, eftir b-lið 300 krónur og eftir c-lið 200 krónur.

2. gr.

47.—48. greinar hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

47. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 5 krónur.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

48. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 1.30 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks, kalk, leir, salt, sement, vikur, alls konar vörur úr ódýrum steintegundum.

2. flokkur. Gjald kr. 1.90 fyrir hver 100 kg:
Olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín.

3. flokkur: Gjald kr. 2.60 fyrir hver 100 kg:
Áburður, alumíníum, asfalt, carbid, fiskur annar en niðursoðinn, fiskbein, fiskimjöl, fóðurvörur alls konar, garnir, girðingavír, gólfdúkur, gólfpappi, gærur, hrogn, jarðávextir, járn og stál til smíða, bygginga og skipa, kaðlar, keðjur, kítti, kjöt annað en niðursoðið, kornvörur, leður, málning og efni til hennar, mör, miðstöðvarofnar, pípur úr asbesti, járn eða alumíníum, pokar úr striga eða pappír, umbúða- og prentpappír, rúðugler (einfalt venjulegt), saumur, segldúkur, síld, síldarmjöl, smurningsolíur, strigi, tjara, tvistur, vír óeinangraður úr stáli, kopar eða alumíníum, vírnet, þakplötur úr asbest, alumíníum, járni eða kopar.

4. flokkur. Gjald kr. 3.20 fyrir hver 100 kg:
Ávextir, blöð, bækur, brauðvörur, brennisteinn, hráefni til efnagerðar, svo sem sýrur, olíur, essensar, kaffi, kalcíum, lofttegundir á stálflöskum, lýsi, niðursuðuvörur, nýlenduvörur, sápugerðarvörur, sápur, smjör, smjörlíki, smjörlíkisolíur, sykur, te, ull, þvottaefni.

5. flokkur. Gjald kr. 0.70 aurar fyrir hver 10 kg:
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, gólfplötur, gúmmídúkur, harðviður, hjólbarðar, hreinlætistæki, húsgagnaspónn, korkur, leirvörur, lím alls konar, lyf alls konar, tengihlutir til miðstöðvarlagna, vatnslagna og rafmagnslagna, þilplötur alls konar, tvöfalt gler (einangrunargler).

6. flokkur. Gjald kr. 1.20 fyrir hver 10 kg:
Borðbúnaður, dúnn, eldspýtur, fiður, glervörur, gúmmívörur, leðurvörur, leikföng, prjónavörur, skófatnaður, súkkulaði, súkkulaðikex, sælgætisvörur, vefnaðarvörur.

7. flokkur. Gjald kr. 1.50 fyrir hver 10 kg:
Heimilisvélar, landbúnaðarvélar, hreyflar, mælitæki, raf- og loftknúin verkfæri, sauma- og prjónavélar, skrifstofuvélar, þungavinnuvélar, varahlutir til bifreiða, hreyfla, landbúnaðarvéla og þungavinnuvéla.

8. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 10 kg:
Bátar, bifhjól, bifreiðar, ferðaútbúnaður, flugvélar, hjólhestar, húsgögn, hljóðfæri, klukkur, úr, útvarps- og sjónvarpstæki, firðsjár, myndavélar, sjónaukar, sportvörur.

9. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 10 kg:
Fegrunarmeðöl, glysvarningur, ilmvötn, smyrsl, tóbak, tóbaksvörur, vín, vínandi.

10. flokkur. Gjald kr. 13.00 hver rúmmetri:
Timbur, ýmis gerviefni, svampur, eggjaumbúðir og annað reiknað eftir rúmmáli.

11. flokkur. Gjald kr. 20.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir, svín.
Gjald kr. 5.00 fyrir hvern grip:
Sauðfé:
Gjald kr. 1.00 fyrir hvert stykki:
Tómar tunnur.

12. flokkur. Gjald kr. 7.00 fyrir hver 100 kg:
Allt annað

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, og samkvæmt lögum um hafnsögu í Reykjavík, nr. 27 22. nóvember 1918, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. desember 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 244. 23. desember 1965.

REGLUR

um radíó-leyfi áhugamanna.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, eru hér með settar eftirfarandi reglur um radíó-leyfi áhugamanna:

1. gr.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radíóstöð áhugamanna, skal senda póst- og símamálastjórninni, og skal taka fram fæðingardag, heimilisfang, ásamt vottorðum um próf, sbr. 4. gr. hér á eftir og umsögn frá Félagi íslenzkra radíó-áhugamanna.

2. gr.

Umsækjandi um radíó-leyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenzkur ríkisborgari,
2. vera fullra 16 ára,
3. vera skráður útvarpsnotandi,
4. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., er póst- og símamálastjóri tekur gilt,
5. vera félagi í Félagi íslenzkra radíó-áhugamanna.

3. gr.

Radíóleyfi áhugamanna eru þrenns konar:

A. Leyfi til þess að setja saman og setja upp til eigin afnota radíóviðtæki og senditæki og loftnet til morse-viðskipta við aðra áhugamenn. Hámarks rakstraumsorka á plötu síðasta mögnunarstigs sé 50w, A1 útgeislun.

B. Hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt A-leyfi í a. m. k. hálft ár, staðfest með viðhlítandi gögnum (radíó-dagbók) ásamt umsögn Félags íslenzkra radíó-áhugamanna og vera orðinn fullra 17 ára. Hámarks rakstraumsorka á plötu síðasta mögnunarstigs sé 150w, útgeislun A1 fyrstu sex mánuði, síðan einnig A3.

C. Hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt B-leyfi í a. m. k. eitt ár, staðfest með viðhlítandi gögnum (radíó-dagbók) ásamt umsögn Félags íslenzkra radíóáhugamanna. Hámarksorka 250w, útgeislun A1 og A3. Auk þess leyfð útgeislun A3a og má þá orkan vera allt að 500w PEP.

4. gr.

Póst- og símamálastjórnin heldur próf fyrir radíó-áhugamenn tvisvar á ári, vor og haust, enda hafi borizt óskir um það frá Félagi íslenzkra radíó-áhugamanna hverju sinni og skulu slíkar óskir komnar í hendur póst- og símamálastjórninni a. m. k. einum mánuði áður en próf óskast haldið.

Prófkröfur eru þessar:

a. í helztu atriðum í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radíóviðskipti, svo og í þeim greinum alþjóðaradíóreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti, svo og gildandi reglum um raforkuvirki,
b. í viðtöku og sendingum morse-merkja (60 bókstafir/mín.), í leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana,
c. í undirstöðuatriðum raffræði og radíótækni, leikni í stillingu senditækja, bylgjumælingu o. þ. l. (Bóklega verður krafizt svipaðrar þekkingar og felst t. d. í hinum bandarísku radíó-handbókum fyrir áhugamenn). Verklega verður krafizt leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l. Hafi umsækjandi áður tekið fullnægjandi próf í einhverju framangreindu, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, þarf hann ekki að ganga undir próf í því, en prófast hins vegar í öðrum greinum.

5. gr.

1. Sendirinn skal vera stöðugur á öldutíðninni og eins laus við aukasveiflur og alþjóðareglur mæla fyrir um.
2. Öflun radíóefnis, svo og uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radíóstöðvar og um raforkuvirki. Áður en vélar eða tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið, skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá póst- og símamálastjórninni og frá rafmagnseftirliti ríkisins. Slík skoðun verður og að fara fram, hvenær sem breytt er gerð tækjanna eða hlutum í því, ef það getur haft nokkur áhrif á öryggi eða truflanahættu eða aðra eiginleika tækisins frá því, er getið er um í skýrslu skoðunarmanna.
3. Á stöðinni verður að vera til nákvæmur öldutíðnimælir, sem er réttur á þeim öldutíðnum, sem sendirinn notar. Ef sendirinn er ekki krystalstýrður, verður stöðin einnig að hafa nægilega góðan bylgjumæli með sveifluvaka, sem er aðskilinn frá sjálfum sendinum.
4. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendisins.
5. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF, síðan kemur tölustafur, sem ákveðst með tilliti til þess landshluta, sem stöðin er staðsett í, og síðan tveir eða þrír bókstafir. Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
6. Sending má aðeins fara fram á þeim öldutíðnum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Tíðnir stöðvanna, útgeislun og orka verða fyrst um sinn ákveðnar innan eftirfarandi bylgjusviða; þannig:

	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi
3500— 3550 Krð/s. 3775— 3800 —	A1	A1 A3 A3	A1 A3 A3 A3a
7000— 7040 Krð/s. 7040— 7100 —	A1	A1 A1 A3	A1 A1 A3 A3a
14000—14100 Krð/s. 14100—14350 —	A1	A1 A1 A3	A1 A1 A3 A3a
21000—21150 Krð/s. 21150—21450 —	A1	A1 A1 A3	A1 A1 A3 A3a
28000—28200 Krð/s. 28200—29700 —	A1	A1 A1 A3	A1 A1 A3 A3a
144.0—146.0 Mrð/s.		A1 A2 A3	A1 A2 A3 A3a F1 60F3
Leyft hámark rakstraums-orku á plötu síðasta mögnunarstigs:	50w	150w	250w: A1, A2, A3 F1, 60F3 500w PEP: A3a

6. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, svo og þýðingarlítil persónuleg mál o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum.
2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verzlunartilkynningum, eða á nokkurn hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku, má hvorki skrifa það, segja það, né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Öll sending efnis, til skemmtunar, fræðslu, auglýsingar eða áróðurs eða því um líkt, er bannað, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðum.
4. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabb-neyðarmerkja, neyðarkalla, eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans.
5. Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem slík viðskipti eða slíkar stöðvar eru ekki leyfðar.
6. Stöðin má ekki trufla önnur radíó-viðskipti eða starfsemi opinberra stofnana. Kostnað við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni, sem trufluð er.

7. gr.

Við stöðina skal halda dagbók, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á morse og á tali og yfirleitt allt, sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem póst- og símamálastjórnin kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

8. gr.

Ef radíóáhugamaður fær einhvern grun um, að stöð, sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna póst- og símamálastjórninni og félagsskap sínum það tafarlaust og eftir því, sem hægt er, að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna póst- og símamálastjórninni árangur af rannsókn sinni.

9. gr.

Sendinn má aðeins nota, þar sem tilgreint er í leyfisbréfinu. Eftirlitsmenn póst- og símamálastjórnarinnar geta hvenær sem er skoðað stöðina og radíóefni það, sem áhugamaður hefur undir höndum.

10. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur leyft hreyfanlegar stöðvar (portable), þó aðeins handhöfum B- og C-leyfa. Skal slíkt tilgreint í leyfisbréfi viðkomandi.

Hverju sinni sem notkun slíkrar hreyfanlegrar stöðvar er fyrirhuguð, skal um það sótt skriflega til radíóeftirlits Landssímans og þá tilgreint væntanlegt notkunarsvæði og tímabil. Slíkt verður aðeins leyft um takmarkað tímabil hverju sinni og að jafnaði ekki í þéttbýli.

Við notkun hinnar hreyfanlegu stöðvar skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt /P, t. d. TF3AA/P. Þá skal leyfishafi gæta þess, að notkun hreyfanlegu stöðvarinnar sé í fullu samræmi við leyfisbréf hans, svo sem tíðni, útgeislun og orka.

11. gr.

Leyfisgjald er kr. 300.00, sem greiðist við útgáfu leyfisbréfs, þar í innifalið skoðunargjald póst- og símamálastjórnarinnar. Fyrir 1. apríl hvers árs, greiðist kr. 100.00 til framlengingar leyfisins fyrir yfirstandandi almanaksár.

Leyfið er bundið við ákveðinn stað. Flytji leyfishafi með starfsemina frá þeim stað, sem leyfið er bundið við, skal skoðun fara fram á nýja staðnum, leyfisbréfið endurnýjað með tilliti til flutningsins og bætist þá skoðunargjald, kr. 200.00 við framlengingargjald þess árs. Sömuleiðis, ef skoðun fer fram vegna breytinga, sbr. 5. gr. 2.

Leyfisbréf er því aðeins í gildi, að því fylgi kvittun fyrir greiðslu framlengingargjalds yfirstandandi almanaksárs.

12. gr.

Þegar póst- og símamálastjórnin telur það nauðsynlegt, getur hún lokað stöðinni, eða takmarkað notkun hennar, og einnig getur hún afturkallað leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

13. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

a. um brot á reglunum er að ræða,
b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenzkur ríkisborgari,
c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma,
d. leyfishafi greiðir ekki útvarpsnotendagjald sitt.

14. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur um stundarsakir veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum til erlendra manna, er starfa á vegum ríkisstjórnarinnar og setur þá sérstakar reglur í leyfisbréfi þeirra.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radíóefni sínu eða láta innsigla það.

16. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

17. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

18. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. jan. 1966. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um radíóviðskipti áhugamanna frá 1. ágúst 1963.

Póst- og símamálastjórnin, 23. desember 1965.

Gunnl. Briem.

Sig. Þorkelsson.

Nr. 245. 23. desember 1965.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Vestur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála innan sýslunnar.

2. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir á fjallskilamálum hver í sínum hreppi og geta gert nánari ákvarðanir í einstökum atriðum, sem raski þó ekki ákvæðum samþykktar þessarar, t. d. á hvern hátt menn skuli inna af hendi fjallskil, hvort heldur í vinnuframlögum eða greiðslu í peningum. Enn fremur hve mikil framlög miðað við jarðarafnot eða fénaðarfjölda.

3. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fela einum eða fleirum úr sínum hópi framkvæmd þeirra mála, sem nefndin hefur á hendi samkvæmt samþykkt þessari, er nefnist fjallskilastjóri eða fjallskilanefnd, eftir því sem við á.

4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að stofna sjóð, er nefnist fjallskilasjóður og skal hlutverk hans aðeins vera að standast fjallskilakostnað, sem ekki verður inntur af hendi með vinnuframlögum.

Tekjur hans væru þá t. d. þessar:
1. Andvirði óskilafjár.
2. Greiðsla í peningum samkv. 2. gr.
3. Sektir vegna brota eða vanrækslu á fyrirmælum samþykktar þessarar.
4. Aðrar tekjur, sem hreppsnefnd eða almennur sveitarfundur samþykkir að skuli renna í sjóðinn.

Reikning sjóðs þessa gerir hreppsnefnd samtímis reikningum sveitarsjóðs og lætur fylgja þeim til sýslunefndar.

II. KAFLI
Notkun afrétta og annars beitilands.

5. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla afrétti og önnur sumarbeitilönd, sem afréttarpeningur gengur óhindrað um. Hreppsnefnd getur með samþykki landeigenda og sýslunefndar tekið upp nýja afrétti, lagt til þeirra hluta einstakra jarða og breytt þannig afréttarmörkum, eftir því sem hagkvæmt þykir og um semst við landeigendur.

Ekki má þó skilja heimalönd þannig frá jörðum, sem í byggð eru, nema takmarkaðan tíma í senn.

6. gr.

Ef þess þykir þörf, getur hreppsnefnd beitt sér fyrir því, að afréttur og annað sumargönguland hreppsins sé metið til ítölu samkv. lögum þar um. Komi fram við það mat, að einhverja fjáreigendur vanti land fyrir sitt fé, skal nefndin hafa forgöngu um að útvega það hjá þeim, er kynnu að hafa það umfram eigin þarfir gegn hæfilegu gjaldi, sem fjáreigendur gætu samið um sjálfir við landeiganda, ef þeir vildu heldur. Einnig getur hreppsnefnd krafizt ítölu, telji hún að of mörgu fé sé sleppt í lönd þau, er að hreppsmörkum liggja.

7. gr.

Öllum fjáreigendum er heimilt að reka fé sitt í afréttarland hreppsins og skylt er þeim að gera það, ef fénaður þeirra veldur ágangi í löndum annarra. Rétt er þeim, er fyrir slíkum ágangi verður, að gera kröfu á hendur fjáreiganda, að hann reki fé sitt til afréttar eða taki það í örugga vörzlu. Verði ekki úr bætt, sker hreppsnefnd úr um réttmæti kröfunnar, og skal sjá um rekstur fjárins á kostnað eiganda, ef krafan er að hennar dómi réttmæt.

Engum er heimilt að sleppa fé sínu í lönd annarra leyfislaust, og þegar rekið er til afréttar um lönd annarra, skal það gert þannig, að sem minnstu ónæði valdi þeim fénaði, sem þar er fyrir.

8. gr.

Ef afréttar- eða önnur sumarbeitilönd tveggja eða fleiri hreppa liggja saman og einn eða fleiri verða öðrum fremur fyrir ágangi frá hinum, á sá eða þeir, sem fyrir ágangi verða, rétt til þess að krefjast bóta fyrir áganginn. Takist ekki samkomulag um þetta, skal sýslumaður skipa þrjá óvilhalla menn til að meta bæturnar.

Matsmönnum skal greiða þóknun frá þeim hreppi, sem krafðist matsins.

9. gr.

Ekki má hreppsnefnd eða einstaklingar taka utanhreppsfénað til hagagöngu í afréttarland né annað sumarbeitiland hreppsins, nema fyrir liggi samþykki þess eða þeirra hreppa og annarra landeiganda er aðliggjandi afréttarlönd eða önnur beitilönd eiga, sem afréttarfénaður getur gengið um.

Þetta gildir þó ekki um land í einkaeign, sé það girt öruggri girðingu, en fulla ábyrgð ber sá, er slíkan fénað tekur, á því, ef fénaðurinn veldur samt sem áður ágangi eða skemmdum í löndum annarra.

10. gr.

Ef ábúendur jarða, er næst liggja afrétti, verða fyrir ágangi afréttarfénaðar, er þeim rétt að krefjast girðingar, er varni áganginum. Um kostnað við girðinguna og viðhald hennar fer eftir gildandi girðingarlögum. Sama máli gegnir um girðingar, sem fyrir eru, ef til samninga kemur um lönd í einkaeign samkv. 5. gr.

11. gr.

Eftir að vorsmölun er lokið og fénaður rekinn á afrétt, má enginn smala né valda afréttarpeningi ónæði á neinn hátt, nema leyfi viðkomandi hreppsnefndar komi til.

III. KAFLI

Um fjallskil og smölun heimalands.

12. gr.

Hreppsnefnd skipar fyrir um smölun afréttar hver í sínum hreppi. Skulu leitir vera þrennar á hverju hausti, og skal þeim lokið í síðustu viku sumars í síðasta lagi. Skal hreppsnefnd hafa lokið niðurjöfnun fjallskila 2 vikum fyrir fyrstu leit.

Í gönguseðlum skal tilgreint, hverjir leggja skuli menn á hvort afréttarsvæði fyrir sig, nefna til leitarstjóra, svo og þá, er sækja fé í utanhreppsréttir.

13. gr.

Fjallskilaskyldur er hver eigandi eða umráðamaður lögbýlis eftir nánari fyrirmælum hreppsnefnda, án tillits til hvers það er nytjað, enn fremur eigendur eða umráðamenn sauðfjár eða annars búfjár, sem fjallskilaframkvæmd tekur til.

Sveitarstjórn getur krafið um fjallskilin hvort heldur í vinnuframlögum eða peningagreiðslum eða hvorttveggja. Hver húsbóndi skal inna af hendi fjallskilin fyrir allt sitt heimafólk, nema hreppsnefnd leggi á það sérstaklega.

14. gr.

Skyldur er hver að inna þau fjallskil af hendi, sem á hann eru lögð og eru í samræmi við þau, sem öðrum hreppsbúum er gert skylt að leysa af hendi. Sá er órétti þykist beittur, á rétt á að kæra málið fyrir hreppsnefnd og sýslunefnd, en enginn getur með áfrýjun skotið sér undan hlýðni við þá fyrirskipun, sem hann kærir yfir. Ef úrskurður gengur honum í vil, skal endurgreiða honum fjallskilin samkv. úrskurðinum.

Hafi fjallskilaskyldur maður engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann sjálfur, skal hann tilkynna það hreppsnefndinni með minnst viku fyrirvara, og annast þá nefndin útvegun safnsmanns á kostnað hans, svo og annað, sem til þarf, svo sem hesta og fæði, ef með þarf.

15. gr.

Hverjum sem ekki framkvæmir fjallskilin samkv. fyrirskipun hreppsnefndarinnar, skal skylt að greiða andvirði fjallskilanna til fjallskilasjóðs, ef til er, með 50% álagi, annars sem því svarar samkv. fyrirskipun hreppsnefndar. Sama máli gegnir, ef einhver sendir þann mann í göngurnar, sem leitarforingi og meiri hluti gangnamanna álíta ekki liðgengan eða svo illa útbúinn á einhvern hátt, að hann sé óhæfur í göngurnar.

16. gr.

Gangnaforingi skal skipa fyrir, hvernig haga skuli göngunum í samræmi við fyrirskipanir hreppsnefndar. Hann skal sjá um, að söfnin séu rekin til réttar í góðri reglu. Gangnamenn eru skyldir að hlýða gangnaforingjanum, meðan á leitinni stendur og til þess að safnið er afhent réttarstjóra eða öðrum ábyrgum aðila. Óhlýðni varðar sektum.

Geri gangnastjóri sig sekan um hirðuleysi eða óreglu, skal hann sæta sektum.

17. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að til séu góð skýli fyrir gangnamenn, þar sem þeirra er þörf. Kostnaður við byggingu þeirra og viðhald greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði.

18. gr.

Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt, bæði að hausti og vori, og getur hreppsnefnd krafizt þess, ef hún telur þess þörf, og það eins þó að landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur.

Vanræki nokkur að smala heimaland sitt, getur hreppsnefnd látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákv. 15. gr.

19. gr.

Þeir, sem víðáttumikil heimalönd hafa að smala, sem notast að sumrinu sem beitiland fyrir afréttarpening, eiga rétt á að sú smölun sé metin til fjallskila, enda framkvæmi landeigandi smölunina á sinn kostnað í sambandi við smölun afréttarins og eftir fyrirmælum hreppsnefndar eða fjallskilastjórnar.

20. gr.

